

Þorbjörn Ásgeirsson

Hulunni svipt

Þorbjörn Ásgeirsson

Hulunni svipt

LÍFEINDAÚTGÁFAN

Það er túlkun höfundar hvernig hann skýrir
álfaheimskenningu dr. Helga Pjeturss.

Lífeindaútgáfan

© 2023

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem með ljósritun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt,
að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis
höfundar og útgefanda.

FYRSTI HLUTI

Bernska í leifturmynd

1. KAFLI

Tindadalur í Húnavatnssýslu er breiður, djúpur, langur og gróðursæll dalur, hann liggur í austur þvert á Vatnsdalinn úr honum miðjum. Í þessum dal búa aðeins tuttugu og fimm bændur í frekar landstórum gróðurvænum bújörðum. Til beggja handa við dalinn eru tveir háir fjallgarðar. Þeir heita Blátindar að norðanverðu og Hamrafjöll að sunnan. Dalurinn lokast með háu klettabelti að austanverðu sem nefnist Austurklettur og aðskilur Lágheiðina frá Tindadal. Klettabelti þetta skartar tveimur tindum sem nefnast Tvítindar. Á milli Tvítinda fellur sérkennilegur, tilkomumikill og fagur foss sem nefnist Tvístallafoss. Nafnið er dregið af tveimur klettastöllum sem áin fellur ofan á hvern af öðrum og myndar því þennan sérkennilega fagra tvístallafoss. Hann hefur í árþúsundir myndað djúpar skálar í þessa tvo stalla og síðan fellur hann í breiðan og djúpan hyl sem nefnist Miklihylur. Þessi breiða vatnsmikla á rennur frá Tvístallafossi um miðjan dalinn, hún nefnist Þverá og er nokkuð djúp á köflum. Hún hefur það til ágætis að gefa bændum góðan arð, því laxagengi er mikið í ánni og áhugasamir stangaveiðimenn sækja stíft í hana.

Þar sem styst er á milli bakka árinna er hún straumhörðust og varla fyrir nokkurn mann að geta synt á móti straumnum, en hún breiðir úr sér víðast hvar á leið sinni niður dalinn, þar er hún næsta lygn. Upptök hennar eru í stóru vatni á Lágheiðinni, sem nefnist Lágheiðavatn, hún liggur nánast í miðjum dalnum og margar ársprænur eru frá fjöllum sem renna í vatnið þaðan fram af klettabeltinu og mynda þennan sérkennilega Tvístallafoss.

Lágheiðin er framhald af Tindadal að dalsmynninu að austanverðu, þar hafa bændur í dalnum þvergirt dalinn af með sex-gadda girðingu ásamt tveggja arma hliði sem sjaldan hefur verið notað síðustu tuttugu og fimm árin. Þessi þvergirðing heldu stórgripum innan hennar, en hún er ekki fjárheld.

Á hverju vori þegar hryssurnar eru búnar að kasta og folöldin orðin rólfær eru stóðhrossin rekin að sunnan verðu við ána upp á þessa gróðurmiklu heiði því þar er eini uppgangurinn fyrir reksturinn. Þar er einnig stórgriparéttin skammt frá hliðum Blátindar. Á hverju hausti er hrossunum smalað saman og þau rekin inn á afgirt svæði við hliðina á réttinni. Síðan eru hrossin rekin inn í almenning í skömmtum og dregur hver bóndi með fjölskyldu og vinum hrossin sín í þann dilk sem þeim hefur verið afmarkað.

Þar dvelja þau yfir sumarið fram að hausti. En fénu frá Tindadal hefur verið ekið til fjalla síðustu tuttugu og fimm ár. Þar eru það yfir sumarið til haustsins og þá er fénu smalað saman í hóp og þau síðan rekin einnig inn í afgirt svæði við hliðina á réttinni. Síðan er féð rekið í skömmtum inn í almenninginn. Þar dregur hver bóndi með fjölskyldum og vinum sitt fé inn í þann dilk sem honum hefur verið afmarkað að sunnan verðu við Hamrafjöll, en skammt frá hlíðum Blátindar er griparétt fyrir stóðhrossin.

Þveráin líður síðan áfram í vestur dalinn, nokkuð langan veg, áður en hún rennur að sunnanverðu, fram hjá húsunum, á austustu jörðinni í dalnum sem nefnist Fagrabrekka. Húsin standa á mikilli sléttu þar sem hlíðar Blátindar og akranna renna saman. En skammt sunnan við húsin er lítil ávöl brekka niður að bakka árinna þar sem hún er breiðust. Í um það bil fimmtíu metra fjarlægð frá brúnni í beinni línu í austur þrengist áinn á stuttum kafla og þar er hún mjög víðsjáverð, sérlega á veturna þegar áin leggur, þar er ísinn sjaldnast mannheldur.

Einhvern tíman í fyrndinni þótti viturlegast að staðsetja fyrstu trébrúna þar sem styðst var yfir ána þó að heimdraginn væri í lengri kantinum. Það þótti því engin ástæða að breyta þeirri staðsetningu þegar fyrsta steipta brúin var hönnuð yfir þess á, fyrir tæpum fimmtíu árum. Þess vegna er gamli heimdraginn enn við líði og honum hefur verið haldið við eins og öðru á þessu fallega heimili.

Skammt vestan við miðjan dalinn er tæplega fimm metra hár foss sem fellur niður í djúpt gil. Þessi foss nefnist Fagrifoss, þaðan er nafnið Fagrabrekka dreginn og landslagið lækkar þarna um rúma sex metra. Klettahryggurinn sem myndar fossinn liggur þvert yfir dalinn, hann nefnist Dimmuklettur. Úr þessum klettahrygg hefur grágrýti í áratugi hrunið úr klettunum og myndað töluvert magn af hraungrýti þar fyrir neðan. Tindadalsvegurinn, sem er lítið ekinn, liggur meðfram ánni og brekkan niður Dimmukletta er frekar brött. Þveráin rennur í vestur gegnum allan dalinn og sameinast Vatnsdalsánni sem sniglast norður Vatnsdalinn í Húnavatnssýslu og síðan til sjávar.

Sunnan við Þverána og austan við brúna, norðan við Fögrubrekku, eru ótal margir hólar sem breiða úr sér í suður að Hamrafjöllum og í austur að Tvístallafossi (flestar rannsóknir sem tengjast slíkum hólum segja þá myndast við berghlaup þar sem heilar fjallshlíðar

virðast hafa skriðið fram í einu vettvangi og myndað hauga úr bergmulningi á láglandinu neðan við fallgarðinn).

Húsin á Fögrubrekku eru vel byggð úr steinsteypu, snyrtimennskan höfð í hávegum. Íbúðarhúsið er eitt hundrað og fimmtíu fm á einni hæð, en austan við húsið er eitt hundrað og sextíu fm geymsla sem hefur fram til þessa verið notuð sem véla- og áhaldageymsla. Sunnanvert við húsið er stór, fallegur og vel hirtur garður með mörgum fallegum blómum og ýmsum trjategundum. Norðan við íbúðarhúsið er breitt bæjarhlaðið sem aðskilur frá íbúðarhúsinu sérlega stóra gamla hlöðu sem varla er í notkun í dag eftir að heyrúllur komu til sögunnar. Hlaðan er sambyggð við gamalt sextíu kúa fjós sem var breytt fyrir 25 árum í hesthús með básum fyrir tuttugu hross og stíur fyrir sjötíu tryppi. En fyrir tíu árum var byggt við hesthúsið svo hægt væri að koma fyrir tvö hundruð tryppum í stíurnar. Í dag er jörðin rekinn með sex hundruð hrossum. Oftast eru þrjú hundruð hryssur fylfullar að vori. Fjárhúsin fyrir hundrað og fimmtíu ær er í nokkurri fjarlægð að vestan verðu og norðan við hlöðuna. Í dag eru þau með eitt hundrað ær á gjöf sem gefa af sér að jafnaði 2/3 tvílembd og átján kg á dilk.

Fagrabrekka er gróskumikil jörð, bithagar því góðir og hún getur borið mun fleiri hross og ær ef því er að skipta. Jörðin er ríflega eitt þúsund hektarar að flatamáli og nær fjalla á milli. Heiðin, sem er afgirt fyrir fé og stórgripi, er sameign bændanna í dalnum. Á hverju vori þegar allur burður er afstaðinn í Tindadal þá reka bændur kindur og hross ásamt afkvæmum sínum inn á afgirtu heiðina.

Hundurinn Bósi kemur lítið eitt við sögu og hefur marga góða eiginleika, hann geltir sjaldan, en mikið þegar ókunnugir koma að hans mati yfir brúna. Hann sefur yfirleitt á næturnar yfir vetratímamann í geymslunni bakdyramegin þar sem þvottavélin og þurrkarin eru. Þar inni urrar hann við ókunnugum sem fara yfir brúna því hann virðist skynja það, en ef einhver kunnugur kemur þá rís hann upp með dillandi skott í dyragættinni og horfir inn innri ganginn á útidyrnar og heyrir eitt örlítið gelt. Bósi er gulbrúnn á litinn, íslenskur að 3/4 og 1/4 af skosku kyni. Sérlega góður rekstrahundur og hann nær í ákveðnar kindur þegar þess er óskað af honum. Þá bítur Bósi í ullina við hálsinn á kindinni og snýr ærina niður með þeim hætti. Þannig er auðvelt að tæla lamið eða lömbin að rollunni og handsama þau.

Oft hafa komið sérlega góðir gæðingar frá Fögrubrekku enda sækja útlendingar í þessa hesta ekki síður en Íslendingar, enda hafa mörg hrossanna unnið til verlauna á stórmótum. En Ítalir og Japanir eru helstu kaupendur af folakjöti sem ekki eru talin æskileg til undaneldis. Arnar Kristjánsson heitir bóndinn á Fögrubrekku og húsfreyjan heitir Mjöll Sighvatsdóttir. Þau eiga tvo syni, sá elsti heitir Axel en yngri bróðirinn Kári.

Neðarlega í fjallshlíð Blátinds, nokkrum hundruð metrum norðan við íbúðarhúsið á Fögrubrekku, eru klettadrangar þar eru heimkynni álfa eru talin vera, að sögn skynnæmra manna. En vegna þekkingarleysis á stjörnulíffræðinni þá gerðu þessir yfirskilvitlegu menn sér ekki grein fyrir að slíkir klettadrangar og hólur eru ekki heimkynni álfanna, það er ekki allt sem sýnist því álfarnir eiga heima á öðrum og mismunandi hnöttum.

En vegna margvíslegra ástæðna hafa þessar manntegundir, sem eru í raun ekkert frábrugðnir mönnunum hér á jörð þar sem þau eru af holdi og blóði og hafa eðlislæga þyngd. Þessar manntegundir sem jarðarbúar nefna huldufólk telja nauðsynlegt fyrir sig að mynda orkusvæði á þessum tilteknum stöðum á jörðu hér til að geta náð sambandi við fólkið hér af mörgum og sjálfsagt ýmsum ástæðum. Þegar viðkomandi skynnæmir jarðarbúar horfa eða koma á staðinn þá magnast þeir oftlega af samsvarandi orku sem tilheyrir viðkomandi álfajörð og allar upplýsingar um efni jarðar og lífverur álfaheima skynjar skynnæmi maðurinn sem fjarsýni því þessi orka getur ekki gefið aðrar upplýsingar frá sér en þær sem tilheyra þessari álfajörð.

Þetta gerist með svipuðum hætti og hlutskyggn maður sem heldur í hendi sinni á einhverjum ákveðnum hlut sem einhver hefur átt og haft lengi í fórum sínum, þá fær skyggni maðurinn ýmiskonar upplýsingar um hlutinn sem eigandi hefur borið á sér um eitthvert skeið. Vegna þess að öll efni hafa þá eiginleika að draga til sín upplýsingar um það sem gerist í kringum efnið.

Þegar Kári Arnarson skynjaði í fyrsta sinn álfadreginn, sem var jafnaldri hans átta ára gamall, þá var Kári að leika sér fyrir framan klettinn. Þá birtust fyrir augum hans álfaheimar í fjarsýn. Að sjálfsgöðu trúði Kári þá og á gelgjuárum sínum að álfheimarnir væru í þessum klettum.

Þegar álfadregurinn birtist honum þá hvarf fjallið, en í staðinn skynjaði Kári í vökudraumi vítt og breitt landslag (vökudraumur er sambandsskynjun við draumgjafa

sem orkuhjúpurrinn beindi honum til (dr. Helgi Pjeturss)). En næst honum í þessu undur fagra landi var nokkuð stórt þorp. Í einu einbýlishúsinu í þessu þorpi þar bjó álfadrengurinn.

Hann stóð í dyrunum í húsinu sem kletturinn átti að vera. Drengurinn var bjartur yfirlitum og stór eftir aldri. Drengirnir kynntu sig hvor fyrir öðrum og fóru síðan út á sléttuna, sem var þarna skammt undan og léku sér þar góða stund seinnipart dagsins. Þá kallaði móðir álfadrengsins í þá og bað þá að koma og fá sér eitthvað í svanginn, sem þeir gerðu. Svona gekk þetta í fleiri vikur þar til einn daginn þegar þeir voru að leika sér inni í álfahúsinu að Kári heyrir að húsmóðirin er að syngja kvæði og honum fannst innhald kvæðisins sérkennilegt og lagði við hlustir. Hann lærði vísurnar síðar og áttaði sig þá fyrst á skynvillu Tellusbúa (jarðarbúa) á heimkynnum Álfanna. Ljóðið er á þessa leið:

Hulins heimur

Horfðu langt í himinhvörf
hugum stóri maður,
og sjáðu hversu svaka þörf
er að sigra heimsins þvaður.
Að hulduland sé hulins heimur
í hólum, klettum jarðar vorum,
hvernig má svo heimskur keimur
heiðra landsins systra sonum.

Hugsum okkur heimalönd
með heiðum, vötn og fjöllum,
í landi þessu eru álfabönd
í landsins klettahjöllum.
En sjáendurnir góna og sjá
seiðaland góða og slétta,
og vatnið gerist váleg klettatá
sem vitrun þeirra flétta.

Álfafólkið aldrei eignar sér

Þessa kynja hulduheima,
þess vegna er ekki hér
um undraland að geyma.
Þar sem undravötn og álfafjöll
eiga ávallt stjörnuheima.

Því ljúfu ljósin eru svo snjöll
að lýsa þeim sem dreyma.
Þá gefur orkan undraheima
og álögin sem allir þekkja
en heimabúar hafa að geyma
hulið land sem er ein skekkja.

Þeir töluðu saman litla stund, eftir að Kári hlustaði á ljóðið, gengu síðan út frá húsinu eftir götunni, eins og hann væri að ganga þvert í gegnum fjallið Blátind, þar til þeir komu að grasbala og þar fóru þeir að leika sér með knött þar til Kári sagðist þurfa fara heim í háttinn. Eftir þetta var álfadrengrinn leikbróðir Kára allt að gelgjuskeiði.

Hann sagði aðeins einni manneskju frá þessu sem hann treysti best, það var Birta Tryggvadóttir tilvonandi mákona hans, þá var hún sextán ára gömul. Birta trúði honum í þessu sem öðrum upplifunum sem Kári lenti í og sagði henni frá sem var af þessu toga. En í eitt skipti þetta sama sumar á góðviðrisdegi þá datt Birtu skyndilega í hug að elta Kára þegar hún sá til hans út um eldhúsgluggann þar sem hann var að ganga upp að álfaklettunum, sem er lítið eitt uppi í fjallinu.

Hún beið við útidyrnar þar til að Kári hvarf á bak við brekkubrúnina á álfahólnum, sem lá niður í dældina þar sem álfaklettarnir eru. Þá fyrst lagði hún af stað eftir akrinum og síðan lítið eitt upp fjallið. Þar til hún kom að Blátindahólnum, þá skreið hún upp hólinn, lagðist hljóðlega niður og lét fara lítið fyrir sér og kíkti yfir brúnina. Hún sá að Kári var þarna einsamall að leika sér, hoppandi og hlægjandi, hljóp þarna um og virtist stundum sparka í eitthvað og stundum var engu líkara, en hann væri að sóla með bolta.

Ef Birta hefði ekki þekkt Kára svona vel, sem hún gerði, þá hefði hún talið víst að Kári væri með tóma uppgerð þegar hann segðist vera að leika sér við álfadrengr. En það sem

henni þótti athygliverðast og undraði hana mest var hvernig Kári beitti líkama sínum í þessum leik, þær voru ekki í samræmi við hans eðlislegu hreyfingar sem hún kannaðist svo vel við. Þar sem hún var áhugasöm fyrir því dulræna eins og allmargi Íslendingar eru þá hafði hún svona af og til lesið meðal annars dulrænar bækur og þar með Nýalana sem eru sex bækur eftir dr. Helga Pjeturss. Þess vegna sem hún áttaði sig á því að Kári væri í einskönar vökudraumaástandi og væri á þann hátt í sambandi við álfadrenginn og hreyfði sig þess vegna eins og hann gerði. Kári sá vin sinn, álfadrenginn, með augum draumgjafa síns og sambandið var svo sterkt að Kári fylgdi hreyfingum draumgjafans eftir. Birtu fannst þetta stórmerkilegt að sjá með eigin augum hvernig þetta sýndi henni fram á sönnunargildi kenninga dr. Helga þar sem hún hafði ekki beint aðhyllst kenningar hans meira en öðrum dulrænum kenningum, þar sem hún hafði lesið þessar dulrænu bækur meira sér til gamans, en að kanna sannleiksgildi þeirra. Hún læddist heim með þá hugsun að það sem hún hafði séð væri henni nokkurs konar opinberun, að álfar væru í raun enginn tilbúningur. Birta hálf skammaðist sín fyrir að hafa verið að njósna um Kára, enda sagði hún honum ekki frá þessu fyrir en mörgum árum seinna.

Laugardaginn í byrjun maí á þessu sama ári var vor í lofti, heiðskír himinn, hægur hlýr andvari og laufin á trjánum blöktu með vindi. Og sólin dreifði ljósgulum geislum sínum yfir dalinn. Það er sjaldan fegurra í dalnum en á þessum tíma þegar nýgræðingurinn er að spretta og gróskumiklir græðlingar breiðist um allan dalinn.

Þennan yndisfagra dag var Axel að líta eftir fylfullu hryssunum, það er venja að líta eftir þeim þrisvar á dag og feðgarnir skiptust á að vaka um nætur því á þessum tíma voru hryssurnar byrjaðar að kasta. Axel var því snemma á ferðinni þennan morgun til að líta eftir þeim og fylgjast með hvernig folöldin sem þegar voru komin í heiminn bröggðuðust dag frá degi. Þrjú voru þegar fædd af þeim átta folöldum sem hann bjóst við þennan dag. Þar með voru þrjátíu og fimm folöld fædd, þeir feðgarnir höfðu ekkert folald misst enn þá þetta árið.

Skammt vestan við íbúðarhúsið voru tíu tamdir hestar í girðingarhólfi, sex af þeim voru miklir gæðingar, en hinir fjórir sem voru í þessu hólfi voru ágætir reiðhestar. Klukkan var ellefu þennan morgun. Axel gekk að hestagirðingunni með tvö beisli um öxl sér, opnaði

hliðið og gekk að rauðskjóttum hesti sem var hans uppáhaldshestur og mikill gæðingur, brokktöltari og var nefndur Léttfeti. Hann hætti að bíta grasið, lyfti höfði, horfði á Axel augnablik og gekk síðan á móti honum þegar hann sá að þetta var Axel. „Jæja vinur, þú veist núna sem endranær að ég gef þér alltaf brauðbita þegar ég kem til þín vinur minn,” sagði Axel þegar hann var búinn að beisla hestinn um leið og hann klórar honum og kjassar litla stund. Það gerði Axel líka við dökkbrúnu hryssuna sem Birta fékk í afmælisgjöf frá Axel þegar hún var sextán ára. Hryssan heitir Tinna og er einnig brokktöltari og mikill gæðingur.

Birta er ekki síðri hestakona en unnusti hennar. Þegar Axel hafði teymt þessa gæðinga út úr girðingunni og lokað hliðinu þá sagði hann “Ég ætla að setja ykkur inn greyin mín og leyfa ykkur að melta fæðuna því þið fáið örugglega að spretta úr sporinu strax eftir hádegi fyrst hún Birta ætlar að koma með.” Birta kom í sveitina föstudagskvöldið því hún unni sveitalífinu og vildi helst hvergi annarsstaðar vera og Axel var að sjálfsgöðu aðal ástæðan. En hún dýrkaði hesta ekki síður en feðgarnir og notaði hvert tækifæri til að fara á hestbak þegar það bauðst.

Fyrstu kynni Birtu Tryggvadóttur og Axels voru á Lukkuhólum í Langadal, þar var Birta í sveit hjá vinafólki foreldra hennar, þá ellefu ára gömul. Langalangafi Birtu, Þorkell Jónsson, sem var hraustur, þrekinn og vel að mann keypti þessa jörð þegar hann var ungur, fyrir arf sem hann fékk eftir móðurbróður sinn.

Nokkru áður fór hann erlendis og hafði verið þar í tvo mánuði þegar honum var það til happs og gleði að bjarga ungum óþekktum fátækum málara og sjálfsumglöðum nánast frá dauðum. Í þakklætisskyni gaf málarinn honum málverk eftir sig sem Þorkell vildi helst ekki þiggja. Bæði vegna þess að honum fannst það algjör óþarfi þar sem honum bar að hjálpa honum í neyð fyrst hann hafði talið sig geta það, og einnig vegna þess að hann hafði ekki smekk fyrir þessu listaverki. Á endanum ákvað hann að þiggja það fyrst það var málaranum svo mikið mál að sýna þakklæti sitt með þeim hætti sem hann best gat. Þorkell tók málverkið með sér heim en vildi aldrei hengja það upp. Hann ákvað það með sjálfum sér að selja það fyrir slíkk við tækifæri, ef einhver vildi þá kaupa það.

Af einhverri rælni minntist hann á þetta við Kolbein bróður sinn þegar hann kom í heimsókn frá Reykjavík þegar þeir sátu við kaffidrykkju inn í stofu. Þorkell bað bróður

sinn fyrir alla muni að sýn sér þetta málverk. Þorkell stóð upp og beygði sig á bak við sófann þar sem málverkið var geymt og sagði um leið og hann sýndi listaverkið „Ég ætla að selja þetta málverk ef einhver vill þá kaupa það.“ „Hvers vegna ætlarðu að selja þetta málverk?“ „Vegna þess að ég hef ekki smekk fyrir því, vegna þess að mér finnst betra að hafa peningana í hendi, en málverk á bak við sófann.“ Um leið og bróðir hans leit málverkið þá víkkuðu augasteinarnir af hrifningu.

Eftir litla stund sagði bróðir hans „Ég ráðlegg þér að selja ekki þetta málverk. Ég yrði illa svikinn ef þetta málverk eigi ekki eftir að verða verðmætt með árunum þar sem ég tel að þessi listamaður sé nú þegar snillingur. Geymdu málverkið, bróðir sæll.“ Þorkell mat bróður sinn mikils því hann var skarpur og glöggur maður. Og ekki síður vegna þess að bróðir hann dútlaði við að mála í frístundum sínum og hafði nokkuð góða innsýn á slík verk. Þess vegna setti hann málverkið þegjandi á bak við sófann aftur og sagði síðan við bróður sinn, sem hann treysti og þótti vænt um „Ég ætla að hugsa málið og sjá til hvað ég geri.“

Nokkru síðar flutti Kolbeinn til Orlando í Flórída, og giftist ríkri fagurri konu og þau eignuðust tvö börn. Árið eftir að Kolbeinn flutti til fékk hann bréf frá Þorkeli bróður sínum og þar var ritað meðal annars:

Þú manst kannski eftir málverkinu sem ég sýndi þér sem Edward Kja Munch gaf mér og innsiglaði verkið sitt með undirskrift sinni um leið og hann afhenti mér það. En ég ætlaði að losa mig við það af því að mér fannst það ekkert sérstakt. En þú sagðir mér að ég skyldi ekki gera það, því þú hafðir trú á að þessi málari væri stór efnilegur og málverkið yrði verðmætara með árunum. Ég hef ákveðið að treysta á þitt hugvit með þetta málverk sem þú varst svo hrifinn af. Ég hef nú þegar komið málverkinu fyrir á öruggum stað og hef gengið lagalega þannig frá því að ekki verður gert opinbert um tilurð þess fyrr en eftir eitt hundrað ár frá og með fimmta september 1903. Bankinn minn mun sjá um þá hlið málsins og lætur nánasta ættingja minn vita á þessum tiltekna degi að viðkomandi hafi heimild til að opna þetta tiltekna pósthólf. Þá kemur í ljós hvort þú hafir haft rétt fyrir þér að þetta listaverk eftir Edward Kja Munch verði verðmætara með árunum. Þess vegna vil ég biðja þig

elsku bróðir minn að minnast ekki á þetta málverk við nokkurn mann þar sem við hjónin viljum að allir haldi að málverkið sé glatað.

Síðan hefur enginn vitað af þessu listaverki fyrr en 96 árum síðar þegar sonur öldungadeildarþingmanns fann þetta gamla bréf sem Kolbeinn Jónsson fékk frá Þorkeli bróður sínum.

Þorkell Jónsson, langalangafi Birtu, hafði á sínum tíma fengið listmálarann Gísli Jónsson (hann fékk eftirnafnið Blíðalogn vegna þess hversu myndir hans voru hreyfingalausar), til að mála jörðina Lukkuhóla ásamt íbúðarhúsinu sem var tvíhleypt burstahús með fjósi undir baðstofunni og burstafjórðing skammt austan við túnfótinn. Þverá var á miðri myndinni ásamt Stallafoffi sem blasti við þar efst og Fagrabrekka út við jaðarinn vinstra megin. Húsin þar eru í svipuðum stíl og voru á Lukkuhólum á þessum tíma. Þetta málverk hékk alla hans lífdaga á stofuveggnum hjá þeim hjónum og hefur fylgt ættinni fram til dagsins í dag.

Langafi Birtu, hann Jón Þorkelsson tók við jörðinni af föður sínum, en síðar tók sonur hans Þorkell Jónsson við jörðinni. En eftir nokkurra ára búsetu fékk afi hennar Þorkell Jónsson kapp nóg af búskapnum og seldi Gísli Eiríkssyni jörðina og flutti svo með fjölskyldu sína til Reykjavíkur. En dóttir hans, María Þorkelsdóttir var síðar vinnustúlka á Lukkuhólum yfir nokkur sumur og hún kynntist Sighvati Gíslasyni bóndasyni, sem félagi og kunnir alltaf mjög vel við hann, en nokkrum árum síðar tók Sighvatur við búinu af föður sínum. Þegar Birta Tryggvadóttir, dóttir Maríu Þorkelsdóttir var tíu ára, þá gekk hún í fótspor móður sinnar og fór að Lukkuhólum sem sumarstúlka.

Þegar Axel frá fögrubrekku var tólf ára var hann sendur af föður sínum að Lukkuhólum vegna þess að bóndann þar vantaði mann á eina dráttarvélinu í nokkra daga yfir heyskapinn þar sem einn vinnumaður bóndans var veikur. Þar var Birta í sveit eins og móðir hennar hafði verið. Þetta var hennar fyrsta sumar, þá tíu ára gömul, en Sighvatur Gíslason tók við Lukkuhólum og er þegar hér er komið sögu orðin aldraður bóndi. Þegar Axel sá Birtu í fyrsta skipti varð hann næsta dáleiddur af fegurð hennar og þegar hann kynntist henni betur með árunum sá hann hvers konar perla hún var sem vildi engum nema gott, vel gefinn og mikill fjörkálfur. Hún gerði oftlega í því að stríða honum með

allskyns uppákomum. Birta sýndi enginn viðbrögð fyrstu árin við ástleitni hans nema þá helst með einhverri stríðni og hélt honum þannig við efnið með sínu kvenlega innsæi. Það var ekki fyrr en á fimmtánda ári þegar hún fór fyrst út með honum, þá hittust þau einnig öðru hvoru um helgar að vetri, stundum fyrir sunnan en oftast í sveitinni að Fögrubrekku. Á vetrin var algengt þegar þau hittust í sveitinni að þau léku sér á skauta saman sér til ánægju á ísilagðri ánni. Oftlega hafði faðir Axels hreinsað snjóinn af ísnum með Zetor-traktornum. Þegar Kári kom í sveitina að vetri þá notaði hann einnig svellið óspart og naut þess að renna sér á svellinu, sérstaklega þegar þau þrjú voru á svellinu. Axel og Birta voru ekkert að flýta sér með ástarlífið og því réði Birta að sjálfsögðu. Þau byrjuðu ekki að lifa saman fyrr en hún var á sautjándá ári. Þegar Axel var nítján ára fékk hann áhuga á golfi og Birta fór stundum með honum, hann stundaði golfið nær oftast á föstudagskvöldum og um helgar þegar tími gafst til fór hann alltaf á mótorhjólina sínu sem var að gerðinni Honda.

Mjöll Ólafsdóttir, móðir þeirra bræðra, Axel og Kára, var engin bóndakona og hafði aldrei haft áhuga á sveitalífi þegar hún kynntist Arnari Sighvatssyni frá Fögrubrekku, hún var borgarstúlka þegar hún kynntist honum á balli í Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík og það var ást við fyrstu sýn. En þar sem Arnar vildi hvergi annarstaðar búa en í dalnum sínum, og á Fögrubrekku, fór hún með honum þangað.

En hjónaband þeirra entist ekki lengur en að vori þegar Kári yngsti sonur þeirra var níu ára, þá flutti hún til Reykjavíkur og tók yngsta soninn með sér. En hann var aldrei ánægður í borginni og sótti í sveitina að Fögrubrekku hvenær sem tækifæri bauðst. Móðir Kára sá að sjálfsögðu hvert hugur piltsins stefndi og sá til þess að Kári fengi að fara í sveitina ef það truflaði ekki skólaveru hans.

Faðir þeirra bræðra lést 15. febrúar, rúmum tveimur mánuðum eftir að Kári varð tólf ára, þá var Axel bróðir hans tuttugu og tveggja. Hann tók við búinu ásamt Birtu konu sinni. Á þessu sama ári kynntist Kári Gunnari Ólafssyni, sem bjó við sömu götu og hann í Reykjavík. Gunnar er skólastjóri og eigandi Nuddskóla Gunnars og hann stundaði einnig sjóböð allan ársins hring.

Gunnar sá strax við kynningu að drengurinn var heilari af lífsins náð og hafði löngun til að þjálfra þessa hæfileika hans. Svo ekki leið á löngu þar til að Gunnar bauð honum að

koma með sér í nuddskólann til að sjá hvað hann væri að kenna. Eftir það fékk Kári að fara með Gunnari þegar hann hafði tók á og fylgdist með nemendunum Gunnars þegar þau voru að nudda hvert annað. En eitt sinn þegar einn nemandann vantaði þegar nuddkennslan stóð yfir spurði hann Kára hvort hann vildi hlaupa í skarðið. Þannig byrjaði verklega kennslan hans í nuddi þar til hann náði sautján ára aldri. Á sama tíma var hann að þjálfja júdó og náði svarta beltinu yfir sama tímabil. Þó Kári stundaði þessi áhugamál sín þegar færi gafst þá mætti hann samviskusamlega í skólanum og tók það vel eftir í tíma að heimavinnan var mun minni en annars hefði orðið.

Ári áður, í byrjun sumars fékk Kári skyndilega sterkt á tilfinninguna að hann þyrfti endilega að þjálfja sig í sjósundi og hann treysti sér alveg til þó ungur væri þar sem hann var nú þegar ágætur sundmaður. Hann hafði vitað í nokkur ár að Gunnar stundaði sjósund. Gunnar vildi ekki taka Kára með sér í fyrstu, sagði við hann að sjórinn væri of kaldur fyrir byrjendur og hann yrði að fá leyfi hjá móður sinni áður en hann fengi að fara með sér þegar sjórinn væri hlýrri. Það gekk upp á endanum að móðir hans leyfði honum þetta, en ekki fyrri en hann sagði „Ég fer þá bara einsamall í sjóinn og æfi mig þannig ef þú vilt það heldur.“ Það leist henni ekki á því hún viss að hann mundi gera það í berhögg við hana. Um haustið var Kári orðið svo vanur sjónum að hann synti um haustið og síðan alltaf einu sinni í viku hverri um veturinn og lét veður sjaldan aftra sér frá því að fá sér sundsprett í sjónum en aldrei lengur en stundarfjórðung.

Það bar fljótt á því hvað Kári hafði mikla þörf á því að strjúka með hendi sinni þeim sem honum þótti vænt um, yfir hár og herðar. Þörf hans fyrir þetta var vegna heilunarhæfileika og einnig vegna þess að hann hitnaði stundum í miðlófanum, að það var engu líkara en hann væri að brenna sig í lófadældinni og þá var þörfin mest að vilja strjúka höndunum yfir höfuð og herðar á sínum nánustu, án þess að hann gerði sér grein fyrir því fyrr en hann kynntist nuddinu.

Þegar Kári kom í heimsókn í sveitina og síðar þegar hann var alkomin þá fékk hann sér sundsprett í ánni fyrir neðan bæinn, bæði um sumar og vetur, þar sem áin var breiðust og lygnust. Þegar ána lagði þá braut hann ísinn alltaf að morgni í birtingu á sama stað þar sem stóri steinninn gekk út í ána. En fjórða til fimmta hvern dag synti Kári undir ísinn og náði í súrefni á milli yfirborðsvatns og ís.

Bróðir hans var fyrst hræddur um hann þegar hann var að synda undir ísinn. Hann leyfði Kára ekki að synda undir ísinn fyrr en hann var búinn að bora í steininn og steypa lykkju fasta við hann. Síðan festi hann fimmtán metra löngu grönnu reipi í lykkjuna með læstum krók á hinum endanum og skipti alltaf um reipi að hausti. Axel fékk Kára til að lofa sér að tengja sig alltaf við krókinn þegar hann synti undir ísinn. Þar sem Kári gerði sér vel grein fyrir því að hann gæti synt of langt þangað þar sem árstraumurinn næði til hans og væri óviðráðanlegur, þá þyrfti ekki að spyrja að leikslokum.

Einn laugardag um miðjan maí sátu hjónin Axel og Birta inn í stofu á Fögrubrekku og voru að ræða um dagsins önn þegar Kári var á þrettánda árinu. Hann sat í einum hægindastólnum til móts við Birtu og tók öðru hvoru þátt í samræðunum, en fljótlega hætti hann að fylgjast með samræðunum horfði til hliðar við þau eins og hugur hans leitaði eitthvað annað. En Birta, þessi fagra mæð var þá tuttugu og eins árs. Hún tók fljótlega eftir þessu og þóttist vita hvað var að gerast í huga Kára. Og sá fljótlega að honum var farið að líða hálf illa.

Það var sérlega gott samkomulag á milli Birtu og Kára. Hún gaf sér oftast góðan tíma til að hlusta á það sem Kári vildi segja henni. Stundum sagði hann henni frá einhverjum fyrirboða, sem síðar rættist, það kom henni oftast í opna skjöldu. Sérstaklega þegar hann sagði henni að Gísli bóndi á Birkistöðum myndi farast í bíslýsi innan tíðar. Tveimur mánuðum síðar valt dráttarvél sem Gísli var í fram af barði og hann varð undir henni. Þegar komið var að honum var hann látinn.

Oftar en ekki reyndust fyrirboðar hans réttir, en það segir ekki endilega að skynnæmi hans hafi brugðist þegar fyrirboðar hans rættust ekki, það er einnig líklegt að eitthvað óvænt hafi breitt ferlinum þannig að spádómurinn gekk ekki eftir. Vegna þess að spádómur er ekki það sem koma skal, aðeins það sem mun koma ef ekkert annað verður að gert.

Kári horfir hugsandi út í loftið, síðan undrandi með spurnar- og skelfingarsvip. Stendur síðan upp, hryggur á svipinn með tárbot augu. Hann rís hægt upp úr stólnum, gengur til Birtu horfir á hana litla stund og vefur örmum sínum um háls hennar kyssir hana á kinnina og segir við hana: „Mér þykir svo vænt um þig og þú ert fallegast kona í heimi og sú besta fyrir utan mömmu.“ „Mér þykir líka mikið vænt um þig, Kári minn. En hvers

vegna ertu svona sérlega blíður og hryggur þessa stundina?“ Hún gefur Axel merki og Axel stendur upp af stólnum og gengur út úr stofunni og hugsar um leið: „Nú ætlar Kári að þvæla einhverja bölvada vitleysu í Birtu um yfirnáttúrulega hluti.“

„Þú ert sú eina sem trúir því að ég heyri og sjái það sem margir aðrir sjá ekki,“ sagði hann dauflega. „Var verið að segja þér eitthvað sorglegt vinur minn?“ „Já, það var sagt við mig, að mér muni líða betur ef ég segði þér frá þessari skynjun minni, og það yrði ekki verra fyrir þig síðar. Má ég það, elsku Birta mín?“ „Já, auðvitað máttu það vinur minn, það veistu vel minn kæri, sérstaklega ef það er sorglegt því það mun létta á sálu þinni, það ættir þú að vita.“

Þess vegna var hún ekkert hissa á þessum viðbrögðum drengsins það kom svo margt frá honum óvænt og ótrúlegt og sjaldan brást honum bogalistinn, en þar sem hún viss að hann var sérlega skynnæmur tók hún oftast mark á því sem hann sagði. En hún var mikið hrygg yfir því hvað skynjun þessi hafði slæm áhrif á hann. Hún brosti sínu yndislegasta brosi til hans og strauk honum blíðlega um kollinn og sagði: „Ég er mikið forvitinn vinur minn, hvað hryggir þig svona mikið?“ Kári heldur enn um háls hennar og líðan hans varð heldur betri við það. Síðan hvíslaði hann í eyrun hennar með tárin í augunum og segir: „Á næstu sjö árum munu dynja yfir okkur sorgleg áföll og mörgum sinnum verður reynt að svipta þig lífi og jafnoft verður þér bjargað. En eitt er víst, elsku góða Birta mín, að eftir það muntu þú lifa hamingjusömu lífi til elliáranna hér á Fögrubrekku, mér var ekki sagt meira.“

Hún fölnaði og kuldahrollur fór um allan líkama hennar. Hún starði skelfd á Kára litla um stund og henni leið hræðilega illa og gat varla komið sér að því að spyrja hann um hvort ekki yrði allt í lagi með þá bræður. Hann horfði á hana hryggur og sagði: „Annar hvor okkar deyr innan fimm ára. Meira veit ég ekki, elsku Birta mín. En þar sem þú átt eftir að lifa hamingjusömu lífi eftir öll leiðindin þá dreg ég þá ályktun að það verði sennilega ég sem deyi fyrir tímann.“ Hún var næstum lömuð af skelfingu en reyndi að hrista þessum hryllilegu fyrirboðum frá sér, og telja sér trú um að undradrengurinn, sem hún taldi hann stundum vera, hefði misskilið eitthvað í þessari dulrænuspeki sinni. „Segðu þetta ekki Kári, ég vil hvorugan ykkar missa og ég verð aldrei ánægð ef þú ferð frá okkur,“ og hún þrýsti honum skelfd að sér og tárin streymdu niður kynnar hennar.

Birta vissi að hún yrði að segja eitthvað styrkjandi við hann. Eftir nokkra umhugsun sagði hún: „Þú ert það skynugur drengur að þú veist vel að spádómar eru ekki það sem koma skal, heldur það sem mun koma ef ekkert verður að gert. Þetta hefur þú sagt svo oft og ég trúi því. Og ef þú hefur ekki misskilið þessa skynjun þína eins og þú veist að hefur einstöku sinnum komið fyrir, þá er ekki verra að við vitum hvað framundan er og þá eru kannski meiri líkur á að við getum komið í veg fyrir framvinduna.“

Kári lifnaði allur við og sagði: „Heldurðu að við getum það?“ „Auðvitað getum við það,“ sagði Birta af eins mikilli sannfæringu og hún hafði styrk til. Kári hélt utan um háls hennar og varð mun rólegri við þessi orð, þess vegna fann hann betur hvernig henni leið og vildi hugga mákonu sína. Hann horfði á hana augnablik og lagði aðra höndina á hvirfill hennar og hina á hálsinn að aftan verðu í eina eða tvær mínútur. Birta vissi nákvæmlega hvað Kári var að gera því hann hafði gert þetta nokkrum sinnum áður og vissi líka hvað hann segði við hana á eftir, þó hann þyrfti ekki að segja það. Hún fann hlýjan sterkan straum rennan niður líkama sinn og henni leið til muna betur. Eftir um það bil tvær mínútur sleppti Kári höndum sínum af höfði hennar og hálsi og sagði síðan við hana: „Þegar þú leggst til svefns í kvöld, hugsaðu þá um mig vera gefa þér þessa orku eins og þú finnur hana núna þá gerist eitthvað fallett eða þú færð eitthvert svar.“

Um miðnætti þetta sama kvöld lá hún í hjónarúminu við hliðina á eiginmanni sínum með lokuð augun, slakaði á huga sínum og líkama, hugsað síðan um Kára að gefa sér þessa mildu, hlýju orku sem streymdi frá hvirfli niður allan líkama hennar. Þá gerðist ýmislegt í sálu hennar og líkama og henni leið til muna betur en í þetta sinnið fékk hún ekkert svar, enda gerist það mun sjaldnar.

Kári hefur hjálpað henni á mörgum öðrum sviðum, meðal annars með heildrænu nuddi og það hefur kom nokkrum sinnum fyrir, þegar hún kom skjálfandi inn af kulda, þar sem hún hafði ekki klætt sig nógu vel, að Kári lagði hendur sínar á herðar hennar í bæði skiptin. Þá hitnaði hún um leið á herðunum og hitinn frá höndum hans streymdi niður allan líkama hennar á örstuttum tíma.

Nokkrum árum seinna að hausti þegar Kári var sextán ára gamall kom Stella frænka þeirra bræðra í heimsókn, þá var hún tvítug. Hún var að segja Birtu um vandræði sín. Þær vissu hvorugar að Kári hafði heyrt allt sem Stella var að ræða við Birtu um kynlíf sitt og

unnustans. „Vandræðin mín eru þau að ég fæ lítið sem ekkert út úr ástarlífi mínu og ég veit að það er sjálfri mér að kenni. Með þessu áframhaldi mun ég örugglega slíta sambandinu. En málið er að ég elska Sigurð og vil þess vegna alls ekki að það gerist, en ég veit bara ekki hvernig ég á að leysa þetta vandamál.“ „Þetta er nú vandamál sem flestar ungar stúlkur lenda í og læra að þekkja sjálfan sig með tímanum.“ „Já, ég veit það, en þá er það kannski orðið of seint, ég verð löngu áður búin að segja honum upp.“

Þá kom Kári skyndilega inn í eldhús til þeirra þar sem þær sátu við eldhúsgluggann. Hann hafði verið úti og gengið fram hjá opnum eldhúsglugganum og heyrði þegar Stella var að segja frá þessu forvitnilega efni, að honum fannst, enda var hann á þeim aldri, og forvitni hans var kurteisinni yfirsterkari. Hann stöðvaði skammt frá glugganum svo þær sæju ekki til hans og lagði við hlustir. Þegar hún kom að því efni að hún segði kannski kærastanum upp vegna þessa taldi Kári að hann gæti kannski hjálpað henni, og ákvað að fara inn til þeirra.

Hann náði sér í mjólkurglas og settist við eldhúsbordið hjá þeim og fékk sér sopa úr glasinu, sagði síðan við Stellu eftir að hafa horft á hana augnablik: „Má ég taka í aðra hönd þína?“ Hún varð örlítið undrandi og rétti honum ósjálfrátt hægri hönd sína. En eftir fáar sekúndur kippti hún hendinni að sér þar sem henni brá svo mikið, bæði vegna þess að hún vissi ekki hverju hún átti von á, og líka vegna þess að hún var bæði næm og svo ólík Kára, að hún nam kannski nánast alla þá orkumögnun sem Kári gaf frá sér og það verkaði sem sterkur rafstraumur á hana. Stella horfði forviða á hann og leit síðan á Birtu en hún brosti á móti. Þá sagði Kári við hana: „Mín reynsla er sú að eftir því sem persónan er ólíkari mér, því betur finnur hún þann straum sem ég get gefið, og eftir því sem persónan er líkari mér, því minni straum finnur hún frá mér þó manneskjan sé mjög næm. Nú skaltu leggja hönd þína hægt og rólega í hönd mína, því það er ekki ósennilegt að ég geti hjálpað þér með sum vandamál sem munu koma upp hjá þér. Og ég bið afsökunar á því að ég heyrði ávæning af því sem þið voruð að ræða um hér rétt áðan.“ Hún rétti Kára hönd sína hægt og rólega, meira af forvitni en nokkru öðru. Rétt strax fann hún sterkan, notanlegan straum leggja upp handlegg sinn. Kári hélt um hönd hennar í rúma mínútu og sagði síðan við Stellu: „Næst þegar þú ætlar að lifa með kærasta þínum skaltu hugsa til mín og þessara orku.“ Stella leit undrandi til Birtu og hún sagði: „Taktu mark á þessu.“

Næst þegar Stella hitti Sigurð kærasta sinn og þau nutu ásta, þá náði hún ekki þeim árangri sem hún vildi. Þá datt henni skyndilega í hug orkan sem Kári gaf henni og hafði veitti henni vellíðan. Þá hugsaði hún: „Það gerir ekkert til þó ég prufi þetta.“ Hún lokaði augunum og hugsaði til Kára þegar hann gaf henni þessa friðsælu orku. Henni til mikillar undrunar fékk hún fullnægingu þetta kvöld með sínum heitelskaða og síðan framvegis. Níu mánuðum síðar fæddi hún sitt fyrsta barn.

Ári síðar í byrjun júní urðu straumhvörf í lífi Birtu þegar Tryggva Daðasyni föður hennar var boðin skólastjórastaða á Djúpavogi með þriggja ára samningi og engri húsaleigu þann tíma sem hann mundi starfa þar. Með samþykki Maríu Þorkelsdóttir konu sinnar þáði hann boðið enda fannst þeim þetta kjörið tækifæri til þess að breyta til þar sem ráðningatíminn var ekki nema þrjú ár. Þau byrjuðu fljótlega að undirbúa sig fyrir flutninganna austur á firði, meðal annars með því að auglýsa húsið til leigu í þrjú ár. Þegar móðir Birtu, sem er eina barnið hennar, sagði henni þetta bauðst hún til að aðstoða þau við að pakka niður í ágúst þegar þau flyttu til Djúpavogs og koma dótínu fyrir í vöruflutningabifreiðinni. Og svo var hugmyndin hjá henni að skreppa með þeim austur rétt á meðan foreldrar hennar væru að koma sér þar fyrir.

2. KAFLI

Vestast á Grænugötu við Smiðjuveg í Kópavogi er Litla bifreiðaverkstæðið til húsa. Eigendurnir eru vinirnir Bolli Friðgeirsson sem er dökkur á brá, búlduleitur, augun blágræn og hvöss. Hann er einn og níutíu á hæð, nefið beint, varaþykkur, munnstór, þéttur að velli og herðabreiður. Þar að auki er hann rólegur, og ákveðinn í fasi með póker-andlit og treystir engum, að æskuvini sínum undarteknum. Þó hann sé komin af góðu fólki, vel menntuðu og efnuðum foreldrum þá mislukkaðist uppeldi hans kannski vegna þess að hann var lykklabarn, og að móðir hans dó þegar hann var þrettán ára. Eftir það ólst hann upp í umsjón föður síns. Faðir hans var læknir og vann því langar vaktir svo drengurinn var ekki mikið undir eftirliti hans. Gerði pilturinn því nánast það sem hann vildi.

Æskuvinur Bolla og meðeigandi, Jökull Ársælsson er lágur í lofti, einn og sjötíu á hæð, axlasiginn, grannholda, langleitur, skolhærður með blá augu og litlar þunnar varir, lítið nef, en breiðar nasarholur. Vinirnir þykja báðir handlagnir og snyrtilegir til allrar vinnu og skiluðu þar af leiðandi góðum verkum, þar að auki var Jökull meistari í ökutækni. Á ungdómsárum þeirra, stunduðu þeir allskyns rán og ómennsku, þá venjulega að nóttu til og alltaf með snyrtilegum frágangi, því það var einkenni þeirra þegar lögreglan kom á afbrotastað. Í þau fáu skipti sem reyndi á ökuhæfni Jökuls sluppu þeir alltaf undan lögreglunni og voru þá alltaf með stolin númeraspjöld á þessum bílum. Þeir voru kallaðir *snyrtimennirnir* vegna þessarar sérlega góðu umgegni við innbrotin. Rannsóknarlögreglan hafði þá grunaða síðustu árin, en þeir höfðu aldrei neitt bitstætt, sem hún gat hankað þá á.

Að lokum náðust þeir og fengu tveggja ára fangelsi á Litla-Hrauni eftir fimm ára spennandi næturvinnu, að þeirra mati, við að læðupokast og taka eignir annarra í sína vörslu. Skömmu eftir að þeir tóku út refsinguna, þá tuttugu og fimm ára þá hlotnaðist Bolla arfur frá föður sínum sem var stórt og sérlega vel með farið einbýlishús ásamt góðri innistæðu í banka. Nokkru seinna komu vinirnir sér saman um að vinna að sínum málum með allt öðrum hætti en þeir höfðu áður gert. Þeir virtust breyta til og fóru að læra það sem þeir höfðu áhuga á, meðal annars bifvélavirkjun og sprautun. Þegar þeir luku námi

seldi Bolli einbýlishúsið og keypti þriggja herbergja íbúð í blokk í staðinn. Síðan tók hann á leigu við Smiðjuveg í Kópavogi góðan sal fyrir bifreiðaverkstæði. Síðan keypti hann öll þau tæki og tól sem þeir þörfuðust til að geta haldið verkstæðinu gangandi með sóma. Þá átti hann eftir á þriðju miljón í lausafé og tíu prósent af þeirri eign gaf hann Jökli til að geta stílað fyrirtækið sem S/F. Þessa handhægu peninga notuðu þeir til að kaupa eiturlyf í Hollandi komu því í sölu í borginni eftir krókaleiðum.

Til að halda sér í góðu formi töldu þeir áriðandi að æfa einhverja íþrótt og völdu golfið. Eftir nokkrar æfingar kynntust þeir Arngrími Hanssyni viðskiptafræðingi. Hann útskrifaðist frá Háskólanum í Washington DC. Þar kynnist hann skólabróður sínum Russel Cambell, syni mafíuforingjans Luther Cambell. Hjá honum hafði hann lært ýmis góð klækjabrögð til að forðast afskiptasemi lögreglunnar.

Þessir þrír náungar urðu fljótlega góðir kunningjar og ekki leið á löngu þar til þeir fundu samsörun í því háhugamáli að leitast við að taka frá öðrum það sem þeir áttu ekki. Þeir einsettu sér að gera það með skipulegum hætti. Með tímanum hafði Bolli ásamt Jökli, eftir ráðum Arngríms, náð yferráðum yfir þremur helstu glæpaforingjunum sem stjórnðu eiturlyfjamarkaðnum í Reykjavík og nágrenni. Þeir félagar beittu undirmönnum sínum hörðum viðlögum ef ekki var farið nákvæmlega eftir skipunum Bolla þegar Arngrímur vildi svo við hafa. Þessir þrír foringjar sem höfðu hver fyrir sig umráð yfir glæpalýð, sem var hver öðrum illskeyttari, barðist oft innbyrðis um markaðinn þar til Bolli náði yferráðum yfir hópnum. Eftir að Bolli náði tökum á þessum foringjum hafði hann öll völd á eiturlyfjamarkaðnum sem leppur fyrir Arngrím. Hann stjórnaði í raun öllu klappinu á Stór-Reykjavíkursvæðinu, frá Borganesi í vestri að Selfossi í austri þegar Arngrímur kom með innslagið. En mun oftast gaf hann þessum þremur foringjum frjálssar hendur um hvað þeir gerðu, en á eigin ábyrgð.

Síðustu sautján árin hefur lögreglan ekki minnsta grun um að snyrtimennin eða í réttu lagi, hann Bolli og Jökull vinur hans væru á bak við þetta, og síst af öllu að virtur viðskiptafræðingur væri stærsti skipuleggjandinn við að smygla inn í landið eiturlyfjum, og áttu þátt í stórvægilegustu afbrotunum. Félagarnir þrír lögðu allir jafnt í þann kostnað, sem fór í þessi myrkraverk. En Arngrímur sem var hugmyndafræðingurinn fékk átján prósent, Bolli og Jökull sextán prósent hvor og foringjarnir þrír deildu fimmtíu prósent á

milli sín og undirmanna sinna, af hagnaðinum. Þessir þrír kunningjar gerðu með sér samning sín á milli með handsali um að svíkja aldrei hvern annan þar sem þeir vissu að öðruvísi mundi þessi félagsskapur og sá hagnaður sem því fylgdi aldrei ganga upp.

Hlutverk Bolla var að koma öllum skilaboðum frá Arngrími til undirforingjana þriggja. Þeir vissu ekki betur en að Bolli væri aðalstjórnandi, og skipuleggjandinn þegar um veigamikil mál væri að ræða. Það var einnig skipun frá Arngrími að undirmenn glæpaforingjana héldu að foringjar þeirra væru einráðir yfir hverri deild og héldu áfram þeim hluta Stór-Reykjavíkursvæðisins eins og þeir hefðu þegar skipt á milli sín.

Enda sáu foringjarnir þrír um að það yrðu væringjar á milli deilda ef einhver fór á yfirráðasvæða hins. Það styrkti undirmenn þeirra í þeirri trú að það væru foringjar þeirra, sem stjórnðu og réðu yfir sínu hverfi, þó oftlega kæmi fyrir að tvær eða þessar þrjár deildir ynnu saman að einhverju viðamiklu starfi. Allir þessir þrír foringjar ráku hver sitt mótorhjólageri sem þeir nefndu sérkennilegum nöfnum. Fannar Grétarsson, sem Arngrímur valdi sem yfirforingja yfir hinum þremur gegnum Bolla, rekur sitt fyrirtæki undir nafninu Skuggabaldur. Torfi Finnbogason foringi rekur sitt fyrirtæki undir nafninu Næturgalinn. Halldór Eiríksson foringi rekur sitt fyrirtæki undir nafninu Náttfráfninn. Öll þessi þrjú fyrirtæki eru í Reykjavík og eru rekinn með ámóta innviði. Þar er skrifstofa, góð viðgerðaaðstaða fyrir mótorhjólin, setustofa, fundarsalur og í endanum á þessum húsum, sem eru staðsett sem lengst hver frá öðrum, eru inngangur að snóker og billiard sem er einnig opinn fyrir almenning.

3. KAFLI

Richard Shaw er bókmenntafræðingur frá ríkinu Minnesota í Bandaríkjunum og bjó þar í borginni Saint Paul, seinni partinn af uppeldisárum sínum með móður sinn. Saint Paul er sambyggð borginni Minneapolis, þessar tvær borgir eru oftlega nefndar Twin Cities, tvíburaborgirnar. Richard er prófessor í Háskólanum í Washington DC, og stundar þar rannsóknir í bókmenntafræðum og einstöku sinnum við kennslu í þeim fræðum.

Fæðingaborg Richard Ramsey (Shaw) og foreldra hans er Washington DC. Móðir hans Kata Ramsey flúði þaðan með fjórtán ára gamlan son sinn til Minneapolis í einbýlishús, sem hún fékk í arf eftir frænku sína eftir að hún skildi við háöldruð. Þessir flutningar komu ekki til af góðu. Þannig var að einn örlagaríkan fimmtudags eftirmiðdag hrundi veröldin tímabundið fyrir Kata Ramsey og son hennar.

Eiginmaður hennar, Michael Ramsey, byggingafræðingur, varð fyrir þeirri ógæfu að vera skotinn á færi með riffli seinnipart fimmtudags þá rúmlega fertugur að aldri fyrir utan Biljarðstofuna Bobby. Það gerðist með þeim hætti að hann var að spila snóker við frænda sinn Luther Cambell mafíuforingja, sem hafði verið vinur hans frá barnsaldri og fjarskyldur honum. Það var venja þeirra að hittast þarna seinnipart dags strax á fimmtudögum og spila nokkur geim. Þennan afdrifaríka fimmtudag sagði Michael: „Þetta er nægilegt í dag, nú ætla ég heim þó að þú hafi vinninginn í þetta sinnið, ég vinn þig örugglega í næsta skipti.“ „Þú ert aldeilis bjartsýn, en taktu bókina sem þú lánaðir mér, hún er í framsætinu í jeppanum mínum, hann er ólæstur.“ „Já, ég geri það,“ sagði Michael. Um leið og hann ætlaði að opna hurðina á jeppanum hans Luthers þá hvað við riffilskot, og Michael féll samstundis dauður í götuna.

Michael Ramsey átti ætt sína að rekja til innsta kopp mafíuhreyfingarinnar Cosa Nostra, sem var að mestu leiti hætt byssuleikjum, en stunduðu í staðinn hörð viðskipti. En einstaka deildir innan Cosa Nostra höfðu ákveðin yfirráðasvæði á eiturfjarmarkaðnum innan Bandaríkjanna. Þeir gerðu það á laun, og í trássi við hreyfinguna. Luther Cambell

tók við stjórninni á öllum deildum mafíunnar innan Washington DC eftir lát föður síns. Hann fylgdi ráðum föður síns um að forðast eiturfjarmarkaðinn.

Michael hafði alltaf haldið sig réttu megin við lögin, kannski vegna mikils þrýstings frá konu sinni Kate Ramsey (Shaw). En það var ekki hægt að segja um frænda hans Russel Cambell, son Luthers Cambell, því eftir að hann varð átján ára sökk hann dýpra inn á braut afbrota. En honum til ágætis sýndi hann snemma forystuhæfileika og komst vegna þessa með hraðbyr inn í stjórnina, sem leiddi til þess að faðir hans vann fyrst í stað hægt og sígandi að því að koma syni sínum til æðstu metorð innan deildar hans eftir sinn dag. En hann sá of seint að sonur hans mundi verða hættulegur samtökunum ef hann kæmist til valda innan mafíunnar og gat því ekki komið í veg fyrir það síðar meir. Því í augum Luthers og hans manna var morð og glæpur ekki alltaf það sama og morð og glæpur, það var ekki sama undir hvaða kringumstæðum og hvernig þau voru framin. Það var ekki hægt að segja um son hans að hann liti sömu augum á það og þeir.

Michael Ramsey viss að besti vinur hans frá barnsaldri var ekki lengur sami drengurinn og áður og yrði það aldrei frá því að hann varð virkur félagsmaður mafíunnar. Þeir stefndu hvor í sína áttina, en héldu samt alltaf tryggðum hvor við annan þó Michael héldi sig alltaf innan ramma laganna. Luther virti það við hann og treysti samt engum betur en honum. Michael Ramsey var alltaf í einhverjum tengslum við ættmenn sína, kunningja og vini innan mafíunnar. Þar af leiðandi var hann að nokkru leiti meðsekur Cosa Nostra því hann komst ekki hjá því stundum að vita ýmislegt sem gerðist um svartnætti hjá þessu mönnum.

Michael vissi ekkert um verstu verk þeirra enda áttu þeir auðvelt með að dylja fyrir honum stærstu og mest ógnvekjandi glæpaverkunum. Enda hafði hann engan áhuga á að vita um þau mál. Þess vegna kom nokkrum sinnum fyrir að hann var annað hvort kallaður fyrir lögregluna eða rannsóknarlögreglunnar FBI sem eins konar vitorðsmaður eða vitni. Hann slapp alltaf enda gátu þeir aldrei staðsett hann á þeim afbrotastöðum sem meintir mafíumenn áttu að hafa framið eða gátu komið sök á hann sem vitorðsmann eða vitni af einhverjum myrkraverkum þó rannsóknarlögreglan teldi næsta víst að hann vissi meira en hann léti uppi.

Fjórum dögum fyrir þann óheilladag þegar Michael var myrtur kom hann heim rétt eftir miðnætti á mánudagskvöldi, tveimur dögum eftir fjórtán ára afmælisveislu Richards þar

voru meðal annars frændur hans og vinir eða kunningjar föður hans úr maffunni. Einnig Russel Cambell, einkasonur Luthers Cambells.

Kate var að stússa í eldhúsinu þegar maðurinn hennar kom inn, klukkan var að nálgast ellefu að kveldi. Hann var fögur í andliti og strekktur á taugum. Michael reyndi að fela þessar tilfinningar sínar fyrir konu sinni þegar og kyssti Kate á kinnina, opnaði síðan einn eldhússkápinn, náði í könnu og fékk sér kaffi úr kaffivélinni. Gekk síðan rakleitt inn í stofu án þess að segja orð. Hún horfði á eftir honum undrandi og kvíðin því að hún bæði sá á andliti hans og öllu atferli að það var eitthvað meira en lítið að hjá honum.

Hún gekk að ísskápnum, skar góða sneið af rjómatertunni sem gekk af úr afmælisveislunni, setti sneiðina á undirskál, tók tertuna með sér inn í stofu og lét diskinn fyrir framan Michael um leið og hún settist í sófann andspænis honum. Hann horfði á konuna sína augnablik og sagði ekki orð á meðan hann borðaði kökuna og drakk kaffið. Kate beið róleg þar til að hann væri tilbúinn að tala við hana. Hún vissi af gamalli reynslu að það bæri engan árangur að þrýsta á hann undir slíkum kringumstæðum.

Þegar hann hafði setið góða stund hugsandi eftir að hafði lokið sér af með tertuna og klárað kaffið, þá sagði hann: „Það er öruggast að þú og sonur okkar viti sem minnst um þetta mál sem ég var vitni að og gæti kostað mig lífið. Ef ég fell skyndilega frá þá legg ég til að þið flytjið til Minnesota í hús frænku þinnar sem þú fékkst í arf eftir fráfall hennar svo fljótt sem auðið er en þú skalt annað hvort leiga einhverjum þetta hús eða selja það. Kate fölnaði upp og titraði innra með sér þar sem hún ályktaði rétt að eiginmaður hennar hafði orðið vitni að einhverju sem gæti kostað hann lífið. Þess vegna reyndi hún að stilla sig og spurði: „Hvers vegna flytjum við ekki strax frá þessari fjandans borg og öllum mafíuættingjum þínum?“

„Það verður of áberandi og síst betra, því ég verð örugglega dauður áður, en við verðum búinn að pakka niður. Því þá fyrst munu þeir telja víst að þeir gætu ekki treyst á þögn mína. En ef ég verð myrtur þá lætur þú ekki upp þann grun þinn að dauði minn sé af völdum mafíunnar vegna þess sem ég sá. Þess vegna segir þú aldrei nokkrum manni frá því og þar á meðal lögreglunni því mafían hefur þar nokkra menn á sínum snærum. Þú veist að það er regla hjá mafíunni að segja lögreglunni aldrei frá því sem gerist innan mafíunnar, þeir sjá um þá hlið málsins. Þeir munu leita ykkur uppi og finna hvar sem þið

búið á jörðinni þó það verði undir verndarvæng lögreglunnar ef þú segir henni frá gruni þínum. Þess vegna máttu aldrei segja syni okkar frá gruni þínum, það mun kosta ykkur bæði lífið ef hann fer að kanna það mál síðar meir. Láttu rannsóknarlögregluna um það allt saman ef hún kemst þá á sporið. Ef og þegar þið flytja til Minnesota eftir dauða minn þá forðist þið Cosa Nostra eins og þið mögulega getið og látið fara lítið fyrir ykkur. Þá er mjög sennilegt að þið verðið látin í friði en sennilega verður fylgst með ykkur án þess að þið verðið var við. Reynið aldrei að dyljast því þá bjóðið þið hættunni heim en það ætti samt ekki að vera verra ef þið bæði berið föðurnafnið þitt framvegis ef svo illa fer að ég hverfi héðan fyrir tíman.“

Á efri hæðinni í foreldrahúsi Richards er opin svalagangur, og breiður stigi frá stofunni þangað upp, en inngangurinn inn í herbergin er frá svölunum. Stærsta baðherbergið er á efri hæðinni út við gaflinn, en herbergið hans Richards er á sömu hæð í hinum endanum á húsinu. Það vildi svo óheppilega til að rétt eftir að Kate Ramsey settist í sófastólinn gegnt manni sínum þurfti Richard að fara á salernið og gekk því eftir svalaganginum til að komast þangað. Þá bæði sá hann og heyrði ógreinilega í foreldrum sínum vera ræða saman í stofunni. Forvitnin náði yfirhöndinni svo hann lagði við hlustir. Richard heyrði aðeins nokkrar setningar af því sem faðir hans var að segja áður en foreldrar hans sáu til hans. Hann náði þessum setningum: „Það verður of áberandi og síst betra því ég verð örugglega dauður áður en við verðum búin að pakka niður. Því þá fyrst munu þeir telja víst að þeir gætu ekki treyst á þögn mína.“ Meira heyrði hann ekki, því faðir hans lækkaði röddina, en það sem hann heyrði hræddi hann.

Fjórum dögum eftir þetta samtal var Michael Ramsey myrtur og lögreglan kom strax á vettvang, litlu síðar kom rannsóknarlið frá FBI sem tók að sér málið eins og þeim er skylt undir þessum kringumstæðum, könnuðu vettvang og leituðu vitna, en engin vitni fundust. Daginn eftir kallaði hún fyrir alla ættingja og vini, einnig nokkra aðra til viðbótar sem hún taldi grunsamlega, bæði innan og utan mafunnar. Nokkrum vikum síðar gaf rannsóknarlögreglan opinberlega þá yfirlýsingu að meintur morðinginn hafi sennilega skotið rangan mann í misgripum fyrir Luther Cambell þar sem vinirnir voru ekki ólíkir í háttum í fjarlægð og þar sem fátt fannst af sönnunargildum gögnum varð málinu vísað frá og með þessum degi sett í biðstöðu þar til nýjar upplýsingar kæmu fram sem gæfu tilefni til að taka málið upp aftur.

Skömmu eftir að Kate Shaw flutti til Minnesota lét hún skrá son sinn föðurnafni sínu, og bar hann það nafn eftirleiðis. Richard Shaw kláraði menntaskóla á þremur árum með hæstu einkunn og fór létt með það. Síðan gekk hann í Háskólann í Washington DC gegn vilja móður sinnar. Ekki er vitað fyrir víst hvers vegna hann gerði það, kannski vildi hann kynnast ættingjum sínum eða var það vegna föðurmorðsins?

Það leið ekki langur tími frá því að hann byrjaði í háskólanum þar til frændi hans Russel Cambell, sonur Luther Cambell, æskuvinar föður hans, kynnti sig fyrir honum sem frænda hans þar sem hann var einnig í þessum sama háskóla, en á næst síðasta ári.

4. KAFLI

Þegar Russel Cambell var á fyrsta ári í háskóla kynntist hann Íslendingnum Arngrími Hanssyni. Þeir urðu perluvinir og báðir sjálfelskir misindismenn, en utan skólans mynduðu þessir tveir vinir klíkuhóp sem Russel Cambell stjórnaði. Þeir áttu báðir það sameiginlegt að koma sérlega vel fyrir sem glaðlyndir, kurteisir og áhugasamir nemendur. En Richard Shaw sem var tveim árum yngri en þeir, grunaði fljótlega hvers konar menn þeir höfðu að geyma og hafði sem minnst samband við þá.

Russel reyndi mikið til að koma sér vel við Richard frænda sinn til að fá hann með sér í klíkuna án þess að tilgreina honum tilgang hennar. Þannig ætlaði Russel að koma Richard í þá aðstöðu að blanda honum inn í afrotamál án hans vitundar og festa hann þannig í sessi í klíkunni. Því Russel sá hvers konar yfirburðamaður hann var bæði af burðum og ráðvísi. Hann vildi þess vegna ekkert frekar en að fá Richard til að mynda það þríeyki, sem hann taldi að myndi styrkja klíkuna hans til muna.

Þessi áhugasvið vinanna tveggja, að vilja mennta sig og halda sér í skefjum innan skólans var gert af ásettu ráði. En þess í stað mynduðu þessir tveir kumpánar þennan glæpaflokk utan skólans sem Russel valdi og þekkti til að mestu afbrotuferil þeirra. En Arngrímur leitaði þá uppi, að skipan Russels með því að hafa samband við hvern fyrir sig í gegnum almenningssíma. Hann byrjaði jafnan samtalið með því að láta þá vita að hann þekkti feril þeirra áður en hann kom að sjálfu efninu. Síðan skipaði hann foringja yfir flokknum, og sagði honum að hafa menn sína alltaf í góðu form, og hafa sig hægan þar til að hann fengi fyrirskipun um verkefni. En Russel Cambell virtist hvergi koma nærri þó hann stjórnaði og skipulagði verkefnið með aðstoð Arngríms. Foringi þessara nýju glæpaklíku vissi ekki betur en að sá dularfulli hringjandi væri aðalstjórnandinn.

Þetta treysti vinabönd þeirra Russels og Arngríms, alla vega á meðan það reyndi ekki verulega á það. Þeir gengu alltaf eins langt og þeir framast gátu og töldu óhætt. Þeir undirbjuggu glæpina af kostgæfni í sameiningu undir stjórn Russels allar götur á meðan þeir voru saman í háskólanum, en komu hvergi nærri sjálfum verknaðinum.

Ef viðkomandi afbrotamenn náðust og fengu dóm, sem kom ekki oft fyrir, gátu þeir ekki bendlað Russel og vini hans við málin. Enda höfðu þessir dæmdu glæpamenn enga hugmynd um tilveru vinanna tveggja og vissu ekki betur en að sá sem hringdi væri foringi þeirra og skipulagði glæpina.

Luther Cambell Mafuforingi frétti strax í gegnum son sinn að Richard Shaw hefði flutti í gömlu íbúðina sem móðir hans átti á meðan hann var í háskólanum. Luther hafði fljótlega samband við hann þar sem hann og faðir Richards, Michael Ramsey voru fjarskyldir í langfeðratölu. Og þar að auki höfðu þeir verið æskuvinur alla daga síðan þar til Ramsey féll fyrir morðingja hendi. Þess vegna vildi hann endilega ná sambandi við piltinn þar sem hann hafði nú í fyrsta sinn hæg heimatökin til að geta nálgast hann og vonandi fengið að kynnast honum fyrst hann var aftur komin á heimaslóðir.

Það kom fljótlega í ljós að þeim líkað báðum vel hvor við annan. Luther Cambell sá að Richard var að mörgu leiti líkur föður sínum og varð þeim mun ánægðari. Richard gerði Luther fljótlega ljóst að hann vildi ekki vera virkur í mafíunni en hafði áhuga á að kynnast frændfólki sínu og umgangast þá sem kunningja. Hann samþykkti það en þeir voru varir um sig,og treystu honum að sjálfsögðu ekki fyllilega.

Eftir nokkurra mánaða kynningu spurði hann Luther hvort hann vissi eitthvað um morðið á föður sínum. „Nei, því miður veit ég ekkert um það sorgar mál því faðir þinn var mikill vinur minn. Ég taldi í fyrstu eins og rannsóknarlögreglan að hann hefði verið myrtur í misgripum fyrir mig. En í dag hef ég það sterklega á tilfinningunni að svo hafi ekki verið.“ „Áttu við að faðir minn hafi verið eftir allt saman skotmarkið?“ „Já, mig grunar það sterklega því það hefur engin gert tilraun til að myrða mig síðan.“ „Hver hefur ástæðu til að myrða föður minn? spurði Richard.“ „Það hef ég ekki hugmynd um, en ég lét ábyggilega menn úr mínum hópi kanna málið eftir okkar leiðum en það kom ekkert út úr því.“

Luther sagði honum ekki allan sannleikann því einn af hans mönnum innan deildarinnar, Herbert Kendrick sá um þessa eftirgrennslun og hafði upp á leigumorðingjanum. Luther skipaði Kendrick að láta ganga frá honum strax eftir að skotmaðurinn hafði leysti frá skjóðunni um hver væri á bak við morðið. Hann komst að því það væru þrír synir háttsettra manna innan Cosa Nostra sem voru bendlaðir við ódæðið og einn af þeim

fyrirskipaði morðið, sem faðir Richards var vitni að, en þeir sluppu með skrekkinn því málið var þaggað niður.

Richard tók hann trúanlegan en var alls ekki sáttur með málalokin. Þó hann hefði mikinn áhuga á að sökudólgurinn næðist og yrði dæmdur, taldi hann sig hvorki hafa þá undirstöðu eða aðstöðu sem þyrfti til að finna morðingja föður síns, fyrst hvorki rannsóknarlögreglan eða Luther Cambell, sem hefði kannski betri aðstöðu til að komast að hinu sanna en nokkur lögreglumaður, hvort mafían væri í blönduð við morðið, þar sem hann taldi það einnig líklegast. Því hann hafði komist að því að faðir hans hafði vitað ýmislegt sem gerðist innan mafíunnar sem mátti ekki sjá dagsins ljós.

Skoðun hans í þessu máli styrktist heldur betur þegar það rifjaðist upp í huga hans, tveimur kvöldum eftir fjórtán ára afmælisdaginn hans, þegar faðir hans kom heim illa fyrirallaður og hann heyrði af samtali hans við móður hans og sá hinn mikla áhyggjusvip sem var á henni við að heyra það sem faðir hans var að segja henni.

Strax eftir að Richard Shaw lauk námi sem bókmenntafræðingur réði hann sig sem bókmenntafræðing við háskólann í Saint Paul en ári síðar lést Kate Shaw, móðir Richard Shaw. Það var nokkrum mánuðum áður en Richard var sendur í hernað gegn Írökum í Flóastríðinu. Móðir hans hafði til dauðadags alltaf haldið sig við þá staðhæfingu að morðinginn hafi skotið rangan mann þegar hann skaut eiginmann hennar forðum daga. Það skipti engu máli hvort það var rannsóknarlögreglan eða einhver annar sem spurði hana, hún svaraði alltaf þessu sama þó hún teldi sig vita betur. Það gerði hún einungis til að vernda son sinn, og hafði það leyndarmál með sér yfir móðuna miklu.

Fljótt eftir að Russel Cambell og vinur hans Arngrímur luku prófi sem viðskiptafræðingar úr háskólanum í Washington DC var Russel orðin innvígður í stjórnina innan deildar Luthers Cambells mafíuforingja. En faðir Russels hafði reynt að koma í veg fyrir það þar sem hann vissi hvaða mann hann hafði að geyma. Hann komst inn vegna þess að meirihlutinn samþykkti hann og það var vegna hæfileika hans sem mælskumaður og ekki síður fyrir það hversu sanningslipur hann gat verið þegar því var að skipta. Hann líktist föður sínum að því leiti en hann var ekki eins orðhaldin og faðir hans því hann átti sérlega létt með að segja meira en hann gat staðið við ef þess þurfti með til að ota sínum tota.

En það sem réði mestu um að hann komst í stjórnina var að hann hafði á laun komið sér upp góðu sambandi við mafuna í Kólumbíu sem sá um eiturfjarmarkaðinn þar án vitneskju flestra innan stjórnarinnar, því síður vissi faðir hans um það. En það voru tveir innan stjórnar mafunnar sem voru í samráði með Russel Cambell og höfðu mikinn áhuga á að hann tæki við af föður sínum látnum, sem gat orðið fljótlega þar sem faðir hans var þegar orðin mikill sjúklingur og átti ekki langt eftir ólifað. Það voru þessir menn sem hjálpuðu honum að ná meirihluta með ýmsum bellibrögðum þó kosningar hafi verið með löglegum hætti.

Richard Shaw er kringluleitur, andlit rúnum rist, stutt á milli augna, stórt og mikið kónganef, dökkhærður, hár og grannur, fjaðurmagnaður, vöðvastæltur, limamjúkur, íþróttalega vaxinn og þraut þjálfaður liðsforingi, meðal annars úr Flóastríðinu. Fjórar fyrstu orðurnar, sem honum voru veittar á stríðstíma voru af svipuðum toga, fyrir hugprýði. Fimmtu orðuna fékk hann fyrir að bjarga hersveit sinn úr herkví þar sem hann varð skyndilega hæstráðandi yfir herflokk sínum eftir að tveir yfirmenn hans féllu hver á fætur öðrum þar sem þeir voru innikróaðir af margfalt stærri hersveit Íraka. Þá var það hans hlutverk að reyna að bjarga mönnum sínum úr þessari herkví. Hann beitti kænsku af mikilli snilli og varð að hætta lífi sínu í tvígang til að koma mönnum sínu úr þessum vítahring. Á meðan á því stóð breyttist hann í grimman, kaldlyndan, rólegan og yfirvegaðan mann, sem líktist einna helst drápsvél.

En þegar hann fór í slíkan ham var það af illri nauðsyn til að komast í gegnum þann vítiseld og dauðans alvöru sem herkvíin bauð upp á. Þá varð hann að brynja sig sérstaklega fyrir gerðum sínum til að ná þeim sálarstyrk sem þurfti til að bjarga félögum sínum úr nærri fyrirfram dæmdri dauðagildru. Honum líkaði ekki hvaða mann hann hafði að geyma undir slíkum kringumstæðum. Það var aðal ástæða þess að Richard Shaw sagði sig úr hernum nokkru síðar.

Þetta var ekki í fyrsta skipti sem hann hafði sýnt hvers hann var megnugur, hugaður og fljótur að meta aðstæður, og sjá hvaða leiðir væru framkvæmanlegar til að ná þeim undirtökum sem þurfti á hættustundu og oftlega í flóknum kringumstæðum sem komu upp í það og það sinnið. Skömmu eftir að honum var veitt orða fyrir að bjarga

undirmönnum sínum úr herkvínni í Írak var herskylda hans útrunninn, hann notaði þá tækifærið og skráði sig úr hernum.

Það má að nokkru leiti skilgreina Richard Shaw sem hæglátan einfara og friðsaman mann þó að hann eigi hægt með að vinna í samfloti með öðrum. Þá er honum það eiginlegast að vilja vera einn með sjálfum sér. Þá finnst honum besta að einbeita sér að því sem hann er að vinna að einsamall í kyrr og ró. Samt sem áður er hann tvískiptur að því leiti að hann hefur ákveðna löngun til að komast í áhættusöm ævintýri. En þó aðeins þegar honum hentar sjálfum, enda var hann var friðsæll maður í verunni og bókhneigður.

5. KAFLI

Bækistöð alríkislögreglunnar FBI er í Washington DC í J. Edgar Hoover-byggingunni en dómsmálaráðuneytið er þar einnig til húsa. Húsið stendur við Pennsylvania Avenue, sem liggur í suður-austur frá bækistöðinni og sveigir síðan í austur fram hjá Hvíta húsinu.

Þann 26. júlí árið 1908 var settur á fót hópur svonefndra Special Agents með samþykki Bandaríkjaþings til að sameina lögsögu ríkjanna og koma í veg fyrir að glæpamenn sleppi undan réttvísinni með því að flýja yfir í annað ríki innan Bandaríkjanna. Þessi stofnun hafði hvorki opinbert nafn eða leiðtoga en vegna góðrar frammistöðu var nafni stofnunarinnar breytt árið 1935 og nefnd að Federal Bureau of Investigation, FBI. En eftir árás Osama bin Laden á New York og Washington var baráttan gegn hryðjuverkamönnum sett í fyrsta sæti. Þá var bætt við deildum innan FBI og til viðbótar var í fyrsta skipti bætt við fimmtíu deildum til að annast erlend viðfangsefni. Að þessum fimmtíu deildum meðtöldum eru þær fimm hundruð að tölu.

Það var forstjóri FBI sem sá nauðsyn til þess að leggja fram þá tillögu að bætti yrði við sérstakri leynideild sem yrði utan við sérdeildina en samt í tengslum við hana og að hún yrði undir stjórn forstjóra FBI. Þessi leynideild yrði aðeins notuð undir vissum kringumstæðum.

Á þriðju hæð í húsi alríkislögreglunnar er skrifstofa Roberts Canfield, forstjóra alríkislögreglunnar og framan við skrifstofu hans er biðstofan, þar hefur ritari hans Cora Darby aðsetur. Hún er lítil og grönn á fimmtugs aldri, smáfríð, dökkhærð og gengur með gleraugu. Cora hefur verið ritari hjá tveimur forstjórum alríkislögreglunnar síðastliðin tuttugu og þrjú ár og alltaf séð til þess að yfirmaður hennar yrði ekki fyrir truflun að óþörfu og er þar að auki framúrskarandi starfsmaður.

Robert Canfield forstjóri stjórnar þriðju stærstu vettvangsskrifstofu alríkislögreglunnar í Bandaríkjunum, hún er í Washington DC. Þetta ríki er aðeins þrjátíu og ein fermíla og undir hans stjórn heyra tuttugu og tvær vinnusveitir, tólf sveitir við glæparannsóknir og tíu sveitir sem sinna öryggisveitum.

Robert Canfield er meðal hár, feitlaginn, ákveðin í fasi og harður í horn að taka, ef svo ber undir, sérlega skarpur og dagsfarsgóður, mildur stjórnandi. Undirmenn hans virða hann og treysta á skipulagshæfileika hans og velvilja í þeirra garð. Enda stendur hann alltaf með sínum mönnum ef þeir lenda í vanda. David Webb sérþjónustumaður er næstráðandi, hann hefur stjórnaði vettvangsskrifstofu hjá alríkislögreglunni í sjö ár.

Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna, NSA, hefur ótakmarkaðan aðgang að hlerunum innan ríkisins, án dómsúrskurðar og laga. Þær fara í gegnum skiptistöð í því landi sem tengist símsstöðvum víða um Suður-Ameríku, Evrópu, Asíu og Arabaríkin.

Gegnum þessar símhleranir, tölvupósta og skeyti var upplýstist að ný glæpaklíka hafi verið stofnuð fyrir nokkru og búið sér hreiður í einum búgarðinum í suð-vesturhéraði Mexíkó sem nefnist Supremeon-búgarðurinn. Þeir létu fylgjast með þessum búgarði um tíma og fengu takmarkaðar upplýsingar. Í framhaldi af því lét forstöðumaður Öryggisstofnunar Bandaríkjanna, CIA, vita af þessu nýja glæpagengi. Þeir sendu tvo njósnara á vettvang sem fylgdust með þeim í tvö ár úr fjarlægð og á þeim tíma varð yfirgripsmikil aukning á smygli á heróíni yfir landamærin. Ekki náðist nema lítil hluti af þessum nautnalyfjum sem smyglað var miðað við það magn sem njósnararnir töldu þessa glæpaklíku hafa undir höndum.

Búgarðseigandinn sem stjórnaði flokknum ásamt nautgriparæktinni var einstaklega var um sig og sá til þess að undirmenn hans hlýddu honum skilyrðislaust. Enda kom það í ljós að þeir fáu menn sem náðust innan landamæra Bandaríkjanna gáfu aldrei upplýsingar um þessa klíku, hvað sem var í boði. Njósnararnir komust aldrei í náð samband við þessa glæpaklíku en rúmum fjórum árum eftir að NSA uppgötvaði þessa klíku hurfu njósnararnir tveir sporlaust einn daginn einhvers staðar í Mexíkó. Tveim árum síðar hafði straumur flóttafólks sem komst fram hjá landamæravöðunum Bandaríkjanna magnast til muna.

Þá gerðist það einn daginn að NSA komst að því Don Supremeon vantaði kúreka á búgarðinn og forstöðumaðurinn lét CIA umsvifalaust vita og þeim tókst með brögðum að lauma einum njósnara þar inn og hann kom mörgum góðum upplýsingum til þeirra, meðal annars að frændi Don Supremeon, Jose Supremeon væri næstráðandi og stjórnaði einum af þrem smyglaragengjunum. En það varði ekki lengi að njósnari CIA gæti komið

upplýsingum til þeirra því hann fannst skotinn í höfuðið á sandströndinni skammt frá borginni Puerto Penasco. En skömmu áður hafði hann tilkynnt CIA um ný göng sem glæpagengið hafði látið grafa og gegnum þessi göng á að smygla 50 manns næstu nótt. Einn frændi Don Supremon átti að sjá um þetta, Jose Supremon. Landamæraverðirnir biðu eftir þeim og náðu öllum hópnum, meðal annars frændanum. Meiri hluti flóttafólksins var sent til baka en nokkrir fengu atvinnuleyfi. Frændinn var fangelsaður, og þá hefur glæpaklíkan með einhverjum hætti grunað njósnara CIA um græsku og skotið hann umsvifalaust.

Eftir þessa hneisu ákvað CIA að hafa meira og betra samstarf við FBI. Það var ákveðið þeirra á milli að kalla saman fund ásamt aðstoðarmanni Bandaríkjaforseta. Eftir nokkurra daga fundasetu komu þeir sér saman um að taka upp þá nýbreytni að ráða um það bil tíu útsendara, þeir yrðu nefndir *huldumennirnir* og yrðu undir stjórn alríkislögreglunnar. Þessi tilraun átti að standa yfir þrjú í ár og við lok tímabilsins yrði málið tekið upp aftur og samþykkt að lögum, ef vel reyndist. Þessir huldumenn eiga að taka að sér sértækar aðgerðir sem CIA og alríkislögreglan koma sér sama um. Og hafa heimild til að starfa undir vissum kringumstæðum í öllum ríkjum Bandaríkjanna og erlendis. Forstjóri alríkislögreglunnar í Washington DC hefur stjórn á huldumönnunum og hefur heimild til að senda huldumann til annarra landa, en þá aðeins með leyfi forseta landsins til að kanna aðstæður á laun án leyfis viðkomandi lands. Í sumum tilfellum gæti þetta verið hagræðing til að þurfa ekki að blanda leyniþjónustunni í málefnið enda eiga þessir huldumenn að vinna, að mestu leiti, með öðrum hætti en þeir sem fyrir eru. Þessir könnunarleiðangrar huldumanna til annarra landa verða aðeins leyfðir ef sterkur grunur er um að glæpagengi í viðkomandi landi eða löndum séu á einhvern hátt tengd þeim rannsóknum sem alríkislögreglan er að kanna og óvissuþátturinn er of mikill til að hægt sé að blanda CIA og FBI inn í það mál.

Huldumaður þarf að vera sérþjálfaður og einstaklega hæfileikaríkur maður og verður að vera í stöðugri þjálfun samkvæmt ákveðnum reglum. Hann á að vera opinberlega á launum hjá einhverri ríkisstofnun. Huldumaður verður hulin öllum svo lengi sem það er fært að undanskyldum forsetanum og undirmönnum hans í Hvíta húsinu, ásamt helstu yfirmönnum CIA og forstjórum alríkislögreglu allra ríkja bandaríkjanna.

Robert Canfield hefur verið forstjóri alríkislögreglunnar í Washington DC síðastliðin tíu ár. Hann mun ætíð bera ábyrgð á huldumönnunum, svo framalega sem þeir fara eftir skipunum yfirmanna sinna. Hann tekur einn ákvarðanir um það hvenær hans er þörf og hvort eigi að senda þá erlendis.

Næstráðandi sérþjónustumaður undir stjórn Robert Canfield er David Webb. Hann verður sá milligöngumaður sem Huldumaðurinn verður í tengslum við eftir duldam leiðum þegar Robert Canfield forstjóri hefur gefið skipun um ákveðið verkefni sem Huldumaðurinn á að taka að sér.

Huldumenn verða að vera með háa greindarvísitölu, sérlega gott andlegt atgervi, mikið hugrekki og jafnfram vera gætnir og útsjónarsamir. Einnig verða þeir að vera fljótir að geta tekið réttar ákvarðanir undir erfiðum og hættulegum kringumstæðum. Þessi tillaga var lögð fyrir Bandaríkjaþing og forseta Bandaríkjanna sem samþykkti tillöguna með undirskrift sinni.

Þegar þeir höfðu fundið og ráðið nýja huldumenn var einn eftir sem þeir höfðu verulegan áhuga á en þar sem hann var tengdur bandaríkjamafunni þá tók það drjúgt ár fyrir Robert Canfield og David Webb að geta treyst þessum manni fullkomlega. Hann var einnig talin heppilegastur í eitt ákveðið starf sem beið lausnar. Richard Shaw var að lokum valinn á því herrans ári þegar hann varð fjörutíu og átta ára. En vegna tengsla hans við Cosa Nostra var gerð einstaklega nákvæma rannsókn á hugarástandi hans og lífsferli frá barnsaldri, ekkert í lífi hans var ekki kannað til hlítar. Það er með ólíkindum hvað þessir stjórnarmenn innan alríkislögreglunnar geta látið grafa djúpt og komist með einum eða öðrum hætti að hvers konar upplýsingum um náungann sem vekur áhuga þeirra. Það gerðu þeir líka í þessu tilfelli þegar þeir leituðu fanga um æviferill Richard Shaw.

Síðan gaf forstjóri alríkislögreglunnar Robert Canfield þá tilskipun að það yrði að setja fjóra menn allan sólarhringinn til að fylgjast með Richard Shaw í eitt ár til viðbótar til að fullvissa sig um að hann væri traustsins verður. Að lokum var hann úrskurðaður sérlega hæfur til þessara starfa sem honum var ætla að taka að sér og síðan til áframhaldandi starfa sem Huldumaður, ef hann tæki boðinu.

6. KAFLI

Rúmu einu ári síðar, seinnipart föstudagskvölds, kom Richard Shaw úr vinnunni heim að einbýlishúsi sínu í Minneapolis. Þegar hann steig út úr bifreið sinni sá hann tvo menn í pósthjónustubúningi ganga inn að útidyrnum að húsi hans. Hann bauð þeim góðan daginn, þeir snéru sér við og svöruðu í sömu mynnt, annar þeirra var með lítinn brúnan ávalan pakka í hendinni.

Richard spurði hvort þessi pakki væri til sín og sagði til nafns. Þeir jánkuð því, afhentu honum pakkann eftir að hann kvittaði fyrir móttökunni og ræddu við hann í stutta stund um daginn og veginn og kvöddu síðan Richard með handabandi. Hann var hálf undrandi yfir þessari kurteisi. Því venjulega létu póstburðamenn sig hverfa þegjandi og hljóðalaust eftir að hafa afhent viðkomanda pakka, sem þeir áttu að skila til réttis aðila. En hann hugsaði ekki meira um það. Hann opnaði útihurðina og gekk inn í forstofuna klæddi sig úr yfirhöfninni og skóm. Síðan beygði hann sig eftir póstinum sem lá á gólfinu, gekk inn í stofuna og hélt áfram inn í eldhúsið með póstin og pakkann. Reif utan af pakkanum brúnar umbúðirnar.

Hann varð eilítið undrandi þegar hann sá að gefandi hafði sent honum eitt kíló af sykri, og hann gat ekki með nokkru móti látið sér detta í hug hver grínistinn var sem sendi honum þennan pakka. Hann henti umbúðunum í ruslakörfuna og hugsaði ekki meira um þetta að sinni.

Síðan gekk hann inn á skrifstofuna sína, sem hann notaði einnig sem bókaherbergi og lagði bréfaþóstinn á skrifborðið eins og venja hans var. Þá tók hann eftir að dagbókin var ekki á sínum stað, sem var ávallt hægra megin og nokkuð aftarlega á skrifborðinu þegar hún var ekki í notkun. Hún lá réttu megin ofar á borðplötunni. Þá var hann ekki í vafa um að einhver hafði komið inn í íbúðina.

Richard var að sjálfsögðu hvert við, og byrjaði strax að kanna hvort eitthvað verðmætt hefði horfið úr íbúðinni og gáði aðeins á þeim stöðum þar sem eitthvað vermæti var og meintur þjófur mundi leita eftir. En hann gat ekki séð nokkur merki þess að peningar eða

verðmætir hlutir hefðu horfið úr íbúðinni. Eftir þessa jákvæðu athugun hans var hann eftir sem áður ekki í vafa um að einhver hefði verið í íbúðinni hans þegar hann var ekki heima. Hann ákvað að láta þetta kyrrt liggja þrátt fyrir þessa vissu, þar sem hann hafði leitað af sér allan grun um að ekkert væri horfið.

Klukkan var rétt gengin í níu þetta sama kvöld þegar dyrabjallan hringdi. Richard lagði bókina frá sér sem hann hafði verið að lesa síðastliðin klukkutíma. Hann stóð upp úr hægindastólnum og fór til dyra, þar voru fyrir þrír karlmenn. Um leið og hann bar þá augum þá taldi hann nánast víst að þeir væru sérþjónustumenn frá FBI. Þeir báru það svo greinilega með sér að hans álit. Einn þeirra var David Webb og þeir voru óeinkennisklæddir í dökkum jakkafötum. David Webb sérþjónustumaður var fyrir svörun og spurði húsráðandann hvort hann væri Richard Shaw bókmenntafræðingur, um leið og hann tók upp FBI-skilríkin sín og sýndi honum. Richard svaraði þessu játandi og spurði jafnframt: „Hvað viljið þið mér svona seint að kveldi?“ Því hann var undrandi yfir þessari sérkennilegu heimsókn, og ekki síður vegna þess hversu seint að kveldi þeir komu. „Þú liggur undir grun um að vera tengdur eiturlyfjasmygli frá Kólumbíu og við erum með leitarheimild frá dómsmálaráðherra,” sagði David Webb og sýndi honum húsleitarheimildina. „Þið eruð í röngu húsi að tala við rangan mann því ég hef aldrei komið nálægt þvílíkum óþvera.“ „Viltu gjöra svo vel að hleypa okkur inn góðfúslega eða eigum við að nota aðra aðferð sem við höfum heimild til?“ „Nei, gerið svo vel og leitið alveg eins og þið viljið, þið finnið hvort sem er ekkert hér sem þið hafið áhuga á.“ Reiðin sauð í honum en hann gat haldið aftur af sér. Honum fannst þessi framkomu þeirra og aðgerð verulega lítillækkandi. Hann fór inn í stofu, settist í hægindastólinn sinn hundpirraður og beið eftir að þeir lykju sér af og létu sig hverfa sem fyrst. Hann skyldi ekkert í þessum ótrúlegu grunsemdum þeirra né hvaðan þessi hugmynd þeirra kom um að hann væri tengdur eiturlyfjamarkaðnum.

Þeir skiptu sér niður á herbergin og voru ekki búnir að leita lengi þegar David Webb gekk inn í eldhúsið, var þar litla stund og fór síðan inn í næstu tvö herbergin. Seinna herbergið var skrifstofa Richard Shaw. Litlu síðar kom hann úr því herbergi og stóð í dyragættinni að stofunni þegar hann bað Richard að koma inn á skrifstofuna hans og féлага sína þrjá til að vera vitni að því sem hann hafi fundið í einni skúfunni þar inni. Þegar þeir komu inn í þetta herbergi sáu þeir að neðsta skúffan á skrifborðinu var dreginn út. „Hvaða pakki er

Þetta með einhverju hvítu innihaldi sem sést í gegnum glæra plastpakkninguna, sem liggur þarna í skúffunni?,” spurði David um leið og hann sagði öðrum FBI-manninum að ljósmynda pakkann í skúffunni. Síðan beygði David sig eftir pakkanum.

Richard var fyrst orðlaus og forviða þegar hann sá þennan pakka því hann kannaðist ekkert við hann. Þegar heilinn fór að starfa á ný að fullu eftir örskamma stund kom strax upp í huga hans sú grunsemd að einhver hafði komið inn í íbúð hans fyrr um daginn. Nú lá allt ljóst fyrir honum, sykurpakkinn sem hann hafði fengið í hendurnar hjá póstmönnum fyrr um daginn hafði verið gildra, að einhver hafi sent sér slíka gjöf, sem hann hafði tekið, sem gríni.

Þá kom einnig upp í huga hans að það var ekki venjulegt að póstmenn væru tveir saman þegar þeir koma með pakka að dyrum viðtakenda. Hann hugsaði leiftur hratt og sá fyrir sér alla atburðarrásina. Sennilega hafði það verið David Webb sem kom inn í íbúð hans fyrr um daginn og falið þennan pakka í skúffunni. Um leið og David beygði sig eftir pakkanum sagði hann: „Við skulum nú athuga hvað Richard geymir í þessum pakka.“ Þá kom skyndilega annað upp í huga Richard Shaw. Hann gekk hratt út úr skrifstofunni fram á gang og inn í eldhúsið, fóru þeir á eftir honum og stóðu yfir honum þegar hann beygði sig að eldhússkápnnum sem var undir vaskinum. Hann dró út ruslafötuna sem var tæplega hálf-full af rusli og tók upp úr henni brúnu umbúðirnar utan um sykurpakkann sem hann setti í fötuna fyrr um daginn. Hann sýndi þeim umbúðirnar og sagði: „Þessar umbúðir eru af pakka sem ég fékk afhentan fyrr í dag af tveimur póstmönnum sem ég kvittaði fyrir,” sagði Richard um leið og hann dró veskið sitt upp úr rassvasanum. Hann sýndi þeim kvittunina og sagði: „Þetta er kvittunin sem ég skrifaði undir þegar þeir afhentu mér pakkann í dag klukkan 16:30. „Hefur enginn annar komið með pakka til þín síða þá?“ „Nei, þetta er eini pakkinn sem ég hef fengið í dag.“ „Ok, hvað var í pakkanum?“ „Það var eitt kíló af sykri.“ „Einmitt það, og við eigum að trúa þessu? Og hvaðan kemur þá þessi pakki sem ég held á,” spurði David Webb. „Það hef ég ekki hugmynd um, enda hef ég aldrei snert þennan pakka, enda munuð þið ekki finna fingraför mín á þessum pakka sem þú heldur á. Ég sá strax þegar ég kom heim í dag eftir að póstmennirnir afhentu mér pakkann, að einhver hafi komið inn í íbúðina mína.“ „Hvers vegna tilkynntir þú það ekki?“ „Vegna þess að ég gat ekki séð að neitt væri horfið og lét það þess vegna eiga sig.“ „Og við eigum að trúa þessari ótrúlegu sögu um að þér hafi verið sent eitt kíló af

sykri í pósti? Það er mér alveg hulin ráðgáta, og síðan segir þú að einhver hafi komið inn í íbúðina þína. Þá er mér spurn, voru dyrnar læstar eða ólæstar þegar þú komst heim í dag?“ Richard varð hálf andlega dofinn þegar hann áttaði sig á því að hann var komin í einhverja óskiljanlega gildru sem hann var nú þegar fastur í. En hvers vegna hafði einhver gert honum þetta? „Hurðin var læst þegar ég kom heim,” sagði hann eftir augnabliks umhugsun um vandræði sín. Honum kom það ekki til hugar að ljúga því að hurðin hafi verið ólæst, þó að það væri æskilegra á því augnablikinu. „Hverjir hafa lykil að húsinu þín aðrir en þú?“ „Það hefur engin annar lykil að húsinu mínu nema ég.“ „Eigum við ekki að kanna hvort að það sé ekki einnig sykur í þessum pakka?“ David Webb tók upp forlata dálk upp úr hnífahylkinu sem hann var með fest við beltið á hægri síðunni, skar smá rifu á glæru plastpakkinguna og setti smá ögn af efninu á oddinn á hnífnum, bragðaði á því og sagði síðan hvasst við Richard: „Ég get frætt þig á því, ef þú þykist ekki vita hvaða efni þetta er og hvaðan það kemur, að þetta er ekki sykur sem er í þessum pakka, þetta er heróín. Þú kannast náttúrliga ekkert við þetta, eða hvað?“ sagði Webb um leið og hann veifaði pakkanum framan í Richard Shaw. Þá fyrst fauk heiftarlega í Richard og hann sagði hvasst og skellti framan í þá þessari hugmynd sinni: „Helvítis skepnan þín, þú hefur laumað þessu í skúffuna mína einhvern tíma dagsins eða fengið einhvern til þess. Áður en þið sendu einhverja tvo gervipóstmenn með sykurpakka til mín. Því þessi pakki sem þú heldur á er nákvæmlega eins, stærðin og lögunin. Þetta er augljóslega sett á svið hjá ykkur, sem þið munuð ekki komast upp með.“

David lét sem hann heyrði þetta ekki en spurði þessi í stað: „Ætlarðu að koma með okkur með góðu eða viltu heldur að við handjárnnum þig.“ Richard datt ekki einu sinni í hug að berjast á móti, því hann vissi að það mundi bara gera illt verra. Hann gekk með þeim út að ómerktri bifreið sem stóð fyrir framan húsið, opnaði afturhurðina og settist í aftursætið og annar þeirra settist við hlið hans. David Webb settist undir stýrið en þriðji maðurinn frá FBI settist í hægra framsætið. Afturhurðirnar báðar voru læstar með þrýstitakka í mælaborðinu. Það er föst regla hjá lögreglunni að hafa alltaf þessa læsingu á öryggis vegna. Ekið var með fangann beinustu leið að húsi dómsmálaráðuneytisins. Aðalbækistöð FBI eru þar til húsa á þriðju hæð en fangageymslur eru á fyrstu hæð sem FBI hefur til afnota fyrir þá sem liggja undir grun og þurfa nánari yfirheyrslur.

Richard gerði eina tilraun til þess að koma sérþjónustumönnunum í skilning um að þeir væru aldeilis að hlaupa á sig, þó hann byggist ekki við neinu svari. „Hvaðan hafið þið þessa endemis vitleysu, að bera slíkan óskunda upp á mig? Ég hef aldrei neytt eða selt örvandi efni eða viljað nálgast slíkan óþverra því ég hef um nóg annað að hugsa. Ég einbeiti kröftum mínum að mestu leiti að fræðigreini minni sem er miðaldabókmenntafræði og stunda í frístundum mínum bæði bóklestur og íþróttir. Það segir sig sjálf að ég hef engan tíma til að stunda þessa miklu ígripavinnu sem þið berið upp á mig að ósekju.“

Eina svarið sem hann fékk var frá þeim sem sat í framsætinu: „Þið, þessir eiturfjaglæpamenn hafið alltaf eitthvað ykkur til afsökunar og ljúgið óspart til að komast undan refsingu. Svona menn eins og þið eigið helst að sitja sem lengst inn í fangaklefa, þar eruð þið best geymdir.“ Richard sá að það þýddi lítið að tala við þessa náunga og þagði þar til hann var leiddur fyrir varðstjóra. Þar varð hann að afhenda allt sem var í vösum hans ásamt beltinu og úrinu. Síðan var hann settur í fangaklefa og fékk að dúsa þar til tíu morgunninn eftir. Fyrst í stað sat hann góða stund hugsandi og sérlega óánægður yfir þessari meðferð á honum alsaklausum. Hann skyldi ekkert í því hvers vegna sérþjónustumennirnir gátu blandað honum inn í slíka ómennsku það var honum hulin ráðgáta.

Um morguninn birtust tveir sérþjónustumenn með skipunarbréf frá dómsmálaráðuneytinu til yfirfangavörðarins um að hann ætti að afhenda þessum viðkomandi sérþjónustumönnum glæpamanninn Richard Shaw þar sem mál hans færi fyrir forstjóra alríkislögreglunnar. Yfirfangavörðurinn horfði undrandi á skipunarbréfið því það hafi aldrei áður komið fyrir að meintur glæpamaður yrði færður til yfirheyrslu hjá sjálfum forstjóra FBI.

Þess vegna var yfirfangavörðurinn eitt augnablik í vafa um hvort þetta skipunarbréf væri ófalsað. Svo hann skoðaði skipunarbréfið mjög gaumgæfilega og sannfærðist um að ekkert væri athugasvert við það. Hann kallaði á einn fangavörðinn og skipaði honum að ná í Richard Shaw, og afhenda hann þessum tveimur sérþjónustumönnun sem biðu eftir honum.

Þeir leiddu Richard Shaw að lyftunni. Joseph Cardona sérþjónustumaður þrýsti á hnappinn sem kom þeim upp á þriðju hæð og þaðan gengu þeir beint af augun inn ganginn sem lá inn á skrifstofu til Gora Darby, ritara Robert Canfield forstjóra alríkislögreglunnar og þar var fyrir kunnuglegt andlit David Webb sem beið eftir þeim.

David sagði við sérþjónustumennina sem kom með Richard: „Ég þakka ykkur fyrir að koma með þennan meinta glæpamann, við munum sjá um hann héðan í frá.“ Og með það fóru þeir. Þá sagði Richard stórmóðgaður: „Hvaðan í helvítinu hafi þið þessa endemis vitleysu að geta borið það upp á mig að ég sé meintur glæpamaður?“ Þá fyrst gekk David Webb til Richard Shaw og sagði: „Ég bið þig innilega afsökunar fyrir hönd FBI á þessari leiðinlegu meðferð sem við urðum að beita þig með því að skerða mannorð þitt með upplognum sökum. En því miður komumst við ekki hjá því að beita þessari ruddalegu aðferð við þig. Robert Canfield forstjóri alríkislögreglunnar mun skýra það allt saman ítarlega fyrir þér.“ Richard horfði á David með hvössum augum og sagði eftir litla stund: „Já, það verður meira en lítið forvitnilegt.“

Á meðan á þessu stóð hafði Gora Darby ritari hringt inn á skrifstofu Robert Canfield forstjóra alríkislögreglunnar í Washington, og sagt: „Richard Shaw er kominn og er greinilega ekkert ánægður.“ „Það er ekki meira en ég bjóst við en segðu þeim að ég vilji taka á móti þeim núna strax.“ Darby kom orðsendingu forstjórans til skila. Richard gekk á undan sérþjónustumanninum inn á skrifstofu Roberts Canfields. Þegar þeir komu inn í þessa rúmgóðu skrifstofu blasti við Shaw sérlega snyrtilegt herbergi með þykku gólfteppi og einn veggurinn var þakin bókahillum með lögfræðilegum ritum, einnig fullum möppum af allskyns skýrslum um ýmis málefni. Stórt leðursófasett með tveimur sófastólum og marmarasófaborði var út við stóran útsýnisgluggann.

Robert Canfield stóð upp frá stóru dökku eikarborði og heilsaði Richard Shaw kumpánlega. „Það er ánægjulegt að þú skulir vera kominn og ég veit að David sérþjónustumaður og mín hægri hönd hefur nú þegar beðið þig afsökunar á þessari meðferð á þér því það var nauðsynlegt að við settum á svið þennan meinta glæp til að vekja athygli á þér, svo dæmið gangi upp hjá okkur. Og um leið færðu innsýn í það hversu nauðsynlegt það er að þú gangir að okkar tilboði, sem þú færð að heyra eftir skamma stund.“

Fyrst varð hann undrandi yfir þessari óskammfeilni hans og viðurkenningu á því að þeir væru að beita hann þvingunum til að hann tæki að sér eitthvað óæskilegt verkefni, sem þeir greinilega vissu fyrir að hann mundi ekki vilja taka að sér. „Það er ekki með mínum vilja að ég er hingað komin og það mun verða ykkur dýrt þegar lögfræðingur minn hefur gengið frá ykkur.“

En Canfield sagði þýðlega: „Richard, við skulum taka þessu með ró og setja okkur niður við sófaborðið, ræða málið í rólegheitum og af skynsemi yfir kaffibolla sem Cora Darby, ritarinn minn lagði á sófaborðið fyrir skemmstu.“ Þar sem Richard taldi skynsamlegt að vita hvað forstjórinn hefði að segja þáði hann boðið og settist í annan armstólinn og forstjórinn í hinn en David Webb settist í sófann.

Þegar þeir voru búnir að drekka úr einum kaffibolla og fá sér snarl, segir Robert Canfield: „Áður en ég kem að sjálfu efninu þá vil ég segja þér frá ákveðnum vandamálum sem varða geysimikla aukningu á smygli á eiturlyfjum og flóttafólki yfir landamæri Bandaríkjanna frá Mexíkó. Þessi aukning er í samræmi við nýja glæpahreyfingu sem hefur verið stofnuð hér innan Bandaríkjanna, þeir nefna sig Svarnættið. Þeir hafa að mestu leiti náð tökum á eiturlyfjamarkaðnum hér í Bandaríkjunum og einnig að einhverju leiti náð stjórn á nokkrum hópum smyglhringja í Mexíkó. Þeir hafa sameinað þá í einn yfirgripsmikinn smyglhring sem hefur í dag yfirráð yfir meginhluta á öllum smygluðum varningi yfir landamæri Bandaríkjanna. Þeir hafa sama háttinn á og áður að smygla sínum afurðum með ýmsum aðferðum yfir landamærin þó þau eigi að teljast vel vöktuð. Því miður hefur einnig komið í ljós í einstökum tilfellum að það finnast alltaf einhverjir landamæraverðir sem láta múta sér. Þeir grafa einnig göng undir landamærin sem þeir nota svo lengi sem þau finnast ekki. En oftast hafa landamæraverðirnir fundið göngin að lokum en sjaldnast hafa smyglararnir verið gripnir þegar þeir hafa verið að verki sem segir kannski ákveðna sögu. Það er einnig annan hópur smyglara sem við teljum að sé ekki í beinum tengslum við *Svartnættið* en þessi tvö samtök hafa í það minnst samráð með einhverjum hætti. Þessi samtök búa miðsvæðis skammt frá landamærunum við Sierra-eyðimörkina, sem er að miklu leiti fjalllendi, þeir nota flugvélar að mestu leiti við eiturlyfjaflutninganna og lenda þeim á afviknum gömlum ónotuðum flugvöllum.“

Þá blandaði Richard sér í malið og sagði: „Ég hef bæði séð það í blöðum og heyrt í fréttatímum að mafían frá Kaliforníuskaga smygli bæði flóttafólki og eiturlyfjum einnig yfir Kaliforníuflóann,” sagði Richard. „Já, að sjálfsögðu er það rétt en ef þetta glæpagengi, sem við vitum að er undir stjórn einhverja fárra áhrifamanna sem nefna sig Svartnættið, er í tengslum við mafíuna frá Kaliforníuskaganum þá er Svartnættið á engan hátt í tengslum við Cosa Nostra þar sem við vitum ekki til að þeir séu á eiturlyfjamarkaðnum þar sem haturssamband milli þessara tveggja hópa er augljóslega mikið. En við teljum samt nánast víst að einhverjir úr Cosa Nostra séu stofnendur Svartnættis þar sem þekking þeirra er það víðtæk að Svartnættið myndaðist á einu bretti sem fullskapað og einstaklega fullkomið glæpagengi. Það er útilokað að nýtt glæpafélag gæti komið inn á þennan markað með slíka þekkingu á markaðnum, samheldni og kænsku eins og Svartnættið er myndað af.“ „Ertu kannski að gefa það í skyn að einhverjir af frændfólki mínu sé á einhvern hátt í tengslum við Svartnættið?“ „Við grunum frændur þína ekkert frekar en alla aðra sem eru í Cosa Nostra, en því miður höfum við ekkert i höndunum sem sannar það en það er líklegt að einhverjir innan þessarar hreyfingar komi þar við sögu. En við snúum okkur aftur að flóttafólkinu, sem kemur frá ýmsum löndum sunnan við Bandaríkin. Venjulega fátækt fólk, sem hefur barist á bökkum í heimalandi sínu frá barns aldri og eru að flýja eymdina sem þar er í von um betri afkomu. En því miður er það sjaldnast þannig því allmargt þessa flóttafólks, sem kemst lifandi yfir landamærin, lendir í höndunum á þrælahöldurum eða melludólgum. En því miður eru margir öikumenn sem flytja flóttafólkið í gámum yfir landamærin frá Mexíkó oft svo kærulausir vegna peningagræðgi að þeir meta þá meira en líf fólksins sem þeir eiga að flytja og hafa þar af leiðandi enga eða sjaldan hugsun eða mannkærleika til að athuga hvort þetta fólk fái nægilegt súrefni þegar það er lokað inni í þessum gámum. Enda hefur það margsinnis komið fyrir að lögreglan hefur komið að gámum sem hafa verið skildir eftir á fáförnum vegum vegna þess að flóttafólkið hafði kafnað þar inni vegna súrefnisskorts.“

Á þessum tímapunkti tekur Robert Canfield sér hlé á frásögninni á meðan hann hellir úr kaffikönnunni í bolla sinn og nær sér í eina brauðsneið með áleggi. Þetta var gert af yfirlögðu ráði til að leyfa Richard að melta það sem hann hafði sagt. Hann vissi hvaða hug Richard Shaw bar til þessara tegunda glæpamanna. Richard Shaw hefur alla tíð

fyrirlitið þessa glæpamenn sem stunda þrælahald og þrælasölu og ekki síður sölumenn dauðans þar sem þeir gera í því að eyðileggja líf annarra án nokkurs samviskubits og venjulega fylgja í kjölfarið morð og nauðganir. Enda fór það eins og Robert Canfield vonaði því þessi frásögn hans vakti áhuga Richards á málefnum þegar hann áttaði sig á því að það gæti vel farið svo að hann gripi á agnið ef hann gæti með einhverjum hætti bjargað sálum frá þessum hryllilegu undirheimsmönnum, þó hann skyldi ekki hvernig hvernig hann gæti haft hönd í bagga í þessu tilfalli. Sérlega vegna þess að hann taldi það víst að þeir ætluðu honum eitthvað ákveðið verk og það svo ógeðfellt að þeir töldu það næsta víst að hann mundi ekki taka það að sér. Þess vegna beittu þeir þessari greinilegu þvingunaraðferð á hann svo að hann yrði nauðbeygður til þess.

Eftir skamma umhugsun lagði hann orð í belg þar sem hann sá að þeir biðu eftir viðbrögðum hans. „Ég reikna með að þið vitið hvaðan þessi eiturlyf koma, þar sem ég tel næsta víst að þau séu ekki ræktuð í Mexíkó.“ „Jú, að sjálfsögðu vitum við það. Þeir hafa greinilega einnig einhvers konar tengsl við smyglkónga í þremur löndum sem smygla ópíum frá Kólumbíu, þar eru viðskiptinn um 90 prósent en um tíu prósent koma frá Gvæjana og Súrínam yfir landamærin til Mexíkó og þaðan er þeim smyglað til Bandaríkjana. Og það er alveg rétt ópíumplöntur eru ekki ræktaðar í Mexíkó frekar en aðrar slíkar plöntur sem eiturlyf eru unnar úr.“

„Hvað vitið þið um þetta nýja glæpafélag sem nefnir sig Svartnættið?“ „Það er nú frekar lítið því við vitum ekkert um sjálft félagið en höfuðpaurarnir eru sennilega frá Bandaríkjunum. Það litla sem við vitum er aðeins um þá sem sjá um að smygla varningnum yfir landamærin. Og aðal höfuðpaurinn sem sér um smyglið yfir landamærin býr sunnan við þau og rekur þar stóran búgarð. Þær upplýsingar höfum við fengið frá CIA. Leyniþjónustan veit nú þegar að það er eiturlyfjakóngurinn Don Diego Supremeon sem er búgarðeigandi. Búgarður hans er skammt sunnan við landamærin í norðvesturhéraðinu Sonora í Mexíkó og þar er lítið á hann sem eiturlyfjakónginn frá Mexíkó. Eftir því sem við best vitum þá er hann undir stjórn Svartnættisins og fer eftir fyrirskipunum þeirra í gegnum Sendiherrann. Þá fyrst gefur Don Supremeon skipun um að smygla vörinni yfir bandarísku landamærin, hvort sem varan er fólk eða heróín.“

Við hjá FBI höfum gegnum árin komið okkur í samband við nokkra eiturfjaneitendur í öllum ríkjum Bandaríkjanna sem eru tilbúnir gegn greiðslu að vinna fyrir okkur og ef þeir komast að einhverju bitstæðu hafa þeir samband við ákveðinn tengilið, sem er í alríkislögreglunni. Svo gerðist það einn daginn að einn alríkislögreglumaður í einu ónefndu ríki í Suðurríkjunum kom með þær upplýsingar að búgarðseigandi í Mexíkó, Don Supremeon vantaði góðan kúreka sem kynni einnig að fara með byssur og væri maður sem léti sér ekki allt fyrir brjósti brenna. Alríkislögreglan lét þetta berast til CIA sem ákvað að nota þetta tækifæri og sendi einn af sínum bestu mönnum til að sækja um þetta starf undir fölsku nafni og með tilbúna, vafasama fortíð. Hann fékk starfið eftir að Don Supremeon hafði látið kanna feril hans og þegar hann hafði sýnt og sannað getu sína og karlmennsku eins og búgarðseigandinn mat hana.

CIA maðurinn sem réði sig sem kúreki á búgarðinum undir dulnefni, komst fljótlega að því að það var búgarðseigandinn Don Diego Supremeon, sem er höfuðpaur mafíunnar í Mexíkó. Don Supremeon hefur gert einhvers konar samning við mafíuna í þremur helstu löndum í Suður-Ameríku sem rækta ópíum, þeir smygla ópíum og kókaíni frá Kólumbíu, Gvæjana og Súrínam. En það eru tveir hópar frá Don Supremeon sem sjá um að smygla varningnum yfir landamærin til Bandaríkjanna og aðrir tveir hópar sem smygla flóttafólki yfir þessi sömu landamæri.

Þegar þessi dularfulli Sendiherra mætir á búgarði Don Supremeon er þegar hafinn undirbúningur að því að smala saman varningnum á ákveðinn stað og skömmu eftir að Sendiherrann er farin þaðan er varningnum smyglað yfir landamærin. Sendiherrann er hár, dökkhærður, grannur, liðlega byggður, skarpleitur og þóttafullur í framkomu. Hann er sennilega um fertugt og frá Bandaríkjunum. Greinilega í viðskipaerindum því Don Supremeon tók alltaf á móti þessum manni á skrifstofunni. Þess vegna dró CIA maðurinn þessa ályktun því það stóð alltaf heima að þegar hann var farinn þá var varningnum smyglað yfir. CIA- maðurinn, kúrekinn á búgarðinum taldi næsta víst að hann kæmi með ákveðnar upplýsingar frá Svartnættinu sem varðar smyglið, eftir því sem hann heyrði féлага sína tala um sín á milli.

Á tæpum fjórum árum frá því að Svartnættið var stofnað hefur umfangið og gróðinn greinileg orðið það yfirgripsmikill að þeir náðu nánast öllum völdum á smyglvarningi

sem kom yfir landamærin frá Mexíkó til Bandaríkjanna að undantekinni mafíunni sem býr í Sierra-eyðimörkinni í Mexíkó, sem er mikið fjalllendi við bandarísku landamærin. Þessi mafíuhópur er ekki á neinn hátt undir oki Svartnættis en er greinileg í samráði við þá með einhverjum hætti. Þessi glæpahópur sér um að flytja eiturlyfin flugleiðis yfir landamæri til Bandaríkjanna og skila varningnum á einhverjum fyrrgreindum flugvöllum, þar sem við höfum örsjaldan möguleika að ná til þeirra.

Mafían frá Mexíkó er af svipuðum toga og bandaríska mafían en frábrugðin að því leiti að hún heldur sig enn við gamla siði sem hafa viðgengist í Mexíkó gegnum tíðina. Hefðin er með þeim hætti að þegar nýr maður er tekin inn í þessa hreyfingu verða þeir allir að sanna sig í vitna viðurvist innan mafíunnar svo þeir verði trúverðugir liðsmenn. Þeir verða undir öllum kringumstæðum að drepa einhvern ákveðinn mann sem mafían vill koma fyrir kattaneft. Ef enginn slíkur maður er þá tiltækur á þeim tíma á hann nánast að drepa næsta ókunna mann sem einhver innan mafíunnar velur fyrir hann. Eftir það verður sá innvígði tattóveraður á báðum upphandleggjum með ákveðnum merkjum. Þetta merki er tákn til allra Mexíkóa um að þeir séu friðhelgir, sem táknar að þeir megi gera það sem þeim sýnist. Ef einhver brýtur friðhelgina hefur sá sami verra af, oftast dauða. Þar sem ríkisstjórnin hefur enga stjórn á mafíunni vegna þess að tekjulind frá þeim til ríkisins er í ómældum mæli og veldi þeirra nær til allra ríkisstofnanna í Mexíkó að meira eða minna leiti.

Sierra-eyðimörkin er fjallent og stórt hérað nyrst og miðsvæðis í Mexíkó. Inn á milli fjalla hefur mexíkóska mafían komið sér vel fyrir með vel gerðan flugvöll, bækistöð og verksmiðju til að vinna heróín úr ópíum. Frá þessum flugvelli er varningurinn fluttur yfir til bandaríkjanna flugleiðis. Stundum er hann fluttur landveginn yfir bandarísku landamærin. Mafían og Don Supremeon hafa gert samning sín á milli og skipta landamærunum á milli sín. Á fjallstindunum fyrir ofan bækistöð mafíunnar eru vopnaðir verðir sem sjá til þess að engin óviðkomandi komist nærri bækistöð þeirra. Allir grunsamlegir menn eru skotnir á staðnum til að koma í veg fyrir uppljóstranir.“

Það sem forstjórinn hefur verið að fræða Richard um síðustu mínúturnar voru ekki nýjar upplýsingar. Því flest af því hafði verið birt í fréttablöðum, útvarpi eða sjónvarpi. Það var því greinilegt að það átti ekki að segja honum of mikið fyrr en þeir væru vissir um að

hafa fengið hann á sitt band. „Hvers vegna höfðu þið ekki samband við mig með eðlilegum hætti í staðin fyrir að beita mig þeim ómerkilegu aðferðum og ósannindum að ég sé sölumaður dauðans á einhverjum nautnalyfjum? Var ekki miklu eðlilegra að koma kurteislega fram við mig? Þá hefði kannski verið líklegra að ykkur hefði gengið betur með að ná tilætluðum árangri, hver sem hann nú er. En það er alveg ljóst að ég verð ekki tiltækur til samstarfs við ykkur á meðan ég hef þessa fölsku ákæru yfir höfði mér. Á meðan svo er fær lögfræðingur minn létt verk við að plokka af ykkur fé.“

Þá sagði David Webb: „Þá verður róðurinn hjá þér þungur því þessir þrír viðkomandi smyglarar munu sverja eið að því fyrir dómi að þú sért viðtakandi tveggja kílóa af kókaíni sem þeir afhentu þér fyrir hálfum mánuði síðan. Þessi sönnunargögn, ásamt öðrum sem verða lögð fram fyrir dómara eru svo afgerandi að þú gætir fengið allt að tíu ára fangelsi. Og þér er velkomið að fá þér lögfræðing ef þú vilt ekki semja við okkur.“

Þegar Richard sá að þeir ætluðu ekki að hreinsa mannorð hans þá snérist hann enn á ný gegn þeim og sagði: „Ég vil fá að hringja í lögfræðinginn minn núna strax því að það er minn réttur.“ Canfield rétti honum símann og sagði: „Gjörðu svo vel, en ég get alveg sagt þér það að hversu góður sem lögfræðingurinn þinn er þá ræður hann ekki við þau öfl sem er á bak við okkur og þú getur vel ráðið í það hverjir það eru.“ „Ég vil fá það á hreinu við hverja ég þarf að takast á við þegar ég fer í mál við ykkur, því það er greinilegt að þið gerið þetta í trássi við löginn að sakfella vísvitandi saklausan mann.“

Á sófaborðinu við hliðina á Canfield lá brúnt umslag. Hann tók það upp, opnaði það og dró upp úr umslaginu fjórar ljósmyndir. Hann rétti Richard Shaw þessar myndir. Richard kannaðist strax við þessar ljósmyndir, því ein þeirra var af póstmönnunum tveim, annar þeirra var að rétta honum pakkann, sem hann tók við kvöldið áður, önnur ljósmyndin var af þeim þrem þar sem þeir voru að ræða lítils háttar saman um daginn og veginn. Síðan sýndi þriðja ljósmyndin og sú fjórða þegar hann var kveðja þá með handabandi þegar þeir réttu honum hönd sína.

Þó að Richard teldi víst að þessar sakleysislegu myndir ættu að sakafella hann með einhverjum hætti, þó hann gæti ekki séð hvernig það mætti vera, því annars hefðu þeir ekki haft fyrir því að sína honum þessar myndir eða setja þær á filmu til að geta veifað þeim framan í hann. Þess vegna spurði hann: „Hvað er athugavert við þessar ljósmyndir?

Þær sína ykkur ekkert annað en þann sannleika að ég er að taka á móti sykurlakkanum, sem ég sagði ykkur frá.“

Þá sagði Canfield: „Þú þykist greinilega ekki vita hvaða menn þetta eru.“ „Ég veit ekki annað en það að þessir menn starfi hjá póstinum, eða gera þeir það ekki?“ „Þessir tveir menn hafa aldrei starfað hjá póstinum, þeir eru þekktir handrukkarar á eiturlyfjamarkaðnum og fara einnig í ýmis konar sendiferðir fyrir yfirboðara sína. Og þessa ljósmyndir styrkja rannsókn okkar á þátttöku þinni í eiturlyfjabransanum, ásamt eiturlyfjunum sem við fundum í fórum þínum. Samkvæmt öllum staðreyndum sem liggja fyrir ertu á kafi í þessum viðbjóðslegum bransa og þetta er trúlega minnsti pakkinn sem þú hefur fengið frá þeim gegnum tíðina, það munu þessir tveir póstmenn, sem þú nefnir svo, sverja fyrir rétti.“

Richard sá í hendi sinni að ekki væru miklar líkur á að hann ynni málið þar sem hann hefði FBI á móti sér þar sem þeir hefðu lagt þessar fölsku ákærur með kænlegum hætti. Og eftir því sem honum skildist á orðum þeirra þá taldi hann næsta vísit að þeir hefðu forsetaembættið einnig með sér. Satt að segja varð honum um og ó og leið hörmulega. Hann hafði ekki búist við slíkum örlögum, að hann ætti eftir að lenda í fangelsi fyrir rangar sakir. Fyrst reyndi hann að sjá einhverja leið fram hjá þessari viðurstyggilegu gildru sem breyttist í mikil sárindi og síðan blossaði hann upp af reiði þegar hann sá hversu vonlausri aðstöðu hann var í ef hann reyndi að berjast fyrir þessum rétti sínum. Það var engu líkara en allt ríkið eins og það lagði sig hefði fest hann kirfilega í gildruna, sem þeir höfðu veitt hann í. Richard efaðist um að lögfræðingur hans réði við þessi öfl sem þeir höfðu á bak við sig.

Hann átti bággt með að bæla niður reiðina, sem kraumaði í honum. Hann langaði til að ausa yfir þá einhverjum óbóta skömmum sem sennileg yrði ekki til bóta. Þess í stað sagði hann með nístandi háði: „Er þetta ykkar skilningur á lýðræðislegum hugsunarhætti, að sakhæfa vísitandi saklausan mann? Mikið skelfing eigið þið mikið ólært.“ Þeir horfðu bara á hann og glottu. Richard fékk smá útrás með þessum hvössu orðum þó hann hafi skotið fram hjá. Hann hallaði sér fram á borðið og sagði: „Ég heimta skilyrðislaust að fá að nota þau réttindi sem lög segja til um að ég fái að hringja í lögfræðinginn minn núna strax.“

„Það er ekkert sem mælir á móti því að leifa þér að hringja eitt símtal. En leyfðu okkur að gera þér tilboð fyrst.“ „Hvers konar tilboð skyldi það nú vera? Ég er ekki til viðtals um nein tilboði nema þið hreinsið mig af þessum tilbúnaði og viðbjóðslegu sakargift, þá skal ég vera til viðtals án lögfræðings.“ „Þú hefur ekki um annað að velja en að ganga að okkar tilboði. Vegna þess að ef þú hringir í lögfræðing fer þetta mál fyrir dómstóla og þú færð örugglega allt að tíu ára dóm, vegna vitnisburða þessara póstmanna, sem þú nefnir svo. En við vitum sem er að þú hefur að sjálfsögðu ekki komið nærri eiturlyfjabransanum. Og okkur þykir óskemmtilegt að þurfa að leggja þessa gildru fyrir þig, sem þú kemst ekki út úr nema með okkar hjálp.“ Richard hallaði sér að stólbakinu, og sagði í háði: „Hvers konar hjálp skyldi það nú vera? Þið ætlið sjálfsagt að láta mig fara úr öskunni í eldinn.“

„Upphaflega vorum við að leita að tíu traustum, sérhæfðum mönnum sem vildu taka að sér ákveðin verkefni sem mun vonandi bjarga mörgum bandarískum þegnum og þegnum annarra landa frá glapstigum. Þetta eru verkefni sem hvorki alríkislögreglan eða leyniþjónustan geta lagalega blanda sér í af ýmsum ástæðum. Þessi sérhæfði tíu manna hópur verður ekkert tengdur opinberlega við höfuðstöðvar Bandaríkjanna. Það er nú þegar búið að tala við og ráða níu menn, þú verður sá tíundi og varst valinn úr þessum hópi til að taka að þér ákveðið verkefni nú þegar. Þannig að við gefum þér aðeins þessa fyrrgreindu tvo kosti, það er svo áriðandi að fá þig í þetta verkefni. Að þessu verki loknu verður verkefnið þitt með sama hætti og þessara níu nýráðnu manna, það er að þið eigið að kanna mjög óljósar grunsemdir sem liggja fyrir bæði innan og utan Bandaríkjanna. Þið verðið allir undir stjórn forstjóra alríkislögreglunnar í Washington DC. Það þýðir undir minni stjórn. Þessi tíu manna hópur mun framvegis ganga undir nafninu *Huldumennirnir*. En þegar þú hefur samband við David Webb þá tilkynnir þú þig ávallt sem huldumann og síðan sem skuggsjá og að endingu með númerinu 1149. Þið eigið að hringja í ákveðið símanúmer sem ykkur verður gefið upp og tilkynningarnafnið verður þá Huldumaðurinn og síðan gefið þið upp ákveðið leyninúmer sem hinir nýju huldumenn hafa fengið uppgefið. Þú ert sá eini sem ekki hefur undirskrifað starfsamning við okkur og einnig sá eini sem við þröngvum til að taka þetta eina ákveðna áriðandi verkefni að sér sem liggur nú þegar fyrir. Þegar þú hefur gengið að tilboðinu, undirskrifað samninginn og klárað þetta erfiða verkefni, verður þú frjáls maður eða heldur áfram að starfa fyrir okkur, sem

Huldumaður ef þú hefur löngun til þess að loknu þessu verkefni. En þú verður þagnaskyldur á meðan þú lifir.“ „Hvers vegna ég af öllum þessum mönnum, sem voru boðaðir og komu til ykkar sjálfviljugir og réðu sig hjá ykkur? Það hefði verið öllu skynsamlegra að fá þá í þetta dularfulla verkefni.“

„Það er einföld skýring á því. Það var kallaður saman fundur og allir forstjórar alríkislögreglunnar í hverju ríki Bandaríkjanna mættu á þennan fund. Og það var farið í gegnum allar upplýsingar um lífshlaup hvers huldumanns sem þegar var búið að ráða og það kom upp sú staða að fimm af ykkur komu til grein. Þú varst valinn á endanum eftir miklar yfirferðir og vangaveltur við þetta sértæka verkefni. Því hæfileikar þínir og skapferli þótti líklegast og best fallið til að geta leyst það verkefni sem kom skyndilega upp í hendurnar á okkur. Og ekki síður vegna þess að þú ert ekki ættrækinn og lætur þér nægja stutta viðveru með ástkonum þínum og lætur ekki freistandi kynlífið glepja þig frá áriðandi verkefni. Þú ert þar af leiðandi ekki bundinn neinum tryggðarböndum og átt þar af leiðandi engan að sem mun sakna þín þó að þú látir þig hverfa um tíma. En það sem gerði útslagið að þú varst valinn er hversu líkur þú ert að vexti og útliti ákveðnum manni sem tilheyrir tilvonandi verkefni þínu. Þá skapast síður einhver óvænt uppákoma þegar þú þiggur starfið og lætur þig hverfa frá Bandaríkjunum. En átt þú að tilkynna í símsvara þinn að þú hafir ráðið þig í vinnu í Ástralíu í eitt til tvö ár en það verður ekki sannleikanum samkvæmt.“

Richard Shaw sá í hendi sinn að þeir voru nú þegar búnir að leggja drög að æviferli hans um óákveðinn tíma og hann sá að hann hafði engan möguleika til að spyrna á móti. Svo hann ákvað að leika með og sjá hvað kæmi út úr því og sagði: „Ég vil fá nánari og betri útlistanir um það hvers konar verkefni mér verður ætlað áður en ég tek einhverjar ákvarðanir.“

„Við höfum þegar sagt við þig að þú hefur ekkert val því annað hvort verður þú að taka út þitt tíu ára fangelsi og kannski lengur vegna fíknæfnabrota eða ganga að okkar skilmálum. Annars geturðu valið verri kostinn, notað rétt þinn og hringt í lögfræðing þinn til að dómsetja málið,“ sagði Canfield og benti aftur á símann. Richard Shaw hallaði sér aftur í stólnum og lét hugann reika til gærdagsins þegar alríkislögreglan kom stormandi inn í íbúð hans.

Hann taldi næsta víst að kviðdómur yrði látinn dæma í málinu og sæju því ekki í gegnum þann vef sem FBI menn og sennilega stjórnvöld höfðu fléttað svona kyrfilega vel saman. Eftir málatilbúninginn er kviðdómurinn alltaf lokaðir inn í einu herbergi á meðan þeir eru að yfirfara og samræma málið og hafa áhrif hvert á annað og láta því oftlega tilfinningar ráða gjörðum sínum þegar þessar afgerandi ákvarðanir eru bornar fram, að dæma manninn sýkn eða sekan. En dómara geta ekki leyft sér að dæma samkvæmt tilfinningum, aðeins eftir lögum. En því miður kemur það fyrir að það hendi dómara að láta tilfinningar hafa áhrif á dóminn af einhverjum ástæðum, þá er samt miklu trúlegra að dómari dæmi réttilegra en kviðdómurinn vegna fyrrgreinda ástæðna. Og einmitt vegna þessara vankanta getur farið forgörðum hluti af þeim sönnunarbyrðum sem kannski höfðu verið lagðar fyrir í dómsalnum. Það taldi Richard að yrði sér örugglega í óhag og trúlega að falli. Það voru einmitt þessi atriði, sem skelfdu hann þar sem honum fannst hann vera fastur í hringiðju sem engin leið væri að komast út úr.

Eftir nokkra umhugsun tók hann ákvörðun og sagði: „Ég vil hafa samband við lögfræðing minn og fá ráðleggingar hjá honum um hvorn kostinn ég eigi að taka, nú eftir að þið hafið gefið mér nánari upplýsingar um þetta mál. Þá fyrst get ég tekið réttar ákvarðanir.“ „Þú verður að gera þér grein fyrir mikilvægu atriði, ef þú hefur sambandi við lögfræðing þá fellur tilboð okkar um sjálft sig og málið fer fyrir dóm og þú verður örugglega dæmdur sekur. En ef þú gengur að tilboði okkar verður þú ekki ákærður og í síðasta lagi að tveim árum liðnum ert þú frjáls maður og getur farið allra þinna ferða með hreint sakavottorð. En við óskum eftir, þegar þessu verkefni er lokið, að þú vinnir áfram fyrir okkur en þá undir betri og öðrum formerkjum en þetta ákveðna og áriðandi verkefni sem við ætlumst til að þú taka að þér vegna þess að þú ert best til þess fallin, eins og við höfum bent þér á.“

Forstjóri alríkislögreglunar og David Webb sérþjónustumaður sátu hljóðir og fylgdust með Richard Shaw, þar sem hann sat kyrrlátur, horfði fram hjá þeim og var hugsandi. Þeir biðu rólegir eftir að hann tæki einhverja afstöðu.

Eftir nokkra stund leit Richard Shaw á Robert Canfield og sagði: „Samkvæmt boði ykkar eins og mér skilst að liggi í orðum þínum, þá bjóðið þið mér aðeins þann kost að sleppa mér við þessa fólsku ákæru sem þið bendið mig við, ég verð að fá að vita meira til að geta tekið einhverja ákvörðun.“

„Þú færð ekki fleiri upplýsingar frá okkur fyrr en þú hefur tekið þá ákvörðun að ganga í lið með okkur.“ „Hef ég um nokkuð um annað að velja en að samþykkja þetta andstyggilega boð ykkar?“ Þar með var gengið frá tveggja ára samningi, samkvæmt lögum og reglum sem starfsmaður FBI verður að gangast undir, þó hann tilheyri ekki beint sérþjónustunni. Þar kom meðal annars fram að ef hann færi ekki eftir reglunum þá yrði hann að taka á sig þá auðmýkingu sem því yrði samfara.

Þegar búið var að undirskrifa öll skjöl sem Canfield hafði tilbúin við höndina á skrifborði sínu, svo viss hafði hann verið um að samningar tækjust við Richard Shaw, teygði forstjórinn sig eftir kaffikönnunni og hellti í bollanna. Þeir drukku kaffið í góða stund og hver hugsaði sitt. Richard Shaw var ekki sem best ánægður að vera neyddur til þessara samningagerða en forstjórinn og David Webb voru meira en vel sáttir.

David Webb rauf þögnina með því að segja: „Eins og Canfield hefur þegar sagt þér þá verð ég tengiliður þinn við forstjóran, einnig maðurinn sem gefur þér fyrirmælin og nær í þær upplýsingar sem þú þarfnast og spyrð eftir, ef það er um málefni sem þú ert að kanna.“ „Í hvaða númer á ég að hringja þegar ég vil hafa samband við þig?“ Webb gaf honum númerið og sagði: „Þetta númer er hjá fyrirtæki sem nefnist Ríkisrekstur. Þetta dulda fyrirtæki er hvergi á skrá og það eru þrjár stúlkur sem starfa þar á vöktum. Þú getur hringt á hvað tíma sólarhrings sem er. Þú tilkynnir þig sem Huldumanninn, síðan nefnir þú dulnefnið þitt *Skuggsjá* og síðan einkennisnúmerið þitt sem er 1149. Þú verður að leggja á minnið dulnefni þitt og númerið. Símrítarinn mun síðan hringja í mig. Ég mun ávallt hringja strax í GSM-síman þinn sem þú færð afhentan hér á eftir, hann er dulkóðaður.

Eftir örstutt hlé sagði Robert Canfield: „Ég vil einnig bæta því við að ef þú hefur áhuga á því að starfa áfram fyrir okkur þá ert þú velkominn í hópinn, þegar þú hefur lokið þessu fyrsta verkefni þínu fyrir okkur, sem gæti tekið allt að tvö ár.“ Richard Shaw svaraði þessu engu, en spurði „Er nú ekki komin tími til að þið segið mér ítarlega frá þessu verkefni, sem þið hafið þvingið mig til að samþykkja?“ „Að sjálfsögðu færðu að vita alla málavexti,“ sagði David Webb. „En fyrst þarftu að vita, að það er ekki fráleit hugmynd að mafían standi kannski að einhverju eða öllu leiti á bak við glæpafélagið Svartnættið þó við höfum ekkert í höndunum sem bendir til þess. Því að það hefur hingað til verið regla,

frekar en undantekning að mafían er þar á bak við, ef glæpasamtök eru stofnuð hér í Bandaríkjunum. Og samkvæmt því er það annað hvort mafían frá Cosa Nostra, sem hefur ættartengsl við Sikiley á Ítalíu, eða mafia í Kaliforníu sem hefur ættartengsl við Suður-Ameríku, sem eru að einhverju leiti á bak Svartnættið.

„Var það aðalástæðan fyrir því að þið vilduð fá mig til starfa, vegna þess að ég er tengdur mafíunni?“ „Já, það má kannski segja að það sé ein af ástæðunum því það gæti verið heppilegt þegar fram líða stundir að hafa þar góðan mann innan dyra ef mafían er blönduð inn í þetta mál. Við höfum haft þessi mál undir smásjóni undanfarin ár en ekkert komist nálægt sjálfri hreyfingunni sem nefnir sig Svartnættið. Þó að við höfum nú þegar handtekið og fangelsað fjöldann af þeim smyglurum og nokkra yfirmenn þeirra, þar á meðal Jose Supremon, sem við teljum næsta víst að vinni undir merkjum Svartnættisins. Þegar þessir glæpamenn voru yfirheyrðir og margspurðir um tengsl þeirra við Svartnættið reyndum við að leggja fyrir þá gildru, sem enginn þeirra féll í. Svör þeirra allra voru á einn veg: „Við þekkjum ekkert til þessara manna og höfum aldrei verið í neinum tengslum við þetta fræga dularfulla gengi sem nefnir sig Svartnættið.“

„Bæði menn frá sérþjónustunni og Pentagon, sem eru höfuðstöðvar CIA, hafa sent nokkra nýjónara sína inn í raðir smyglaranna, beggja vegna landmæra, en það hefur borið litlan sem engan árangur. Vegna þess að það komst upp um þá alla eftir skamma stund og það er með ólíkindum hvernig það gerðis. Þess vegna teljum við að þessi leyniregla, sem kallar sig Svartnættið, hafi innan okkar raða nýjónara sem hefur alla möguleika til að fylgjast með því sem við erum að gera.“

„Hvar og hvernig á ég að koma inn í þetta dæmi?“ „Þú mætir í héraðsdómi eftir tvo mánuði, sem fangi undir nafninu John Fassetts, hann varð fyrir dauðaskotin ásamt tveim félögum sínum fyrir utan bankann, sem þeir voru nýbúnir að ræna“. „En það kemur ekki heim og saman við þann fréttáflutning sem kom um þetta mál daginn eftir, þar var sagt að þessi John Fassetts hafi verið fangaður og lægi illa særður á sjúkrahúsi undir lögregluvernd en hinir fallið í valinn fyrir byssu lögreglunnar.“ „Þetta er ekki alveg rétt með farið en við gáfum út þessa röngu fréttatilkynningu til að notfæra okkur þessar aðstæður sem kom svona óvænt upp í hendurnar okkar.“

„Þið hafið þá einhvern staðgengil liggjandi á sjúkrahúsinu í hans staðsem sjálfsagt er alheilbrigður?“ „Já, það er alveg rétt en hann var allur reifaður og óþekktanlegur þegar hann var fluttur þangað. Og á þessu sama sjúkrahúsi höfum við innan okkar raða yfirlækna og hjúkrunarfræðinga sem sjá meðal annars um þennan falska sjúkling.“ „Það er greinilegt að þið hafið gengið tryggilega frá öllu og gefið mér ekkert tækifæri til að komast undan ykkur.“

Þeir svöruðu þessu engu. Þeir vissu að hann svaraði þeim með þessum hætti aðeins vegna þess að hann var gramur yfir þessari meðferð sem þeir beittu til að neyða hann til að vinna fyrir þá það verkefni sem hann kærði sig ekkert um að taka að sér. En Robert Canfield sagði þess í stað: „Undir nafninu John Fassetts, verður þú að öllum líkindum dæmdur í tíu til fimmtán ára fangelsi en þú verður ekki lokaður þarna inn lengur en tvö ár. Þetta er frekar óvistlegt ríkisfangelsi sem er staðsett í Arisóna. Klefafélagi þinn verður Jose Supremeon.“ „Hver er tilgangurinn með því að veita mér þá sælu að fá að gista á Hótel fangelsi og hvað meinarðu þegar þú sagðir „að öllum líkindum verður það ekki lengur en tvö ár“. Er ekki líklegt að ég þurfi að dúsa þarna inni í tíu til fimmtán ár, eins og ég fengi fyrir þessa fölsku ákæru,” sagði Richard með mikilli beiskri hæðni. „Það mun einungis byggjast á árangri þínum hversu lengi þú verður þarna inni, því þú átt að nota persónutöfra þína og kænsku til að vinna traust hans, til veiða þessar upplýsingar upp úr Jose Supremeon sem við þörfnumst svo tilfinnanlega sem fyrst. Og það ætti ekki að vera svo erfitt fyrir þig að vinna traust hans með þína hæfileika innan þess tíma.“

„Mér líst ekkert á þessa hugmynd, því ef klefafélagi minn verður ekki fljótlega búinn að fella grímuna mína þá verður það einhver annar óæskilegur innan fangelsisins, þá er dauði minn vís innan fárra mánaða.“ „Hafðu ekki áhyggjur af því, þú hefur alla hæfileika til að leika þetta hlutverk og hefur þess vegna góða möguleika til að komast lifandi í gegnum þetta.“ „Það gæti orðið ansi erfitt fyrir ykkur að koma mér út aftur að loknu verki.“ „Það verður ekkert mál,” og Robert Canfield sagði honum hvernig það yrði gert.

„Það getur svo sem blessast, en þið hljótið að hafa gert ykkur grein fyrir því að einhver fyrir innan fangelsismúranna gæti þekkt John Fassetts og þá verð ég berskjaldaður.“ „Við erum þegar búnir að sjá fyrir því. Þrem dögum eftir að Fassetts var skotinn gerðum við allar þær fyrirbyggandi ráðstafanir sem mögulegt var undir þessum kringumstæðum til að

koma í veg fyrir að upp um þig komist. Við létum flytja alla þá fanga sem við töldum hugsanlega vera í einhverjum tengslum við mafíuna og einnig þá fanga sem við töldum að hefðu haft einhver tengsl eða vissu hver hinn alræmdi bankaræningi var. Og við skiptum einnig um nokkra fangaverði sem við vissum eða við töldum að þekkti John Fassetts. Og fengum þrjá af okkar mönnum í staðinn fyrir þá. Þeir verða hver á sinni vaktinni. Þeir vita hver þú ert og munu hafa samband við þig með einum eða öðrum hætti.“

„Það er nú ekki alveg öruggt að þið hafið fjarlæggt alla þá fanga sem gætu komið upp um mig.“ „Nei, að sjálfsögðu ekki. Ein aðalástæðan fyrir því að við völdum þig í þetta hlutverk er hversu áþekkur þú ert honum. Og þú munt líkjast honum enn betur þegar við látum stytta þitt prúða hár. Og þú verður einnig að safna alskeggi á þessum fyrstu þrem mánuðum sem þú verður sagður liggja á sjúkrahúsi, áður en þú ferð fyrir dóm og verður færður í þetta umrædda fangelsi. Á þessum tíma verður þú í þjálfunarbúðum, bæði til að kynna þér allt um John Fassetts og um þitt tilvonandi starf. Því þú ert hér með ráðinn til starfa undir minni stjórn sem Huldumaður.“

„En þið hafið ekkert sagt mér um hvers konar starf Huldumaðurinn á að taka að sér, mér þætti vænt um að fá að vita það.“ „Þitt hlutverk sem Huldumaður í stórum dráttum verður að finna tengsl við ákveðna grunaða lögbrjóta sem við bendum þér á sem gæti gefið til kynna að maðurinn hefði eitthvað óhreint í bígerð. Þegar þú hefur fundið slík fullnægjandi tengsl verður það hlutverk FBI að leita sannana sem gilda fyrir dómstólum, en þú hverfur af vettvangi.“

Í öllum fréttamiðlun Bandaríkjanna og víða um heim var sagt frá því að John Fassetts bankaræningi sem einn komst lífs af lægi enn þá á gjörgæludeild meðvitundarlaus á ríkisspítalanum í Washington DC undir eftirliti FBI.

Næstu þrjú mánuðir voru notaðir til að kynna Richard til hlítar fyrir æviferil John Fassetts og allar aðrar upplýsingar sem FBI hefur aflað sér um þann glæpamann, einnig um foreldra hans, ættingja, vini og þann hóp annarra sakamanna sem hann hafði unnið með í gegnum tíðina þegar hann framdi og stjórnaði bankaránum sem FBI telur sig vita um. Einnig fékk hann sérstaka þjálfun sem njósnari, bæði tæknilega og fræðilega séð. Á

Þessum sama tíma safnaði Richard Shaw alskeggi og síðu hári til að líkjast Fassetts enn betur.

Þremur mánuðum síðar var Richard færður fyrir dómara sem John Fassetts og fékk tíu ára dóm. Hann var síðan fluttur í hið alræmda ríkisfangelsi í Arisóna. Á sama tíma var tilkynnt í fréttamiðlum víða um heim að John Fassetts hefði verið fluttur af ríkisspítalanum í þetta tilgreinda fangelsi. En skömmu eftir að Richard Shaw og forstjóri FBI höfðu undirritað þessi umræddu skjöl var hafist handa við að yfirfara enn og aftur þetta fangelsi og kannað til hlítar hvort einhver þar væri tengdur Cosa Nostra eða hvort einhverjir aðrir þekktu til Richard eða John Fassetts. Þrír fundust til viðbótar sem þekktu eitthvað til John Fassetts sem þeim hafðu yfirsétt í fyrri úttektinni. Þeir voru fluttir þaðan í önnur fangelsi vítt og breitt um Bandaríkin á þessum þremur mánuðum.

7. Kafli

Nú eru liðin tæp tvö ár síðan Richard Shaw var fangelsaður undir fölsku nafni. Toni Brandson öldungadeildarþingmaður var nýkomin heim eftir erilsaman dag í þinginu. Hann býr í fallegu einbýlishúsi í Washington DC sem liggur við 16. stræti, nr. 415 skammt sunnan við Washington Hilton-hótelid. Húsið er tvílyft og hefur vera í eigu Garey-ættarinnar síðan árið 1840.

Langalangamma Toni Brandson öldungadeildarþingmanns, Garey Brandson var einkadóttir Charlie Garey lögfræðings. Hún giftist vel gefnum og sérlega efnilegum pilti, Kolbeini Jónssyni bróður langlangafa Birtu Tryggvadóttir, hann var innflytjandi frá Íslandi. Þessi piltur tók upp nafnið John Brandson þegar hann fékk bandarískan ríkisborgararétt. Þá tengdi hann saman föðurnafn sitt Jón, og föðurnafn móður sinnar, Brandur.

Móðir Toni Brandson öldungadeildarþingmanns, Hardin Brandson var ung þegar hún giftist manni að nafni Burton Findhorn sem þá var nýútskrifaður verkfræðingur. Hann dó fjórum áður síðar af slysförum, þá var Toni Findhorn þriggja ár. Hardin giftist aftur tæpum tveim árum síðar og sonur hennar ólst upp hjá þeim hjónum öll uppvaxtarárin. Toni samlagadist aldrei föðurætt sinni og tók því fljótlega eftir tvítugt upp ættarnafn móður sinnar.

Þegar John Brandson, langalangafi Toni hafði lokið prófi í einum háskólanum í Washington DC sem lögfræðingur sótti hann um starf á lögfræðiskrifstofu Charlie Garey og var ráðinn þar strax. Ritari forstjórans var einkadóttir hans, Silvía Carey. Nokkrum mánuðum síðar fór Brandson að gera hosur sína grænar fyrir henni, rúmu ári síðar giftust þau og áttu eitt barn, drenginn Johnny Brandson.

Þetta tilkomumikla hús sem Toni Brandson erfði eftir foreldra sína og býr í ásamt konu sinni og átta ára gömlum syni er 400 fm að flatarmáli á tveim hæðum með manngengnu risi, að viðbættu gluggalausum, niðurgrofnum kjallara. Þar var sett upp sérlega gott loftræsiskerfi þegar Brandson lét innrétta kjallarann. Þegar gengið er niður í þennan

kjallara er ekki hægt að sjá annað en að flatamálið þar sé ekki meira en um það bil fjörutíu fm. Þetta herbergi er látið líta út sem bókaherbergi því allir veggir eru þaktir með bókahillum, fullum af alkyns bókatögundum en á ská við eitt hornið skammt frá stiganum er skrifborð og bak við það er armstóll og tveir sófastólar gengt skrifborðinu. Toni er enginn bókamaður og er því sjaldan í þessu herbergi.

En með því að þrýsta á rofa sem er innst á annarri hliðinni á miðskúffunni, færist miðhillan nægilega langt inn í stóran sal, sem er á bak við hillurnar, til að geta runnið til annarra hliðanna, þá opnast opnast pláss inn í stóran sal. Þar eru allir veggir þaktir yndisfögurum málverkum eftir þekktu og fræga höfundu svo sem Botticelli, Van Gogh, Cézanne, Utrillo, Cassatt, Degas, Manet, Seurat, Renoir, Monet, Pissarro, Picasso, Edward Kja Munch og Cardin. Brandson og nokkrir forfeður hans hafa boðið í þessu málverk á löglegu uppboðum í gegnum tíðina. Þarna voru tvö til fimm málverk eftir hvern meistaranna. Miðsvæðis til beggja hliðanna út við veggina er einn sófi og sófaborð. Þarna gat Brandson setið tímunum saman og dáðst að þessum listaverkum, þau höfðu alltaf róandi áhrif á hann. Enda fór hann alltaf þangað niður til að róa taugar sínar þegar verst lét. Inn í þessa fegurð fékk engin að koma nema úrvalsmenn sem hann valdi sjálfur.

En það er ekki allt sem sýnist því salurinn hafði leyndarmál að geyma. Það var falskur veggur úr rauðvið við endagaflinn sem nær veggja á milli, bak við hann eru dulin og stolin innrömmuð málverk eftir flesta framangreinda meistarana. En undir falska veggnum er 2,5 sm djúpur og 60 sm breitt steinhulstur sem er einangrað með 14 tommu steinull að utan og innan, því steinveggurinn niðri í kjallaranum er einnig tvöfaldur en steinullin var keypt frá Íslandi. Það eru hitalagnir í þessum steinkassa sem heldur varmanum í 22 gráðum á selsíus. Falski veggurinn í salnum er raftengdur með það í huga að fella falska vegginn niður í steinhulstrið þegar eigandinn vill svo við hafa. Þá oftlega vegna þess að annað hvort hefur hann keypt eða vill selja sérlega öruggum mönnum þessi málverk.

Þegar Brandsona vill fella vegginn niður notar hann til þess tvær klær og tvær innstungur, önnur innstungan er á veggnum á bak við skrifborðsstólinn niður í kjallaranum en hin innstungan er á veggnum inn á skrifstofunni á fyrstu hæðinni, einnig á bak við skrifstofustólinn. Önnur klóin er geymd í skrifborði á skrifstofu Brandson á fyrstu hæð en hin í skrifborðinu í kjallaranum. Þessar klær hafa engar snúrur en hver kló hefur

virtengingu innbyrðis. Það eru aðeins þessar framangreindu klær sem verður að stinga inn í fyrrgreindar innstungur, þá fyrst fellur falski veggurinn niður í steinhulstrið hægt og hljóðlega. Til að fá vegginn aftur í sitt fyrra pláss þá dugir að taka klóna úr innstungunni sem er í kjallaranum.

Alltaf þegar hann fór niður í kjallarann læsti hann kjallarahurðinni með rennilöku að innanverðu, hvort heldur sem var að Brandson væri einsamall eða þegar hann leyfði sínum útvöldu gestum að sjá hið löglega og dýrmæta málverkasafn hans hanga á hvítmáluðum veggjunum fjórum eins og þau voru sett upp samkvæmt upphafsstöfum listaverkahöfunda. En á bak við skrifborðið í kjallaranum hékk myndbirtir og bjallan af dyrásímanum svo hann gat fylgst með hverjir væru að koma í heimsókn og hafði þess vegna nægan tíma til að gera það sem gera þurfti ef svo bæri við.

Þessi stolnu málverk voru alltaf til sölu þegar kaupandi fannst sem vildi greiða uppsett verð og það fór oftlega í gegnum Russel Cambell, enda átti hann stundum hlut af þessum földu málverkum. Hvorugur þóttist vera málkunnugir hinum og hittust þar af leiðandi alltaf á laun þegar svo bar undi. Þá er venjulega kaupmál þeirra á milli og yrði mjög óæskilegt að þeirra mati að lagannaverðir væru að hnýsast í þeirra mál.

Þetta fyrrgreinda þriðjudagskveld í byrjun febrúar hafði Toni Brandson öldungadeildarþingmaður setið góða stund á skrifstofu sinn sem er innangeng frá forstofunni á fyrstu hæð. Hann hafði nýlokið við að lesa bréf sem sonar-sonur hans kom með fyrir rúmum klukkutíma síðan. Þetta var bréfabunki í umslögum sem teygja hafði verið sett utanum, búið var að opna umslögin fyrir löngu síðan. Hann átti ekki erfitt með að lesa bréfin, þó þau væri á íslensku, sem langalangafi hans hafði fengið send frá bróður sínum rétt eftir aldamótin. Afi hans Gregory Brandson hafði kennt honum þetta mál sem hann hafði ekki gleymt. Þegar hann hafði lesið meirihlutann af bréfunum var aðeins eitt bréfið sem kveikti verulega í honum.

Þannig var að Alex sonarsonur hans, átta ára gamall, var að leika sér þarna upp í risinu nokkru áður og þar var ýmislegt gamalt, forvitnilegt og ekki síður ævintýralegt fyrir ungan dreng að gramsa í. Hann hafði oftlega leikið sér þarna uppi en aldrei vogað sér undir súðina því þar var svo dimmt. Í þetta sinnið hafði hann vasaljós með sér til að lýsa sér svo hann þorði að fara undir súðina þar sem dimmast var en þar voru líka elstu

munirnir og Alex taldi víst að þar væri geymt ýmislegt sem vert væri að skoða, en hafði ekki þorað að fara þangað áður, því hann var myrkfælin og aðeins einn lítil gluggi á sinn hvorum gaflinum og því næsta niðadimmt í hornum undir súð.

Þessi húsgögn höfðu verið þarna í geymslu í rétt rúm áttatíu ár og voru þá þegar orðin gömul eftir áralanga notkun ættforeldra Toni Brandson sem keyptu þetta hús sem þá var eitthundrað og tuttugu ára gamalt. En einhverra hluta vegna var haft fyrir því að geyma þau, þó ómögulegt sé að henda reiður á það í dag hvers vegna það var gert.

Þennan seinni part dags var litli drengurinn að gramsa í þessu gamla dóti með þá þrá í huga að finna kannski eitthvað dularfullt og skemmtilegt í þessum hirslum sem hafði ekki verið hreift við í tugum ára. Hann kveikti á vasaljósi sínu svo nú var óþarfi að vera myrkfælinn því það birti allt undir súðinni. Hann opnaði allar skúffur og hirslur og þreifaði með höndunum í öll horn sem hann komst ekki að vegna þrengsla. Þegar hann hafði leitað í flestum hirslunum fór þetta að vera óspennandi þar sem hann fann ekkert sem var að hans mati mikill fengur í því þarna voru aðeins gamlir reikningar og ýmsir aðrir ómerkilegir hlutir sem ekki heillaði drenginn á nokkurn máta. En svo gerðist það undarlega, hann teygði sig inn í eina hirsluna sem var lengst undir súðinni, fann þar lítinn trékassa sem hann dró til sín og opnaði. Í þessum kassa var eitt lítið búnt af umslögum með teygju utanum. Hann sá að öll bréfin voru stíluð á einhvern Kolbein Jónsson. Hann var of forvitinn til að freistast ekki til að opna eitt til að kíkja í það. Hann sá þá að það var á erlendu tungumáli. Strákurinn ákvað þá að fara með bréfin til afa síns. Hann sat við skrifborð sitt að yfirfara frímerkjasafn sem hann hafði safnað að sér í fjölda ára. Toni Brandson hefur mikla söfnunaráráttu sem frímerkjasafnari en hann hefur nánast sjúklega árátt fyrir listaverkum frægra málara. Málverkin sem hann hengir upp í stóra salnum kaupir hann af einstaklingum eða á uppboði. En um þau málverk sem hann fær með óheiðalegum hætti sér mafíuforingjann Russel Cambell oftlega um, fyrir það fær hann góða greiðslu. Cambell sendir þá einhvern undirmanna sinna til að láta einhverja aðra sjá um þau mál og með þessum hætti hefur öldungadeildarþingmaðurinn venjulega fengið það sem hugur hans girnist og þá oftlega á undirverði. Þessi málverk sem þannig eru fenginn eru falin á bak við falska vegginn. Og þau seljast fyrr eða síðar til valinna manna með góðum hagnaði.

Axel kom blaðskellandi inn í bókaherbergi afa síns og sagði um leið og hann opnaði hurðina: „Afi, sjáðu, ég fann fullt af gömlum bréfum í einni skúffunni upp á hálofti.“ Öldungadeildarþingmanninum varð hverft við þegar drengurinn kom inn á skrifstofuna með þessum bægslagangi, þar sem hann hafði verið niðursokkin í uppáhaldsiðju sína. Hann hafði oft beðið sonarson sinn um að ganga hljóðlegra um en það var æði oft sem þessi frísklegi drengur gleymdi því en aldrei kom það fyrir að hann skammaði augasteininn sinn fyrir það. En sagði aðeins við drenginn, venjulega hálf-brosandi: „Vendu þig nú á drengur minn að ganga um hljóðlega, annars áttu örugglega eftir að koma mér í gröfina löngu fyrir tíman, bara vegna þess hve þú bregður mér oft.“ „Æ, fyrirgefðu, sjáðu hvað ég fann,“ sagði drengurinn aftur um leið og hann rétti honum bréfabunkann. „Það er einkennilegt, hvar fannstu þennan bréfabunka?“ „Ég fann þau í einni eldgamalli kommóðuskúffu sem er undir súðinni, þau komu frá Íslandi, er það ekki afi?“ Brandson snéri bunkanum við og las framhliðina á aftasta bréfinu, hann þekkti strax íslenska frímerkið og nafnið og þá fannst honum bréfin strax forvitnileg. „Það er alveg rétt hjá þér, þau koma frá Íslandi og eru frá bróður-lang-lang-langlangafa þínum, hann hét Þorkell Jónsson. „Nú? Á ég þá ættingja á Íslandi?“ „Já, sennilega áttu það. Farðu nú og leiktu þér því ég ætla að líta yfir bréfin í ró og næði.“ Þegar drengurinn var farinn tók Brandson teygjuna utan af bréfunum og byrjaði að lesa.

Öll bréfin, að einu undanteknu, hafði ekki neitt áhugavert að segja að hans mati. En þetta eina bréf var aftarlega í bunkanum og Toni Brandson las það yfir aftur af enn meiri nákvæmni, því það sem þar stóð vakti athygli hans og áfergju. Þetta var langt bréf, mest vegna fréttu um menn og búskapahætti í Tindadal. Og hversu veðursældin hafði verið gjöful þetta sumar og heyskapur alveg með ágætum og nytin góð hjá kúnum. En það sem athygli Brandson vakti var:

Þú manst kannski eftir málverkinu sem ég sýndi þér sem norski málarinn Kja Munch gaf mér, og innsiglaði verkið með undirskrift sinni um leið og hann afhenti mér það. En ég ætlaði að losa mig við það af því að mér fannst það ekkert sérstakt. En þú sagðir mér að ég skyldi ekki gera það, því þú hefur trú á að þessi málarari væri stórefnilegur og málverkin hans yrði verðmæt síðar meir. Ég hef ákveðið að treysta á þitt hugvit með þetta málverk sem þú vars svo hrifinn af. Ég hef nú þegar komið málverkinu fyrir á öruggum stað og hef gengið lagalega þannig frá því að

ekki verður gert opinbert um tilurð þess fyrr en eftir eitt hundrað ár frá og með fimmta september 1903. Bankinn minn mun sjá um þá hlið málsins og lætur nánasta ættingja minn vita á þessum tiltekna degi, að viðkomandi hafi heimild til að opna þetta ákveðna pósthólf. Þá kemur í ljós hvort þú hafir haft rétt fyrir þér að þetta listaverk eftir norska listamanninn Kja Munch verði vermætari með árunum. Þess vegna vil ég biðja þig, elsku bróðir minn, að minnast ekki á þetta málverk við nokkurn mann vegna þess að við hjónin viljum að allir haldi að málverkið sé glatað.

Í fyrstu yfirferðinni þegar hann kom að þessari yfirlýsingu, varð Brandson forviða, hann varð að lesa þennan hluta bréfsins tvisvar sinnum til að trúa því að til væri málverk eftir Edward Kja Munch sem enginn vissi að væri til. Eftir að hafa lesið þennan kafla einu sinni enn lagði hann bréfið frá sér hugsandi í góða stund og sagði síðan við sjálfan sig: „Ef þetta er rétt, að það sé til málverk, eftir norska listamanninn Edward Kja Munch, sem málaði meðal annars hið fræga málverk Ópið, og samkvæmt bréfinu hefur enginn vitað af til þessa nema frændur hans tveir, þá er vermætið á þessu málverki ómetanlegt þegar það kemur í leitirnar.“ Brandson fékk glýju í augun af ákafri löngun til að eignast þetta málverk. Þá skipti það hann engu máli með hvaða ráðum hann eignaðist það. „Málverkið skal verða mín eign. Það er vandræðalegt að maðurinn skuli ekki tilgreina bankann, en það góða við þetta allt saman er eftir sem áður, að það eru ekki nema rétt innan við fjögur ár þangað til að það upplýsist hvar málverkið er. Svo það er nægur tími til að koma málunum í réttan farveg svo ég fái aðgang að þessu pósthólfi frá þessum ákveðna banka. Eftir því sem ég vissi síðast um ættingja mína á Íslandi frá móður minn þá eru þeir nú ekki svo margir að það valdi vandræðum fyrir mig. Það er best að athuga málið.“

Eftir skamma stund opnað Brandson tölvuna og fór inn á ættarskrá sína og fann föður sinn, John Brandson, öðru nafni Kolbeinn Jónsson. Síðan fór hann inn á Íslendingabók og fann ættarskrá sína þar sem faðir hans Kolbeinn Jónsson var nefndur. Amma hans hafði sagt honum að fæðingarnafn John Brandson væri Kolbeinn Jónsson frá Lukkuhólum í Tindadal, 530 Hvammstanga á Íslandi. En þegar hann sótti um bandarískan ríkisborgararétt breytti hann nafni sínu og tók upp föðurnafn sitt og föðurnafn móður sinnar, hann hét John Brandson. Og Toni sá einnig að þegar hann rakti sig frá Þorkeli Jónssyni til John Brandson þá var hann sá ættingi sem mundi erfa gripin ef María Þorkelsdóttir og Tryggvi Pálsson ásamt Birtu Tryggvadóttur dóttur þeirra og frændinn

Friðrik Daðason, sem býr í Minnesota mundi deyja drottni sínum. En til öryggis ákvað hann að eiginmaður Birtu, Axel Arnarson og bróðir hans Kári Arnarson yrðu einnig fjarlægðir með sama hætti.

Þess vegna hafði það verið auðvelt fyrir Toni Brandson að finna út hver mundi erfa þetta nýfundna listaverk. Eins og framan greinir þá er Toni Brandson forfallin listverkasafnari og hefur mikið vit á slíkum verkum, þegar peningalyktin kviknar í huga hans þá skiptir það engu máli fyrir hann þó hann þurfi að beita hrottafengnum aðferðum til að ná sínu takmarki og ekkert síður þó að ættingjar séu annarsvegar.

Eftir að hann hafði fengið þessar upplýsingar á netinu sagði hann lágum rómi: „Ég verð að spila ansi djarft og af mikilli varúð ef þetta á að geta gengið. En tíminn er nægur því ég hef tæp fjögur ár og það ætti að vera auðvelt á þeim tíma að koma þessum fjarlægu ættingjum burt af jörðinni, en það verður helst að líta út sem slys.“

Toni Brandson var hálfán mánuð að kynna sér málið til hlítar áður en hann tók þá ákvörðun að hafa samband við Russel Cambell sem tók við foringjatigninni innan Cosa Nostra eftir dauða föður síns fyrir tveim árum. Skömmu síðar urðu þeir Brandson og Cambell viðskiptavinir og skiptu með bæði stolin og fölsuð listaverk ásamt ýmsum öðrum vafasömum viðskiptum sem síðar kemur fram. Þegar hér er komið sögu þá er Brandson þegar farin að brjóta þagnarskyldu sína sem öldungadeildarþingmaður, með því að veita Cambell þær upplýsingar sem hann óskaði eftir gegn greiðasemi honum til handa. Undir flestum kringumstæðum áætluðu þeir hagnaðarvonina, ef slíkt var mögulegt og handsöluðu síðan alla samninga sín á milli áður en verkið var framkvæmt, því þeir voru samverkamenn án vitneskju annarra.

Brandson þekkti það vel til hans og vissi að það mundi reynast þeim manni dýrkeypt að hlunnfara Cambell. Því ef hann kæmist að því mætti hinn sami þakka fyrir ef hann fengi að halda lífi. En ef það ólíklega gerðist að Cambell yrði mildur við svikarann yrðu fjárútlát svikarans til handa mafíuforingjanum óheyrilega mikil. Og þá aðeins af þeirri einu ástæðu að Cambell teldi að hagnaðarvonin yrði meiri að hafa viðkomandi aðila lifandi en dauðan.

Af sjálfsbyrgingshætti taldi Brandson næsta víst að bandaríski dómstóllinn mundi aldrei geta bendlað hann við þau vafasömu viðskipti sem hann hefur stundað um daganna og

Því síður íslensku yfirvöldin, þó hann færi þar bakdyramegin inn með sín fyrirhuguðu ódæði, því hann kæmi þar hvergi nærri. Áætlunin var góð og mundi skapa honum geysimikla fjármuni í aðra hönd ef allt gengi að óskum.

Eftir þessa hálfsmánaðar íhugun mælti Brandson sér mót við Cambell, það var iðulega á mismunandi stöðum utan við borgina þar sem þeir lögðu bílum sínum ávallt hlið við hlið. Brandson færði sig undantekningarlaust yfir í bifreið Cambells og settist í aftursætið við hlið hans. Þegar Brandson hafði líst fyrir Cambell hvers hann þurfti með sagði Cambell: „Þú ert þó ekki að segja mér að það sé til málverk eftir norska málarann Edward Kja Munch sem er falið á einhverjum góðum stað á eyju úti í hafsauga? Ég á nú heldur bággt með að trúa þessu.“ „Ég bjóst líka við því, hafði þess vegna bréfið með mér,” sagði Brandson og náði í bréfið upp úr jakavasanum og þýddi það yfir á ensku um leið og hann las þann kafla í bréfinu upphátt sem varðaði málverkið. Þegar hann hafði lesið bréfið rétti hann Cambell það, þar sá hann í tvígang nafn listamannsins og hverrar þjóðar hann var. Cambell rétti Brandson þetta merkilega bréf aftur. Brandson stakk því í brjóstvasann um leið og hann fylgdist með viðbrögðum Cambells.

Hann var hugsandi augnablik áður en hann lét ljós sitt skína og að lokum sagði hann: „Það er svo ótrúlegt að það skuli vera til málverk eftir þennan fræga meistara sem enginn veit um í dag nema við tveir. Og samkvæmt heilbrigðri skynsemi ætti ég að telja það útilokað. Þetta bréf hrífur mig svo sannarleg, þar sem ég tel næsta víst að þetta málverk sé til. Því það er harla ótrúlegt að bréfarinn skáldi með þessum hætti slíkt bréf til bróður síns um að hann hafi undir höndum óþekkt málverk eftir meistarann Edward Kja Munch. Það að hann vísar til bróður síns um að hann hafi einnig séð þetta umrædda málverk styrkir trú mína og vissu um að málverkið sé til í því trausti að þú þýðir bréfið rétt.“

Þá glotti Brandson og sagði: „Ég er sammála því og þetta málverk vil ég fá í mínar hendur án nokkurra refja.“ Síðan rétt Brandson Russel Cambell nafnalistann sem hann hafði skrifað ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum um fjórmeninganna um leið og hann sagði: „Þetta fólk verðu þú að sjá um að fjarlægja með afgerandi hætti til að málið gangi upp.“ Russel tók á móti listanum og sagði: „Þú ert að sjálfsögðu búinn að fullvissa þig um að þú erfir málverkið þegar búíð er að kom þessu fólk fyrir?“ „Já, þú getur treyst því, að einum manni undanteknum, hann er föðurbróðir Birtu Tryggvadóttir og verður þá

erfinginn þegar þau eru horfin yfir móðuna miklu. Hann hefur búið hér í Bandaríkjunum í tugi ára, í Minnesota í norðaustur ríkinu Minneapolis. Við látum hann mæta afgangi því það er næsta víst að við þurfum ekkert að hrófla við honum þar sem hann er hjartasjúklingur og það getur vel farið svo að hann verði hrokkin upp af innan þess tíma sem við höfum. Ég tel að við ættum að komast vel í gegnum þetta óskaddaðir.“

„Það ætti að vera leikur einn ef rétt er að farið, en er ástæða til að drepa þessa bræður, Axel og Kára? Því þessi Þorkell forfaðir þinn segist hafi gengið þannig frá málverkinu að það erfist aðeins til ættingja hans. Það er óþarf að deyða fleiri en nauðsyn krefur.“ „Það má skilja bréfið þannig, en ég er alls ekki viss um að það hafi verið gengið svo tryggilega frá því að það sé ekki hægt að vefengja erfðaskrána sem tengist málverkinu. Þess vegna tókum við engan áhættu með það mál.“ „Þar sem nægur tími er til stefnu þá ætti þetta vera í lagi. Við höfum rétt tæp fjögur ár, samkvæmt póststimplinum á bréfinu, til að ljúka verkinu svo það gefur okkur góðan umþóttunartíma. Þetta má með engum hætti mislukkast því þarna er um óvænta og geysimikla tekjulind að ræða, þar sem listaverkið Ópið eftir Munch er metið á 119,9 milljónir dollarar (það samsvarar 15 milljörðum íslenskra króna),” sagði Toni Brandson. „Ég veit allt um það, þess vegna verður þetta að ganga upp hjá okkur.“

Síðan hófu þeir þennan venjulega samningaferil, sem tók dágóða stund, en að lokum komust þeir að samkomulagi, sem var tryggt með handsali. Því ekki vildu þeir hafa neitt skjalfast, sem kannski síðar meir kom í bakið á þeim.

8. Kafli

Átta dögum eftir að Russel Cambell og Toni Brandson gerðu þennan afdrifaríka samning hafði Richard Shaw setið inni í ríkisfangelsi Arisóna í tvö ár og fimm mánuði undir dulnefninu Brice Hendriks, það var varla hægt að segja annað en að það hafi verið rétt þolanlegt fyrir sálartetrið hans. Það sem hafði haldið honum gangandi í þessu svartholi var að hann tók að sér að hjálpa þeim föngum sem átti nauðga, limlesta eða lífláta, ef hann frétti slíkt hjá samföngum sínum. Þá var verknaðurinn venjulega framinn af einhverju hraustu ruddamenni en einstöku sinnum voru tveir menn settir í verkið og alltaf að undirlagi foringja þeirra.

Venjulega skiptust fangarnir í tvo hópa sem fylgdu sinn hvorum foringjanum innan veggja fangelsisins. Þeir eru venjuleg skarpgáfaðir, snarráðir, klókir, einstaklega eigingjarnir og sérlega illskeyttir. Þessir menn voru oftast lífstíðarfangar og höfðu komið sér eins vel fyrir og hægt var innan múranna og stjórnunni mönnum sínum einungis eftir sínum hagsmunum. En þeir vernduðu undirtitla sína fyrir öðrum hópum, vörðu þá fyrir öðrum samföngum og þá skipti ekki máli hvað þeir gerðu af sér utan flokksins því foringjar þeirra sá til þess allur hópurinn stæði saman svo lengi sem fangaverðirnir kæmust ekki að því. En í staðin urðu þessir vesalingar að hlýða öllum skipunum foringjans möglunarlaust, annars hefðu þeir verra af. Með þessu fyrirkomulagi var betra viðurværi í fangelsinu. Í tvígang kom fyrir að þessir tveir hópar lentu saman þann tíma sem Richard var þarna en hann forðaðist að koma þar nærri.

Þeir voru ekki margir sem lögðu í hann og því síður til að jafna svo um hann að hann biði þess ekki bætur. Þeim fannst hann vera að skipta sér af högum þeirra sem honum kom ekki við. Á þessum árum hafði hann eignast fáeina vini úr báðum flokkum sem hann gat treyst. Og margir aðrir fangar hefðu viljað fá hann sem sinn foringja og sumir hverjir höfðu beðið hann um það. Einmitt vegna framkomu hans við alla fanga þá vann hann hilli æði margra þeirra. Þetta vissu foringjarnir og höfðu talað sig saman um að drepa Richard og reyndu oftlega laumulega en það gekk aldrei upp. Og það sem þeim þótti illt var að þeir voru ekki vissir um hvar þeir stæðu ef Richard mundi vilja taka að sér

foringjahlutverkið, því það gat alveg eins farið svo að meirihlutinn myndi fylgja honum. Þessir vinir hans voru strax tilleiðanlegir að gefa honum upplýsingar ef þeir vissu til þess að það ætti að myrða eða limlesta einhvern mjög illa. Hann bað þá enn fremur að sýna sér aldrei vinskap og ræða frekar illa um hann í áheyrn foringjanna og náinna vina þeirra og helst sleikja sig upp við þá.

Einn daginn fékk hann vitneskju um að limlesta átti fanga að nafni Fleming sem hafði verið fluttur í Virginíu-fangelsið fyrir þrem vikum. Hann var sá eini sem lögreglan handtók því hinir þrír sluppu. Fleming hafði ekki sagt frá félögum sínum eða hvar gimsteinarnir væru fólgnir þegar hann var dæmdur. En fyrir fáeinum dögum síðan hafði fangelsisstjórinn fengið hann til að kjafta frá félögum sínum og um hvar gimsteinarnir væru. Einhver fanginn hafði komist að þessu og sagði foringja sínum, Rudesky frá því hvað Fleming hafði gert. Hann var viðstöðulaust dæmdur til limlestingar. Þetta átti að gerast seinnipart kvölds í baðhúsinu, þar eru tólf sturtur en fangarnir fengu að fara í sturtu tvisvar í viku. Það átti að tæla Fleming þangað með einhverjum ráðum en þegar Richard frétti þetta ákvað hann að fylgjast með Fleming og tveimur böðlum frá Rudesky sem áttu að skipan foringjans að lúberja Fleming, ekki til dauða, aðeins gera hann að góðum sjúkramat. Fangarnir tveir töldu sig örugga um að fá að vera í friði við að vinna skítverkið. Richard rotaði þá báða eftir nokkurn barning, sagði síðan Fleming að forða sér.

Eftir að John Fassetts hafði bjargað þessum manni, sem var svo áriðandi að yrði refsað þar sem hann braut fangalaugin, sem fyrrum fangaforingjar höfðu sett og allir aðrir foringjar innan þessa fangelsis höfðu alla tíð síðan fylgt þeim eftir, til þess að þeir gætu haft stjórn á sínum undirmönnum. Þess vegna var það dauðadómur að aðstoða viðkomandi fanga eða undan refsingu. En þar sem foringjarnir Rudesky Whitney og Alan Richmond voru ekki vissir um hversu mikið fylgi þeir hefðu ef þeir mynduðu hóp saman gegn því, þeir voru ekki einu sinni vissir um að allir fylgismenn þeirra myndu standa með þeim en fylgja heldur Richard. Þess vegna töldu þeir að besta og öruggasta leiðin væri að leiða hann í einhvers konar gildru og myrða hann síðan.

Litlu síðar þegar fangarnir voru allir úti tók Richard eftir því að hann hafði eignast góðan vini, einn trúnaðarmanna Rudesky, ef hægt er að nefna það því nafni. Einn daginn gekk

Rudesky til Richards og sagði: „Þú færð þetta borgað margfalt, drullusokkurinn þinn fyrir að vera að skipta þér að því sem þér kemur ekki við.“ Richard svaraði þessu engu og gekk brosandí frá honum. Ávallt þegar Rudesky hafði undirbúið árás með það í huga að myrða hann fékk Richard alltaf viðvörðun áður svo morðárásin mislukkaðist alltaf þar sem hann kom þeim ávallt á óvart, en ekki þeir sem varð til þess að Richard yfirbugaði þá. Þeir voru annað hvort tveir eða þrír sem foringjarnir sendi til verka.

Eftir það hættu þessar tilraunir, síðan liðu nokkrar vikur og á þessu tímabili tók Richard eftir því að Rudesky fylgdist óvenju vel með öllum hans háttum og hreyfingum. Einn daginn gekk Rudesky til hans þegar hann var að njóta góða veðursins ásamt öðrum föngum þegar þeir fengu útivist, sem var gert nánast daglega. Richard var að ræða við nokkra fanga þegar Rudesky bað hann að tala við sig undir fjögur augu. Þar sem Richard var nákvæmlega sama þó hann ræddi við hann um eitthvert málefni sem hann bjóst við, það samtal yrði á einn veg, einhvers konar hótanir. Þeir gengu að einum útiveggnum þar sem enginn maður var nálægur og þá sagði Rudesky við hann með nístandi augum og hatrið skein af andliti hans. „Ég verð heldur lengur hér innanveggja en þú, en þegar ég losna þá mun ég drepa þig, þú munt aldrei geta falið þig fyrir mér á neinn hátt því ég mun alltaf þekkja þig og finna hvernig sem þú dylur þig og ég vona að þú sofir illa á næturnar með mig vofandi yfir þér.“ Með það fór Rudesky frá honum með hæðnisglott á vörum.

Richard hafði ákveðið frá byrjun að leika ákveðið hlutverk þarna innan múranna, að vera einrænn, halda sig frekar til hlés frá föngunum en vera samt alltaf til taks ef einhverjir fangar vildu ræða við hann um einhver málefni sem þeir töldu áhugaverð og vera vakandi fyrir öllu því sem þar væri að gerast til að leita fréttu. Hann taldi heppilegast að leika miskunnarlausan mann, bæði í orði og verki þegar hann taldi að það ætti við því margir fanganna skildu ekki annað, þó að hans innri maður væri á móti öllu ofbeldi.

En samt tók það Richard fimmtán mánuði að ná því trausti sem hann sóttist eftir hjá Jose Supremeon, sem hafði fengið tíu ára dóm. Hann sýndi það ekki í verki fyrir en skömmu eftir að hann laumaði skilaboðum út fyrir múranna til frænda síns um að kanna feril John Fassetts. Hálfum mánuði síðar kom langur listi um grunaðan afbrotuferil hans. Var meðal annars minnst á tvö vitni sem saksóknarinn hafði gegn sakborningi en þau höfðu litlu síðar dregið vitnaburð sinn til baka. Þá kom fram í skýrslunni að saksóknara grunaði að

vitnunum hefði verið hótad lífláti, jafnvel að eitthvert stórt slys henti innan fjölskyldunnar ef viðkomandi vitni kjöftuðu frá. Þar með féllu niður morðákærurnar fimm sem saksóknarinn taldi sig hafa á sakborning. Dómarinn dæmdi Fassetts í tólf ára fangavist fyrir bankarán og skotbardaga við lögregluna.

Seinni part kvölds á öðrum degi eftir að Jose Supremeon hafði fengið þessar upplýsingar þá lágu þeir tveir klefafélagar hvor í sínu rúminu þegar Supremeon spurði Richard, honum að óvörum: „Veist þú eitthvað um Svartnættið?“ Richard leit til hans með uppgerðri undrun litla stund. Hann leyndi áhuga sínum og Richard taldi sig vita að hann væri kominn inn fyrir skel hans og ákvað þess vegna að svara af einlægni, þá væri kannski möguleiki að hann fengi einhverjar upplýsingar. „Það er ósköp lítið, en það litla sem ég hef heyrt um Svartnættið finnst mér vera merkilegt.“ „Jæja, hvers vegna finnst þér það?“ „Þeir sem stjórna þessu Svartnætti virðast vera eldklárir og vita hvað þeir eru að gera og hafa greinilega sérlega mikla foringja- og skipulagshæfileika. Það eina sem ég þykist vita er að þeir eru sagðir vera búsettir hér í Bandaríkjunum. Annars kemur þessi spurning þín mér í opna skjöldu því samtöl okkar á milli hingað til hafa aðeins byggt á einkvæðis orðum og þá helst með einhverjum skæting, þess vegna er ég forvitin að vita hvers vegna þú ertu að spyrja mig að þessu?“

Jose Supremeon svaraði honum ekki strax, en eftir nokkra umhugsun sagði hann: „Ég hef það alltaf fyrir reglu að vantreysta mönnum á meðan ég þekki þá ekki til hlítar og það tók mig lengri tíma en venjulega að átta mig á þér því þú ert svo tvískiptur, annað slagíð máttu ekkert aamt sjá, en undir vissum kringumstæðum kemur grimmdin fram í þér. Þú gast auðveldlega drepið þess tvo beljaka sem Rudesky sendi til að drepa Fleming. En þú gerðir það ekki.“ „Mér finnst það sóun á lífi að drepa menn að óþörfu, ég geri það aðeins ef nauðsyn krefur, annars sleppi ég því.“

„Ég skil ekki þessa linkind, til hvers varstu að skipta þér að þessu, hann var rétttræpur? Þú máttir svo sem vita það að Rudesky var að sinna ákveðinni skyldu vegna þess að Fleming er kjaftaskur. Hann sagði frá félögum sínum til að fá sjálfur vægari dóm. Svik eru dauðadómur innan okkar hóps, þetta veistu vel. Samt sýndir þú þessum mönnum, sem voru að gera skyldu sína ótrúlega grimmd, það var greinilegt að þú áttir bággt með að stilla þig til að drepa þá ekki þegar þú að lokum yfirbugaðir þá í þeirri hörðust viðureign, sem

sést hefur í manna minnum innan þessara múra. Þeir voru það illa farnir að þeir voru lagðir inn á fangaspítalann og lágu þar í tæpar sex vikur. En þú varst settur í hálfsmánaðar einangrun fyrir vikið.“ „Já, ég varð að beita þá hörðu á sem skemmstum tíma. Ef það hefði ekki tekist hefði ég legið dauður í valnum.“

„En eftir sem áður furðar það mig mest, að þú skulir hafa komst upp með að brjóta þennan ákveðna hluta, og viðamesta af þeim fáu óskráðu lögum sem sett voru innan þessara múra frá fyrstu tíð af sjálfkjörnum foringjum fanganna. Og þessi óskráðu lög hafa flust á milli fanga til dagsins í dag. Það er dauðasök að svíkja félagá sína í hendur lögreglunnar til að fá vægari dóm, eða ef fangi gerir tilraun til að verja slíka menn. Og það hefur aldrei gerst, svo vitað sé fyrir en í þetta sinnið.“

„Það eru nú ekki nema tveir mánuðir síðan að þetta gerðist, þeir gætu átt það eftir að reyna laumast að mér til að ganga frá mér, en ég hef ansi marga, einskonar njósnara innan beggja hópanna sem vara mig við ef þeir fréttu af einhverri slíkri árás á mig og þetta vita andstæðingar mínir.“ „Sjálfsagt er það aðal ástæðan fyrir því að þú hefur áunnið þér ótrúlega mikla virðingu hjá meirihluta fanganna.“ Richard Shaw svaraði þessu engu, yppti aðeins öxlum. Jose Supremeon horfði litla stund á Richard áður en hann spurði: „Hvers vegna hafnaðir þú yfirforingjastöðunni þegar Craig Simpson og tveir félagar hans komu með uppáskrifað blað frá meirihluta fangana þar sem þeir báðu þig um að taka að þér þessa stöðu?“ „Það eru tvær ástæður fyrir því, sú fyrri er að það fylgdu þau skilyrði að þeir yrðu undir mínum verndarvæng, sem yrði sjálfsagt allt í lagi ef margir af þessum föngum, sem skrifuðu á þetta blað væru ekki þessir bölvaðir ribbaldar sem gera aðeins það sem þeim sýnist. Því þessir menn færu ekki eftir neinum reglum sem ég hefði sett sem skilyrði ef ég hefði tekið þetta að mér. Slíka menn er erfitt að hafa stjórn á nema með því að kúga þá með einhverjum hætti en ég hef engan áhuga á því að hafa slíka menn undir minni stjórn, þó að margir ágætis menn séu hér innan um.“

„Þegar ég hafði manna ráð þá voru það valdir menn, sem ég treysti og fylgdu nákvæmlega því skipulagi sem ég hafði lagt fyrir þá. En það gerðist einu sinni, í síðasta ráninu, að einn af þeim mönnum sem voru undir minni stjórn, sem ég hafði ekki valið en var bent á af félagá mínum sem ég treysti, kom í okkar raðir en stundað ekki sína vinnu eins og honum var fyrirlagt. Hann skapaði okkur vandræði með því að tilkynna lögreglunni daginn áður

hvenær tíma dags við mættum í bankanum. Skömmu eftir að við hófumst handa birtist lögreglan. Þá var það augljóst í mínum huga að svikari var í okkar hópi. Ég þóttist vita hver maðurinn var. Enda fékk ég hann til þess að játa svikin og með það sama skaut ég hann þarna á staðnum.“ Þarna þagnaði Richard góða stund og vonaði að Jose legði trúnað á þessa upplognu sögu. Jose beið góða stund eftir áframhaldinu, sem kom ekki og spurði hann að lokum: „Hver er hin ástæðan?“

Richard reyndi að skoða huga hans eins og innsæi hans og þjálfun leyfði og taldi næsta víst að hann væri nú þegar búinn að vinna traust hans og lét því slag standa og spurði: „Ef ég segi þér leyndarmál, get ég treyst því að þú segir engum frá því?“ „Jú, að sjálfsgöðu.“ „Hin ástæðan fyrir því að ég vildi ekki taka að mér yfirföngjastöðuna er að ég verð ekki mikið lengur hér inni í mesta lagi í eitt ár til viðbótar, svo það tekur því ekki að gera mig að yfirföngja.“ Hvað áttu eiginlega við? Þú fékkst tíu ára dóm og getur í fyrsta lagi sloppið út eftir sjö ár með góðri hegðun, en hefur hún verið það hjá þér? Og úr þessu fangelsi hefur engin sloppið áður en hann hefur tekið út sína refsingu.“ „Það er alveg rétt, en ég á góða, trausta vini sem eru í samningaviðræðum við ákveðna trausta menn sem kunna sitt fag.“ Jose trúði honum staðfastleg og lifnaði allur við. En Richard snéri sér út í horn og brosti með sjálfum sér, hugsandi að nú væri hann komin spölkorn með Jose. Og ákvað að bíða með að spyrja hann nánar út í Svartnættið þar til síðar.

Tveim mánuðum síðar þegar föngunum var hleypt út í almenninginn þar sem þeir léku sér með knött í góða veðrinu vann Richard að því að halda sér í formi með því að skerpa snerpuna með skyndisprettum á milli múranna og með hundrað armlyftum. Síðan lyfti hann sér upp úr krabbastöðu og gekk á höndunum. Hvíldi sig ögn, stóð síðan á höndunum í kyrrstöðu og beygði armanna og lyfti sér upp tuttugu sinnum, lagðist síðan á bakið í slökun með lokuð augun í nokkurri fjarlægð frá föngunum og fangavörðunum sem fylgdust gaumgæfilega með öllu sem þarna fór fram.

Skömmu síðar kom Jose og horfði niður á hann. Richard opnaði augun þegar skuggi hans skyggði á. Þá sagði Jose: „Ég hefði viljað fá að ræða við þig í kyrrþey í nokkra stund.“ „Ekkert því til fyrirstöðu.“ „Nokkru eftir samtali okkar fyrir tveimur mánuðum og í eina skiptið sem við ræddum þýðingarmikið mál hafði ég samband við frænda minn, Diego Supremeon og sagði honum frá samtali okkar. Þá reis Richard upp við dogg og sagði

hvasst, þó hann hefði vonast eftir að Jose segði frænda sínum frá samtalinu: „Heyrðu, var ég ekki búinn að biðja þig fyrir þessu?“ „Jú, en hlustaðu á það sem ég ætla að segja og ég tek afleiðingunum á eftir.“ „Allt í lagi, ég er ein eyru.“ „Don Diego Supremeon kynnti sér til hlítar æviferil þinn. Hann komst að ýmsu forvitnilegu og skemmtilegu, sem sannaði honum hvaða mann þú hefur í raun að geyma. Þú ert maður við hans hæfi því Don Diego Supremeon hefur áhuga að fá þig í sínar raðir sem stjórnandi og skipuleggjandi Bandaríkjna megin við landamærin, þegar við sleppum úr þessari fjadans holu. Og hann lofar þér það góðum launum að þú munt ekki sjá eftir því að ráða þig hjá okkur.“ „Hvað áttu eiginlega við, þegar þú segir við?“ „Málið liggur þannig í huga frænda míns, ef þú hefur áhuga á þessu tilboði, þá setur hann það sem skilyrði að þú takir mig með þegar þér verður hjálpað að strjúka úr þessari dýflissu.“

Það gæti vel komið til greina, en það kostar að sjálfsögðu drjúga peninga sem þú verður að greiða ef til þess kemur.“ „Það verður ekkert mál, þú lætur mig vita sem fyrst hvort af þessu verður og greiðslan kemur á réttum tíma.“ „Ef ég ræð mig í vinnu hjá ykkur þarf ég að vita um hvað málið snýst og mér er forvitni á að vita hvers vegna þú minntist á Svartnættið um daginn án þess að gefa nokkra nánari skýringu?“ „Eigum við ekki að ræða það mál betur síðar, þegar þú hefur ákveðið þig um að ganga inn í okkar raðir.“

Tæpum mánuði síðar voru þeir farnir að sýna hvorum öðrum meiri traust og virðingu og voru þar af leiðandi opnari hvor við annan en samt varir um sig. Þeir sátu eitt kvöld á rúmstokknum gegnt hvor öðrum í fangaklefa sínum og voru að ræða saman í bestu vinsemd þegar Richard sagði: „Ég er búinn að taka þá ákvörðun að ganga í lið með ykkur og hef þegar séð til þess að þú verður tekin með þegar björgunarliðið kemur mér héðan í burtu.“ „Þetta var viturleg ákvörðun hjá þér og þú munt ekki sjá eftir henni. En hvenær verður gengið til verka?“ „Það verður eftir tæpa tvo mánuði þar sem undirbúningur er svo til lokið. En það væri ekki úr vegi að þú segðir mér áður hvers vegna þú minntist á Svartnættið þarna um daginn, ekki eru þið í samkrulli með þeim, eða hvað?“

John Fassetts varð hljóður um stund, eins og hann væri í vafa hvort hann ætti að svara þessu en sagði að lokum: „Á vissan hátt vinnum við með þeim en frændi minn Don Supremeon er höfðinginn og stjórnar öllum smyglvarningi sem kemur frá Mexíkó og er fluttur yfir bandarísku landamærin í einskona samfloti við mafíuna í Mexíkó. Það kemur

alltaf sendiboði frá Bandaríkjunum yfir landamærin með skilaboð til frænda míns Don Supremeon, hann er alltaf nefndur Sendiherrann. Hann kemur með upplýsingar um hvenær heppilegast er að koma smyglvarningnum yfir landamærin svo við fáum frið við okkar verk.“ Þá spurði Richard undrandi: „Þú ert þó ekki að segja mér að Svartnættið hafi einhverja af landamæravörðunum í vasanum sem leka upplýsingum til þeirra?“ „Það er einmitt það sem ég var að segja, það léttir okkur verkið.“ „Já, meira en lítið, því mér líst nú öllu betur á að vinna með ykkur eftir þessar upplýsingar, ef okkur semst að öðru leiti og góðar tekjur eru vísar.“ „Já, það getur þú verið viss um.“ „Við hvern á ég að ræða til að komast í samband við þennan dularfulla félagsskap, Svartnættið?“ „Svartnætti færðu aldrei að kynnast frekar, ekki frekar en aðrir sem ekki eru í innsta hring. Eftir því sem ég veit best veit engin utan þeirra sjálfra hverjir þeir eru. Og það veit ég fyrir víst að þeir örfáu sem hafa gert einhverja tilraun til að forvitnast um þá fundust á víðavangi myrtir, allir með sömu byssunni, Walther P5 skammbyssu, skotnir í hægra eyrað.“ „Þeir eru aldeilis varir um sig, en hvaða aðferð nota þeir til að koma boðum til ykkar?“ „Það sem við vitum um þessi samtök er ekki mikið þeir starfa aðeins innan Bandaríkjanna en tengjast síðan öðrum samböndum í Suður-Ameríku með tengiliðum. En tengiliðirnir virðast ekki hafa hugmynd um hverjir eru félagsmenn í þessum Svartnættis-samtökum.“ „Þetta virðist vera mjög vel skipulagður hópur, hefur þá einhver tengiliðurinn samband við Ræðismanninn?“ „Já, en það er alltaf sami tengiliðurinn sem hringir úr almenningssíma í Ræðismanninn frá Arisóna en hann hringir sjaldan úr sama síma.“ „Veit þá enginn í ykkar deild hvað skírnarnafn Ræðismaðurinn hefur?“ „Nei, það veit enginn og það er eins gott fyrir þig að forvitnast ekkert um það.“ „Það gerir í raun ekkert til þó ég viti ekki hvað þessi maður heitir en það skiptir máli fyrir mig að ég ná sambandi við Ræðismanninn því með öðrum hætti geng ég ekki í þennan hóp sem tengist Svartnættinu gegn um þennan dularfulla mann.“ „Þú færð hvorki að vita það eða færð samband við Ræðismanninn.“ „Þá hef ég engan áhuga á þessu boði ykkar, því ég hef alltaf verið minn eigin herra og stjórnað mínum eigin flokki og margoft sýnt hæfni mína og kunnáttu, þess vegna hefur mér alltaf verið sýnd sú virðing að menn bjóði mér þá aðstöðu sem virðingu minni er samboðið ef og þegar ég á annað borð vinn með öðrum hópum.“

Jose Supremeon horfði góða stund á Richard og sagði síðan glottandi: „Þó þú teljir þig mikinn mann verður þú sem aðrir að vinna þig upp stigann og ég er nánast viss um að Ræðismaðurinn vilji láta þig vinna traust hans áður en þú nærð tali af honum.“ „Þá skulum við ekki ræða þetta meira því ég vil fá góða stöðu og góð laun ef ég tek það að mér að vinna undir annarri stjórn og yfirmaður minn verður að vera meistari í sínu fagi. Ef ég á að ganga að einhverju samkomulagi við þig vil ég fá sambandi við Ræðismanninn og ræða við hann augliti til auglitis svo við vitum báðir nokkurn veginn hvort hinum sé treystandi, það mun verða okkur báðum í hag.“ „Það eru engar líkur á að það gangi upp, þú ferð fram á of mikið.“ „Samkvæmt þessum orðum þínum geri ég engan samning við ykkur og þú verður að dúsa hér inn í nokkur mörg ár enn.“ „Ertu viss um það, nú veit ég um þennan flótta þinn og ég gæti komið í veg fyrir hann með því að segja frá honum til réttara aðila.“ „Þú ert ekki svo skyni skroppinn að leggja þig í þá hættu. Þú munt ekki lifa lengi eftir það því ég á vini hérna sem munu ekki telja það eftir sér að vinna slík verk fyrir mig.“ Með þessum orðum lagðist hann fyrir og snéri sér út í horn.

Að kveldi tíu dögum síðar lágu klefafélagarnir tveir hvor í sínu fleti við lestur þegar Jose lagði frá sér bók og tók upp fyrra samtal: „Ég hafði sambandi við frænda minn Don Diego og sagði honum frá kröfum þínum því ég hafði fengið upplýsingar nokkru áður um að frænda minn ætti von á Sendiherranum næstu daga. Ég fékk heimsókn í gær. Hann kom með þau skilaboð frá Don Diego Supremeon frænda mínum um að Ræðismaðurinn yrði mjög ánægður ef þú gengir í þeirra hóp þegar þú sleppur héðan út. Hann kvaðst þekkja vel til þín og flestra afreka sem þú hefur unnið og honum hefur fallið þau vel í geð. Hann kvaðst hafa fylgst með þér síðustu tíu árin gegnum sína menn sem hafa unnið með þér og einnig heyrt um þín orðspor af afspurn. Og hann bætti því við að ef helmingurinn af þeim sögum sem ganga um þig væru réttar þá værir þú hans maður. Þetta voru hans orð. Hann sagðist einnig hafa með örfáum undanteknum ráðið sjálfur nýja menn til starfa fram fyrir vana flokksmenn, ef hann teldi þá sérlega hæfa til þeirra starfa sem viðkomandi starfsmanni er ætlað að vinna.“ „Þá reis Richard upp úr fleti sínu til hálfis og sagði: „Það er eins og mig hefur grunað að þessi maður, sem nefnir sig Ræðismaðurinn, er maður að mínu skapi. Hvar og hvenær eigum við að hittast?“ „Það fer nú eftir því hvenær við losnum héðan.“ Richard þurfti ekki annað en að tilgreina einhvern tilbúin dag, þess vegna sagði hann: „Það er búið að ákveða daginn, við verðum sóttir

þann 23. mars, það er eftir þrjá mánuði.“ Þá reisti Jose Supremon sig upp af fletinu í setstöðu og sagði spenntur: „Hvað ertu að segja, en hvenær fáum við að vita hvernig þeir haga aðkomunni að fangelsinu og hvar við eigum að vera staðsettir?“ „Það verðu í fyrsta lagi einni viku áður en þeir sækja okkur.“

Fimm dögum síðar mætti maður í fangelsið á heimsóknartíma sem sendur var frá frænda Jose Supremon. Skömmu síðar fékk Richard Shaw þær upplýsingar hjá Jose á hvaða degi, tíma og hvar Shaw ætti að hitta hann. Þar væri aðalbækistöð ræðismannsins staðsett. Þetta voru betri upplýsingar en Richard gat látið sig dreyma um og sagði: „Þetta eru vissulega góðar fréttir og við munum í sameiningu yfirgefa þetta fangelsi innan þriggja mánaða.“

Sex vikum síðar snemma morguns var Richard Shaw sóttur af tveimur fangavörðum inn í klefa og færður til fangelsisstjóra. Þar voru fyrir fjórir menn frá FBI. Richard setti upp undrunarsvip, þóttist ergilegur. Leit til fangelsisstjórans og spurði: „Hvað er eiginlega um að vera og hvað eru þessir sérþjónustumenn að gera hér?“ En Richard duldi gleðina sem hann fann í hjarta sínu um leið og hann sá sérþjónustumennina. Því hann taldi sig vita fyrir víst hvað væri á seiði, því hann hafði komið þessum upplýsingum, sem hann hafði leitað eftir og fengið, til eins gæslumannsins sem var á vegum FBI.

Richard vissi einnig að hann yrði að halda áfram að leika hlutverk sitt, þar sem hann varð að draga þá ályktun að allir sem væru þarna inni og jafnvel alríkismennirnir fjórir vissu ekki betur en hann væri þessi frægi John Fassett, morðingi og bankaræningi.

Fangelsisstjórinn svaraði honum um hæl og sagði: „Þessir lögreglumenn eru komnir hingað í þeim erindagerðum að flytja þig í annað fangelsi þar sem sterkur grunur liggur fyrir að það séu nokkrir ákveðnir glæpamenn að undirbúa flóttatilraun fyrir þína hönd og við erum að koma í veg fyrir það með því að flytja þig í öruggari höfn en ekki í eins þægilegt fangelsi og þetta er.“ „Hvað bölvuð þvæla er þetta?, og mér þætti vænt um að fá að vita hvar þið fenguð þessar röngu upplýsingar.“ „Þú þykist náttúrliga ekkert vita, en það mun breytast þegar þú ert kominn þangað sem þú átt heima, því þar verður pumpað upp úr þér allt um þessa misheppnuðu flóttatilraun og hverjir eru þar að verki. Þá mun þér finnast þessi vera hér lúxus-hótel þegar þú færð að kynnast nýja heimilisfanginu þínu.“

“Kallarðu þetta fangelsi hótél, þar sem maður fær varla að sjá meira en múrinn og bölváða ópökkana, sem kallast fangaverði? Og mér finnst það vera almenn kurteisni að ég fái eitthvað um þetta að segja. Og þar að auki tel ég mig eiga heimtingu á því að þú tilgreinir mér fangelsið sem mér er ætlað að gista í.“ „Þú ert alltaf með sama kjaftinn. Þú verður fluttur með vilja þínum eða án þangað sem þú átt raunverulega heima og þú færð að vita það þegar þangað kemur.

Litlu síðar fóru alríkismennirnir fjórir með hann út úr fangahúsinu að brynvarinni lögreglubifreið sem stóð þar fyrir utan með opnar afturdyrnar. Þeir ýttu honum óþyrmilega inn fyrir og þrír af lögreglumönnum fylgdu á eftir. Tveir þeirra settust sinn hvoru megin og einn þeirra settist á bekkinn á móti þeim.

Daginn eftir birtist í öllum fréttamiðlum og æsingablöðum að glæpagengi hefði ráðist á brynvarða lögreglubifreið þar sem fjórir alríkislögreglumenn voru að flytja John Fassett, alræmdan meintan morðingja og bankaræningja úr ríkisfangelsinu í Arisóna í hið alræmda, og örugga fangelsi ???? sem er staðsett ???. Hálf tíma eftir að þeir lögðu af stað var ráðist á þá af byssuglögum glæpamönnum, sem gerðu tilraun til að ræna John Fasset bankaræningja úr höndum alríkislögreglunnar. En sem betur fór gekk það ekki upp. En ræningjunum tókst að koma alríkislögreglunni svo mikið á óvart að þeir innikróðu brynvarða bifreiðina og síðan sprengdu þeir upp afturdir bifreiðarinnar, drápu einn lögreglumanninn og náðu John Fassett út úr bifreiðinni. Síðan kom til skotbardaga sem endaði með því að þrír af glæpagenginu voru skotnir til ólífis og þar á meðal John Fassett og tveir voru teknir til fanga.

En það kom að sjálfsgöngu ekki fram að þetta rán var einungis sett á svið af nokkrum völdum alríkislögreglumönnum frá Washington DC með samþykki forseta Bandaríkjanna. Alríkislögreglan lagði síðan mannskap í að fylgjast með Sendiherranum og öllum þeim sem hann hafði samband við í þeirri von að geta nálgast smám saman og með tímanum höfuðpaurunum. Þeir notuðu alla þá tækni sem þeir höfðu yfir að ráða, meðal annars notuðu þeir stefnuvirka hljóðnema sem geta án fyrirhafnar náð samtali úr húsi þvert yfir götu. Hann er einnig búinn örbylgjutækjum sem getur tekið upp símtöl og er þá tengdur segulbandstæki. Rannsókn frá þessari hlið málsins kemur lítið sem ekkert við þessa sögu, aðeins ágríp í lokin, þar sem aðaluppljóstrunin kemur úr annarri átt.

Richard sat úti á svölum heima hjá sér í sólríku veðri í enda mars og lét fara vel um sig í sólinni. Hann hefur svo sannarlega notið lífsins síðasta mánuð síðan hann kom heim eftir að hann losnaði úr fangelsinu. Hann tók sér þriggja mánaða frí áður en hann byrjaði að vinna á nýja staðnum sem var Howard-háskólinn í Washington DC, því fylgdi fjögurra herbergja húsnæði með húsgögnum honum að kostnaðarlausu. Íbúðin var skammt frá háskólanum og því stutt í vinnuna. Hann hafði ákveðið að flytja þangað í byrjun júní eftir sumarfríð en íbúðina hans í Minneapolis ætlaði hann að nota sem eins konar sumarbústað og skreppa þangað þegar hann taldi sig hafa löngun og tíma til. Eftir viku veru í Minneapolis fór hann til Washington DC til að skoða íbúðina þar.

Richard Shaw hafði tvisvar komið til Íslands í þrjár vikur í senn, hann fór hringveginn í fyrra skiptið og varð heillaður af landinu þó honum hafi þótt skrýtið að sjá hve víðáttan var mikil þar sem landið var næsta skóglaust. Það sem furðaði hann einna mest var að þegar hann fór hringinn skipti nánast alltaf um landslag eins og hann væri að skoða nýtt land í hvert skipti því breytileikinn er svo mikill að það vekur undrum sumra manna. Honum þótti mikið um þessa fögru bókmenntaeyju sem svo margir hafa talað um en hann var samt oft var við að sumum ferðalöngum þótti lítið til um þetta land koma og þjóðina í heild sinni.

Hann hafði tekið þá ákvörðun daginn áður en hann fór til Washington að breyta til og fara til Íslands og njóta hluta af sumarfríinu þar. Hann keypti flugmiða báðar leiðir sem giltu í mánuð á einni ferðaskrifstofunni í Washington. Hann átti að mæta á Dulles-flugvöllinn eftir viku og fljúga þaðan til New York og fjórum tímum síðar með Flugleiðum til Íslands. Eftir að hann hafði gengið frá flugmiðunum pantaði hann hótélherbergi á Hótel Holti í Reykjavík. Hugmyndin hjá honum var að skoða íbúðina sem hann hafði fengið á vegum Háskólans í Washington áður en hann færi til Íslands. Richard hafði þegar ákveðið að keyra þangað á morgun og taka eitthvað af því nauðsynlegasta og handhægasta sem hann þurfti á að halda þar.

Forstjóri alríkislögreglunnar hafði séð svo um að hann fengi starf við Howard-háskólann í Washington sem bókmenntafræðingur og hefði frjálsan vinnutíma, hann gæti tekið sér frí frá vinnu þegar honum hentaði. Enda var það nauðsynlegt svo hann gæti losnað þaðan þegar kallið kæmi frá alríkislögreglunni. Honum hafði verið sagt að það gæti liðið allt að

eitt eða tvö ár þangað til að kallið kæmi en það gæti alveg eins verið að kallið kæmi eftir mánuð. En því andmælti Richard harðlega: „Ég á svo sannarlega skilið að fá þriggja mánaða frí frá ykkur þar sem þið þvinguðuð mig að ósekju í tveggja og hálfis árs fangelsi. Þess vegna ansa ég engum öðrum skilmálum en að þeim tíma liðnum vil ég byrja að starfa að nýju í mínu fagi.“ „Það verðu gengið frá því,“ svaraði forstjórinn.

9. kafli

Það er miðvikudagur 9. apríl, daginn eftir að Richard skrifaði sig inn sem gestur á Hótel Holti við Bergstaðarstræti, í herbergi 306. Þegar hann hafði dvalið þar nokkra stund fór Richard út úr herberginu þegar klukkan var langt gengin í þrjú. Hann gekk að lyftunni, beið eftir henni litla stund og fór síðan inn í lyftuna og þrýsti á hnappinn á fyrstu hæð. Þegar lyftan stöðvaðist á réttri hæð þá gekk hann að afgangsluborðinu og rétti þjóninum, sem þar var tölvuna og bréfið sem var stílað á Ríkisrekstur og bað þjóninn að geyma hvort tveggja í öryggishólfinu. Richard vildi geyma bréfið í öruggum höndum þar til hann hefði einhverjar gagngerðar upplýsingar sem vektu áhuga FBI áður en hann sendi það til þeirra. Þegar hann sá þjóninn setja bréfið og tölvuna í öryggishólfið og hafði fengið kvittun fyrir innlögninni fór hann út af hótelinu og settist inn í bílaleigubíl af gerðinni Ford Escort sem hann hafði tekið á leigu daginn áður. Hann ók síðan norður Bergstaðastræti og var mjög hugsí og ekki sérlega ánægður þar sem hann hafði sterkan grun um að þetta bréf sem hann hafði í fórum sínum boðaði sennilega einhvers konar innflutning eða beiðni um samninga sem mundu örugglega skapa um leið ógæfu fyrir einhvern eða einhverja í þessu landi, yrði hann af leiðandi meðsekur á vissan hátt.

Hann ók í áttina að veitingahúsinu þar sem Russel Cambell sagði honum hvar hann ætti að hitta manninn og með hvaða hætti. Hann hafði ekki verið tilleiðanlegur í fyrstu að taka við þessu bréfi en litlu síðar skipt um skoðun. En þegar bílstjóri Russels var farinn eftir að hann afhendi honum bréfið opnaði hann umslagið nægilega mikið til að komast í það og ljósmyndaði og skrifaði tvö bréf til tveggja viðtakenda.

Klukkan var þrjú eftir hádegi þegar hann hafði ekið allar götur áfram niður í Kvosina. Kvosin er fallegur lár dalur sem nær þvert yfir Reykjavíkurtangann, þar er tjörnin með sínu fjölskrúðugu fuglalífi.

Richard hélt áfram vestur Austurstræti og stoppaði bifreiðina við eina sjoppuna til að kaupa Morgunblaðið. Hann braut það saman og setti bréfið til Arngríms þar inn á milli og fór síðan inn á pósthúsið við Pósthússtræti, lagði bréfið sem stílað var á Arthur Maclean lögfræðing hans, sem hann hafði einnig skrifað á hótelinu. Fór síðan til baka að

bifreiðinni og ók henni síðan áfram vestur Austurstrætið og beygði í norður inn Aðalstræti og fram hjá Kaffihúsi Reykjavíkur, þar sem Russel Cambell hafði vísað honum á, því þar vildi Arngrímur að afhendingin færi fram og Richard yrði að vera mættur þar fyrir hálf fjögur á þessum ákveðna degi. Að lokum lagði hann bifreiðinni að sunnanverðu á Tryggvagötunni en skammt vestan við Borgabókasafnið og gekk síðan í áttina að Kaffihúsi Reykjavíkur.

Innréttingin í kaffihúsinu er vinkillöguð, lengri endinn liggur í austur og vestur séð frá útidyrnunum en vinkillin er í vestari endanum í norður. Hann sest nyrst við eitt borðið því hann taldi sig hafa þar mest næði til að skila af sér bréfinu sem honum var ætlað að færa Arngrími Hanssyni.

Richard Shaw var nýsestur þegar þjónninn kom. Hann pantaði kaffi og vöffur með rjóma. Þjónninn kom skömmu síðar með meðlætið og spurði: „Er það eitthvað fleira, sem þig vantar?“ „Nei, þakka þér fyrir.“ Þjónninn snéri sér þá að öðrum viðskiptavini sem var í langvinklinum, það var fátt um manninn þarna inni eins og oft áður á þessum tíma dags í miðri viku.

Á meðan hann beið eftir Arngrími þá ósjálfrátt fór hann að hugsa þrjá daga aftur í tímann þegar Russel Cambell hringdi í Richard snemma um morguninn, rúmum tveim klukkutímum áður en hann átti að mæta út á flugvöll á leið til Íslands. Þá bað Russel Cambell hann vinsamleg að taka við bréfi til Arngríms Hanssonar vinar síns og fyrrverandi skólabróður. „Ert þú ekki með netfang?“ „Að sjálfsgöðu er ég með það, en ég hef það fyrir reglu að senda aldrei einkabréfin mín eftir netinu eða með venjulegum pósti.“ Þetta kom Richard svo sem ekki á óvart því varkárni mafíuforingjans hefur alltaf verið eitt af einkennum hans og samkvæmt eðli hans hefur þetta bréf sennilega einhvern illan tilgang að geyma. Þess vegna hafði hann ekki áhuga á að blanda sér í hans mál og var að því komin að neita þegar Russel skynjaði það og greip fram í fyrir honum og sagði: „Þú neitar mér varla um þetta lítilræði, mér datt skyndilega í hug að skrifa bréf til vinar míns þegar ég frétti af þér hér í Washington og að þú værir á leiðinni til Íslands. Georg Staples bílstjóri minn kemur með bréfið til þín í kvöld. Málið er að ég og Arngrímur höfum öðru hvoru samband skriflega svo mér fannst alveg kjörið að nota þetta tækifæri og skrifaði þess vegna nokkrar línur til hans fyrst þú ert á leiðinni þangað.“

Richard var þakklátur fyrir framígrip Russels því þá hafði hann haft tíma til að hugsa sig betur um og komst að þeirri niðurstöðu að það væri líklega best fyrir hann að taka við bréfinu þar sem honum hafði komið í huga orð forstjóra FBI þegar hann sagði: „Það væri hugsanlegur möguleiki að Cosa Nostra eða einhverjir félagar þeirra væri eins líklegir til að vera á einhvern hátt viðriðnir Svartnættið eins og hverjir aðrir sem hafa tileinkað sér afbrotuferil af slíkri færni.“ Það gerði þess vegna ekkert til þó hann byrjaði með þessum hætti að hafa framvegis huga og augun opin með öllum grunsamlegum mönnum og Russel gat alveg eins fallið inn þann hring. Því Richard grunaði strax að bréf sem væri flutt með slíkum hætti frá mafuforingjanum væri meira en lítið loðið þó ekki væri meira sagt.

Þar sem hann fékk svona gott tækifæri til að kanna hæfni sína sem flugumaður fannst Richard Shaw ekkert sjálfsagðara en að kanna þetta grunsamlega bréfi áður en hann kæmi því í réttar hendur. Þess vegna sagði hann: „Þá verður þú að koma bréfinu til mín strax því ég legg af stað út á flugvöll eftir tvo tíma.“ „Það verður ekkert mál, bréfið verður komið til þín innan klukkutíma.“

Þegar Georg Staples bílstjóri Cambells kom skömmu síðar og afhent honum bréfið með hansaklæddri hendi, þá vakti það strax athygli Shaw og einnig að það var ekkert nafn eða heimilisfang skrifað á umslagið, það var hvítt og autt. En hann sagði honum hver ætti að fá bréfið og hvar mótsstaður þeirra ætti að vera. Strax eftir að bílstjóri Cambells hafði afhent honum bréfið kvaddi hann og fór. Richard horfði eftir honum þar til að hann settist inn í bifreiðina og ók af stað, þá lokaði hann útihurðinni fór síðan inn í eldhús, setti bréfið sem var í lokuðu umslagi á borðið sem var út við eitt hornið í eldhúsinu skammt frá glugganum. Hann kveikti á kaffivélinni og fékk sér einn bolla af ilmandi heitu kaffi, settist við eldhúsborðið, tók bréfið upp og horfði á það hugsandi í góða stund.

Skyndilega stóð hann upp frá borðinu með bréfið í hendinni og gufu, opnað eitt hornið á umslaginu, eins og honum hafði meðal annars verið kennt af þjónustumönnum FBI. Hann notaði til þess gufuketil og bambusflís sem hann þræddi um horn umslagsins og hélt sterku ljósi að til að halda því opnu. Og með því að snúa flísinni inn í umslaginu þá rúllaðist bréfið upp á flísina og dró síðan bréfið út um hornið. Þegar hann hafði rúllað upp bréfið af bambusflísinni og ætlaði að lesa það til að kynna sér efnið þá skyldi hann ekki

innihald þess því það var dulkóðað með tölum, bæði utan og inna sviga og með nokkrum krossum, einnig örfáum bókstöfum. Þá var hann ekki í vafa lengur um að þetta bréf boðaði ekki gott fyrir einhvern eða einhverja á þessari bókmenntaeyju, sem er út í miðju Atlantshafi. Arngrímur átti þar greinilega að hafa stóran þátt. Hann var einnig ekki í vafa um að einu fingraförin sem mundu finnast á þessu umslagi og bréfinu voru hans eigin fingraför, fyrst að bílstjórinn sem kom með bréfið var í hönskum þegar hann afhenti honum bréfið á þessum góðviðrisdegi.

Þá hafði það engan tilgang að tilkynni þetta yfirmönnum hans því það lægi ljósast fyrir í augum FBI manna að draga þá ályktun að hann hefði skrifað þetta bréf sjálfur með ritvél eða tölvu, enda hefði þetta bréf engin sönnunargildi, ekkert nafn á móttakanda og enga undirskrift. Þetta var ekki meira en hann hefði mátt búast við af svo gætnum manni sem Russel Cambell var. Svo hann yrði að sjá til hvað hann gerði með þetta dulkóðaða bréf þar til að hann myndi eitthvað saknæmt á þessa menn. En bréfið leit svona út:

XX(5) 04 03 07(8). 062 20 09

089 16 07 071 29 04(2)

016 05 03 082 15 05 090 11 09

11 (K) 26 312 893 674 56 53.

78 (K) 33 753 123 918 66 83.

41 (L.A. 1) 53 634 817 856 36 12.

◦

Richard ljósritaði tvö eintök af dulkóðuðu bréfinu áður en hann setti það í umslagið aftur og lokaði því. Síðan fór hann í fartölvuna, sem hann tengdi aldrei við internetið og skrifaði nokkrar línur þar sem hann sagði frá tilkomu bréfsins og dagsetningu þegar hann hafði móttakið bréfið. Síðan nefndi hann hver hafi skrifað það. Einnig tilgreindi Richard að hann hefði samþykkt það að vera burðamaður þessa bréf til Íslands til að komast yfir efni þess, tilgreindi hvers vegna að hann tilkynnti ekki FBI frá þessu dulkóðaðu bréfi að

svo stöddu. Og hann lauk bréfinu með því að segja að hann muni fylgjast með móttakanda bréfsins og þeim sem hann hefur samband við og gera skýrslu um það efni og senda þeim skýrsluna svo fljótt sem auðið væri. Hann prentaði út tvö eintök af þessari skýrslu. Þurrkaði síðan úr tölvunni allt sem hann hafði skrifað um þetta mál. Setti síðan þessar skýrslu ásamt ljósrituðu dulkóðaða bréfinu í sitt hvort umslagið og lokaði þeim báðum, skrifaði síðan utan á annað umslagið til fyrirtæki sem nefnist Ríkisrekstur, sem er dulnefni, finnst hvergi á skrá og er á vegum FBI. En hitt umslagið er stílað á hann sjálfan. Hann setti það síðan í annað umslag og stílaði það á lögfræðing sinn sem hann hafði samið við, að ef hann fengi slík bréf frá honum ætti hann að geyma þau óopnuð og ekki afhenda þau neinum, hvernig sem á stæði, nema að honum látnum og þá átti hann að koma bréfunum óopnuðum til FBI. En frumritið af dulkóðað bréfinu setti hann í þriðja umslagið. Síðan setti hann þessi þrjú bréf, sem stíluð voru á Ríkisrekstur, lögfræðing hans og Arngríms í jakkavasa sinn og tók með sér fartölvuna um leið og hann gekk út á ganginn og inn í lyftuna. Þegar hún opnaðist á fyrstu hæðinni gekk hann að afgreiðslunni og bað þjóninn að setja fartölvuna og bréfið sem stílað er á Ríkisrekstur í öryggishólfið til geymslu þar til hann næði í hana sjálfur.

Eftir þessar hugleiðingar um síðasta sólarhringinn þar sem hann sat á kaffistofunni og beið eftir Arngrími, þá leit hann á klukkuna og sá að Arngrímur var þegar orðin hálf tíma of seinn. Hann náði sér í kaffi og fór að hugsa um þennan snögga frama Russels Cambells innan mafíunnar.

Frá þeim tíma þegar Russel Cambell var innvígður í stjórn mafíunnar hefur hann risið hátt innan Cosa Nostra á ótrúlega stuttum tíma og er orðinn einn af æðstu mafíuforingjum Bandaríkjanna. Það sem honum fannst meira en lítið undarlegt var hvernig Russel náði foringjatign eftir lát föður síns gegn hans vilja þar sem hann hafði verið áhrifamikill innan hreyfingarinnar. „Ég held að hann hljóti hafa beitt með einhverjum hætti þessari þekktu framsæknu kænsku hans og snilldarbrögðum sem hann venjulega notar undir slíkum kringumstæðum og virðist hvergi koma nærri ef óþverramennskan spilar þar inn í.“

Richard vissi vel að hann var ekki hátt skrifaður innan Cosa Nostra þar sem hann vildi ekki koma nærri verkefnum mafíunnar, þess vegna var hann undrandi á að Russel skuli

hafa beðið hann að flytja þetta bréf til Íslands. Hann velti þessu fyrir sér: „Sennilega hefur hann talið víst að ég mundi ekki voga mér að reyna að opnað bréfið eða getað gert það án þess að merki sæust um það. Þar að auki veit Russel að ég þekki reglur mafíunnar og dómhörku hennar, að svik við hana og við frændfólk mitt innan hennar er hinn verst glæpur og dómur þeirra eftir því ef upp um mig kemst. Þó að ég hafi ekki vilja blanda mér við starfsemi mafíunnar þá verð ég samt alltaf að mæta þegar veisluhöld eru skipulögð af ættingjum mínum því það er hrein móðgun og óafsakanleg framkoma ef viðkomandi ættingi mætir ekki, ef sá hinn sami hefði enga viðunandi afsökun fyrir því þar sem fjölskyldutengslin eru ein af æðstu skyldum mafíunnar. Svo hef ég fundið það síðustu árin að þeir treysta mér ekki meira en mátulega og kannski með sama hætti og þeir gerðu við föður minn, annars hefði Russel aldrei beðið mig um að koma þessu dularfullu bréfi til skila. En mér finnst alltaf einkennilegt hvað morðið á föður mínum kemur oft upp í huga minn, sennilega er það vegna þess að mér finnst alltaf eitthvað málum blandað við þetta morð þó ég hafði ekki lagt mig beint í líma við að kanna það þar sem ég hef alltaf talið mig ekki hafa nægilega undirstöðu eða þekkingu til þess. En nú hafa málin snúist við að þessu leiti því ég hef betri grunn og meiri þekkingu í dag en áður til að kanna slík mál og á kannski þægilegra með að komast betur inn í málið með aðstoð David Webb,“ hugsaði hann.

Þá rifjaðist upp í huga Richard það sem Luther Cambell sagði um morðið á föður hans þegar hann spurði Cambell hvaða hugmyndir hann hefði um morðið á föður sínum. Þá sagði Luther: „Eftir því sem ég tel mig vita best þá er ég ekki sammála lögreglunni að faðir þinn hafi verið myrtur af misgáningi á þeim forsendum að morðinginn hafi talið víst að faðir þinn væri ég, þar sem auðvelt var að taka feil á okkur í fjarlægð, því við vorum nokkuð ámáta í útliti. En það sem styrkti lögregluna enn betur um að svo væri var að faðir þinn gekk að bílnum mínum, tók bíllyklana upp úr vasa sínum og ætlaði að opna bílinn minn, þá taldi lögreglan það næsta víst að það hafi verið augljóst fyrir morðingjann að álíta að faðir þinn væri ég.“ „En er það ekki einmitt trúlegt að morðinginn hafi tekið feil á þessa og þér að því að þið voruð þetta líkir?“ Ég taldi í fyrstu að svo væri, en það hefur engin gert neinar tilraunir til að myrða mig hvorki áður eða eftir að faðir þinn var drepinn, þess vegna er það alveg öruggt að faðir þinn var í sigtinu hver sem ástæðan er.“

Eftir þetta samtal leitaðist Richard eftir að vinna trúnað þeirra einhverra hluta vegna, en sjálfsagt hefur það verið vegna þess að hann hafi alltaf haft það á tilfinningunni að morðið á föður hans væri einskonar innanbúðarmál mafunnar, sem faðir hans hafi sennilega komist óvænt að einhverju leyndarmáli um, einhvern innan mafunnar, sem viðkomandi aðili hafi talið of hættulegt að hann viss um og því talið nauðsynlegt að faðir hans væri drepinn. Hann gat ekki ímyndað sér aðra ástæðu fyrir því að einhver skuli vilja drepa föður sinn. Því eftir því sem hann hefur komist næst þá hélt faðir hans sig frá öllu ólöglegu athæfi að frá töldu því að faðir hans þagði þunnu hljóði um öll þau glæpaverk sem hann hafði hugmynd um að mafían hafði framið, hann var að því leyti samsekur þeim. En þessi niðurstaða hans byggðist á því að það væri rétt ályktað hjá Luther að dauði föður hans hafi verið skipulagður.

En síðar þegar Richard hugsaði nánar um þetta mál kom efi upp í huga hans um að Luther Cambell hafi sagt honum allan sannleikann. Kannski hefur hann vitað meira um þetta mál en hann vildu vera láta og þá bendir það nokkuð líklega á mafíuna. Eftir þetta hafði hann ákveðið að reyna að nálgast sannleikann í rólegheitum án grunsemdar þeirra en hingað til hafði honum orðið lítið ágengt að öðru leyti en því að grunur hans styrktist meir um það mál en áður.

„En með þessari beiðni Russels um að senda mig til Íslands með þetta bréf eykst grunur minn, eftir að ég sá bréfið með dulmálinu, um að Russel Cambell ætli sennilega að slá tvær flugur í einu höggi með þessari beiðni hans. Fyrst og fremst að nota ferð mína til Íslands og það kæmi mér heldur ekki á óvart að hugur hans stefndi einnig að því að fá mig til smá viðvika og koma mér með þeim hætti í einhverja gildruna sem ég verð síðan fastur í og þá bundin honum á einhvern hátt. Ef þessi tilgáta mín er rétt skyldi þá eitthvað annað liggja þar á bak við eins og til dæmis forvitni mín um dauða föður míns þó ég hafi freka lítið gert í því að spyrjast fyrir um afdrif hans?“ hugsaði Richard.

Á meðan Richard sat yfir kaffibollanum í þessum hugleiðingum á meðan hann beið eftir Arngrími Hanssyni kom hann skyndilega fyrir hornið að styttri álmunni á kaffistofunni og leit yfir þann hluta salarins sem Richard Shaw beið hans í eins og hann væri að athuga hvar hann ætti að setjast. Hann gekk síðan til Richard og spurði: „Ertu búinn búin að lesa Morgunblaðið?“ Richard svaraði um leið og hann rétti honum blaðið: „Ég á reyndar þetta

blað en það er allt í lagi, þú mátt fá það, ég er búinn að lesa það.“ „Þakka þér kærlega fyrir,“ sagði hann um leið og hann tók við Morgunblaðinu og settist við eitt borðið skammt frá. Litlu síðar kom þjónninn og Arngrímur pantaði það sem hugur hans girntist.

Skömmu síðar stóð Richard upp frá borðinu og gekk að afgreiðsluborðinu, greiddi þjónustustúlkunni reikninginn, fór út af veitingahúsinu og gekk beinustu leið að bifreiðinni sem hann hafði tekið á leigu, settist upp í hana og beið þar eftir að Arngrímur birtist. Það voru tveir bílar fyrir framan bifreið hans vestan við gatnamótin svo það var lítil hættu á að Arngrímur sæi hann þegar hann birtist á bílplaninu sem var austan við þessi sömu gatnamót. En það gat alveg eins verið að Arngrímur hefði lagt bifreið sinni á bak við Borgarbókasafnið. Richard þurfti ekki að bíða lengi þegar hann sá Arngrím koma gangandi í átt að Bókasafninu sem var norðan við bifreið Richards og hvarf síðan á bak við húsið. Litlu síðar kom hann akandi á upphækkuðum Pajero-jeppa á sérbreiðum dekkjum. Það undrar margan útlendinginn hve margir sérhannaði jeppar eru akandi um borgina.

Arngrímur beygði austur Tryggvagötu og ók síðan beinustu leið austur í bæ í átt að heimili sínu við Rauðalæk 98c. Hann lagði jeppanum í innkeyrsluna fyrir framan bílskúrinn við hliðina á stóru vinkilaga einbýlishúsi. Richard, sem hafði elt hann alla leiðina, hafði passað sig á því að hafa alltaf einhverja bíla á milli þeirra, lagði bifreið sinni við Rauðalæk skammt frá gatnamótum en þá var Arngrímur að læsa bifreið sinni með fjarstýringunni og gekk síðan grandalaus að íbúðarhúsinu.

Richard ákvað að bíða einhverja stund því hann taldi næsta vísit að ef Arngrímur hefði eitthvað óhreint í pokahorninu myndi hann sennilega ekki hafa samband úr sínum eigin síma þegar um slík viðskipti væri að ræða sem ekki þyldu dagsins ljós eins og hann grunaði Arngrím um. Og þá taldi Richard sennilegt að Arngrímur gæfi einhverju glæpagengi þær skipanir sem þyrfti samkvæmt dulkóðaða bréfinu ef það væri skrifað á þá lund sem Richard hafði grun um og Arngrímur gengist inn á að framfylgja því.

Richard beið góða stund rólegur í þeir vissu að Arngrímur færi á stúfana eftir einhvern tíma þegar hann væri búin að þýða dulritið. Síðan taldi Richard að Arngrímur hefði samband við lið sitt, sem kannski gæfi Shaw einhverjar upplýsingar sem héldu vatni. Það fór nákvæmlega eins og Richard áætlaði.

Þegar Arngrímur hafði lokað útihurðinni á eftir sér gekk hann beint inn í stofu, lagði bréfið á sófaborðið, gekk að bókaskápnunum og náði í bókina Quo Vadis?, lagði hana við hliðina á bréfinu, fór inn í eldhús og fékk sér kaffibolla. Fór aftur inn í stofu, settist í einn sófastólinn sem var við sófaborðið og drakk nokkra sopa af funheitu kaffinu, hugsandi áður en hann reif upp bréfið. Að tuttugu mínútum liðnum var hann búinn að ráða dulmálið. Síðan hringdi hann í upplýsingar og fékk uppgengið hverjir eigendurnir væru að þessum þremur símanúmerum sem kóðuð voru í tölunum í þrem síðustu línunum á dulkóðaða bréfinu. Fór síðan í götuskrána og sá þá að það var aðeins móðir Kára sem var friðhelg. Hann skrifaði þýðinguna á blað hjá sér. Dulmálið afkóðað var á þessa leið:

Þú hefur frá og með deginum í dag fjögur ár til að ganga frá þessum neðangreindu manneskjum. Það verður skilyrðislaust að líta út sem sjálfsmorð. Þessar neðangreindu fimm manneskjur eru hjónin María Þorkelsdóttir og Tryggvi Daðason til heimilis að Spítalastíg 101 í Reykjavík. Og dóttir þeirra Birta Tryggvadóttir og eiginmaður hennar Axel Arnarson til heimils að Fögrubrekku, Tindadal í Húnavatnssýslu. Og Kári Arnarson bróðir Axels, hann býr hjá móðir þeirra bræðra. Hún heitir Mjöll Ólafsdóttir til heimilis að Kárastíg 65d í Reykjavík.

Hann lagði nöfnin og heimilisföngin á minnið, reif síðan miðann í smá agnir og sturtaði síðan miðasneplunum niður um salernisskálina. Að þessu loknu fór hann fram í eldhús og náði sér í kaffi, fór aftur inn í stofu og settist í hægindastólinn sinn og sat þar hugsandi í á annan klukkutíma. Þá var hann búinn að taka ákvörðun um hvernig skyldi staðið að þessu verki svo vel færi. Skömmu seinna gekk Arngrímur út úr húsi, settist inn í bifreiðina og ók beinustu leið austur í Kópavog, niður Smiðjuveg, beygði inn Grænugötu og stöðvaði bifreiðina við Bifreiðaverkstæði Bolla og Jökuls og gekk síðan inn á verkstæðið. Richard hafði ekið á eftir bifreið Arngríms alla leiðina og lagði bifreið sinn á planið við næsta hús á bak við aðra bifreið sem var lagt næst við bílaplanið sem tilheyrði verkstæði vinanna, en samt þannig að hann gæti fylgst með dyrunum að verkstæði Bolla og Jökuls.

Þegar Arngrímur var komin inn á verkstæðið sá hann að félagarnir tveir voru að gera við sinn hvorn bílinn. Hann gekk til Bolla, þeir kinkuðu kolli til hvors annars og Arngrímur fór síðan inn skrifstofuna. Litlu síðar kom Bolli og settist í sætið innan við skrifborðið og spurði: „Ertu að koma með bifreiðina í viðgerð eða hefurðu annarskonar verkefni handa

okkur?“ „Já, það hef ég, réttu mér blað úr blokkinni sem liggur þarna hjá þér.“ „Bolli reif blað úr skrifblokkinni og rétti honum. Arngrímur skrifaði nöfn og heimilisföng þessara dulkóðuðu aðila sem hann hafði verið beðinn um að koma fyrir kattarnef, rétti síðan Bolla miðann og sagði: „Leggðu þessi nöfn og heimilisföng á minnið og réttu mér síðan blaðið aftur.“

Þegar Bolli hafði örugglega lagt nöfnin og heimilisföngin á minnið rétti hann Arngrími blaðið aftur. Hann tók við því og reif blaðið í smátætlur, stóð síðan upp úr stólnum og fór inn á salerni og sturtaði sneplunum niður í klósettið. Hann treyst engum. Fór síðan inn á skrifstofuna, settist í sama stól og sagði við Bolla: „Ég vil að þú sjáir til þess að það verði fylgst með þessu fólki allan sólarhringinn.“ „Fyrst þú vilt eftirlit allan sólarhringinn þá komumst við ekki af með minna en þrjá eftirlitsmenn á hverja manneskju, ef vel á að standa að verki en hversu lengi á eftirlitið að standa yfir?“

„Eins lengi og nauðsyn krefur því ég vil vita allt um þetta fólk, hvert þau fara, hvað þau gera dags daglega, hverja þau umgangast og ég vil einnig vita áhugamál þeirra, ef þau eru einhver. Þið verði einnig að taka sem flestar ljósmyndir af þeim og öllum sem þau umgangast undir sem flestum kringumstæðum. Ég vil einnig fá margar loftmyndir, bæði ljósmyndir og hreyfimyndir af Fögrubrekku í Tindadal í Húnavatnssýslu og einnig af öllum dalnum og þið byrjið strax á þessu verkefni þar sem þessi undirbúningur tekur langan tíma.“

„Það verður ekkert mál, ég skal hringja í yfirforingjann núna strax því ég veit að hann er heima við í dag og ég boða honum komu mína núna strax í dag.“ Bolli tók upp símann, hringdi í Fannar Grétarsson og tilkynnti honum komu sína kl. 20 þetta sama kvöld, lagði síðan símtólið á aftur og sagði: „Þá er búið að ganga frá því. En þar sem ég tel að allur þessi undirbúningur hljóti að vera eitthvað annað og meira en aðeins að njósna um þessa fjölskyldu þá verð ég að vita hvað á að gera við hana.“ „Það á að koma þeim öllum fyrir kattarnef og það verður að líta út sem slys. En við byrjum á því að kanna alla þætti þessarar stórfjölskyldu. Og þegar það er gert eiga foringjarnir þrír í sameiningu að leggja fram frumdrög að aðgerð sem við yfirförum og bætum ef þess þarf með. Þess vegna verða skýrslurnar að vera vandaðar, nákvæmar og myndirnar sérlega góðar svo þessi aðgerð valdi engum grunsemdum hjá lögreglunni.“ „Bolli horfði á Arngrím

svipbrigðalaust og sagði: „Það þarf nú mikið til, til að geta þurrka út fimm manns í sömu fjölskyldu án þess að lögreglunni finnist það grunsamlegt.“ „Við höfum góðan tíma, fjögur ár svo það ætti alveg að geta gengið grunlaust,” sagði Arngrímur og bætti síðan við: „Við látum sem þú ætlir að gera við bílinn minn og þið komið með hann annað kvöld.“ „Alltaf jafn gætinn,” sagði Bolli. „Já, ekki veitir af, ég hef hreint sakavottorð, en það hafið þið ekki, þó lögreglan telji að þið séu hættir öllum afbrotum þá er allur varin góður. Ég verð að láta líta út á yfirborðinu eins og samband okkar sé einungis vegna viðgerðar á bifreið minni. Þetta er það mikilvægt verkefni að það má ekki bregðast svo ég ætlast til að þú og félagi þinn takið að ykkur að myrða gömlu hjónin. Þú lætur Jökul sjá um sjálft verkið þar sem hann er eldklár ökumaður. Ég hef áreiðanlegar heimildir fyrir því að gömlu hjónin muni fara á eigin bifreið Austur á firði seinni partinn í ágúst. Ég hef hugsað mér að þeim verði fyrirkomið á leiðinni á heppilegum stað, en þið verðið að fylgjast með því hvort einhver breyting verði þar á. Þið vinirnir hljótið að geta í sameiningu fixað einhvers konar græjur á bifreiðina sem þið notið í verkefnið svo það sjáist ekkert á ykkar bifreið.“ „Það verður ekkert vandamál.“

„Svo er eitt annað sem ég hef margítrekað við þig, að þú standir við samkomulagið sem við gerðum, að þið tveir vinirnir og allir undirmenn ykkar komið ekki nálægt eistnesku og pólsku glæpasamtökunum. Þar með talið eru allir þeir útlendingar og íslensku þjóðarsvikararnir sem hafa gengið í félagsskap með þeim og hafa verið stelandi um allar trissur hér á landi og flytja síðan þýfið sem eru tuga milljóna virði, ef ekki hundruð milljóna. Þessir Íslendingar eru þjóðarsvikarar að flytja þessar milljónir úr landi í staðin fyrir að koma þeim í umferð héraðs eins og við gerum.“

„En það hefur sýnt sig að skipulag okkar er mjög gott og lögreglan hefur ekki hugmynd um að það eru við sem stjórnun og skipuleggjum mest af eiturfjainnflutningnum og einnig eru það við sem stjórnun bak við tjöldin, þetta svokallaða einstaklingsframtak, við að rækta maríjúana héraðs og þannig skal það vera framvegis,” sagði Bolli og bætti síðan við: „Hvers vegna ert þú svona mikið á móti þessu þjófahyski þegar þeir hafa að miklu leyti verið skjöldur okkar án þess að gera sér það ljóst eða láta sér það í léttu rúmi liggja?“ „Það þykir mér ólíklegt, því þeir vita af okkur og hafa reynt að klína á nokkra af félögum okkar því sem þeir hafa gert, en ekki tekist, nema þessir tveir svikarar úr okkar hópi og sem eru enn þá undir stjórn Halldórs foringja í Nátttrafninum, sem lögreglan

handtók, þeir sitja núna inni í nokkur ár. Halldór er ekki búinn að reka þá úr flokknum og hann verður að gera það, en um leið að gera þeim það ljóst að þeir verði líflátnir ef þeir þegja ekki um okkar hagi, eins og venjulega undir slíkum kringumstæðum.“ „Því miður þá hefur þetta farið fram hjá mér, ég taldi víst að hann hafði rekið þá úr hópnum sínum. Ég skal hringja í Halldór á eftir og mæla mér mót við hann og ganga frá þessu þá. En mig langar að vita hvers vegna Eistlendingarnir sem stunda þennan þjófnað og þessir svikulu Íslendingar, eins og þú kallar þá sem vinna fyrir þá, fara svona illa í þig, fyrst þeir eru að nokkru leiti skjöldur okkar, ég hefði haldið að þú ættir að vera þakklátir þeim þess vegna.“ „Ég nefni þessa Íslendinga þjóðarsvikara vegna þess að þeir gera svo lítið úr sér að hjálpa Eistlendingunum að smygla þessum óhemju dýru vörum úr landi sem hverfa og peningarnir sem fást fyrir vörurnar verða Íslendingum ekki til gagns meir. Ef þeir gerðu eins og við, að þvo gróðann af verslun okkar í fyrirtækjum héraendis eftir ákveðnum leynileiðum sem við sjáum um (þá átti hann við að Arngrímur skipuleggur það) og gróðinn sem eftir stæði færi í umferð héraendis, þá væri ég sáttur.“ Bolli brosti með sjálfum sér því að karlinn faldi samvisku sína á bak við það að telja sjálfum sér trú um að með því að eyðileggja margar íslenskar sálir með því að byrja þeim eitru þá byggði hann upp Ísland um leið. Litlu síðar stóðu þeir upp og gengu að einni bifreið sem Bolli átti og settust inn í hann. Síðan ók Bolli Arngrími heim. Þegar hann kom inn á verkstæðið aftur hafði hann samband við Halldór foringja Náttfráfningsins og mælti sér mót við hann í veitingahúsinu Rauðaglimmer.

Á meðan Richard beið þolinmóður í bifreiðinni hringdi hann í upplýsingar 118 og spurði símastúlkuna hverjir væru skráðir eigendur að Bifreiðaverkstæði Bolla og Jökuls við Smiðjuveg 89 í Kópavogi og bað einnig um heimilisfang þeirra. Hann skrifaði upplýsingarnar í minnisbók sína.

Eftir rúmlega klukkutíma bið sá Richard Shaw að Arngrímur gekk út af verkstæðinu með annan mann við hlið sér. Þeir settust inn í fólksbifreið sem stóð þarna fyrir utan verkstæðið og það var ókenni maðurinn sem settist undir stýri. Richard ákvað að elta þá þó að margt benti til þess að Arngrímur hefði aðeins verið að fara með bifreið sína í viðgerð, en samt vildi hann fylgjast meira með þessum meintu grunuðum mönnum, að hans áliti.

Þeir óku beinustu leið heim til Arngríms að Rauðalæk. Þegar Bolli sveigði bifreiðinni inn götuna ók Richard þar fram hjá og beygði austur Sundlaugaveg og ók síðan inn Dalbraut, þar lagði hann bifreiðinni miðsvæðis og beið því Rauðalækur liggur í boga inn á Dalbraut sem er einstefnugata. Það leið ekki á löngu þar til Bolli kom einsamall á bifreiðinni og ók þaðan sem leið lá inn á Sæbraut í vestur og síðan áfram lengst vestur í bæ að Meistaravöllum og Richard fylgdi á eftir á sinni bifreið og hafði oftast ein til tvo bíla á milli þeirra. Hann var viss um að Bolli hefði ekki hugmynd um að honum væri veitt eftirför.

Bolli hafði stöðvað bifreiðina fyrir framan eitt snyrtilegt einbýlishús að Meistaravöllum 88d. Hann steig út úr bifreiðinni, gekk að útidyrnum og hringdi dyrabjöllunni. Eftir örskamma stund opnuðust dyrnar, í dyragættinni birtist nokkuð hár maður, mikillátur reffilegur, alskeggjaður með dimma rödd. Hann bauð Bolla inn á skrifstofuna sína.

Þessi stóri maður, Fannar Grétarsson bar titilinn yfirforingi og var einn af foringjunum þremur sem stjórnðu þrem helstu glæpagengjunum í Stór-Reykjavík, sem var í raun undir stjórn Arngríms án þeirra vitundar, aðeins þegar hann þurfti á þeim að halda, að öðru leiti stjórnðu foringjarnir hver sínum flokki eftir sínu höfði. Þegar þeir voru sestir sagði Fannar: „Jæja, samkvæmt símtali þínu þá kvaðst þú vera með á takteinum mjög áhugavert verkefni handa okkur.“ „Já, það mun rétt vera og ég vil að allir hóparnir þrír vinni sem einn maður að þessu verkefni og að sjálfsögðu verður þú leiðtogi eins og um hefur verið samið þegar þannig stendur á en ferð að sjálfsögðu eftir fyrirmælum mínum.“ Síðan gaf Bolli Fannari þau fyrirmæli sem Arngrímur hafði fyrirskipað.

Á meðan á þessu stóð hringdi Richard aftur í upplýsingar og spurði símastúlkuna hver ábúandinn væri að Meistaravöllum 88d. Hann skrifaði nafn og heimilisfang í minnisbókina sína. Núna hafði hann fjögur nöfn af meintum afbrotamönnum sem Richard gat ekki látið hjá líða að yrðu kannaðir nánar og það gerði engin betur en FBI.

Eftir stutta bið og skamma umhugsun ákvað Richard að aka í burtu og beinustu leið að hótelinu sem hann gisti á. Þegar þangað var komið hringdi hann til Washington DC og eftir nokkrar hringingar svaraði símastúlkan: „Ríkisrekstur.“ Þetta fyrirtæki hefur leyninúmer og það er ill mögulegt hlera þetta númer, sem hefur x á milli tveggja ákveðinna stafa svo það er ólíklegt að nokkur rambi á þetta númer en ef svo ólíklega vildi

til þá gefur símastúlkan viðkomandi persónu samband við það númer sem hann ætlaði að hringja í. „Ég er Skuggsjá 1149.“ „Það verður haft samband við þig eftir einhverja stund.“ Eftir tæpar tíu mínútur hringdi síminn, Richard tók upp tólið og David Webb svaraði: „Ég hélt að þú værir í frí.“ „Það taldi ég líka,“ og spurði „Er það rétt skilið hjá mér að þetta símtal sé ruglað?“ „Já, þess vegna getur þú sagt mér það sem þér liggur á hjarta, óhikað.“

Þá sagði hann Webb alla sólaröguna, frá fyrsta degi þegar Russel Cambell hringdi í Richard og bað hann að flytja með sér bréfið sem bílstjóri hans Giles Denison kom með litlu síðar, sem Richard átti að flytja með sér til Íslands og afhenda það Arngrími Hanssyni á Kaffihúsi Reykjavíkur. Og benti honum meðal annars á að Cambell og Arngrímur höfðu verði skólabræður og miklir vinir þegar þeir voru í Ríkisháskólanum í Washington. „Við vitum allt um það, en hvað gerðir þú svo?“ „Ég opnaði bréfið skömmu eftir að bílstjórinn var farinn því mér fannst eitthvað gruggugt við þetta bréf en það kom mér ekki á óvart að bréfið var dulkóðað. Ég ljósritaði það, setti það í umslagið aftur og tók bæði eintökin með mér til Reykjavíkur öryggisins vegna því það gæti vakið einhvers konar grun hjá Russel Cambell mafíuforingja ef hann léti fylgjast með mér og sæi að ég færi með eitthvað bréf í pósti í Washington skömmu eftir að mér væri afhent bréfið frá Cambell. Þess vegna ætla ég að sendi ykkur skýrslu um þetta mál, ég stílaði bréfið á *Ríkisrekstur*. „Og hvað hefurðu gert í þessu máli?“ „Ég tók bíl á leigu og afhenti Arngrími bréfið á Kaffihúsi Reykjavíkur. Síðan elti ég Arngrím Hansson heim til hans að Rauðalæk 98c. Ég beið þar skammt frá í tæpa tvo tíma því ég taldi víst, ef grunur minn væri réttur, að þá kæmi hann út aftur eftir að hann hefði ráðið kóðann og það gerði hann líka. Hann ók beinustu leið austur í Kópavog að bifreiðaverkstæði Bolla og Jökuls við Smiðjuveg, þar fór Arngrímur inn og var góða stund.“ „Var hann ekki einungis að fara með bifreiðina í viðgerð?“ „Það kom mér einnig til hugar fyrst í stað, en efaðist samt um að svo væri, og ákvað þess vegna að bíða og sjá hvað gerðist næst. Ég tel að það hafi borgað sig miðað við það sem síðar kom fram, þó að það ætti að láta líta út sem hann væri að fara með bifreiðina í viðgerð.“ „Hvað heita þessi menn og hvar eiga þeir heima?“ „Ég kannaði það einnig, Bolli Friðgeirsson að Álfheimum 201 í Kópavogi og Jökull Ársælsson, Grettisgötu 130 í Reykjavík. Þeir eru báðir skráðir eigendur fyrirtækisins. Arngrímur skildi bifreiðina eftir á verkstæðinu en Jökull keyrði hann heim til hans að

Rauðalæk 98c, í eigin bifreið. En þegar hann var búinn að skila Arngrími af sér ók hann beinustu leið vestur í bæ að Meistaravöllum 88d. Þar býr Fannar Grétarsson. Ég tel það vera þjóðráð að kann feril þessara manna.“ „Ég skal sjá um það og hef samband við þig síðar.“

Fimm dögum seinna, seinnipart dags hringdi farsíminn hjá Richard. Þegar hann svaraði var David Webb sérþjónustumaður í hinum enda línunnar og sagði: „Bolti og Jökull eru fyrrverandi afbrotamenn og ekki bendir til annars en að þeir hafi lokið þeim ferli frá þeim tíma sem þeir hófu skólagöngu á ný og luku báðir sveinsprófi í bifvélavirkjun og skömmu síðar keyptu þeir þetta verkstæði. En Fannar hefur setið nokkrum sinnum inni bæði fyrir þjófnað og eiturlyfjasölu en síðustu tíu árin hefur ekki verið hægt að sanna á hann nein afbrot þó lögreglan viti að hann stjórnir flokki glæpamanna í Stór-Reykjavík. Hann er einn af þremur meintum glæpaforingjum í Stór-Reykjavík, undirmenn þeirra eru allir sem einn þöglir sem gröfin þegar einhverir þeirra er sóttur til saka fyrir eiturlyfjasölu, handrukkanir eða önnur afbrot sem þeir hafa framið. Aftur á móti hefur Arngrímur hreinan skjöld. En við vitum betur hér í Bandaríkjunum þó að við höfum ekki getað sannað á hann lögbrot. Ég er búin að fá skýrsluna frá þér í hendurnar og sérfræðingar eru byrjaðir að reyna að leysa dulkóðaða bréfið. Við hjá FBI teljum að þessir fjórir menn séu að undirbúa eitthvað stórvægilegt á Íslandi og sennilega mikið skaðlegt. Þess vegna hefur Robert Canfield forstjóri FBI haft samband við Arnar Jensson fulltrúa Íslands hjá Europol. Við hjá FBI höfum sterkan grun um að mafíuforinginn Russel Cambell sé að mynda einhvers konar teymi milli þessara fjöggra manna sem þú gafst okkur upp og ef grunur okkar er réttur um þetta teymi mun verða mjög skaðleg uppákoma á þessari eyju ef þeir komast upp með það. Þú hefur nú þegar gert mjög gott verk, en frá þinni hendi er þessu lokið, þú kemur ekki nálægt þessu meir, eins og þú ættir að vita.“ Hann hafði að sjálfsögðu gert ráð fyrir því. Og naut lífsins á Íslandi með því að ferðast um Suðvesturlandið þann stutta tíma sem hann var á Íslandi.

10. KAFLI

Skömmu eftir að Robert Canfield forstjóri FBI hafði samband við Arnar Jensson fulltrúa Íslands innan evrópsku löggæslustofnunarinnar Europol og tilkynnt Arnari um grunsemdir þær sem framan greinir. Þá hafði Arnar Jensson fulltrúi Íslandsdeildar Europol samband við Lárus Gústafsson lögreglustjóra ríkisins og sagði honum frá upphringingu forstjóra FBI og grunsemdum manna innan þessara stofnana.

Þegar lögreglustjóri ríkisins hafði lagt símtólið frá sér eftir símtalið við Arnar Jensson fulltrúa varð honum lítið eitt brugðið. Hann hugsað málið dágóða stund og hafði síðan samband við fulltrúa sína og boðaði þá á fund kl. 15 daginn eftir. Á fundinn mættu sex fulltrúar lögreglustjóra, þar á meðal Bárður Grétarsson yfirmann rannsóknardeildar Reykjavíkur.

Það kom þeim ekkert á óvart sem á fundinum voru þegar lögreglustjórinn nefndi þrjú nöfn af þessum sex, en fjórða nafnið kom þeim gjörsamlega í opna skjöldu. FBI hafði tilkynnt honum að það benti margt til þess ákveðin glæpagrúppa með þessa sex menn innanborðs á Íslandi væri að undirbyggja eitthvert óhæfuverki þar í landi og bandaríski mafíuforinginn Russel Cambell kæmi þar mikið við sögu.

Það sem kom þeim mest á óvart var að Arngrímur Hansson viðskiptafræðingur, sem þeir þekktu lítilháttar frá fréttamiðlun vegna starfsemi hans sem viðskiptafræðings, hafði verið góðkunningi og skólabróðir Russel Cambell og oftlega verið grunaðir við óhæfuverk en aldrei hafði tekist að koma sök á þá. Og einungis það að hann skuli hafa fengið dulkóðað bréf frá mafíuforingja í Bandaríkjunum hreyfði verulega við þeim. En fundarmenn voru vel kunnugir þessum fyrrgreindu þremur nöfnum. Fyrst má nefna Fannar Grétarsson, Halldór Eiríksson og að síðustu Torfa Finnbogason. Þeir eru allir sterklega grunaður af rannsóknarlögreglunni um að vera stjórnendur þessara glæpagengja sem nefnast Skuggabaldur, Nátthrafninn og Næturgalinn. Þessir þrír glæpaflokkar hafa farið um Stór-Reykjavík með alskyns þjófnaði, eiturlyfjasölu og þátttöku í innflutningi á slíkum eignum og grunsemdir um innflutning á súludönsurum sem sumar hverjar voru grunaðar að vera

á vegum erlendra þrælasöllumanna. Og einnig fyrir að beita ýmsu fólki ofbeldi við handrukkanir vegna skulda þeirra vegna eiturlyfjakaupa af götusöllum.

Lögreglan á Suðvestur-horni landsins hefur oftlega haft afskipti af þessum glæpagengjum og oftlega handtekið marga þeirra sem hafa fengið stutta dóma en sumir sem handteknir hafa verið hafa fengið allt að tíu ár dóm. Engin af þessum föngum hefur þó viðurkennt að þeir hafi einhvern foringja yfir sér. Þeir svara þessu allir með svipuðum hætti, þó þeir séu ekki í sama genginu. „Þetta er einungis vina- og kunningjagengi sem við félagarnir erum í og stundum kemur það fyrir að þrjú safnist saman okkur til ánægju en engin sérstakur stjórnandi ræður yfir hinum innan hópnum.“ Vegna þess hvað svörin eru nokkuð samhljóma á milli glæpagengjanna telur rannsóknarlögreglan næsta víst að einhvers konar samráð sé á milli þessara þriggja flokka, alla vega í sumum tilfellum.

En vinirnir tveir af þessum fjórum tilteknum mönnum, þeir Bolli Friðgeirsson og Jökull Ársælsson komu fundarmönnum í opna skjöldu því lögreglan vissi ekki betur en að þessir tveir menn hefðu betrubætt sig og væru orðnir góðir þegnar ríkisins. Þessir fulltrúar ríkisins sem voru á fundinum höfðu aldrei heyrt neitt misjafnt um þennan Arngrím Hansson viðskiptafræðing og sáu við athugun að hann hafði hreint sakavottorð. Og þeim þótti meira en lítið athyglisvert að hann skuli hafa verið skólabróðir og vinur manns sem nú var mafíuforingi í Bandaríkjunum og þar að auki fengið bréf með leyniskrift frá þessum Russel Cambell.

Þó þeir hefðu enga hugmynd um hvaða merking fælist í innihaldi bréfsins sem lögreglustjórinn fékk sent með tölvupósti frá FBI voru þeir allir sammála um að það yrði að taka bréfið alvarlega. Og allir sem á þessum fundi voru höfðu heyrt ávæning um að Ólafur Halldórsson, vettvangsstjóri hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík hefði nokkrum sinn imprað á að hann hefði það sterklega á tilfinningunni að þessir tveir tilgreindu vinir, Bolli og Jökull, hefðu ekki yfirgefið glæpabrautina því hann teldi að þetta fyrirtæki sem þeir stofnuðu væri aðeins yfirvarp.

Bárður yfirrannsóknarlögreglumaður hafði áður, vegna glöggskyggni Ólafs vettvangsstjóra gefið honum leyfi til að fylgdist með þeim Bolla og Jökli um tíma svona með öðru auganu, eins og sagt er. En á þeim tíma sem hann og flokkur hans hafði til umræða í þetta mál var ekki hægt að sína fram á annað en Bolli og Jökull væru

endurskapaðir sem nýir gegnir borgarar. Síðan hefur öllum afskiptum af rannsóknarlögreglunni við þá verið hætt.

Eftir umræður í á annan klukkutíma var ákveðið að það yrði að fylgjast með þessum sex tilgreindum mönnum með ákveðnum hætti, en vandamálið var mannekla innan lögreglunnar, sem er eitt aðalmeið hennar og því erfitt að framkvæma þetta verkefni eins og skyldi. En málið var leyst á þann hátt að vakthafandi lögreglumenn gæfu skýrslu um þessa tilteknu menn ef sæist til þeirra. Og einnig skyldi lögreglan leggja sérstaka áherslu á að reyna að taka eftir hvort einhverjar nýjar uppákomur innan glæpagengisins sem veður uppi hér í stórborginni og sérlega launung er um.

Og rannsóknarlögreglan átti að yfirheyra gaumgæfilega alla fanga sem teknir yrðu í vörslu lögreglunar og tilheyrðu þessum tilteknu glæpahópum og reyna að fá hjá þeim eins mikið af upplýsingum um þessi tilteknu glæpagengi og mögulegt væri.

Ólafur Halldórsson vettvangsstjóri hefur átta menn undir sinni stjórn: Bryndísi Örlygsdóttur og Valtý Ásmundsson rannsóknarlögreglumenn, Huldu Baldursdóttur og Hallgrímu Pétursson tæknifræðinga, Hrafn Hjartason fingrafræðing, Reyni Torfason tölvufræðing, Brynjar Valtýsson ljósmyndara og Ágústu Hjartardóttir réttarlíffræðing.

Vettvangsstjóri ræður að nokkru leiti sjálfur hvort hann stýri mönnum sínum frá skrifstofunni eða fari með þeim á vettvang, sem hann gerði oftast ef hann gat komið því við. Fyrir tólf árum var honum boðin yfirrannsóknarlögreglustaða en hann þáði hana ekki vegna þess að honum leiddist innivinnan og vildi heldur hafa nokkur ráð um það sjálfur hvort og hvenær hann mætti á vettvang og gerði það eins oft og hann gat til að geta verið beinn þátttakandi við að koma sakamönnum á bak við lás og slá.

Ólafur er 58 ára gamall þegar hann kemur hér við sögu. Hann er grannholda, herðabreiður með þykkt dökkt hár sem er farið að þynnast, með há kollvik og einnig farin að grána í vöngum. Ólafur er skarpleitur, 1,92 m á hæð. Sérlega vinnusamur og athugull til allra verka, traustur og góður stjórnandi og er venjulega hægur í orðum og verki en getur tekið til hendinni þegar svo ber undir. Hann útskrifaðist úr Menntaskólanum í Reykjavík með láði og sótti síðan um inngöngu í lögregluskólanum og byrjaði síðan eftir lokaprófið að starfa sem almennur lögreglumaður. Eftir að hafa starfað þar í fimm ár var honum boðið starf sem rannsóknarlögreglumaður og að átta árum liðnum fékk hann stöðu

vettvangsstjóra og fékk þá skrifstofu til umráða. Hann hefur engan áhuga á öðru starfi innan lögreglunnar.

Ólafur kynntist konu sinni, Svöfu Magnúsdóttur sem var jafnaldri hans, þegar hann var 18 ára með sérkennilegum hætti. Hún gekk ekki í sama skóla og hann en hann hafði oftlega séð hana á förnum vegi frá barnæsku en hann hafði aldrei yrt á hana þó hann hefði tækifæri til þess. Ólafur hugsaði oft til hennar og ákvað alltaf þegar hann var heima við að næst þegar hann sæi hana á balli skyldi hann bjóða henni upp. En þegar til kom lagði hann ekki í það, hræddur um að fá neitun hjá henni þar sem hann vissi að leikni hans sem dansherra væri ekki hans best. En Svafa naut þess greinilega að dansa og leikni hennar var slík að það var engu líkara en hún svífi um dansgólfið sem fljúgandi fiðrildi í fangi dansherra síns og hreyfingar hennar, mykt og kyntöfrar voru unaðslegir á að horfa, ásamt því að vera ægifögur á að líta, alla veganna í hans augum, sem gerði það að verkum að hann vogaði sér ekki að nálgast hana. En þó kom það stundum fyrir að honum fannst hún gefa sér auga en það taldi hann alltaf litlu síðar aðeins hafa verið hugaburður og óskhyggja. Hann, þessi granni, slánalegi náungi gat á engan hátt heillað þessa fegurðardís, var hans mat.

Alltaf daginn eftir böllin var hann hundpirraður út af hugleysi sínu og bölvaði sjálfum sér í sand og ösku fyrir að hafa ekki þor til að láta reyna á hvort hún mundi vilja dans við þennan klunna, sem hann taldi sig vera á dansgólfi. Og alltaf tók Ólafur þá ákvörðun að hann skyldi ekki hopta í næsta skipti en það brást aldrei að það fór ávallt á sama veg.

Án þess að hann gerði sér grein fyrir því, þá hafði hugur hans til hennar unnið látlaust að því að koma á aðstæðum þar sem hann hefði möguleika á að geta kynnst henni betur. Það er mjög sennilegt að hún hafi reynt að senda honum skilaboð með augnaráði sínu, sem hann skildi ekki og hún hafði þá að öllum líkindum hugsað til hans mikið meira en hann hefði nokkurn tíma getað grunað. Og þessar sameiginlegu hugsanir hvort til annars hefur nánast örugglega hjálpað til að skapa þessa óvæntu uppákomu sem hér verður sagt frá.

Þetta gerðist dag einn um miðjan júní í heiðskíru veðri þegar sólin breiddi geisla sína með hlýjum vindblæ um Suðvesturhluta landsins og höfuðborgin skartaði sínu fegursta. Mannfólkið gekk því léttklætt um götur borgarinnar og naut lífsins í veðursælunni. Þá notaði Ólafur Halldórsson tækifærið til að skreppa frá skólaamstri dagsins til að skjótast í

Landsbankann, sem er til húsa ofarlega á Laugaveginum, til að ganga frá ákveðnu málefni þar. Hann taldi heppilegast að leggja bifreið sína við Barónsstíg, skammt neðan við Njálsgötu því hann taldi vonlaust að geta lagt bílnum við Laugaveg, nema þá kannski í órafjarlægð frá bankanum.

Ólafur hafði ekki gengið nema stuttan spöl niður Barónsstíg þegar hann tók eftir þessari ungu glæsilegu stúlka með kastaníubrúnt hár sem gekk skammt á undan honum niður götuna. Eftir örstutta stund trúði hann ekki sínum eigin augum því hann var ekki í vafa um að þetta var draumadísinn hans. Það fór um hann funheitur straumur og það glaðnaði aldeilis yfir honum. Hann herti gönguna og ákvað skyndilega að nú skyldi hann taka á sig rögg og ná tali af henni.

Með það sama herti Ólafur á göngunni og nálgaðist hana óðfluga og þegar rúmlega faðmlengd var á milli þeirra ætlaði hann að kalla í hana með nafni en þá kom hik á hann. Á sama augnabliki steig draumadísinn á bananahýði sem lá á gangstéttinni en þar sem slíkur sóðaskapur er frekar óvanalegur í miðri viku þá hefur hún sennilega ekki varað sig á hýðinu. Við það skrikaði henni fótur og þennan örstutta tíma sem hún reyndi að halda jafnvægi áður en hún datt aftur fyrir sig gaf Ólafi tíma til að auka hraðann og grípa hana á síðasta augnabliki áður en hún skylli í götuna.

Hún lá í fangi hans litla stund og þau horfðust í augu þar sem hann stóð hálfboginn yfir henni. Hann reisti hana síðan upp og hún brosti til hans sætt og augu hennar ljómuðu þegar hún sagði: „Þakka þér innilega fyrir Ólafur, enn hvað það er einkennilegt að það skulir vera þú sem bjargaðir mér frá meiðslum í það eina skipti sem ég dett um bananahýði.“ Honum var orðfátt augnablik og hálf-stamaði þegar hann spurði hana: „Hvernig veistu hvað ég heiti?“ „Nú, ég spurði einn bekkjabróðir þinn af því, sagði hann þér það ekki?“ „Nei, það gerði hann ekki.“ „Það er einkennilegt því Gréta bekkjasystir mín sagði mér að þú hafir spurt hana hvað ég hét.“

Við þessi orð hennar hvarf allt óöryggi gagnvart henni og samtali þeirra varð óheft og þessi kynni urðu síðan eins konar undirbúningur undir fjörutíu ára hamingjusamt hjónaband sem þau lifðu saman.

11. KAFLI

Daginn eftir að Lárus Gústafsson, lögreglustjóri ríkisins kallaði saman fulltrúa sína á fund hafði Fannar Grétarsson, foringi Skuggabaldurs samband við Halldór Eiríksson, foringja Náttfráfningsins og Torfa Finnbogason foringja Næturgalans og bað þá að mæta klukkan átta að kveldi á næturklúbbinn Rauðaglimmer við Litlugötu.

Eigandi næturklúbbsins Rauðaglimmer er Sigurþór Vilhjálmsson, hann hefur einnig leyfi Reykjavíkurborgar til að reka þar nektardans. Flestir dansararnir ráða sig þar sjálfviljugar, sumar hverjar frá Íslandi en aðrar koma víðast hvar erlendis frá. En Sigurþór kráareigandi á einnig í launviðskiptum við Fannar Grétarsson um innflutning á þeim súludönsurum sem eru á vegum þrælasala frá Bretlandi. Hann fær þessar stúlkur á sérlega góðum kjörum og þar að auki eru þessir tveir náungar gamlir götufélagar frá bernskuárum. Þeir hafa gegnum tíðina gert hvor öðrum greiða af ýmsum toga og sumir þeirra falla ekki undir landslögin.

Skömmu eftir klukkan ellefu þetta sama kvöld mætti Fannar inn á veitingahúsið Rauðglimmer, húsið var fullsetið eins og hann bjóst við á laugarkvöldi. En ávallt á þessum kvöldum voru þessir einstakir fundir boðaðir. Hljómsveitin hafði tekið sér pásu og fólkið var að tínast af dansgólfinu þar sem súludansararnir áttu að taka við á upphækkuðum pallinum sem var skammt frá dansgólfinu.

Fannar gekk inn í salinn og áfram beinustu leið upp á lágur svalir þar sem Sigurþór sat ásamt systursyni sínum Bjarnleifi Kristleifssyni sem þykir sérlega góður tamningamaður og starfar við þá grein. Hann vissi nákvæmlega að frændi hans fór ekki alltaf eftir lögunum þar sem hann vissi ýmislegt um hans hagi. Þó hann væri meðsekur að þessu leiti hélt hann sig alltaf innan ramma laganna. Þó Sigurþór færi ekki alltaf eftir lögum og reglum hafði hann lofað Helgu systur sinni að aðstoða hana þegar hún þyrfti á því að halda eftir að faðir Bjarnleifs lést af slysförum frá konu sinni og barni. Hann kom æði oft í heimsókn til systur sinnar eftir fráfall Kristleifs. Strax frá barnsaldri voru systkinaböndin á milli þeirra mjög sterk. Hann var tveimur árum eldri en hún og hafði alla tíð reynst systur sinni einstaklega vel, ekki síst eftir að maður hennar féll frá. Hann lofaði henni því að aðstoða hana við að halda drengnum frá glæpagenginu sem hún vissi

að hann umgekkst. Það tókst með ágætum og kærleikur var á milli þeirra. En þegar hann varð átján ára gat hann ekki haldið honum frá Rauðaglimmer. Þó strákurinn vissi að frændi hans væri ekki allur sem hann var séður, þá hélt hann sig alltaf frá þeim verkum hans, þar til eitt sinnið að frændi hans bað hann um að aðstoða sig við ákveðið verk sem virtist vera áhættulaust, en kom Bjarnleifi illilega í koll.

Fannar heilsaði Sigurþóri og kinkaði kolli til frænda hans um leið og hann settist í sæti við hlið Bjarnleifs og beið eftir því að sýningin hæfist, þá tæki engin eftir því þegar hann færði sig innar í salinn þarna á svölunum og á stuttan gang sem sem liggur út við vegginn innst í salnum. Þar er hurð að litlu fundarherbergi sem Sigurþór notar þegar hann er að skipuleggja starfsemi sína með með stjórninni, sem hann að sjálfsögðu skipaði sjálfur og tók síðan einhliða ákvörðun um val þeirra tillagna sem aðrir fundarmenn höfðu lagt fram. En þegar ákveðnir fundir voru boðaðir af Fannari til tveggja foringja fékk hann umráð yfir þessu tiltekna fundarherbergi á laugardagskvöldum.

Sigurþór Vilhjálmsson veitingahúsaeygandi er meðalmaður á hæð, búlduleitur, rauðbirkinn, feitlaginn, slappholda og kominn með góða ístru vegna hreyfingarleysis og einnig vegna þess hversu mikill mathákur hann er. Hann er vel gefinn, skarpur, sjálfshælinn og þénar vel á fyrirtækinu.

Skömmu eftir að tvær fagrir súludansarar byrjuðu að dansa og sýna yndisþokka sinn með dáfallegum hreyfingum spurði Fannar: „Eru drengirnir mættir?“ „Já, þeir eru í fundarherberginu og bíða eftir þér. Þeir pöntuðu kaffi, en aðrar veitingar vildu þeir ekki.“ „Það er venjan að halda okkur við kaffið þegar við sitjum á fundum, þá er nauðsynlegt að hafa skýra hugsun, annað væri heimskulegt,“ sagði Fannar um leið og hann snéri sér frá þeim og gekk inn í fundarherbergið, þá voru þeir Halldór og Torfi að drekka umrætt kaffi og ræða saman.

Þegar Fannar var sestur við borðið sagði Torfi: „Þú hlýtur að vera með eitthvað ábótasamt í pokahorninu fyrst þú boðar okkur svona fyrirvaralaust á þennan fund.“ „Já, að sjálfsögðu mun þetta verkefni gefa okkur góða pening í aðra hönd í lokin. Oft hefur verið nauðsyn en nú er það áriðandi að við vöndum okkar vinnu og skipuleggjum verkefnið betur en við höfum áður gert þar sem undirbúningurinn verður að vera nákvæmur, nánast fullkomin ef við eigum að komast í gegnum þetta án grunsemdar

lögreglunnar. Þar að auki eigum við að byrja að undirbúa verkefnið svo fljótt sem auðið er.“

„Þetta hlýtur að vera meiriháttar verkefni og þar að auki áhættusamt, miðað við upphafsorð þín,“ sagði Halldór. „Það er rétt hjá þér, þetta fer ekki á milli mála því við eigum að sjá til þess að fimm manneskju verði myrtar,“ og nefndi nöfn og heimilisföng þeirra. „En þau eru öll innan sömu stórfjölskyldunnar og það verður að líta út sem slys í öllum tilfellum.“ „Hvernig í ósköpunum á að vera hægt að myrða þennan fjölda innan sömu fjölskyldu án þess að lögreglan hafi nokkurn grun um það? Ég kem ekki nálægt þessu, þetta er alltof áhættusamt.“ sagði Halldór, síðan leit hann á Torfa og spurði: „Ertu ekki sammála mér?“ Torfi svaraði hugsandi: „Að sjálfsögðu er ég það eins og það liggur beinast fyrir mér, en ég hef grun um að þú hafir eitthvað meira að segja sem kannski gefur okkur tilefni til bjartsýni um að við munum komast klakklausir frá þessi, eða er það ekki rétt ályktað hjá mér? Og launin verða að sjálfsögðu að vera samkvæmt því.“

„Laun verða rífleg, en um verkefnið er það að segja að svo framarlega sem við komum að þessu máli með góðu skipulagi og gætni og göngum frá þeim öllum með mismunandi hætti, þá er áhættan lítil sem enginn ef við vinnum verkið samkvæmt aðgerðaráætlun Bolla Friðgeirsonar, eins og hann lagði hana fram í stórum dráttum við mig.“ Síðan endursagði Fannar það sem hann taldi að væri áætlun Bolla og mælti síðan áfram: „Á rétt rúmum fjórum árum eigum við að fyrirkomu þessu fólki og munum í sameiningu yfirfara hugmyndina og vanda undirbúninginn eins og við framast getum og síðan munum við sjá til þess að réttu mennirnir framkvæmi verkið og að þeir vinni það nákvæmlega eins og við leggjum það fyrir þeim eftir að Bolli hefur samþykkt tillögur okkar og kannski með breytingum, þá mun rannsóknarlögreglan telja þessi morð slys.“

Þeir ræddu þetta fram og til baka í á fjórða klukkutíma, en tóku sér í millitíðinni margar pásur, bæði til að velta vöngum um það sem sagt var á fundinum og einnig að draga ályktanir um áhættuna. Að lokum komust þeir að viðunandi niðurstöðu, að þeirra mati, og deildu síðan verkefnum á milli sín og komu sér saman um hverjir af undirmönnum þeirra tækju að sér ákveðin verkefni. Þar sem foringjarnir þrír þekktu hæfileika manna sinna og vissu af reynslu hverjir gátu unnið best saman við ákveðin verkefni og hverjum væri best

treystandi. Þess vegna vildu þeir allir þrír hafa hönd í bagga um hverjir ynnu við þetta stóra mál.

En þar sem foringjarnir þrír áttu að mæta á fund hálfsmánaðarlega ásamt Bolla og Jökli, en aldrei á sama stað hafði Bolli sagt þeim að hann mundi hringja í þá deginum áður og tilkynna þeim fundarstaðin og þá yrðu þeir að hafa meðferðis allar þær upplýsingar um fimmmeningana sem þeir höfðu aflað.

12. KAFLI

Klukkan er rúmlega fimm miðvikudaginn 22. ágúst og vinirnir Bolli og Jökull voru að ganga frá síðustu handtökunum á lítills háttar breytingu sem þurfti að gera á jeppanum til að hægt væri að nota hann í það verk sem Jökull átti að framkvæma daginn eftir. Jökull var að ljúka við að tengja annan endann á báðum rafmagnsnúrunum við rofann sem tengdur var við lítinn rafmótor sem festur var undir mælaborðinu og tengdur við sérsníðaðan glussatjakk, sem Bolli smíðaði sjálfur. Hann var að ljúka við að festa tryggilega glussatjakkinn með stálboltum og fjaðraskífum, undir miðjan bílinn á milli fram- og afturhjóla á sömu hæð og fótstigið á Volkswagen er í. En á endanum á stimplinum hafði Bolli rafsóðið tuttugu sm rúnnaðan jafn þykkum stimpli sem var fyrir, sem framlengingu. Á endann á þann stimpil hafði Bolli rafsóðið breiða styrktarstálplötu sem rafsóðin var á enda hennar. Síðan kláraði Bolli að tengja vírana, þá gekk hann undan lyftunni sem bíllin lág ofan á og lét síðan lyftuna síga niður á gólfið með jeppann. Síðan prufuðu þeir tjakkinn og stimpillinn sem gekk tuttugu sm til hliðar út undan jeppanum farþega megin í réttri hæð við fótstigið á jeppanum og til baka aftur. Síðan prufuðu þeir álagið á pumpuna og voru harla ánægðir með útkomuna.

Síðan fór þeir inn á kaffistofu og ræddu um fyrirhugaða verkefni sem Jökull átti að framkvæma daginn eftir á föstudeginum, sem er óvenjulegt því þeir hafa yfirleitt aldrei blandað sjálfum sér í aðgerðirnar. En það var einungis gert vegna þess að Bolli treysti Jökli best til að framkvæma þetta verkefni þar sem hann var afburða ökumaður.

„Eftir því sem við vitum best leggja gömlu hjónin og Birta dóttir þeirra af stað í bíl þeirra hjóna fljótlega eftir hádegi. En þú verður að leggja af stað austur klukkutíma fyrir og bíða eftir þeim inn á hótelinu á Kirkjubæjarklaustri,“ sagði Bolli. „Er örugglega búið að ganga frá því að Birta fari í sömu bifreið og gömlu hjónin?“ „Það verður gengið frá því í nótt.“ „En það er ekkert víst að þau komi við á Kirkjubæjarklaustri og þá geta þau ekið fram hjá án þess að ég hafi hugmynd um.“ „Það er engin hætta á því, Kristleifur mun fylgjast með þeim frá því að þau leggja af stað og hann mun hringja í þig tímalega þegar þau nálgast afleggjarann að Kirkjubæjarklaustri, en um leið og þú heyrir í honum þá sestu inn í bílinn

og verður tilbúinn að leggja af stað ef þau aka fram hjá. Ef ekki þá ferðu aftur inn á hótelið og fylgist með þeim þar. Og þú verður að passa þig á því að fara aldrei yfir löglegan hraða eða brjóta aðrar umferðarreglur á þessari leið, það er of mikið í húfi fyrir okkur báða og samtökin ef þú skapar þér þá aðstöðu vegna keyrslu þinnar að lögreglan þurfi að blanda sér í mál þitt og viti þar með að þú sért á þessari leið, það gæti vakið grunsemdir hennar einhverra hluta vegna, við töku ekki þá áhættu. Það má með engu móti koma fyrir.“

Snemma þetta sama kvöld hringdi dyrabjallan heima hjá Fannari Grétarssyni, foringja yfir glæpagenginu Skuggabaldur. Um leið og Fannar stóð upp úr sófastólnum sagði hann við konu sína: „Ég skal fara til dyra, sennilega er þetta maðurinn sem ég á von á.“ Hann opnað dyrnar og inn gekk Hilmar Hjálmarsson, uppáklæddur í dökkum jakkafötum með svarta derhúfu. Hann er einn sextúu og átta sm á hæð, ljóshærður, 32 ára gamall. Bústinn í andliti og feitlaginn. Hilmar hefur einu sinni gíst á Litla-Hrauni, hann var tekin fyrir að reyna að smygla þremur kílóum af LSD inn í landið. Núna hafði hann þann titil að vera undirforingi Fannars innan Skuggabaldurs og hann sá um að deila verkefnum niður á mennina og að þau yrðu framkvæmd.

Fannar bauð Hilmari inn á skrifstofuna og lokaði á eftir sér, settist síðan á bak við skrifborðið og leit á blað sem var fyrir framan hann og sagði: „Það er staðfest að María Arnardóttir og maðurinn hennar Tryggvi Jónsson, foreldrar Birtu Þorkelsdóttur sem býr í Fögrubrekku í Langadal, ætla að flytja austur á Breiðdalsvík á morgun og Birta verði í samfloti með þeim á sínum jeppa og að gömlu hjónin fari á sinni bifreið sem er Volkswagen Golf. Þú hefur látið fylgjast með þeim núna síðustu vikurnar, hefur nokkur breyting orðið þar á?“ „Nei, það er ekkert sem bendir til annars en að þau fari á föstudaginn eftir tvo daga því að Þorkell pantaði vöruflutningabifreið stundvíslega klukkan eitt eftir hádegi á morgun.“

„Þá verður þú að senda mann í nótt til að ganga þannig frá jeppanum hennar Birtu að hann fari ekki í gang.“ „Það ættu ekki að vera nein vandræði með það, ég sendi Kristleif Bjarnfreðsson í það verkefni og hann gengur þannig frá bifreiðinni að þau, sem hafa litla þekkingu á vélaviðgerðum, munu ekki fatta hvers vegna bifreiðin fer ekki í gang. „En leysir það nokkuð vandan? Tekur hún ekki bílaleigubifreið í staðinn til að fara með þeim

austur á firði.“ „Hún gæti svo sem gert það, en þá verðum við líka að endurskoða áætlun okkar, ég vona að þess þurfi ekki. Það er miklu líklegra að hún fari í bíl foreldra sinna og hugsi sér heldur að taka bílaleigubifreið þegar þau eru komin á leiðarenda því það er miklu hagkvæmara fyrir hana að taka bílinn á leigu á Breiðdalsvík, eða á næstu bílaleigustöð til að komast þaðan heim.“ „En það er ekki meiningin, að þau komist á leiðarenda, eða er það?“ „Ég hef ekki hugmynd um það,“ sagði hann um leið og hann stóð upp af stólnum og kvaddi síðan Hilmar við útidyrnar.

Klukkan fjögur aðfaranótt föstudags eftir þetta samtal gekk Kristleifur, félagi í Skuggabaldri inn götuna og stansaði augnablik við innkeyrsluna að húsi Maríu og Tryggva og leit vel í kringum sig áður en hann gekk að jeppanum hennar Birtu og náði í stálfjöður sem hann hafði innundir jakkanum og þrýsti fjöðrinni niður með glugganum og opnaði svo hurðina. Teygði sig síðan í handfangið til að opna húddið og læsti síðan hurðinni aftur, lyfti upp húddinu og tók úr sambandi öryggið fyrir innspýtinguna svo að kona sem þekkir lítið til véla gat látið þetta fara fram hjá sér. Síðan lokaði hann húddinu á jeppanum og lét sig hverfa.

13. KAFLI

Miðvikudaginn 23. ágúst steig Kári, þá orðin sautján ára gamall, út úr rútunni við gatnamót Tindadals og Vatnsdals og gekk inn í snyrtilega veitingahúsið þar sem hann viss að bróðir hans beið eftir honum þar sem hann hafði séð mótörhjólíð hans fyrir utan veitingahúsið. Hann gekk inn salinn og sá að Axel sat við eitt borðið miðsvæðis við einn gluggann og var að drekka kaffið sitt. Þarna var fátt um manninn eins og venjulega er á þessum tíma. Kári gekk til bróður síns. Þá sagði Axel við Kára: „Pantaðu þér eitthvað í svanginn á minn kostnað.“ Kári bað um eina appelsín og samloku, settist niður í sætið á móti bróðir sínum um leið og hann spurði: „Hvers vegna komstu ekki á jeppanum?“ „Vegna þess að Birta fór á honum í gærðag til Reykjavíkur til að aðstoða foreldra sína við að flytja austur á Breiðdalsvík því pabba hennar var boðin sérlega ábátasöm vinna þar eins og þú ættir að vita, það eru þrír mánuðir síðan það var ákveðið.“ „Ekki ætla foreldrar hennar að flytja búferlum einungis fyrir þennan stutta tíma sem þau verða í Breiðdalsvík?“ „Nei, þau gera það ekki því þau fá fría þriggja herbergja íbúð með húsgögnum en taka með sér eitthvað smáræði sem fer með vöruflutningabifreiðinni á morgun.“ „Hvenær leggja þau af stað?“ „Birta sagði mér að flutningabifreiðin komi ekki fyrir en klukkan eitt eftir hádegi á morgun og skömmu seinna fara gömlu hjónin á sínum bíl en Birta fer á jeppanum og kemur síðan á honum heim um miðja næstu viku.“ Skömmu síðar óku þeir af stað frá veitingahúsinu á mótörhjólinu, báðir með hjálm á höfði, sem leið lá í átt að Fögrubrekku. Og þegar þeir óku upp brekkuna á kletthæðina, sem nefnist Stóru-Lönguklettur, því hún nærir þvert yfir dalinn beggja megin við ána og hækkar Tindadal að austanverðu um um það bil um tíu metra, óku þeir fram hjá næsta bæjarstæði sem heitir Hlíðatún og síðan áfram heim í hlað.

Hjónin Jóhanna Atladóttir og Gunnar Illugason reka hestabú að Hlíðatúni. Í byrjun júní auglýstu þau eftir ráðsmanni. Og það leið ekki á löngu þar til þau fengu upphringingu frá fertugum manni, þó að það væri erfitt að fá menn í vinnu á þessum síðustu tinum. Hann kynnti sig sem Bjarnleif Kristleifsson og kvaðst vera vanur hestamaður til margra ára og eiga tvo reiðhesta. Og einnig vanur sveitalífi yfir sumartímamann frá átta til 16 ára aldri og

síðan verið ársmaður í þrjú ár og hefur prófskíteini frá Búnaðarskóla Hvanneyrar sem tamningamaður og lifað á því síðan og tilnefndi nokkra bændur sem hann hafði unnið fyrir. Gunnar sagðist hringja í hann daginn eftir. Seinna um daginn hringdi hann í þrjá síðustu bændurna sem Bjarnleifur nefndi á þessum tilteknum jörðum og fékk hjá þeim góð meðmæli um Bjarnleif sem tamningamann. Daginn eftir hringdi Gunnar í Bjarnleif spurð hvort hann vildi koma og ræða málin við sig og skoða sig um. Hann kom tveim dögum síðar og var ráðinn sem ársmaður. Hann byrjaði að vinna hálfum mánuði síðar.

En daginn eftir að Bjarnleifur var ráðinn hringdi hann í frænda sinn Sigurþór Vilhjálmsson, eiganda Rauðaglimmer og sagði honum að hann hefði verið ráðin að Hlíðatúni. „Það var aldeilis fínt. Nú gerir þú það sem ég bað þig um, þar sem ég borga þér góð laun fyrir. Þú leitar allra upplýsinga um fólkið á Fögrubrekku og hverja þau umgangast mest og um öll þeirra áhugamál og einnig sem mestar upplýsingar um Tindadalinn, að meðtalinni þveránni. Hjónin á fögrubrekku heita Birta Tryggvadóttir og Axel Arnarson en bróðir Axels heitir Kári Arnarson. Þú átt til dæmis að athuga áhugamál þeirra og sambandið þeirra á milli, einnig alla galla þeirra og kosti og allt annað sem þú getur komist yfir. Kári á einn-þriðja partinn af þessari jörð á móti þeim hjónum og er með annan fótinn þarna fyrir norðan.“

Áður en Bjarnleifur var ráðinn að Hlíðatúni hafði Arngrímur rekið augun í þessa auglýsingu sem Gunnar bóndi hafði sent í bændablöðin og hann því séð sér leik á borði og bent Bolla á það. Hann hafði fljótlega samband við Jökul og sagði honum frá þessu. Skömmu síðar hafði hann samband við Fannar þar sem þetta mál tilheyrði sameiginlegu verkefni þeirra. Fannar hafði því strax samband við Torfa: „Hér er verkefni sem þú verður að framfylgja. Þú átt að hafa uppi á öruggum og góðum tamningamanni með hreint sakavottorð, sem gæti tekið að sér slíkt starf strax að Hlíðatúni í Tindadal í Húnavatnssýslu en þú verður að koma því þannig fyrir að það verði í gegnum annan millilið.“

Torfi vissi að Sigurþór eigandi Rauðaglimmer átti frænda sem hét Bjarnleifur og þykir sérlega góður tamningamaður og Torfi vissi ekki betur en hann væri þar að auki með hreint sakavottorð sem væri mjög æskilegt undir þessum kringumstæðum. Hann þekkti nokkuð vel til Bjarnleifs, og viss að hann var ekki allur þar sem hann var séður og þáði

oftlega peninga á svörtu fyrir verkefni sem ekki máttu sjást í dagsins ljósi. Sigurþóri þótti verulega vænt um systurson sinn og mat hann mikils og hélt honum alltaf frá öllum þeim glæpsamlegu verkefnum sem hann átti stundum þátt í. Í þessu tilfelli taldi Sigurþór þetta verkefni vera smávægilegt og ekki koma frænda hans í nein vandræði sem hann gæti ekki losnað úr. Sigurþór hafði því samband við Bjarhleif og sagði við hann: „Sæll vertu frændi, ég er með gott verkefni handa þér sem tamningamanni að Híðatúni í Tindadal í Húnavatnssýslu. Bóndinn þar var að auglýsa eftir manni, ég vil að þú sækir þar um starfið og losir þig sem skjótast úr því verkefni sem þú ert með núna.“ „Ég á kannski ekki svo auðvelt með það.“ „Þú átt auðvelt með það vinur því þú veist það að ég mun ekki biðja þig um þetta nema vegna þess að þetta er mjög áriðandi verkefni sem þarf að gerast með góðum traustum manni, þú veist hvað það þýðir og þar að auki færð þú háa aukagreiðslu fyrir áhættulitla vinnu.“ Og sagði honum hver greiðslan yrði. Bjarhleifur samþykkti að ganga í málið.

14. KAFLI

Daginn eftir heimkomuna, fóru bræðurnir snemma á fætur og unnu allan þann daginn fram til kvölds. Síðan steikti Axel handa þeim lambalæri sem þeir borðuðu með bestu lyst og gengu síðan frá og settu allt óhreina leirtauð í uppvöskunarvélina. létu síðan fara vel um sig í setustofunni til að fylgjast með kvöldfréttunum og því loknu horfðu þeir á tvær spennumyndir sem Kári tók með sér norður.

Klukkan var orðin margt þegar þeir fóru í háttinn. Kári fór inn í herbergið sem honum er alltaf ætlað og lagðist þar fyrir. Hann hafði ekki leigið lengi í rúminu þegar honum fór að líða illa í maganum. Kári kannaðist vel við þennan verk því þetta var ekki venjulegur magaverkur, þetta var verkur sem var alltaf fyrirboði um að eitthvað illt væri í vændum. Kári hélt fyrst að morgundagurinn mundi reynast sér verulega slæmur en skyndilega skynjaði hann Birtu í sömu bifreið og foreldrar hennar og í leiftursýn birtist honum svart flykki, þá varð honum ómótt því hann viss að hún yrði feig ásamt foreldrum sínum ef hún færi með þeim í þetta ferðalag. Og ekki bætti það hræðslu Kára um afdrif Birtu þetta svarta flykki gaf til kynna að það væri einhvers konar aðsókn að þessum þremur persónum sem vildi þeim illt. Hann hálf-titraði í bælinu því það var engu líkara en hann fengi högg fyrir hjartað sem sló ört eftir það. Litla síðar sagði hann við sjálfan sig „Guð minn góður, hún má ekki með nokkru móti fara með þeim, það yrði hennar bani.“ Kári taldi alveg víst að ef hann varaði Birtu við myndi hún spyrja hann hvort foreldrar hennar væru í hættu ef hún færi ekki með þeim. Kári vissi að hann gæti ekki svarað því þar sem hann var nánast viss um að þau væru feig. Kári vissi að hann mundi aldrei geta breitt fyrirætlun föður hennar. Ef hann gerði það taldi Kári víst að hún myndi örugglega svara honum með þeim orðum: „Ég ætla að fara með þeim, það yrði betra fyrir þau, ég sé kannski hættuna frekar og vara þau við.“ Eina vitræna lausnin sem hann gat séð, eftir nokkrar vangaveltur, var að beita einhvers konar brögðum til að fá hana til að hætta við að fara austur og koma henni norður, heim að Fögrubrekku.

Kári vissi fyrir að það væri tilganglaust að tala við bróður sinn um slíka hluti sem þessa og hugsaði: „Axel er svo jarðbundinn og eina áhugamál hans er sveitalífið og hestarnir og

hann telur að sé alveg nóg af erfiðleikum og ýmsum plágum á þessari jörðu sem þyrfti að leysa svo menn þyrftu ekki að beina huga sínum að bjánalegum spíritískum hugsunarhætti, menn ættu frekar að biðja bænirnar sínar, það væri nær sanni.“ „Þó að ég hafi oftlega svarað: „Ég er ekki fylgjandi spíritískum hreyfingum heldur kenningum dr. Helga Pjeturss. Og er fylgjandi hugmyndafræði kristinnar.“ „En þar sem bróðir minn finnur engan mun á þessu tvennu, þá er svar hans á þessa leið: „Það skiptir engu máli þetta allt er sama þvælan.“ Síðan reyndi Kári að leysa þennan vanda.

Þegar klukkan var að verða tvö að nóttu vissi Kári hvað hann ætlaði að gera. Hann fór framúr, læddist að herbergi bróður síns, opnaði hurðina og sá að hann svaf á sínu græna eyra, þá gekk hann inn í eitt herbergið sem notuð var sem skrifstofa og þar var tölva heimilisins. Kári skrifaði tvö stutt bréf, annað var bréf til Birtu, hann prentaði það út, setti í umslag, skrifaði nafnið hennar utan á það, lokaði því og setti það á eldhúsbordið. Hann vissi sem var að Axel mundi ekki opna bréfið. En hitt bréfið sendi hann til Ólafs Halldórssonar, vettvangsstjóra hjá rannsóknarlögreglunni.

Síðan náði hann í GSM-síma bróður síns og setti í jakkavasa sinn, fór síðan inn í stofu og færði stóra skápinn sem þar var frá veggnum og klippti símassnúruna í sundur sem þrædd var með fram veggnum og færði skápinn á sinn stað aftur. Fór inn í herbergið sitt og stillti vekjaraklukkuna á hálf sjö því bróðir hans vaknar aldrei fyrr en klukkan átta að morgni.

Þegar Kári vaknaði klukkan hálf sjö klæddi hann sig og lagði morgunmatinn á borðið fyrir sjálfan sig, mjólk, brauð, og kornflex og bætti þrem matarskeiðum af músli út í. Hann borðaði það sem var á diskinum og drakk síðan í rólegheitum eitt glas af appelsínusafa og klæddi sig síðan í peysu og hlífðarfrakka utan yfir. Nú var engi sími á heimilinu og þar af leiðandi gat enginn hringt í Axel. Hann náði í hestinn sinn sem var á sínum stalli í hesthúsinu og reið vestur og út Tindadalinn, fram hjá veitingahúsinu í Vatnsdalnum sem er rétt skammt við dalsmynnið. Síðan reið hann norður Vatnsdal og inn heimkeyrsluna að Hólum þar sem gamall kunningi hans bjó og var þar fram eftir degi.

Þegar klukkan var langt gengin í eitt eftir hádegi þennan sama dag hringdi hann í Birtu. Þegar hún svaraði þóttist hann vera óðamála og sagði henni að Axel bróðir sinn hefði dottið af baki og væri bæði lærbrotinn og fengið högg á höfuðið og væri því meðvitundarlaus og sér þætti betra ef hún vildi koma strax heim. Hún ætlaði að fara að

spyrja hann einhvers en hann greip fram í fyrir henni og sagði: „Ég ætla að leggja strax á og hringja í neyðarsímann 112.“

Hann slökkti á símanum, stakk honum í vasann og hugsaði: „Ég veit að hún verður hrædd að heyra ekkert meira frá mér af Axel, það verður að hafa það, það er mun betra en sjá hana sem liðið lík að kveldi. Þess vegna ætla ég að leyfa henni að draga þær ályktanir sem hún sjálf vill og ein af þeim ákvörðunum sem hún tekur er að keyra í einni lotu beinustu leið heim og þá er líka málið leyst.“

Birtu var brugðið og hugsaði heim um leið og hún setti GSM-síman aftur í veskið sitt. Á sama tíma var henni litið út í gegnum stofugluggann og sá þá að vöruflutningabifreiðinni var ekið afturábak inn heimkeyrsluna, hann kom í fyrra lagi. Móðir hennar, sem var að líta yfir íbúðina til að athuga hvort allt væri komið út á stétt sem þau hjónin ætluðu að hafa með sér, kom inn í stofuna á þessu augnabliki þar sem Birta sat í einum stólnum sem hún hafði hlammað sér niður í eftir áfallið sem hún fékk í gegnum síman frá Kára. Gömlu konunni varð hverft við þegar hún sá og heyrði á mæli dóttir sinnar að hún hefði fengið slæmar fréttir. „Var einhver að meiða sig?“ spurði hún kvíðin. Hún leit á móður sína fól og áhyggjufull og sagði: „Axel datt af baki, lærbrotnaði, fékk höfuðhögg og er meðvitundarlaus.“ „Guð minn góður, hann hefur líklegast fengið heilahristing, ég vona að það sé ekki alvarlegt,“ sagði móðir hennar ekki síður kvíðin frekar en dóttirin. Hún og maður hennar höfðu mikið álit á báðum bræðrunum og ekki laust við að þeim þætti vænt um þá. Í þessum orðum kemur faðir hennar inn í stofu og segir: „Jæja, bílstjórinn er kominn, við skulum drífa okkur að setja þessa fáu hluti sem við ætlum að taka með okkur inn í vöruflutningabifreiðina svo við getum lagt af stað austur á firði sem fyrst.“ „Já, við skulum gera það en Birta kemur ekki með okkur.“ „Hvað kemur til?“ spyr hann furðulostin um leið og hann lítur til Birtu. Þá fyrst tekur hann eftir hversu fól hún er í andliti og spyr með hluttekningu: „Ertu eitthvað lasin vana mín?“ „Nei, Axel var að slasa sig og það er sennilega alvarlegt, þess vegna verð ég að fara heim.“ Hún kveður foreldra sína og sest inn í jeppann sinn og startar honum en hann fer ekki í gang, hvernig sem hún reynir. „Er jeppinn þinn eitthvað bilaður?“, spurði faðir hennar. „Já, mér finnst það furðulegt, hann var í fullkomnu lagi í gær.“ „Þú verður að keyra mig á næstu bílaleigustöð, ég neyðist til að taka bíla á leigu,“ sagði Birt ekki svo lítið pirruð. „Ekkert mál vana mín, en við skulum henda þessu fáu mublum sem við ætlum að taka með okkur

inn í vöruflutningabifreiðina svo hann geti lagt af stað sem fyrst. Svo keyri ég þig á næstu bílaleigu um leið og við leggjum af stað austur á firði.

15. KAFLI

Föstudaginn klukkan tólf um hádegi hafði Jökull hugfasta ábendingu Bolla þegar hann ók á löglegum hraða meðfram suðurströndinni. Hann var komin inn á hótelið á Kirkjubæjarklaustri klukkan 15:40. Jökull bjóst ekki við þremmenningunum fyrr en eftir rúman klukku tíma þar sem hann taldi næsta víst að gömlu hjónin mundu vilja stoppa á einhverju veitingahúsinu á leiðinni. En þar sem Jökull hafði aðeins fengið sér morgunmat áður en hann lagði af stað austur fékk hann sér góða máltíð af saltkjöti og baunum í veitingasalnum og drakk síðan kaffi á meðan hann beið.

Það stóð heima sem hann áætlaði, klukkan var að verða hálf fimm þegar Kristleifur hringdi í GSM-síma Jökuls og sagði þegar hann svaraði: „Við verðum komin að gatnamótunum eftir um það bil tíu mínútur, en yngri konan er ekki með í bifreiðinni.“ „Hvers vegna kom hún ekki með?“ „Einhverra hluta vegna breyttist áætlunin hjá henni því það sást síðast til hennar þar sem hún ók Vesturlandsveginn frá Reykjavík og inn í Hvalfjarðargöng.“ „En breytist þá áætlunin hjá okkur.“ „Nei, við eigum að fylgja henni nákvæmlega eftir.“ Litlu síðar settist Jökull inn í bílinn sinn og beið þar þangað til hann heyrði frá Kristleifi þegar síminn hringdi aftur og Jökull svaraði. „Við erum að aka inn afleggjarann,“ sagði Kristleifur. Þá steig Jökull út úr bifreiðinni og fór inn á hótelið aftur, inn í veitingasalinn náði sér í kaffiábót og settist við sama borðið aftur.

Litlu síðar sér Jökull gömlu hjónin ganga inn í veitingasalinn og Kristleifur kom rétt á eftir þeim, hann rétt leit til Jökuls og kinkaði kolli örlítið til merkis um að hann væri á eftir gömlu hjónunum svo það færi ekki á milli mála hver þau væru, þó Jökull hefði séð þau áður. Þau þrjú fengu sér kaffi og meðlæti, hjónin settust við eitt borðið ekki langt frá Jökli en Kristleifur settist við annað borð. Skömmu síðar fór Kristleifur út af hótelinu og ók beinustu leið til Reykjavíkur.

Rúmum klukku tíma síðar stóðu gömlu hjónin upp frá borðin og gengu út af hótelinu, settust inn í bifreiðina og óku síðan af stað í átt að Breiðdalsvík. En Jökull lagði af stað rétt á eftir þeim og ók um það bil eitt hundrað metra á eftir þeim næstu tvo og hálfan klukku tíma og það var fátt um umferð á þjóðveginum á þessum tíma. Um það leyti sem

Þau óku fram hjá afleggjaranum sem liggur inn að Höfn í Hornafirði jók Jökull ferðina á bifreiðinni og var rétt á eftir bifreið gömlu hjónanna þegar þau óku upp brekkuna skömmu áður en þau komu að Vestrahorni þar sem var þverhnípt niður að sjó, og rétt áður en þau óku fram hjá Stokksnesi.

Þá athugað hann hvort hann sæi einhverjar bifreiðar í nánd en svo var ekki. Þegar hann beygði fyrir hornið og sá að engin bifreið kom á móti þeim setti Jökull rafmótorinn að pumpunni í gang og stimpillinn þrýstist út. Jökull jók þá hraðan á bifreiðinni og ók vinstra megin fram með bíl gömlu hjónanna og sveigði síðan til hægri þar til stimpillinn nam við fótstigið á Volkswagen-bílnum og þrýsti henni fram af vegkantinum þar sem fallið var hátt. Hann sá angistarsvipinn sem birtist í andliti gömlu hjónanna. Þegar þau skynjuðu hvað var að gerast, rétt áður en bifreiðin kastaðist frama af brúninni, náði gamli maðurinn að stíga á hemlana en það var of seint og bifreiðin rann fram af vegabruninni.

Jökull stöðvaði bifreiðina augnablik og sá hvernig hún valt og endurkastaðist niður hlíðina og stöðvaðist út í sjó á hvolfi og hálfur í kafi. Á sama tíma hafði Jökull dregið stimpilinn inn í hulstrið og ók síðan af stað í vissu um að þau væru bæði dauð. Svo ók hann af stað áfram í norður kannski í fimmtán mínútur þar til að hann fann góðan stað þar sem hann gat ekið út af veginum og niður í grjótnámu þar sem sást ekki til hans frá veginum eða sveitabæjum.

Hann fór út úr bifreiðinni, opnaði afturhurðina, klæddi sig í vinnugalla, tók út verkfærakistuna og týndi upp úr henni verkfærin sem hann þurfti. Skreið undir bílinn og losaði rærnar á boltunum sem festu aukagræjurnar frá upphengjunum sem rafsoðnar voru við stálbitanna og losaði einnig rafmótorinn undan mælaborðinu og setti hvort tveggja aftur í skottið á bílnum ásamt verfæratöskunni. Síðan klæddi hann sig úr vinnugallanum og henti honum einnig aftur í bílinn og ók síðan beinustu leið í inn á Stöðvarfjörð. Hann ók áfram í norður eftir Fjarðarbraut og út úr bænum, þar snéri hann við þegar hann sá enga bifreið og ók til baka eftir Fjarðarbraut og beygði síðan til hægri við Skólabraut og síðan inn heimkeyrsluna hjá vel giftum hjónum sem hann þekkti vel sem hann hafði oftlega heimsótt gegnum árin. Hann lagði síðan bílnum þannig að hann sást ekki frá veginum. Þau hjónin tóku sérlega vel á móti honum og spurðu, hann fréttu og á hvaða ferðalagi hann væri. „Ég ók norðurleiðina að Egilstöðum til að ganga frá ákveðnum

verkefnum fyrir fyrirtækið. Ákvað svo að aka hringinn til að koma við hjá ykkur í leiðinni.“ Síðan var rætt um heima og geima og rifjuð upp ýmisleg skemmtileg atvik frá því í gamladaga fram undir miðnætti.

Klukkan níu morguninn eftir heyrði Jökull fréttirnar þegar hann sat við eldhúsboðið hjá vinafólkinu að drekka morgunkaffið og útvarpið var í gangi, þá var meðal annars lesin sú sorgarfregn að gömul hjón hefðu látist af slysförum þegar bifreið þeirra hafði verið ekið út af veginum og oltið margar veltur í sjó fram við Vestrahorn, skammt frá Horn í Hornafirði. Rannsóknarlögreglan vissi ekki um ástæðu slyssins en gömlu hjónin hefðu sennilega dáíð samstundis, en þar sem ekki hefði náðst í aðstandendur yrðu nöfn þeirra ekki birt að svo stöddu.

Klukkan þrjú síðustu nótt var Kristleifur enn á ferðinni að húsi gömlu hjónanna og gekk að jeppanum, opnaði hurðina með stálfjöðrinni og teygði sig í handfangið til að losa læsinguna af húddinu, síðan læsti hann bílstjórahurðinni og opnaði húddið og tengdi strauminn á aftur með örygginu sem hann aftengdi nóttina áður og lokaði síðan húddinu og gekk að næstu þvergötu þar sem hann hafði lagt bifreið sinni og ók síðan heim á leið. En Jökull gisti hjá kunningjum sínum í tvær nætur í góðu yfirlæti og lagði síðan af stað að morgni til Reykjavíkur en ók út af þjóðveginum inn í sömu sandgryfjuna og hann var í tveimur sólahringum áður og skipti þar um númeraspjöld. Ók hann síðan það beinustu leið til Reykjavíkur.

16. KAFLI

Klukkan er rúmlega tíu að morgni laugardags, daginn eftir lát foreldra Birtu. Ungu hjónin á Fögrubrekku sitja hljóð og dauf yfir morgunkaffinu, geta í raun lítið sagt hvort við annað því hryggðin liggur eins og mara á heimilisfólkinu. En að sjálfsgöðu lagðist þetta þyngra á Birtu, hún var þurrausin af gráti og illa sofin frá því að þau heyrðu í miðnæturfrettunum kvöldið áður um dauðaslysið við Vestrahorn.

Þegar Birta kom heim daginn áður varð hún að sjálfsgöðu bæði glöð og undrandi þegar hún sá manninn sinn óskaddaðan koma út úr hesthúsinu. Páll var ekki síður undrandi að sjá Birtu renna í hlað og það á einhverjum lánsbíl því hann hafði ekki búist við henni fyrr en í fyrsta lagi eftir viku.

Þegar Birta steig út úr bifreiðinni tóku þau fagnandi á móti hvort öðru en hvorugt minntist á ástæðuna fyrir heimkomu hennar því þau voru bæði að velta vöngum yfir þessu sama með mismunandi hætti. Páll bar farangur hennar inn í húsið og var vissum um að eitthvað einkennilegt atvik hefði komið upp í Reykjavík því þegar hann sá hana koma út úr bifreiðinni í óvenju miklu uppnámi og síðan geislandi af gleði þegar hún sá hann hálf hljóp hún að honum og fagnandi faðmaði hann fast og innileg að sér. En ýtti honum síðan hægt frá sér og horfði á hann litla stund hljóð, en um leið hálf dauf í dálkinn. Þetta fannst honum meira en lítið undarlegt og ákvað að bíða með spurningarnar og vita hvort hún minnst ekki á þetta að fyrra bragði.

Birta var að hella upp á kaffi inni í eldhúsi á meðan Páll hafði borið töskurnar inn í svefnherberg þeirra og setti þær ofan á hjónarúmið svo að hún gæti tekið fötin sín upp úr þeim og sett þau á sinn stað þegar henni þóknaðist. Þá var Birta að velta vöngum yfir því hvers vegna Kári hefði sagt henni ósatt þegar hann hringdi í hana og tilkynnti henni að Páll hefði slasast illilega á hesti, þetta væri svo ólíkt honum. „Hvers vegna gerði hann þetta?“ sagði hún hálf upphátt og hrygg í huga.

Þegar hún settist við eldhúsborðið með kaffibolla í hendinni tók hún fyrst eftir því að bréfið sem hún hafði séð þegar hún gekk inn í eldhúsið var handskrifað og stílað til

hennar. Hún tók upp bréfið. Þegar hún snerti það var eins og hún fengi högg fyrir brjóstið, því hún þekkti rithöndina og um leið datt henni í hug að Kári hefði aldrei beðið hana að koma heim með þessum hætti nema eitthvað meira en lítið væri að, „En hvað skyldi það nú vera?“ hugsaði Birta um leið og hún opnaði bréfið og las.

Bréfið fjallað í stuttu máli um framangreinda skynjun, að þau þrjú færu fram af hengiflugi í sömu bifreið og síðan um allar þær hugrenningar sem dundu yfir hann kvöldið áður. Einnig um þau atriði sem hann framkvæmdi morguninn eftir í framhaldi af fyrrgreindum hugrenningum til að fá Birtu að breyta um fyrirætlun og kom heim í staðinn fyrir að fara í þetta ferðalag með foreldrum sínum og koma þannig í veg fyrir að hún yrði feig. Í lok bréfsins bað Kári Birtu að hafa samband við foreldra hennar og reyna að fá þau til að snúa við þar sem hann væri einnig smeykur um að eitthvað kæmi fyrir þau ef þau breyttu ekki um áætlun. „Því miður Birta mín, þá hafði ég engin ráð til að fá þau til að fresta þessari ferð, ég vona að þér takist það,“ stóð í bréfinu.

Þegar Birta hafði lesið bréfið fölnaði hún upp og lagði hönd á brjóst sér því köfnunartilfinning skall yfir hana eins og bylgja. Hún lét síðan handleggja sína falla á borðið og horfði eins og hálf blind út í loftið. Bréfið féll úr máttlausum höndum hennar. Páli varð hverft við þegar hann sá þessi viðbrögð konu sinnar og tók upp bréfið og las það.

Það fauk skyndilega í Pál út af Kára vegna bréfsins um leið og hann sagði: „Hvað er eiginleg að drengnum að ljúga um það að ég hafi slasast? Þetta er ekki líkt honum, er hann alveg orðin kolvitlaus og skrifa þessa ímynduðu vitleysu um slys og feigð og að hann hafi klippt á símalínuna bak við skápinn?, þar að auki tók hann GSM-síman minn með sér svo að þú gast ekki haft samband við mig.“ „Stilltu þig vinur minn, því Kári hefur örugglega haft einhverja ástæðu fyrir þessari uppákomu, annars þekki ég hann ekki rétt.“ „Jú jú, ég tel mig vita hver ástæðan er, hann varð fyrir vonbrigðum þegar hann vissi að þú varst í Reykjavík því þið eruð svo ótrúlega tengd andlega, það er ástæðan og enginn önnur.“ „Láttu ekki svo Páll, þú veist vel að Kári mundi aldrei gera neitt slíkt af einhverjum annarlegum ástæðum.“ „Já, ég veit það, ég er bara eitthvað ergilegur yfir þessu háttalagi hans, hver sem ástæðan er.“ „Hvar er Kári?, ég vil tala við hann.“ „Ég hef ekki hugmynd um það, ég hef ekki séð hann síðan í gærkveldi, hann var farinn þegar ég

vaknaði í morgun.“ „Ég ætla að hringja í mömmu og reyna að fá þau til að snúa við.“ „Er það nauðsynlegt? Það er ekki mark takandi á þessari vitleysu, þetta er bara einhver ímyndun hjá honum.“ Hún svaraði ákveðinn: „Nei,“ og gekk beint að heimsímanum en það kom enginn sónn svo hún tók upp GSM-símann sinn og hringdi úr honum í móður sína. Hún svaraði strax: „Sæl Birta mín, er Páll komin til meðvitundar?“ Hún hefur greinilega haft áhyggjur af honum. „Sem betur fer var Páll óslasaður þegar ég kom heim, því Kári sagði ranglega frá,“ sagði Birta hálf hikandi, því hún vissi ekki almennilega hvernig hún ætti að fá foreldra sína til að snúa við heim. Hún þekkti pabba sinn það vel og vissi hvað hann mundi segja: „Ég ansa ekki svona endaleysu.“ Svo hún sagði mömmu sinni frá bréfinu sem Kári skrifaði og bætti síðan við: „Mamma, það hefur nánast allt komið fram sem Kári hefur sagt fyrir um og hann hefði ekki gert þetta, að kalla mig heim með þessum hætti nema hann væri viss um að eitthvað kæmi fyrir. Þess vegna bið ég ykkur að snúa við og aka til Reykjavíkur og slaka á heima í nokkra daga og fara þá austur á Breiðadalsvík en láta engan vita hvenær þið leggið af stað.“ Það fór nákvæmlega eins og hún hafði verið hrædd um. Faðir hennar ansaði þessu ekki þegar móðir hennar sagði honum hvað Birta hafði sagt. Þá svaraði hann bara: „Það er sumarblíða og blessuð sólin er á lofti, enginn umferð og við gömlu hjónin erum í sumarskapi. Þess vegna er enginn dagur æskilegri til ferðalaga en einmitt þessi dagur. Skilaðu bara bestu kveðju til dóttur okkar og Axels. Og skilaðu því til Sóldísar að segja Axel að taka almennilega í piltinn fyrir þessa heimskulega uppákomu og við hringjum þegar við komum á leiðarenda.“ „Heyrðirðu hvað pabbi þinn sagði, Sóley mín?“ Þar með óku þau í feigðarós.

Klukkan var rúmlega ellefu fyrir hádegi þennan sama dag þegar séra Pétur Guðmundsson renndi í hlað að Fögrubrekku að beiðni Ólafs rannsóknarlögreglumans eftir að hann komst að hverjir voru ættingjar gömlu hjónanna, sem hann gerði strax eftir að hann mætti þennan sama morgun. Presturinn bankaði upp á hjá þeim hjónum. Þau vissu að sjálfsögðu hvers vegna Pétur kom og Axel vísað honum inn í eldhús þar sem Sóldís og Kári sátu við eldhúsborðið. Hún stóð upp og náði kaffibolla og hellti kaffi í bollann. Þegar presturinn tilkynnti lát foreldra hennar réði Sóldís ekki við sig og tár runnu niður vanga hennar þó hún hefði verið útgrátin um nóttina.

17. KAFLI

Ólafur Halldórsson vettvangsstjóri var mættur klukkan klukkan átta þennan sama morgun inn á skrifstofu sína hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins við Laugaveg 115 á þriðju hæð. Hans fyrsta verk á hverjum morgni þegar hann kom á skrifstofuna var að kveikja á tölvunni og skoða bókun lögreglunnar frá kvöldinu áður að vaktarskiptum klukkan átta um morguninn, svo strax á eftir las hann póstinn sinn. Í bókun lögreglunnar var meðal annars sagt frá að brotist hefði verið inn á tveimur stöðum. Í fyrra skiptið var brotist inn í skartgripaverslunina Jöklasteina klukkan tvö um nóttina að talið var, og stolið skartgripum af ýmsum gerðum fyrir um það bil sjö milljónir og ekki enn vitað hverjir voru þar að verki. Og klukkan korter í þrjú var brotist inn í apótekið Lyfin. Þegar lögreglan kom á staðin fannst þjófurinn, sem er þekktur eiturlyfjaneitandi, sofandi á gólfinu og hann var færður í gistingu hjá lögreglunni. Einnig voru ýmis léttvæg lögreglumál þar skráð sem hún þurfti að hafa afskipti af þessa nótt. Einnig voru þarna skráðar litlar upplýsingar um dauðaslys hjóna við Vestrahorn sem hann vissi þegar um.

Þá rifjaðist upp fyrir Ólafi að hann hafði lesið undarlegan póst daginn áður sem hafði verið sendur til hans klukkan rúmlega tvö um nóttina frá einhverjum Kára Arnarsyni, sautján ára pilti til heimilis að Kárastíg 65d. í Reykjavík. Og sagðist vera staddur yfir þessa helgi að Fögrubrekku í Tindadal í Húnavatnssýslu. Hann hafði hunsað þennan póst þar sem viðkomandi sagði sig vera skynnæman og taldi sig vita fyrir um þetta fyrrgreinda dauðaslys og nöfnin sem hann tilgreindi pössuðu við þessi gömlu hjón sem óku fram af hengiflugi við Vestrahorn. Ólafi fannst þessi fyrirboði hjá þessum undarlegi pilti mjög athyglisverður eins og málin stóðu í dag og að hann hafi verið svo viss um að slysið mundi verða að hann sendi lögreglunni þessar fyrirboðuðu upplýsingar. Eftir lesturinn tók hann þá ákvörðun að það yrði að senda tvo menn þangað norður í fyrramálið og hafa samband við þennan Kára Arnason og ungu hjónin á Fögrubrekku í Tindadal þar sem pilturinn segir í bréfinu að hann fari ekki til Reykjavík fyrr en sunnudagskvöld. En í því þá rak hann augun í póstinn sem honum var sendur í lok vaktaskipta í gærdag og hafði lesið. Þar var minnst á þá fjórmeninganna Arngrím Hansson, Bolla Friðgeirsson, Jökul

Ársælsson og Fannar Grétarsson. En því miður var ekki mikið að hafa þar. Það var engu líkara en þessir menn hefðu hreinan skjöld, en Ólafur trúði því svo sannarlega ekki. Sá sem sendi póstinn skrifaði að lögreglan hefði sent skýrslu mánaðarlega þar sem umferðalögreglan hefur haft eftirlit með þessum fyrrgreindu mönnum eins og hún hefur haft tíma til. Þennan mánuð hefur lögreglan séð til Arngríms í tvígang fara með bílinn sinn í viðgerð síðustu þrjá mánuði hjá Bifreiðaverkstæði Bolla og Jökuls við Smiðjuveg og skilið bifreið sína þar eftir, honum var nokkru síðar ekið heim í bifreið verkstæðisins þar sem Jökull var undir stýri. Og meintir foringjar glæpagrúppanna þriggja, þeir Fannar Friðgeirsson meintur foringi Skuggabaldurs, Halldór Eiríksson meintur foringi Nátthrafningsins og Hilmar Hjálmarsson meintur foringi Skuggabaldurs hafa í fjórgang mælt sér mót á veitingahúsinu Rauðaglimmer inni í lokuðu herbergi inn af veitingasalnum. Lögreglan hefur engar grunsemdir um hvað fer þarna fram á þessum fundum þeirra. En við teljum samt ástæðu til að hafa betra eftirlit með þessum meintum foringjum þar sem umferðarlögreglan telur þessa fundi ískyggilega grunsamlega þar sem lögreglan hefur aldrei vitað til þess að þessir menn hafi haldið slíka fundi svona reglulega eins og þarna hefur komið fram. Yfirlögregluþjónn umferðalögreglunnar hefur sent Lárusi Gústafssyni Lögreglustjóra ríkisins skýrslu um þessa menn og beðið hann um að sjá til þess að lögreglan fái þá fjárveitingu sem þarf til að hún geti aukið eftirlitið til muna með þessum tilgreindum mönnum.

En Bryndís Hlöðversdóttir rannsóknarlögreglumaður mætti inn á skrifstofu sína klukkan níu eins og venjulega. Hún var ekki vel sofin því hún hafi ekki komið heim fyrr en rúmlega tvö í nótt, þar sem hún ásamt öllum félögum sínum í teyminu voru send í útkallið að Vestrahorni rétt fyrir austan Horn í Hornafirði. Þau komu með lítilli leiguflugvél, sem þau tóku á leigu ásamt flugmanni á Reykjavíkflugvelli. Flugmaðurinn skilaði þeim á flugvöllinn í Höfn í Hornafirði eftir tæpan klukkutíma. Þar beið lögreglumaður eftir þeim á merktri lögreglubifreið sem ók teyminu á slysastað. Þegar þau komu á staðinn þá var aðkoman frekar óhugguleg eins og alltaf þegar um dauðaslys er að ræða. Það var búið að hífa bifreiðin upp á vegakantinn sjóblautan, sérlega illa farin og líkin af gömlu hjónunum var verið að bera inn í sjúkrabifreiðina. Sjúkraflutningamennirnir kom frá bæjarfélaginu Höfn og samkvæmt skipun frá Bryndísi

óku þeir líkunum til Reykjavíkur á Landspítalann, því þar átti að kryfja líkin af þeim hjónum.

Fyrsta morgunverkið hennar var að skrifa skýrsluna af dauðaslysinu og gerðu aðrir í teyminu það sama og sendu skýrslurnar inn á skrifstofu Ólafs vettvangsstjóra. Þegar klukkan var rúmlega tíu fór hún inn á kaffistofu, hún var hálf-full af kaffipyrstu fólki, og nokkru síðar kom Ólafur vettvangsstjóri inn og settist við borðið hjá þeim Bryndísi og Valtý ásamt Huldu Baldursdóttir, Hrafni Hjartasyni, Hallgrími Péturssyni, Ágústu Hjartadóttir, Reyni Torfasyni og Brynjari Valtýssyni. Þarna var allt teymi komið saman eins og oftlega á þessum tíma. Í kaffitímanum var sú regla höfð að ræða aldrei lögreglumál. Þess vegna ræddu þau þennan morgun sem aðra yfir kaffibollanum og meðlætinu aðeins um daginn og veginn þar til að kaffitímanum lauk, þá stóðu þau öll upp frá borðin og fóru síðan hver inn á sína skrifstofu, þá bað Ólafur Bryndísi og Valtý að koma inn á skrifstofu til sín.

18. KAFLI

Daginn eftir lögðu þau Bryndís og Valtýr af stað frá lögreglustöðunni norður í Húnavatnssýslu að Fögrubrekku í Tindadal. Bryndís ók lögreglubifreiðinni, þau töluðu lítið framan af leiðarinnar. Þau komu við í Staðarskála þrem tímum síðar, sem var nýlega fluttur frá fyrri staðnum í nýja byggingu að vestanverðu við Húnaflóann. Hálf tíma síðar settust þau inn í lögreglubifreiðina, vel mett eftir nautasteik. Þá sagði Valtýr: „Þessi ferð okkar norður í Húnavatnssýslu til að taka skýrslu af þessum pilti og hjónunum frá Fögrubrekku hefur ekkert með þetta dauðaslys að gera sem var á Vestrahorni á Austfjörðum, nema það komi í ljós við skoðun á bifreiðinni að einhver önnur bifreið hafi ekið á hana og ýtt henni framaf vegarkantinum. Þá myndi þessi Kári liggja undir grun sem sökudólgur eða meðsekur, þá væri ástæða til að fara norður og tala við þau, en ekki eins og málin standa í dag.“ „Finnst þér samt ekki ástæða til að ræða við fólkið, þegar Kári segir frá því í bréfi til rannsóknarlögreglunnar, að vegna dulskyggni sinnar þá viti hann að það muni verða dauðaslys á Austfjörðum og tiltekur fólkið, mörgum klukkutímum áður en slysið verður?“ „EKKI eins og málin standa í dag þar sem ekkert liggur annað fyrir en þetta hafi verið dauðaslys, því okkar starf er að lesa úr þeim upplýsingum sem við getum fundið á vettvangi og hvað við sjáum á slysastaðnum og eigum að leita eftir vitnum, en samkvæmt bréfinu voru bræðurnir fyrir norðan en þessi Birta var fyrir sunnan hjá foreldrum sínum áður en þau lentu í dauðaslysinu seinna um daginn. Birta fór ekki með þeim ók norður að Fögrubrekku, þar er hennar heimili, vegna lygaþvælu í þessum Kára, á sama tíma og foreldrar hennar lögðu af stað norður og það ferðalag varð þeim að voða?“ „Það er alveg rétt það er ekkert sem bendir til annars en að þetta sé dauðaslys, það var ekkert sem benti til annars á vettvangi, en við sáum samt 60 sm hemlaför og 18 sm för eftir bifreiðina þar sem hún hafði runnið til hliðanna í hallanum við vegarbrúnina og framendinn á bifreiðinni var undir sjávarmáli og gömlu hjónin hafa því druknað, ef þau hafa lifað af veltuna. Líkin verða krufin á Landspítalanum, því þangað voru þau flutt strax um kvöldið. Og ég bað einnig tæknifræðingana, þegar þeir hæfu rannsókn á bifreiðinni eftir að búið væri að flytja hana á fyrirhugaðan viðkomustað í Höfn Hornafirði, að athuga alveg sérstaklega hvort eitthvert merki sæist á vinstri hlið

bifreiðarinnar, hvort að það hafi verið ekið á hana nýverið.“ „Hvers vegna var það tekið svona sérstaklega fram í skýrslunni þegar þetta er augljósleg venjulegt dauðaslys?“ „Ég veit að það eru ekki venjuleg vinnubrögð hjá okkur að gera það, en það var eitthvað við þetta dauðaslys sem ég var ekki ánægð með, þess vegna taldi ég það nauðsynlegt að biðja tæknifræðingana sérstaklega um þetta til öryggis svo það færi örugglega ekki fram hjá þeim, ef svo væri. Enda heyrðirðu það í gær hjá Ólafi að hann var ánægður með að ég fór fram á þetta.“ „Já, ég veit að hann var það og það er svo sem allt í lagi að kanna það sérstaklega, en þegar hann fór að lesa þessa vitleysu sem þessi Kári Arnarson sendi til hans, þá gekk hann alveg fram af mér og ekki batnaði það þegar hann bað okkur í gær að fara norður og taka skýrslu af þessum Kára og ungu hjónunum á Fögrubrekku. Þessi drengur vill augljóslega láta taka eftir sér og er greinilega með þessa geðveikislegu óra að hann sjái fram í tíman og lýgur þar að auki að mágkonu sinn að maðurinn hennar hafi slasast til að láta líta sem best út að hann hafi einhverja dularfulla hæfileika. Þessi þvæla sem Kári sendi til Ólafs hefur ekkert með dauðaslysið að gera og ekkert bendir til að svo sé. Svo þetta ferðlag okkar er aðeins peninga- og tímaeyðsla,“ sagði þessi dökkhærði, feitlagni og vinnusami félagi Bryndísar sem er að venju góður rannsóknarlögreglumaður. Dagsdaglega er Valtýr þungbúinn maður sem brosir sjaldan og er sérlega jarðbundinn, í hans huga er ekkert til sem nefnist yfirmáttúrulegt eða skynnæmi og hann telur að þegar dauðinn sækir að þá sé maðurinn eilíflega dauður í gröfinni.

Bryndís brosti með sjálfum sér því hún er mjög skynnæm og vissi að Ólafur vettvangsstjóri var það líka og að það hafði oftlega hjálpað þeim við rannsókn mála þegar þau skynjuðu að eitthvað væri öðruvísi en það sem vettvangur sýnd beint því það getur sagt ýmislegt sem vantar þar og ekki sést. Það kom oftlega fyrir að þessi innsýn benti þeim síðar í rétta átt vegna þess að þau höfðu það sem þau skynjuðu sér til hliðsjónar við rannsókn málsins. En Bryndís minntust aldrei á það við vinnufélaga sinn og síst af öllum var Ólafur að básúna um þessa hæfileika sína. Bryndís hafði einnig nokkrum sinnum tekið eftir að Valtýr skynjaði eitthvað meira en það sem vettvangur gaf tilefni til þegar hann var að rannsaka mál með henni. Það eru eðlileg viðbrögð hjá þessum mönnum sem starfa innan þessa geira að minnast ekki á þessa hæfileika sína því það mundi ekki falla í góðan jarðveg hjá öllum sem starfa á vettvangi og sumum yfirmönnum innan þessa geira.

Hálftíma síðar, eftir þessar hugleiðingar hennar, renndu þau inn bæjarhlaðið á Fögrubrekku.

Þegar Valtýr lyfti hendinni til að hringja dyrabjöllunni opnaðist hurðin og Axel birtist í dyrunum þar sem húsráðendur sáu gegnum eldhúsgluggann þegar bifreiðin rann í hlað. Hjónin á Fögrubrekku höfðu fengu fyrir rúmum tveimur klukkutímum upphringingu frá Ólafi Halldórssyni vettvangsstjóra þegar Birta svarði í símann og Ólafur hafði kynnti sig. Hann spurði: „Við hvern tala ég?“ „Við Birtu Tryggvadóttir.“ Þá sagði Ólafur: „Fyrirgefðu vina að ég skuli þurfa spyrja þig að þessu áður en ég kem að efninu, ert þú ekki dóttir Maríu Aradóttir og Tryggva Daðasonar sem fórust við Vestrahorn á Austfjörðum fyrir tveimur dögum?“ „Jú, ég er dóttir þeirra,“ sagði hún þá hálf klökk. Þá spurði Ólafur: „Hefur presturinn komið til ykkar?“ „Já, hann kom fyrir stundu.“ „Því miður þá verð ég að senda til ykkar tvo rannsóknarlögglumenn til að taka vitnaskýrslu af ykkur, þau munu leggja af stað héðan frá Reykjavík svo fljótt sem auðið er og ættu þess vegna vera komin til ykkar eftir um það bil tvo klukkutíma. Þið verðið heima um það leyti, er það ekki öruggt?“ „Jú, það ætti ekki að vera vandkvæðum bundið.“ „Það er gott, en eru það ekki réttar heimildir sem ég hef að Kári Arnarson til heimilis að Kárastíg 65d í Reykjavík sé staddur þarna hjá ykkur yfir helgina?“ „Jú, hann hefur veri hérna yfir helgina.“ „Við viljum taka vitnaskýrslu af honum líka, svo hann verður einnig að vera viðstaddur þegar rannsóknarlögglan kemur til ykkar.“

Þegar Axel hafði boðið þeim inn í stofu fylgdi Kári á eftir þeim og þau settust öll umhverfis sófaborðið. Litlu síðar kom Birta með kaffi og meðlæti og settist síðan í einn sófastólinn. En Bryndís rannsóknarlögglumaður, sem hafði fartölvuna með sér inn í húsið og lítinn og nettan prentara, setti hvort tveggja ofan á sófaborðið og opnaði tölvuna til og tengdi prentarann við hana. Hún og Valtýr höfðu komið sér sama á leiðinni um það hver tæki vitnaskýrslurnar af þremmenningunum. Og hann ætti að grípa inn í þegar honum þætti það nauðsynlegt. Þau töldu jafnframt óþarfi að aðskilja þau á meðan þar sem þau ætluðu aðeins að taka skýrslur af vitnum.

Á meðan Bryndís var að opna tölvuna sagði Axel: „Strax eftir að Ólafur frá rannsóknarlögglunni hringdi og tilkynnti Birtu um komu ykkar þótti okkur meira en lítið undarlegt að tveir rannsóknarlögglumenn væri á leið hingað norður til að taka

skýrslu af okkur vegna dauðaslyss foreldra Birtu, þar sem við vorum þar hvergi nærri og getum því ekkert frætt ykkur um það.“ „Það þarf ekki að vera óvenjulegt, en í þessu tilfelli þurfum við að taka vitnaskýrslur af ykkur þremur vegna þess að Kári sendi bréf til rannsóknarlögreglunnar nóttinna fyrir dauðaslysið. Við viljum aðeins fá nánari skýringu á því hvers vegna hann vissi þetta fyrir, hvað þið gerðu á þessu tímabili og hvar þið voruð frá því að bréfið var skrifað þar til að slysið varð.“ Þá sagði Axel hvasst: „Þú ert þó þekki að gruna okkur um óhæfuverk?“

Um leið og hann sleppti orðinu kom Birta inn í stofuna og snarstoppaði rétt fyrir innan dyrnar augnablik, því henni varð svo hverft við að heyra það sem Axel sagði að hún fölnaði upp, en hélt síðan áfram að sófaborðinu og lagði bakkann með kaffikönnunni og bollunum ofan á sófaborðið og settist í einn sófastólinn á móti þeim og var að reyna að ná áttum. Henni fannst alveg nægilegt áfall að missa foreldra sína svona skyndilega þó það bættist ekki við að þau væru grunuð um að hafa hjálpað til við þetta dauðslys. „Mér finnst það leitt ef þið takið komu okkar á þann hátt, því það er ekkert sem bendir til annars en að þetta hafi verið hryggilegt slys sem hendir of oft. En við hjá rannsóknarlögreglunni teljum það forvitnilegt að Kári hafi sent þetta bréf.“ Samkvæmt beiðni Bryndísar sagði Axel henni hvað hann gerði frá því að hann vaknaði þar til Birta kom heim frá Reykjavík og hversu undrandi hann hafði verið þegar hún kom svona óvænt heim og það á öðrum bíl en sínum eigin. „Hvers vegna varst undrandi yfir því?“ spurði Valtýr snögg. „Nú, vegna þess að hún ætlaði að vera samflota foreldrum sínum austur á firði en foreldrar hennar ætluðu að fara saman á jeppanum.“ En Bryndís skrifaði allt jafnharðan inn á tölvuna eins og hann svaraði spurningum hennar frá því að hann vaknaði á föstudagsmorguninn og þar til Birta kom seinnipart dagsins. En þegar hún ætlaði að spyrja Birtu, þá sagði Birta klökk: „Ég get með engu móti skilið hvers vegna þetta dauðaslys atvikaðist í þessu líka fína veðri, þar sem pabbi minn er alltaf svo varkár og gætin.“ Þá spurði Bryndís: „Var faðir þinn hjartveikur eða átti hann á hættu að fá skyndileg aðsvif?“ „Nei, pabbi var stálhraustur og hress miðað við aldur.“ „Voru foreldrar þínir ekki að flytja austur á firði?“ „Jú, vegna þess að pabbi var ráðinn kennari á Breiðdalsvík.“ „Er þá ekki hugsanlegt að faðir þinn hafi bæði verið þreyttur og kannski sofið illa nóttina áður og því sofnað undir stýri?“ „Nei, það er óhugsandi að svo hafi verið, því ég spurði þau bæði að því hvort þau hefðu sofið vel um nóttina, þau sögðust

hafa sofið vel þessa nótt, enda voru þau bæði svo hress þennan morgunn og tilhlökkunin var mikil að breyta svolítið um umhverfi.“ Síðan sagði Birta frá þessu tímabili í eins miklum smáatriðum og hún mundi en Bryndís skrifaði allar þessar upplýsingar sem Birta gaf henni frá því að Kári hringdi í hana þennan sama dag og tilkynnti henni ranglega að Axel hefði slasast illa og þar til að hún kom heim og las bréfið sem hafði legið á eldhúsborðinu og var til hennar frá Kára, þar sem hann útskýrði fyrir henni hvers vegna hann hefði skrökvað að henni. Þá sagði Valtýr: „Leyfðu mér að lesa þetta einkennilega bréf.“ Bryndís fór fram í eldhús og inn í skápinn þar sem hún geymdi ýmsa hluti sem henni var ekki sama um, fór með bréfið inn í stofu og rétti Valtý það. Þegar Valtýr hafði lesið það hristi hann hausinn og spurði Birtu um leið og hann rétti Bryndísi bréfið: „Segðu mér eitt, trúðir þú þessari endaleysu sem hann skrifaði þarna?“ „Já, að sjálfsgöðu, af þeirri reynslu sem ég hef haft af honum frá því að hann var smádrengur, enda bjargaði hann lífi mínu í þetta sinn.“ „Hvers vegna komst þú ekki á bílnum þínum?“ spurði Valtýr þó Axel hafi verið búinn að segja frá því. „Jeppinn hefur alltaf verið í fullkomnu lagi, en það einkennilega gerðist að hann fór ekki í gang hvernig sem ég reyndi, þess vegna varð ég að taka bílaleigubíl til að komast heim.“ „Þú hefur þá skilið jeppann eftir fyrir utan heimili foreldra þinna?“ spurði Valtýr. „Já, ég varð að gera það.“ Þá greip Axel fram í og spurði: „Verður það í lagi að fá far með ykkur í borgina á eftir svo ég geti sótt bílinn ef ég kem honum í lag, annars verð ég að koma honum á verkstæði.“ „Jú, það ætti að vera allt í lagi,“ sagði Bryndís.

Síðan beindi hún orðum sínum að Kára og bað hann að segja sér nákvæmlega hvers vegna hann hefði skrifaði þetta einkennilega bréf til Ólafs Halldórssonar rannsóknarlögreglumanns. Hann sagði henni söguna eins og hún lagði sig í smáatriðum þó hann vissi að Valtýr mundi alla vega ekki trúa einu orði af þeim hluta sögunnar sem skynnæmið blandaðist inn í. Hann lauk frásögninni á því að segja: „Strax eftir að ég hafði tilkynnt Birtu að Axel slasast fór ég inn í hesthús og lagði á öðlingshestinn Stjörnu og reið á honum að Hólum í Vatnsdal og var þar hjá Bjarti kunningja mínum allan daginn og kom ekki heim fyrr en klukkan var langt gengin í ellefu um kvöldið.“ Bryndís ritaði hvert orð samviskusamlega eftir honum inn á tölvuna. Síðan prentaði hún út þessar þrjár skýrslur og bað þau að skrifa undir hverja skýrslu fyrir sig.

En það var kominn mikill vandlætingarsvipur á Valtý rannsóknarlögreglumann þegar Kári lauk við þessa frásögn. Hann horfði hljóður og stíft á Kára þegar hann var að skrifa undir skýrsluna. Valtýr gat ekki með nokkru móti trúað þessu yfirnáttúrulega bulli og skildi þess vegna ekki hvers vegna pilturinn bar þessa fjarstæðu fram. Því hann taldi Kára vera of skynugan dreng til að geta talið sjálfum sér trú um að slík framsögn styrkti þessa lygi hans sem hann taldi að Kári hefði gert gagnvart Birtu, um að Axel hefði slasast til að fá hana heim af einhverjum undarlegum ástæðum sem kom í veg fyrir að hún færi með foreldrum sínum til Breiðavíkur. Þess vegna taldi Valtýr ranglega að það hlyti að vera einhver önnur og veigameiri ástæða fyrir þessari lygi í Kára og þessa ástæðu vildi hann fela með þessari fjarstæðu. En það hittist svo einkennilega á og var Kára til happs að þessi undarlega tilviljun kom upp á sama tíma sem varð til þess að bjarga lífi mágkonu hans frá sömu örlögum og foreldrar hennar lentu í. Þess vegna spurði Valtýr sjálfan sig: „Hver er ástæðan fyrir því að pilturinn laug svona heimskulega þegar hann mátti vita það meðal annars að bróðir hans var það viti borinn að trú ekki slíkri endaleysu, að Kári hafi vitað fyrirfram um dauðslysið með fjærhugsun?“

Undrun hans var því ekki síðri yfir því hvað Kári gat verið sakleysið uppmálað þegar hann bar slíka fjarstæðu fram. Því hann mátti vita fyrirfram að honum yrði ekki trúað, nema af þessu undarlega fólki sem reyndi að telja sjálfum sér og öðrum trú um að skynnæmi tilheyrði lögmálinu og Birta var greinilega ein af þeim. Þess vegna dró Valtýr þá ályktun að annað hvort væri pilturinn eitthvað meira en lítið ruglaður eða hefði eitthvað á samviskunni sem hann væri að leyna, sem Valtýr taldi langlíklegast. Þess vegna spurði hann Kára: „Hvers vegna í ósköpun dettur þér í hug að leggja slíka fjarstæðu fram, að þú hafir einhverja yfirnáttúrulega hæfileika í bréfi til rannsóknarlögreglunnar þar sem þú máttir vita fyrirfram að slíkt er ekki tekið gilt við rannsókn mála? Ég ætla að benda þér á að ef við hefðum einhverja ábendingu um að þetta slys væri morð, en það höfum við ekki, nema annað komi í ljós síðar hjá rannsóknardeild lögreglunnar þar sem þeir eru að yfirfara flakið, þá yrði þú efstur á lista grunaðra vegna þessara upplýsinga sem þú gafst í bréfi til rannsóknarlögreglunnar, sem er nánast játning um að þú hafi vitað fyrirfram um að það ætti að myrða þessar þrjár persónur.“

Þetta sagði hann aðeins til að þess að hræða Kára og fá hann til að verða tvísaga og rekja síðan úr honum garnirnar. Síðan bætti hann við: „Þess vegna er eins gott fyrir þig að

segja okkur satt og rétt frá og hætta að leggja fram slíka fjarstæðukennda skáldsögu að þú hafi vitað fyrirfram um þetta slys.“

Birta var svo hneyksluð að það sauð í henni reiðin og hún átti fullt í fangi með að bíða með að hella sér yfir Valtý rannsóknarlögreglumann áður en hann lauk máli sínu yfir þessum óskammfeilnu ásökum sem hann bar á Kára, þennan öðlingsdreng sem henni þótti svo vænt um. En meðan Valtýr var að bera upp á Kára sakir með þessum hneykslanlegu og óljúfu orðum þá horfði Kári allan tíman með athygli á rannsóknarlögreglumanninn, þá birtist honum skyndileg sýn.

Þegar Valtýr lauk máli sínu þá var Birta rjóð í framan af vonsku og hneykslun og ætlaði að svara honum með sínum hnitmiðuðu hvössu orðum, sem eru hennar einkenni þegar henni er nóg boðið, stöðvaði Kári hana með því að segja við Valtý: „Ég ætla að segja þér frá þeirri sýn sem birtist mér skyndilega þegar ég horfði á þig á meðan þú varst að tala til mín. Þá sá ég þig sem lítinn dreng, kannski fimm til sex ára, leiðan og í hnipri eins og þú hafir ekki fengið hjá foreldrum þínum það atlæti sem þú þurftir. Ég tel næsta vísst að það sé ekki vegna þess að foreldrar þínir hafi ekki verið góðir uppalandur eða haft litla elsku til þín, heldur tel ég það vera vegna þess að þú átt sennilega mörg systkin svo foreldrar þínir komust ekki yfir að veita þér það atlæti sem þú greinilega taldir þig þurfa þar sem athyglisþörf þín var til muna meiri, en systkinin þín sem eru öll yngri en þú. Faðir þinn dó af slysförum þegar þú varst kannski fimmtán ára gamall, þá fannst þér að þú ættir að bera ábyrgð á systkinum þínum, enda reyndist þú þeim vel. En eftir fráfall föður þíns misstir þú alla barnatrú og fannst guð vera vondur, ef hann var þá til í þínum huga, að taka föður þinn frá þér. Þetta ásamt því erfiða lífi sem þú hefur gengið í gegnum hefur gert þig beiskan og þú treystir engum nema þá helst þínum nánustu vinum. Þú ert raunagóður og ert á réttri hillu í þínu starfi og venjulega ertu mannglökkur, en þegar málin snúast um andleg fyrirbæri þá bregst þér bogalistinn, þú verður þver og einstrengilegur og trúir þess vegna engu sem viðkomandi segir þér um þau mál. Þú verður svo neikvæður að þú berð hiklaust upp á þann mann ósannsögli án þess að kanna hvort hann hafi þessa hæfileika eða ekki. Svo vil ég bæta því við að ég sá ekki dauðaslysið í fjarsýn, en þegar ég skynjaði slysið þá sá ég samhliða því svart flykki og það segir mér að þetta ógnvekjandi óhapp var ekki slys heldur var það fyrirhugað morð

og ekkert annað, þó ég skilji ekki hvernig á því stendur að nokkur manneskja hafi viljað þau feig.“

Bryndís varð undrandi á því hvað Kári hitti greinilega vel í mark, því ef svo hefði ekki verið þá hefði Valtýr svarað um hæl til að reka allt ofan í Kára sem hann hafði sagt. Hún brosti aðeins með sjálfri sér yfir orðum Kára, því hún vildi ekki særa tilfinningar félaga síns þar sem hún sá að honum var mikið brugðið og leið greinileg ekki vel undir þessum lestri. Valtýr var svo dolfallin af undrun að hann var kjaftstopp og sat hálf stjarfur allan tímann sem Kári talaði. Bryndís lét sem hún sæi ekki þessi viðbrögð Valtýs en sagði við Kára: „Ég rengi ekki þessa yfirnáttúrulegu hæfileika þína en þú verður að gera þér grein fyrir að þau duga ekki sem sönnunargögn.“ „Ég veit það vel, en það ætti ekki að vera nein fyrirstað fyrir ykkur að hafa það til hliðsjónar við þessa rannsókn ykkar.“ Þó að ekkert lægi fyrir annað en að þetta væri slys ákvað hún samt að spyrja Birtu: „Eiga foreldrar þínir eða þú einhverja óvildarmenn sem sem myndu vilja foreldra þína eða þig feiga?“ „Við eigum enga óvini og þess vegna kemur mér það algjörlega á óvart að Kári skuli hafa orðið fyrir þess háttar óhugnanlegu fyrirboði að einhver vilji okkur feig og ég er viss um að okkur þremur finnst það gjörsamlega óskiljanlegt.“ Þá sagði Valtýr: „Þá má reikna með að þetta sé algjörlega út í hött og óáreiðanlegt að treysta á slíka framtíðarsýnir.“ „Já, vissulega, eins og með öll mannanna verk, okkur öllum getur orðið á með ýmsu móti,“ svaraði Kári. Skömmu síðar kvöddu Bryndís og Valtýr heimafólkið og lögðu af stað til borgarinnar.

Tveimur dögum síðar kom staðfesting frá tæknifræðingum lögreglunar sem rannsökuðu bifreið gömlu hjónanna, að ekkert benti til þess að ekið hefði verið á bifreiðina til að keyra hana fram af vegakantinum og niður í sjávarkambinn, og líffræðingar lögreglunnar staðfestu að ökumaður bifreiðarinnar hafði ekki verið undir áhrifum áfengis eða annarra lyfja. Samkvæmt þessum upplýsingum lokaði rannsóknarlögreglan málinu með því að úrskurða mál gömlu hjónanna sem dauðaslys.

Fimm dögum síðar fór jarðarförin fram og gömlu hjónin voru bæði brennd og aska þeirra jarðsett í Grafavogskirkjugarði. Nokkrum dögum síðar var gengið frá arfleifð foreldra Birtu og hún gaf eða seldi flest af eignum foreldra sinna en það var ýmislegt sem hún flutti með sér norður, meðal annars fallett málverk af Lukkuhólum þar sem langafi

hennar Þorkell Jónsson hafði óskað eftir að þetta málverk fylgdi ættinni í beinum legg, en sennilegast var aðalástæðan fyrir því að hún tók þetta málverk með sér norður að langafi hennar og afi Jón Þorkelsson höfðu búið á þessu höfuðbóli sem stórbændur og ekki síður vegna þess að Fagrabrekka og Þrístallafoss var einnig á þessu málverki, sem er táknrænt fyrir þennan dal. Hún tók einnig með sér fagurhannaðan forláta skáp sem var að minnsta kosti eldri en fimmtíu ára.

ANNAR HLUTI

Leitin

19. KAFLI

Það eru níu mánuðir liðnir síðan gömlu hjónin létust og það hefur allt gengið sinn vana gang frá þeim tíma hjá ábúendum á Fögrubrekku. Síðastliðið haust byrjaði óvenju fljótt, það kólnað og frostið sótt á, áin var óvenju snemma ísilögð, spegilslétt og vel mannheld nema þar sem þrengslin voru í ánni, þar var ísinn ekki mannheldur eins og venja var. Birta notaði að venju alla þá daga sem buðust til að njóta þeirra íþróttanna sem hún unni mest. Hún tók hokkískautana sína fram á hverjum vetri, oftast um eftirmiðdaginn þegar ísinn lagði og var mannheldur þá naut hún þess fram í fingurgóma að renna sér á spegilsléttum ísnum upp og niður ána og krossa hana af þeirri kunnáttu, leikni og fimi sem hún hefur tileinkað sér gegnum árin, alltaf þegar veður leyfði en var sjaldan lengur en rúman klukkutíma. Á þessum níu mánuðum var hún að sjálfsögðu ekki enn alveg sátta við fráfall foreldra sinn og því síður hvernig það atvikaðist, þó hún sættist að nokkru leiti við úrskurð rannsóknarlögreglunnar um að foreldrar hennar hafi farist í slysförum, enda fannst henni það ólíkt skárna en að einhver vildi þeim svo illt að vilja myrða þau, samt var enn einhver vafi í huga hennar.

En Kári var ekki í nokkrum vafa um að foreldrar Birtu hefðu verið myrtir þó hann léti það ekki uppi eftir slysið. Hann taldi það tilgangslaust, alla vega að svo stöddu að þreyta lögregluna á þeim hugleiðingum, þeir mundu hvort sem er ekki trúna honum þar sem hann hafði engar haldbærar sannanir sem staðfestu tilgátu hans sem byggði aðeins á skynnæmi. Kári byggði þessa vissu sína ekki einungis á þessum duldu leiðum sem hann skynjaði nóttina áður fyrir morðið því hann hafði ekki gleymt þeim skynhrifum sem komu yfir hann þegar hann var átta ára gamall og skynjaði þá að það myndu verða nokkur fráfall í þessari fölskyldu vegna aðgerða illra manna. En síðan þetta ódæði dundi yfir fjölskylduna óaði honum við því sem hann taldi að framundan væri og hefur síðan oftlega verið hugsandi yfir hverju þetta sætti. Þar sem hann gat ekki ímyndað sér að nokkur maður gæti borði slíka haturstilfinningu til fjölskyldu hans.

Eins og áður hefur fram komið taldi Kári að hann væri einnig á lista þessara óþekktu glæpamanna en ekki Axel og hafði gegnum árin sætt sig við það, þó hann undir niðri væri ekki alveg viss um það.

Allan þennan óvenju frostkalda en snjólétta vetur, þar sem sólin skein mun oftast en venjulega gegnum heiðskíran himininn þar sem hún speglaðist á sléttri ísilagðri ánni viku eftir viku, gat Birta ekki annað en freistast til þess oftast enn venjulega að njóta þess að renna sér á skautunum eftir rennislétu svellinu og það kom oft fyrir um helgar þegar Kári kom í heimsókn að þau léku sér saman á svellinu og nutu gleðinnar sem samveran hafði á þau.

Þennan vetur sem aðra skiptust hjónin á að fara með heyrúllurnar annan hvern dag út á sléttunna á veturna þar sem stóðhestarnir voru á útigangi, samhliða húsverkunum sem þau skiptu á milli sín. En þegar Kári kom í heimsókn tók hann að sér að gefa hrossunum. Þau keyrði heyrúllurnar út á engin með Ferguson-dráttarvélinni og sáu einnig um að hirða og gefa folöldunum og þeim unghrossum sem voru innanhús og átti að temja um vetur. Það er einnig venjubundið verk að kemma unghrossunum tuttugu og tala við þau gæluorð svo þau verði fyrr mannelk.

Hjónin á Fögrubrekku réðu tamningamann til sín frá 1. nóvember fram til vorsins. Kári kom að sjálfsögðu eins oft þennan vetur um helgar og flesta hátíðisdaga að Fögrubrekku eins og hann hafði löngun og möguleika til. En yfir jólin var hann heimavið að ósk móður sinnar. Í lok janúar varð hann átján ára en fyrir ári síðan hafði hann tekið bílprófið samdægurs, þá var hann ekki háður neinum og gat því skotist norður hvenær sem honum sýndist og þá naut hann þess oftlega að ríða út á glæsilegum gæðingum, afbragðs skeið- og brokktölturum og enn aðrir flugu á rennandi skeiði, en svo margir þeirra einnig fjölhæfir á alla fimm ganganna þó þeir væru sérhæfir í einum gangi.

Öllum vorverkum var lokið og síðustu hryssurnar bornar svo það var ekkert í bígerð sem lá á fyrr en sláttur hæfist. Um mánaðamót maí og júní hringdi óvænt Friðrik Daðason, frændi Birtu frá Saint Paul í Minnesota í Bandaríkjunum og bauð hjónunum á Fögrubrekku og Kára að koma vestur og dvelja hjá honum í einhvern tíma. Axel taldi sig ekki geta komist í þetta sinnið þar sem óvenju erfitt væri að fá mann í sinn stað í svona stuttan tíma þetta árið, svo það var niðurstaðan að Birta og Kári færu tvö sama og mundu njóta þar lífsins í hálfan mánuð.

Rúmlega viku síðar var flogið frá Keflavík með Icelandair og vélin lenti kl. 17:55 að staðartíma á Dulles-flugvelliinum í Washington. Rúmum klukkutíma síðar tóku þau vél

þaðan og hún lenti á Saint Paul International-flugvöllinum í Minnesota. Fyrir utan flugstöðina beið McCready, bílstjóri Friðriks Daðasonar eftir þeim eins og vænta mátti því um það hafði Friðrik talað um í símanum.

Eins og áður hefur verið getið þá átti Birta eftir lát foreldra sinna aðeins einn ættingja eftirlifandi, eftir því sem hún best vissi, það er móðurbróðir hennar, Friðrik Daðason. Friðrik flutti til Bandaríkjanna í ríkið Minneapolis í Minnesota þegar hann var tuttugu og sex ára og hefur búið þar síðan, í fjörutíu og átta ár. Friðrik er meðalhár, þrekinn, kraftmikill og vöðvastæltur þó aldraður sé. En í dag má sjá þolleysi sem hann var mjög ósáttur við og ekki síður þessa verki sem hann fann stundum fyrir í baki og fyrir brjósti sem hann minntist aldrei á við nokkurn mann. Friðrik taldi þetta aðeins vera vöðvabólgu og ætlaði alltaf panta tíma hjá sjúkranuddara en gaf sér aldrei tíma til þess. En það var miklu líklegra að þessir verkir og þolleysi bentu til æðaprengsla í hjartavöðvum og ekki síður vegna þess að hann hafði gegnum árin stundað óreglulegt líferni og þar af leiðandi lítið hugsað um líkama sinn og sálarheill. Hann hafði þar til fyrir ári síðan verið heilsuhraustur og mikill vinnuþjarkur og kunni að koma ár sinn vel fyrir borð.

Friðrik vann hjá vinnuveitanda sínum við skógarhögg í mörg ár þar til að hann fékk leyfi til að stunda sjálfur skógarhögg sem atvinnurekandi. Fyrst leigði hann eingöngu af ríkinu skógasvæði sem átti að grísa. Með árunum gekk fyrirtæki hans það vel að hann eignaðist nokkur þúsund hektara landsvæði með virkilega góðum mismunandi trjátegundum til vinnslu.

Friðrik er frekar hrjúfur í fasi, ýtinn, brögðóttur og harður í horni að taka í viðskiptum og jafnvel hefnigjarn ef menn reyndu að svíkja hann eða koma aftan að honum með einhverjum hætti í viðskiptum. Þá gekk hann oftast eins langt og hann framast gat til að komast yfir það sem hugur hans girntist og þá fór hann oftlega inn á hið grúa svæði og hafði oftast betur. Fyrir vikið voru margir af þessum launráðamönnum sem reyndu að beita hann ólöglegum brögðum miklir óvildarmenn hans og vildu Friðriki ýmislegt til miska. En hann hefur alla tíð verið vinur vina sinna.

Á sjötugasta og fjórða ári var heilsan mikið farin að gefa sig eins og framan greinir en hann stóð uppi sem velríkur maður af fé og fasteignum eftir amerískum mælikvarða, en var vinfár. Þó hann væri komin á þennan aldur höfðu menn nokkrum sinnum reynt að

koma þungu höggi á hann en venjulega farið erindaleysu. Hann hefur reynst góður stjórnandi og greiðasamur við sína menn og hefur alltaf staðið við þá samninga sem hann gerði þó hann hafi aðeins handsalað þá. Þess vegna var hann virtur af heiðalegum viðskipamönnum sem hann átti kaupskap við. Einnig hefur hann alltaf fengið góða menn í vinnu til sín og þeir hafa allir reynst honum vel.

Friðrik auglýsti einn daginn fyrir tuttugu árum síðan eftir vöruflutningabílstjóra fyrir fyrirtæki sitt. McCready var einn af mörgum sem sóttu um og hann var með góð meðmæli. En eftir þetta þolleysi fannst honum öruggara sjálfs síns vegna að fá sér einkabílstjóra og treysti engum betur til þess en McCready vöruflutningabílstjóra. Hann bauð honum betri kjör og McCready tók því og það hentaði þeim báðum vel því hann hafði aldrei bundið sig við konu til langframa og var því engum háður. Því var hann nánast alltaf til taks þegar Friðrik þurfti á honum að halda, að öðru leiti fékk hann að nota eðalvagninn eins og sína eign. Hann var rúmlega fimmtugur og naut lífsins þegar hann átti frí og notfærði sér að sjálfsögðu þennan fallega og skemmtilega vagn til að kynnast fögrum konum og ekki síður vegna þess að hann var ágætlega myndarlegur og er sérlega kurteis maður og einkanlega við konur.

Kári fylgdi Birtu út af flugstöðunni þar sem McCready beið þeirra. Hann tók blíðlega á móti henni þar sem þau þekktust vel og heilsaði Kára og opnaði afturdyrnar fyrir þau. Kári var ekki lítið undrandi þegar hann sá þennan eðalvagn. Bílstjórinn ók beinustu leið til Saint Paul í norðaustur við útjaðar hennar. Eftir nokkurra stunda akstur beygði hann inn í innkeyrsluna að stóru lágreistu þrjú hundruð og fimmtíu fermetra einbýlishúsi og lagði bifreiðinni þar fyrir framan þrefaldan bílskúr. Friðrik tók á móti þeim fagnandi í útidyrnum og bauð þeim síðan inn í húsið. Þá tók á móti þeim búlduleit, þéttholda og vinaleg lítil kona og Friðrik kynnti hana fyrir þeim: „Þetta er hún Debbie Alison, hún er frábær ráðskona, hún sér um alla matseldi í þessu húsi og passar vel upp á það að ég og bílstjóri minn sveltum ekki, sem við sennilega myndum gera ef við ættum að sjá um okkur sjálfir.“ Þau heilsuðust með handabandi og kynntu sig þá sagði Alison: „Ég veit ansi mikið um ykkur því hann er ekki svo lítið búinn að tala um ykkur og Friðrik hefur ekki svo lítið hlakkað til komu ykkar.“ Síðan spurði hún þau hvort þau væru ekki svöng eftir ferðalagið og bauð þeim til borðs sem var þakið ýmis konar góðgætum. Þau settust til borðs og nutu gæðanna sem á boðstólum voru.

Eftir máltíðina spurði Friðrik fréttu frá Íslandi og kvaðst hryggur yfir fráfalli foreldra Birtu og hversu snöggt það bar að. Hann var einnig sama sinnis þeim báðum um að þetta slys hafi borið einkennileg að og staðfesti hug sinn með því að segja: „Ég er í raun undrandi og það er mér alveg óskiljanlegt, jafnvel ráðgáta að faðir þinn skuli hafa ekið fram af kambinum í svona blíðskaparveðri þar sem ég þekkti hann ekki af öðru en aðgæslu í keyrslu og veit þar af leiðandi að hann var alveg einstaklega gætinn ökumaður. Þess vegna er þetta slys í mínum huga óútskýranlegt fyrirbæri, nema að faðir þinn hafi verið ósofinn nóttina áður og sofnað þess vegna undir stýri.“ „Það er útilokað, því pabbi sagði einmitt við okkur mömmu að hann væri í raun hissa hvað hann hafði sofið vel um nóttina þar sem hann hafði verið töluvert spenntur af tilhlökkun að leggja af stað daginn eftir.“ „Já, við vitum það í raun öll að hann hefði aldrei lagt af stað alla þessa leið ósofinn, hann hefði lagt sig áður í nokkra klukkutíma til að vera hress undir stýri. Þá kemur aðeins til greina aðsvif, hjartaáfall eða einhver önnur óvænt uppákoma sem leiddi til þess að bifreiðin fór fram af kambinum.“ Þá svaraði Birta: „Það hefur aldrei borið á því að faðir minn hafi fengið aðsvif eða hann hafi talað um einhverja verki sem benti til að eitthvað væri að hjartanu, enda fengu þau sér göngutúr á hverjum degi í rúman klukkutíma í hvaða veðri sem var. Og þar að auki fannst engin slík meinsemd við lífsskoðun sem ávallt er gerð undir slíkum kringumstæðum.“ „Þá hlýtur að vera einhver önnur ástæða fyrir þessu slysi, eins og til dæmis að einhver hafi ekið á bifreiðina og ýtt henni af slysi fram af kambinum og stungið síðan af vegna skyndilegrar hræðslu.“ „Ekki vildi rannsóknarlögreglan halda því fram, þeir sögðu að ekkert benti til þess sem sýndi fram á að ekið hefði verið á bifreiðina og draga því þess vegna þá ályktun að þetta hafi verið einfalt slys vegna gáleysis ökumanns.“

Síðan var ekki rætt meira um þetta mál og eftir máltíðina sýndi Friðrik þeim húsnæðið sem er snyrtilegt, stórt og verulega skemmtilegt eldhús ásamt sjö herbergjum og stórrí stofu í suðri og sú hliðin var öll glerjuð ásamt hurðinni sem snýr að stórum, fögrum og vel hirtum skruðgarði. Litlu síðar fóru þau þrjú út til að skoða þennan fagra skrautgarð. Garðmegin var breið stétt og við tók tólf metra löng og fimm metra breiða sundlaug, síðan breiddi garðurinn úr sér í eitt þúsund fermetra svæði með fögrum fjölbreyttum blómum og trjátegundum.

Á hverjum morgni fóru þau í laugina og lágu í sólbaði, oftlega fram á hádegi og notuðu eftirmiðdaginn í að versla eða fara á listasöfn og skoða sig um í borginni. Oftast fóru þau með strætisvagni en í tvígang þáðu þau boð Friðriks að fá lánaðan bílinn hans og bílstjórann McCready. En þau tóku aldrei eftir svartri bifreið með lituðum rúðum sem var ekið á eftir þeim hvert sem þau fóru frá því að þau komu til Saint Paul.

Á tíunda degi um hádegi sem Birta og Kári voru gestir á þessu heimili sátu þau við matborðið þegar Friðrik sagði: „Mér hefur verið boðið af einum kunningja mínum til kaups nálægt eitt hundrað hektara skógarsvæði ásamt eitt hundrað og fimmtíu fernetra góðu árshúsi sem var byggt fyrir fimm árum síðan og liggur við Upper Red-vatn, norðarlega í Minnesota. Ég hef þó nokkurn áhuga á að kann þetta mál og við höfum komið okkur saman um að halda fund um þetta mál klukkan þrjú í dag í einu fundarherberginu í Skautahöllinni. Mér datt í hug hvort að þið Birta og Kári munduð vilja fljóta með og skoða þessa geysilega flottu höll og jafnvel nota skautasvellið ykkur til skemmtunar á meðan ég er á fundinum?“ „Jú, það yrði okkur kærkomin ánægja,“ svaraði Birta. Þau þrjú lögðu af stað tímanlega og bílstjórinn var að sjálfsgöngu McCready. Skömmu síðar lagði McCready bifreiðinni á autt stæði þó nokkuð frá Skautahöllinni þar sem öll önnur bifreiðastæði sem voru nær Skautahöllinni voru fullsetinn.

Í þessari svörtu bifreið sem hafði elt þau síðustu sjö daga er bifreiðastjórinn og einn farþegi og þeir gerðu það einnig á þessum áttunda degi. Ökumaðurinn heitir Rey Lowell, farþeginn sem sat við hlið hans Georg Greene. Verkefnastjórinn þeirra, Webb Jeremy taldi nægilegt að hafa aðeins tvo við eftirförina en sagði þeim jafnframt að þeir ættu aðeins að fylgja þeim eftir og gefa sér skýrslu um hvert fótmál viðfangsins þar til hann skipaði þeim annað.

Webb Jeremy, verkstjóri morðdeildar Svartnættisins hafði fengið þá skipun frá Asra Kendrick höfuðmanni Svartnættisins að sjá til þess að gengið yrði svo tryggilega frá tveimur Íslendingum að þau rísi aldrei upp aftur og sagði einnig að hann hefði fullt umráð með hvaða hætti það yrði gert. Þessi hjú komu í heimsókn frá Íslandi til Friðriks Daðasonar skógarhöggsmanni til húsa að 125. stræti í Saint Paul, Minnesota. Þau heita Birta Tryggvadóttir og Kári Arnarson, Birta og Daðason eru náskyld.

Jeremy taldi næsta vísst að frændi viðfangsins, Friðrik Daðason mundi einhvern daginn fljóta með þeim í einkabífreiddinni, þá ætlaði hann að slá tvær flugur í einu höggi og sprengja þau fjögur í tætlur. Þar sem hann taldi sér trú um að hann ætti sannarleg sökótt við þennan fjandans mann sem hafði gert honum verulega mikinn óleik. Og þá mundi lögreglan örugglega telja við eftirgrennslan að morðin hafi verið framin vegna Friðriks Daðasonar, og yfirmenn hans mundu þess vegna vera mjög ánægðir með þá útkomu.

Sá sem sat í hliðarsætinu hafði meðal annars það verkefni að taka myndir af Birtu og Kára á ýmsum stöðum sem þau komu á og hann skrifaði einnig í litla vasabók bæði tíma og dagsetningar sem myndirnar voru teknar og ýmislegt annað sem þeir vildu hafa sér til minnis. Þeir gáfu verkefnastjóra morð- og handrukkaradeildar Svartnættisins í Washington DC skýrslu um þessi viðföng á hverju kvöldi.

20. KAFLI

Þegar glæpasamtökin sem nefna sig Svartnættið höfðu náð yfirráðum yfir eiturlyfjamarkaðnum og mannsali í flestum ríkjum Bandaríkjanna neyddust þeir að semja við Kaliforníu-mafíuna um ákveðna markalínu sem hvort um sig hefði full umráð yfir, og hinn aðilinn hafði engan rétt á að reyna að leggja undir sig markaðinn á því svæði og það væri réttlát dauðasök. Báðir aðilar sáu að það væri betri kostur að semja því annars hefði orðið stríð á milli herja sem hvorugir hefðu grætt á.

Þó Cosa Nostra viti af samtökunum sem nefna sig Svartnættið, eins og allir aðrir sem fylgjast með, þá höfðu þeir ekki hugmynd um hverjir stjórnðu þeim og hafa engan áhuga á að vita það. Vita þess vegna ekkert um tilurð Huldu Svörtu Englanna (HSE) og lögreglan hefur ekki hugmynd um tilurð þeirra. Þó lögreglan eigi erfitt með að sanna hverjir tilheyra Svartnættinu þá veit mafían meira um tilurð þeirra en nokkur annar utan þess. Enda eru margir bæði lágt settir og virtir menn innan bandarísku mafíunnar frá ýmsum ríkjum Bandaríkjanna, en fimm af þeim eru félagar í H.S.E., það eru gömlu félagarnir sem mynduðu unglíngamafíusamtökin sem Cambell stofnaði á þeim árum. Þar er fyrst að nefna Russel Cambell, Rory Dunnet vin Russels, Joseph Bahrude, Anthony MacDonald, Asher Kendrick bróður Herberts Kendrick sem er mjög vinveittur Richard Shaw, þar að auki eru þeir hátt skrifaðir og ætttengdir guðföðurnum, eins og Russel Cambell. Þeir eru allir geysi efnaðir og hver um sig rekur sitt eigið stórfyrirtæki og greiðir skatta sína og skyldur af þessum fyrirtækjum eins og allir meðlimir HSE eru skikkaðir til að gera, til að tryggja það að þeir verði ekki leiddir í gildru af FBI, og upplýsi þar með um HSE samtökin vegna vangoldinna skulda til ríkisins. Þessum mönnum hefur til þessa tekist að fela glæpaferil sinn með því að reka þessi opinberu og heiðalegu fyrirtæki og leynd þar með aðal tekjulindum sínum.

Þeir eru tólf sem mynduðu og innvígðu sig í þennan leyniklúbb sem þeir nefna, Huldu Svörtu Englanna. Þeir komu sér síðan saman um að mynda samtökin Svartnættið sem hefur það að stefnuskrá sinn að ná yfirráðum yfir öllum eiturlyfja- og mannsalsmarkaðnum í Bandaríkjunum og einnig að reyna að ná sem mestu yfirráðum í

norðvestur-hlutanum, Mexíkó-megin við landamærin. Þetta tókst að nokkru leiti, en mafían í Mexíkó hefur öll yfirráð yfir norðaustur-hluta landamæranna og eru ekki sáttir við að Don Diego Supremon skuli hafa látið sig hafa það vera leppur fyrir eiturlyfjasamtökin Svartnættið. Og það hefur nokkuð oft komið til vopnaviðskipta á milli þessara tveggja glæpaflokka þarna skammt frá landamærunum þar sem norðaustur-mafían hefur hug á því ná öllum ítökum við landamæri Bandaríkjanna, Mexíkó-megin.

Huldu Svörtu Englarnir ákváðu að skipta Svartnættinu niður í þrjú þrep. Í Efrideildinni eru Könnunarsveitin, Gjaldkerasveitin og Endurskoðunarsveitin. Í Neðrideildinni er aðeins Sendiherradeildin. Í þeirri deild er Tim Graham deildarstjóri einn Ræðismaður, hann býr í Arisóna og rekur þar stórt og viðamikið kjötvinnslufyrirtæki sem nefnist Kjöt, en ekki undir hans nafni heldur undir nafni skráðs forstjóra, sem vinnur eftir sem áður sem varaforstjóri, hann er aðeins leppur fyrir eigandann. En í raun vinnur hann sem varaforstjóri þegar eigandinn er ekki við því eigandinn er skráður sem sölumaður fyrir fyrirtækið.

En þegar hann er vinna fyrir Svartnættið er hann undir nafninu Ræðismaður, þá eru verkefni hans samkvæmt því, meðal annars að sjá um að tengjast sem flestum löndum í Suður-Ameríku og vera boðberi á sem flestan hátt á milli þessara landa og kemur skilaboðunum skriflega, mánaðarlega til viðkomanda aðila, með þeirri leyniskrift sem framan greinir. Það er afar sjaldan sem Ræðismaðurinn þarf að fara sjálfur til viðræðna við þessa þrjá aðila. Þeir eru allir nautgriparæktendur en á kafi eiturlyfjamarkaðnum. Alltaf þegar hann þarf nauðsynlega að hitta þessa þrjá aðila kemur hann alltaf til baka með skjalfastann samning um kaup á nautakjöti fyrir fyrirtæki sitt, en eiturlyfjasamningurinn fer ávallt fram munnlega. En þegar hann verslar raunverulega fyrir sitt fyrirtæki fer hann mun oftast til Suður-Ameríku.

Fyrir utan HSE eru aðeins fimm menn innan Svartnættis sem þekkja þessa leyniskrift, í Efrideildinni eru tveir menn, Deildarforsetinn Asra Kendrick og Verkefnastjórinn, í Neðrideildinni eru einnig tveir menn, Deildarstjórinn Tim Graham og Ræðismaðurinn, í Neðstudeildinni Framkvæmdarstjórinn Michael Simonsen. En hver deild hefur sín hverja ráðningabókina. En næsta deild fyrir ofan er einnig með þá ráðningabók. Og það eru þrír öruggir aðilar í þrem löndum sem Ræðismaðurinn er í sambandi við sem þekkja þessa

leyniskrift, þeir nota allir hver sína bókina til ráðningar sem Ræðismaðurinn hefur einnig í sínum fórum. Þessi lönd eru Mexíkó, Gvæjana og Súrínam.

Deildarstjórinn Tim Graham er eigandi að fyrirtækinu Kjötvinnslan Kjöt. Ef Ræðismaðurinn fær bréf í þeim einstökum tilfellum sem Tim telur þörf á að ræða augliti til auglitis við Ræðismanninn kemur hann út frá skrifstofu Tims með staðföst skjöl um kaup á einhverju magni af varningi, en skipanirnar voru munlegar.

Ræðismaðurinn sér einnig um ríkin þrjú við landamærin að Mexíkó. Sendiherrarnir sex deila ríkjunum innan Bandaríkjana á milli sín sem Svartnættið hefur náð tökum á og koma upplýsingum til Tim Graham, en þessir sex menn hafa aldrei samband sín á milli og því síður við Ræðismanninn. En í hverju ríki er aðeins ein Neðstadeild og þær eru jafnmargar og ríkin eru mörg sem HSE hefur náð yfirráðum yfir. Þær eru oftlega nefndar innan starfsmannanna öðru nafni Hersing. Í hverri Neðstudeild eru Eiturlyfjaflokkurinn, Sölu flokkur eiturlyfja, Morðflokkurinn, Hreinsunarflokkurinn, Mannsalsflokkurinn og að síðustu eru Vélhjólaflokkurinn, Vöruflutningaflokkurinn og Sendibílaflokkur flóttafólks. Þeir tilheyra allir sama floknum. Deildarflokkarnir innan Neðstudeildar eru mismunandi margir eftir aðstæðum, En flokkarnir í hverri deild eru flestar í ríkjunum við landamærin eins og fram kemur hér að aftan.

Leynireglan.

Huldu Svörtu Englarnir (HSE).

Forsetinn Russel Cambell. Varaforsetinn Rory Dunnet og tíu meðstjórnendur.

Svartnættið.

Efrideild.

Deildarforsetinn Asra Kendrick.

Könnunardeild, Gjaldkeradeild, Endurskoðunardeild.

Verkefnastjóri, Yfirgjaldkeri, Yfirendurskoðandi.

Aðstoðarmenn, Gjaldkerar, Endurskoðendur.

Neðrideild.

Deildarstjóri Tim Graham.

Sendiherradeildin.

Ræðismaður.

Sex Sendiherrar.

Neðstadeild (Hersing).

Framkvæmdarstjóri.

Vöruflutninga- og sendibifreiðadeild. Morðdeild. Eiturlyfjadeild.

Verkstjóri. Verkstjóri. Verkstjóri. Verkstjóri.

Verkmenn. Verkmenn. Verkmenn. Verkmenn.

Söludeild eiturlyfja. Mannsalsdeild. Vélhjóladeild. Hreinsunardeild.

Verkstjóri. Verkstjóri. Verkstjóri. Verkstjóri.

Verkamenn. Verkamenn. Verkamenn. Verkamenn.

Á þriggja ára fresti er forseti og varaforseti kosin af tólf meðlimum HSE en fram til þessa hafa báðir forsetarnir verið kosnir nánast einróma. Það á að heita svo innan samtakanna að það sé eins konar lýðræði því allar ákvarðanir eru teknar á boðuðum fundum og meirihlutinn ræður, ef kosningin er jöfn hefur forsetinn úrslitaatkvæði. En ef einhver einn meðlimur leynireglunnar þarf að láta vinna eitthvert verkefni persónulega fyrir sig leitar hann til forseta reglunnar og semur við hann einslega. Forsetinn tekur þá einn ákvörðun um hvort nota skuli einhvern eða einhverja frá Svartnættinu eða hvort að eigi að leita utan samtakanna. Síðan gefur forsetinn Deildarforseta Efrideildar skipun um að sjá til þess að framkvæmdarstjórinn komi til skila til undirmanna sinna að verkið verði framkvæmt með þeim hætti sem forsetin hefur ákveðið, ef hann á annað borð samþykkir að aðstoða meðlim HSE.

Allir sem eru í þessari leynireglu eru stórefnaðir og þekktir. Einn af þeim er innan þingsins, öldungadeildarþingmaðurinn Russel Cambell. Það eru þrír mánuðir síðan hann

var tekinn inn í leynifélagið HSE þar sem einn meðlimurinn hafði látist skyndilega vegna hjartaáfalls fyrir fimm mánuðum síðan. Það tók félagsmenn tvo mánuði að koma sér saman um hver yrði fyrir valinu. En að lokum var Cambell tekinn inn meðal annars vegna þess hversu auðveldan aðgang að ýmsum leynilegum upplýsingum innan stjórnkerfis landsins þeir gætu fengið með ráðningu hans.

Allar ákvarðanir sem eru teknar koma frá Huldu Svörtu Englunum og hvort heldur sem tillögurnar koma frá HSE eða einhverjum deildunum þremur sendast þær ávallt til HSE og berast síðan þaðan til Deildarforseta og síðan til Könnunarsveitar. Hún er ávallt beðin að kanna hvort tillagan eða tillögurnar sé framkvæmalegar og þegar allar upplýsingarnar eru fengnar þá eru þær sendar til HSE sem tekur lokaákvörðun.

Allir meðlimir Svartnættis vita ekki betur en að Deildarforsetinn ráði og stjórn Svartnættinu, þannig vilja meðlimir leynireglunnar HSE hafa það þar sem Deildarstjórinn er einn af tólf meðlimun leynireglunnar. Þess vegna eru allar tillögur sem koma frá yfirmönnum hverra deildar innan Svartnættis ávallt sendar til Deildarforseta fyrst. Þegar Ræðismaðurinn eða Sendiherrarnir eru á ferðinni í erindagerðum að skipan Deildarstjóra kynna þeir sig ávallt undir stöðunöfnum við viðskiptamenn sína.

Tim Graham, Deildarstjóri Svartnættis rekur einnig sitt eigið fyrirtæki sem nefnist Kjötvinnslan Kjöt. Tim notar varaforsetan sem lepp, hann er skráður opinberlega sem eigandi þess með hans samþykki. En skrifstofuhúsnæðið er í Washington DC. Fyrirtæki hans kaupir nautakjöt víða að meðal annars frá nautgripabóndanum og mafíumanninum frá Mexíkó, Don Diego Supremeon. Alltaf þegar Ræðismaðurinn er sendur til fundar við Supremeon búgarðseiganda, hvort heldur sem hann er viðskiptavinur hans á nautakjöti eða að vinna fyrir Svartnættið, kemur hann á alltaf á búgarðinn í dulgervi sem Ráðsmaður. Hann gengur undir þessu nafni svo lengi sem ekki kemst upp um hann, annars er hann settur af og einhver annar kemur í stað hans.

Þó að það upplýsist hvert hans rétta nafn er og að hann hafi einhvers konar samneyti við mafíubóndann verður engin leið að mati Ræðismannsins að sanna á hann óheiðarleg viðskipti þar sem hann er ávallt með kaupsamninga um viðskipti um nautakjötsverslun þegar hann fer frá nautgripabóndanum Don Diego Supremeon. En allir aðrir samningar sem Sendiherrann gerir við mafíubóndann fyrir Svartnættið eru ávallt munnlegir og

handsalaðir og standa sem stafur í bók, því það vita allir innan glæpahreyfingarinnar að svik við Svartnættið er dauði fyrir viðkomanda eða ættingja hans, ef það telst æskilegri útkoma fyrir glæpahreyfinguna. En allir kaupsamningar sem hann gerir á vegum fyrirtækis hans eru að sjálfsögðu skjalfastir og undirskrifaðir af honum og seljandanum.

Í rúmt ár eftir að Richard Shaw slapp úr fangelsinu þar sem verkefni hans þar hafði tekist að lokum, að finna út hver Ræðismaðurinn væri, var sett sú regla að skipan forstjóra FBI að ætíð ætti að leit oftar hjá fleiri ferðamönnum og nákvæmara í hand- og ferðatöskum ásamt öllum öðrum tollskyldum vörum, hvaðan sem þær komu, en áður hafði verið gert af tollvörðum. Þessi fyrirskipun á að standa yfir allan þann tíma sem rannsókn á Ræðismanninum stæði yfir. Þetta var gert til að engin grunsemd kæmi upp í huga Ræðismannsins eða annarra innan Svartnættisins.

Leynilögreglan var sett í það verkefni að vakta alla sólarhringinn Kjötvinnsluna Kjöt og það var fylgst sérstaklega með öllum tortryggilegum mönnum sem fóru þangað inn og komu þaðan út, sumir af þeim voru frá lögreglunni, sem síðar kom í ljós að voru mútuþegar Svartnættis. En þeir höfðu einnig tekið eftir því að ákveðnir þekktir afbrotamenn, sem virtust hafa bætt lífi sitt en hafði verið vantreyst nokkuð lengi, mættu þarna reglulega, þar á meðal var Ræðismaðurinn. Eftir sem áður gat lögreglan og fulltrúar FBI ekki staðfest grun sinn um að skráður eigandi og forstjóri þessa fyrirtækis væri með ólöglega starfsemi og því síður gat FBI komið sök á Ræðismanninn eða tengt hann við Svartnættið þó að þeir vissu um tengsl hans við þessi glæpasamtök. Þeir höfðu ekkert á þetta fyrirtæki sem gæfi þeim leitarheimild. En eftir þessa mánuði höfðu fulltrúar FBI þó það upp úr krafsinu að hafa upp á allri Hersingunni sem liggur að landamærum Mexíkó, með þeim hætti að þeir gátu sannað upp á einn lögreglumanninn að hann þáði mútur af þekktum sölumanni eiturlyfja. Þannig náði FBI smá saman beinni tengingu við verkstjóra eiturlyfjagæddarinnar og það til framkvæmdastjórans. Þá ákvað Robert Canfield, forstjóri alríkislögreglunnar í samráði við aðstoðarmenn sín að hreinsa til þarna suður frá við landamærin sem fyrst, þó áætlunin hafi mistekist um það að komast að því hverjir stjórnðu þessum glæpalýð. Þar sem upplýsingarnar sem fulltrúar FBI voru búnir að safna að sér um starfsemi þessa glæpagengis sem hafði hrannast upp og ekki var um að villst að þarna var miklu umfangsmeiri glæpastarfsemi en þeir höfðu átt von á. Þess

vegna var ekki mögulegt að horfa lengur fram hjá því að það yrði að ráðast til inngöngu svo fljótt sem mögulegt var til að reyna að stöðva þennan óhugnað við landamærin.

Nokkru seinna réðust sérþjálfaðir menn frá alríkislögreglunni til inngöngu inn á allar bækistöðvar Svartnættisins við landamærin ásamt David Webb sérþjónustumanni sem stjórnaði aðgerðum. Allar þessar þrjá Hersingar sem eru í hverju ríki og voru staðsettar á mismunandi stöðum í þessum þrem ríkjum sem liggja að landamærum Mexíkó. Alríkislögreglan kom þessum glæponum gjörsamlega að óvörum og það náðust allir, frá framkvæmdastjóranum til lægstu starfsmanna. En það voru nokkrir smyglarar frá Mexíkó sem einnig voru teknir höndum, þar sem þeir komu rétt fyrir innrásina með smyglvarning frá Mexíkó yfir bandarísku landamærin með fullan sendibíl af flóttafólki og falin tvö hundruð kíló af heróíni á bak við gervipíl. Þeir óku þaðan beinustu leið grandalausir á móttökustaðinn fyrir flóttafólkið sem átti síðan að selja til ýmissa kaupenda. Með þessari aðgerð stöðvuðu þeir nánast allt smygl yfir landamærin í nokkra mánuði. Eða þann tíma sem tók fyrir Svartnættið að koma á laggirnar þremur nýjum Hersingum við landamærin, í öllum þrem ríkjunum. En Ræðismaðurinn var settur af og annar kom í hans stað.

Daginn eftir þessar aðgerðir alríkislögreglunnar kallaði Russel Cambell, forstjóri Huldu Svörtu Englanna félagsmenn á fund í húsakynnum þeirra, sem er staðsett þrjátíu km í suður frá Washington DC. Félagsmenn keyptu fyrir nokkrum árum síðan þrjú hundruð fm fokhelda hæð á annarri hæð, skömmu eftir að HSE var stofnað. Ryan Seichan einn af aðstoðarmönnum Sendiherrans sem var settur í það hlutverk og fékk þriðja aðila til að ganga frá kaupunum sem leppur og hann átti að leiga hana út til Einkaklúbbsins Rólegir menn, sem þá var stofnaður nýverið af HSE-mönnum með ákveðinn mann sem lepp sem sá um að tilkynna það til réttu aðila innan borgamarka Washington DC. Og þessi sami maður kom opinberlega fram sem eigandi og kaupandi að öllum þeim kostnaði til að koma húsnæðinu í það horf sem HSE fóru fram á. Þar á meðal að tryggja eins og mögulegt var alla hljóðeinangrun og að innfarrauðir geislar næðu ekki þar inn fyrir.

Þegar þessir sterku áhrifamenn glæpasamfélagsins í Bandaríkjunum mættu á fundinn fór það ekki á milli mála að þeir voru allir miður sín og um leið forviða og töldu það hreinan skandal að engin innan hreyfingarinnar skyldi hafa vita af svo yfirgripsmikilli innrás lögreglunnar inn á þeirra áhrifasvæði án þeirra vitundar. Það væri með ólíkindum að

slíkur fjöldi af lögreglu- og sérsveitarmönnum skyldi hafa tekist að skipuleggja og undirbúa slíka árás innan þeirra svæða af slíkri nákvæmni. Þeir vissu greinilega hvar þeir áttu að koma niður, sem hefur án efa tekið margra mánaða vinnu að og koma á laggirnar. Þess vegna töldu þeir nánast víst að einhver innan raða Svartnættis væru svikari sem þæði mútur frá lögreglunni með styttri fangavist og jafnvel lausn frá fangavist. Eða það sem væri enn þá verra, að lögreglumaður leyndist innan raða Svartnættis. Eftir nokkrar umræður um þetta mál var tekin sú ákvörðun að láta Könnunarsveitina taka að sér þetta mál og leggja alla áherslu á að hafa upp á þessum manni eða mönnum sem áttu þátt í að svíkja Svartnættið.

Það var með ólíkindum hversu hratt þetta glæpasamfélag náði að byggja sig upp aftur eftir áfallið því allar Hersingarnar þrjár í fjórða þrepinu, sem er á vegum deildarforingjanna við landamæri, Mexíkó tókst að byggja upp á ný af slíkri launung þessar nýju bækistöðvar sínar að alríkislögreglan hafði engan grun um slíkar aðgerðir. Það var ekki fyrr en alríkislögreglan fór að taka eftir mikilli söluaukningu undanfarnar vikur að þeir sáu hvers kyns var og það kom þeim verulega í opna skjöldu. Þá sannaðist það fyrir þeim hvers konar risa glæpasamfélag þeir ættu í höggi við og þeir yrðu með öllum ráðum að komast að hverjir höfuðpaurarnir væru sem stjórnðu þessu glæpasamfélagi sem kallaði sig Svartnættið.

Á sama tíma þegar alríkislögreglan var að undirbúa nýja sókn á móti Svartnættinu bað Toni Brandson öldungadeildarþingmaður um fund við maffuforingjann Russel Cambell og Forseta Huldu Svörtu Englanna. Brandson hóf máls á því að segja: „Ég er þakklátur yfir því að gömlu hjónin frá Íslandi eru horfin af jarðkringlunni eins og ég hafði beðið þig að sjá um. En ég var að sjálfsögðu fyrir miklum vonbrigðum með að dóttir þeirra fylgdi ekki með eins og áætlað var.“ „En það var nú ekki þeim að kenna sem stóðu að þessu, eftir þeim upplýsingum sem ég fékk og hef þegar sagt þér, að þessi Kári, sem er mágur Birtu og fjölkunnugur og hafði með einhverjum ráðum tælt Birtu frá því að fara með foreldrum sínum og koma heldur í skyndi heim á þennan sveitabæ sem þau hjónin búa á og heitir Fagrabrekka, þó ég eigi erfitt með að skilja það, þó ég hafi tekið það sem gilda afsökun í þetta sinnið. En ég varaði heimildamann minn við því að ef mönnum hans mistekst aftur við þetta verkefni mun hann missa spón úr aski sínum og ég mun þá senda ákveðna menn héðan frá Bandaríkjunum til að taka að sér verkið.“ „Já, ég man eftir því

að þú sagði mér frá ástæðunni og ég verð því miður að setta mig við að það fer ekki allt eftir bókinni eins og við viljum. En ég furða mig ekki á slíkri forspágáfu eins og þú vegna þess að ég hef heyrt að tveir-þriðju Íslendinga séu dulrænir. Hefur þú ekki getað kannað það nánar hvort það sé rétt að þessi Kári hafi þessa hæfileika?“ „Jú, heimildarmaður minn gerði það og sagði mér að það væri altalað á heimahögum Birtu að mágur hennar, Kári Arnarson að nafni væri einstaklega dulrænn og það gangi fjöllunum hærra þarna í sveitinni að með klókindum hafi hann fengið Birtu til að koma heim í skyndi og bjarga þannig lífi hennar. Hann átti að hafa fundið á sér að Birta væri í hættu og notaði því öll brögð til að hún hætti við að fara með foreldrum sínum. Eftir því sem ég best veit þá laug hann að Birtu að maður hennar hefði dottið af hestbaki og væri illa slasaður, á þeim forsendum fór hún í skyndi beinustu leið heim. Ég á ansi erfitt með að trúa þessu en annað hef ég ekki í höndunum, nema þá grunsemd að einhver af mönnum heimildarmanns míns séu svikarar. En ég lét mig hafa það að trú þessu að sinni þar sem ég hef heyrt að slíkar manneskjur séu til.“

„Ég væri ekki af íslenskum ættum ef ég hefði ekki vitað af því þeir væru almennt sérlega skynhrifnir menn miðað við aðrar þjóðir, þess vegna verðum við að koma Kára fyrir kattanef sem fyrst.“ „Þú ert þó ekki að segja mér að þú trúir því í raun og veru að slíkt hafi átt sér stað í raun og veru?“ „Jú, ég tel næsta víst að skýringin sem þú fékkst sé jafn góð og einhver önnur skýring á meðan ég hef ekki aðra, þar sem ég hef aldrei vefengt skynnæmi, þess vegna verðum við sem fyrst að losa okkur við Kára fyrir fullt og allt. Þess vegna tel ég að hann ætti að vera næstur á dagskránni.“ „Hann er nú þegar næstur á dagskránni ásamt Birtu. Ég hef nokkuð góðar heimildir fyrir því að Birta og Kári séu á leiðinni í hálfmánaðar frí, hingað til Saint Paul að heimsækja frænda Birtu, hann heitir Friðrik Daðason. Ég hef þegar gert ráðstafanir um það mál. Og verkefnið er nú þegar komin til mordeildarinnar.“

Rey Lowell og George Greene sem tilheyra morðdeild Svartnættis, fylgdust með Birtu og Kára í átta daga og fengu loksins skipun um aðgerð eftir að þeir höfðu sagt yfirmanni sínum að Friðrik væri með í bifreiðinni ásamt Birtu og Kára og að sjálfsögðu ók McCready bifreiðinni. Á þessum sama morgni spurði Friðrik Birtu: „Hefur þú ekki áhuga á skautafþróttinni?“ „Jú, það hef ég að sjálfsögðu, því ég er nánast á skautum á hverjum degi á veturna þegar veður leyfir. En hvers vegna ertu að spyrja að því frændi?“ „Þannig

er að ég þarf að hitta Turne Ralston framkvæmdastjóra Skautahallarinnar í Saint Paul klukkan þrjú á morgun. Ralston missti einhvern ættingja sinn og var arfleiddur af nokkrum hundruðum hektara af skógarlendi sem ekki hefur verið grísað í langan tíma og það fylgir einnig einhver sumarbústaður með kaupunum. Hann vill selja landið og bústaðinn ef hann fær viðunandi tilboð. Þetta land er norðan við Upper Red-vatn í Minnesota, það er ekki mjög langt frá landamærum Kanada.“ „Ertu að hugsa um að kaupa þetta skóglendi?“ spurði Birta. „Ég ætla alla vega að kanna málið. Og mér datt í hug að þið kæmuð með ef þið hafið áhuga, því Skautahöllin er stór og glæsileg og kaffihúsið er ekki síðra. Mér datt þess vegna í hug að þið nytuð lífsins þarna á svellinu á meðan á fundurinn stendur yfir, hann gæti tekið nokkurn tíma og ef mér lýst vel á málið þá fer ég að sjálfsögðu norður einhvern daginn til að skoða svæðið. En ef þið eruð orðin óþreyjufull að bíða eftir mér þá mun McCready skutla ykkur þangað sem þið viljið fara.“ Það var afráðið að þau færu öllu saman.

Þrem vikum áður en framangreinda samtal fór fram tók Richard Shaw sitt sumarfrí í byrjun ágúst frá háskólanum og hafði ákveðið nokkru áður að eyða sex vikna frítíma sínum í fæðingarbænum í húsi móður sinnar í Saint Paul í Minnesota. En fjórum mánuðum áður kom hann heim frá Suður-Afríku eftir átta mánaða dvöl sem útsendari FBI. Málið gekk kannski ekki nákvæmlega eins og vonast var eftir, en það var ekki honum að kenna.

Lausn þeirra mála verða ekki gerð upp hér, það mundi trúlega fylla aðra bók. En sú reynsla var ekki líkt því eins erfið og tveggja ára fangelsisvistin sem hann var neyddur til að taka að sér, eins og framan greinir. En þetta verkefni skildi samt það mikið eftir sig sálarlega að hann tók þá ákvörðun þegar hann kom heim að lifa kyrrlátu, friðsömu lífi og slaka á yfir þeim fræðiritum sem hann naut að stund þar. Því þessu starfi fylgdi oftast mikil friðsæld og ró. Í frístundum sínum stundaði hann golf, hljóp nokkra kílómetra eða las bækur.

En nokkru áður en hann fór þessa för til Suður-Afríku hafði hann kannað með varkárni um ástæðu fyrir dauða föður síns, fyrst með fyrirspurnum innan mafiunnar í þeirri deild sem tilheyrði Russel Cambell mafiuforingja og sérlega innan skyldmenna sinna, sem hann reyndar hafði gert áður, en það var svo yfirborðkennt. Richard gerði það aðallega til

að sjá hvort viðbrögðin hjá þeim yrðu þau sömu og áður. Hann var ekki lengur í vafa um að einhverjir innan mafiufjölskyldunnar átti þátt í dauða föður hans. Það var fátt um svör og þau misjöfn, og venjulega á þá lund að hann skyldi láta þetta kyrrt liggja eins og áður. En einstakir menn sögðu við hann á þessa leið: „Það er tilgangslaust fyrir þig að vera að leita að einhverjum sökudólgi fyrst lögreglan hefur ekki getað fundið hann og það eina sem þú munt hafa upp úr þessari forvitni þinn mun sennilega ekki verða þér til framdráttar.

21. KAFLI

Á þessum tíma hefur Russel Cambell mafíuforingi verið giftur Jessie Weingrass í þrjátíu og fjögur ár. Cambell féll strax fyrir henni fimmtán ára gamall þegar hann sá hana fyrst. Hún er dóttir auðjöfursins Rider Weingrass og Clöru Sebastian Weingrass, frænku Richard Shaw í fjórða lið. Russel og Jessie voru bæði ung þegar þau giftu sig, aðeins átján ára. Tólf árum síðar var hann valin sem foringi ákveðinnar deildar innan stórfjölskyldunnar af guðföðurnum.

Það þótti æskilegt að tengja þessar tvær fjölskyldur saman svo Jessie var nánast nauðbeygð til að giftast honum, þá þekkti faðir hennar ekki þá illmennsku sem bjó í Russel Cambell þar sem hann kom ávallt mjög vel fyrir, virtist velviljaður og greiðvikin, sem var oftast fyrirhuguð gildra til að koma hans málum í gegn, en glöggir menn sáu oftast í gegnum hann og höfðu sjaldan eða aldrei viðskipti við hann ef þeir voru heiðalegir. Hann elskaði Jessie á sinn hátt enn eftir þessi ár og reyndist henni að sumu leiti ágætis eiginmaður, sveik hana ekki í tryggðum en fór oftast sínu fram.

Jessie var ung og óreynd og hafði ekki þrek til að spyrna á móti föður sínum. En eftir tíu ára hjónaband þoldi hún ekki við lengur í þessu hjónabandi og fór fram á skilnað. Það gekk ekki áfallalaust fyrir sig þar sem Cambell var því mótfallin og beitti öllum þeim óheilundum sem hann taldi óhætt til að kom í veg fyrir hjónaskilnað þeirra. En þar sem faðir hennar er mikill áhrifa maður þá var að lokum gengið frá skilnaðinum. Og hún flutti með börn sín í stórt einbýlishús sem hún keypti skammt frá fyrra heimili sínu en það var í raun ekki hennar vilji. Það var vegna vilja Cambells þar sem hann fór fram á að fá umgengisrétt yfir börnum sínum mánaðarleg í tvo daga og að þessu leiti gekk það snurðulaust fyrir sig. En það hófst mikil og hörkuleg barátta á milli lögfræðinga þegar Cambell fór fram á að heimili barna hans væri aldrei lengra en einn km frá núverandi heimili hans á meðan börnin væru innan við átján ára gömul. Jessie var viss um að þessi ósveigjanlega krafa hans væri einungis gerð til að sýna hversu vald hans var mikið. Þessi krafa hans hafðist í gegn með því að múta dómbaranum.

Hjónin eiga eina dóttir og tvo syni Sandi Cambell er elst barna þeirra hjóna, hún er þrjátíu og fjöggra ára í dag. Sandi er nánast eftirmynd móðir sinnar. Hún er einn sextíu og níu á hæð, sérlega fögur og glæsileg, dökkhærð, vel gáfum gædd, mild í skapi og göfuglynd.

Harry Cambell er næst elstur, þrjátíu og tveggja ára . Hann er nokkuð líkur föður sínum í útliti og háttum. Hann er einn áttatíu og þrjár á hæð, falskur, óskammfeilinn, hefnigjarn, stjórnsamur og frekur. Harry er þrekinn, búlduleitur, vel byggður, vöðvastæltur og sterkur. Hann gengur ávallt með Beretta 15 skota skammbyssu á sér. Harry er þegar farin að huga að stöðu föður síns við fráfall hans.

Kenna Cambell er yngstur þeirra barna og er töluvert blandaður foreldrum sínum og ættingjum, einn og áttatíu á hæð, spengilegur, langleitur, dökkhærður og frekar myndalegur maður. Kenna er prúður í háttum, ákveðinn í fasi, hugrakkur, yfirvegaður og sérlega góður samningamaður. Kenna fylgir reglum mafíunnar þó hann komi hvergi nærri glæpum föður síns. Þeim er gott til vana, Kenna og Richard. Shaw virti Kenna mest af föðurættingjum sínum, næst á eftir Sandi frænku sinni.

Þegar Sandi var á gelgjuskeiði dáðist hún að Richard og bar eins konar unglingaást til hans, hún er fimmtána árum yngri en Richard Shaw. Hann hefur ávallt reynst henni sérlega vel frá því að hún var unglingsstúlka og hún leitar enn oftlega til hans enda eru þau bestu vinir. Fyrir rúmum tíu árum byrjuðu þau að hittast tvö ein á kaffihúsum að kvöldi til og fóru ekki ósjaldan í kvikmyndahús á eftir. Á þessum síðustu árum fundu þau mikinn kærleika á milli sín en viðurkenndu hvorugt fyrir sjálfu sér að um nánara samband gæti verið að ræða á milli þeirra.

Jessie móðir Sandi sá í gegnum hug þeirra beggja til hvors annars og var mjög ánægð með og vonaði að þau næðu saman í fyllingu tímans. En því miður var Cambell á öðru máli og sagði oftlega við eiginkonu sína í þau fáu skipti sem þau mæltu sér mót eftir skilnaðinn: „Það er löngu komin tími til að Sandi verði ráðsett eiginkona og ég hef þegar augastað á eiginmanni handa henni sem er frá efnuðu góðu fólki sem ég hef góð tengsl við í viðskiptum og er því mjög æskilegt að þessar tvær ættir tengist saman.“ Jessie svaraði honum oftlega á þann hátt: „Sandi er nú sjálfráð hverjum hún giftist og lætur þig varla stjórna því.“ Hann svaraði henni þá alltaf: „Þú veist það vel að innan okkar kerfis

eru það feðurnir í mafíunni sem hafa í aldraðir valið maka fyrir börn sín, það hefur hingað til farið best á því.“

Málið var að föður hennar grunaði einnig að tengsl væru, að hans mati hættulega nán á milli dóttur hans og Richards. Hann var ekki í vafa um að hún elskaði Richard og ætlaði svo sannarlega að fyrirbyggja að þau giftu sig gegn vilja hans. Cambell hefur alla tíð verið illa við Richard frá því að hann neitaði að ganga í félag með honum hér áður fyrr og ekki síður vegna þess hvað Luther Cambell faðir hans hafði borið mikla virðingu fyrir Shaw. Hann nánast hataði Richard, ekki síður vegna þess að hann þekkti yfirburði hans.

Þá vildi það happ til, að mati Russels, fyrir rétt rúmum tveimur árum að Paul, sonur Anthony MacDonald, sem er einn af félögum Huldu Svörtu Englanna, hafði áhuga á dóttur hans og vildi giftast henni. Paul fann það fljótlega þegar hann gaf henni undir fótinn að hún var honum afhuga en ávallt kurteis. Hann var ekki alkosta sáttur við það þar sem Sandi var sérlega fríð, skörp og vel gefinn. Þar að auki var hún ein af þessum heiðalegu og sanngjörnu konum sem margur maðurinn innan hans stéttar hefur ekki. Og er því einstaklega virðingarverð og heppilega eiginkona til að koma með á mannamót þar sem virðingarfólk mætti. Þar mundi hún örugglega, sem eiginkona hans, auka og bæta stöðu hans innan mafíunnar. Fyrir utan það að hann var bálskotinn í henni. Faðir hans Anthony MacDonald er stórríkur og eigandi að mörgum fyrirtækjum af ýmsu tagi, bæði í Washington DC og Virginíu.

Hann var ekki vanur því að hann fengi ekki þá konu sem hann vildi, enda var hann mjög fjöllyndur í verunni og mjög eigingjarn. Þess vegna sætti hann sig ekki við þessa málalok og vildi fá Sandi fyrir eiginkonu með hvaða ráðum sem væri. Hann treysti á föður sinn til að leysa þetta mál fyrir sig. Þegar faðir hans sá að honum var full alvara með að giftast Sandi lofaði faðir hans honum að hann mundi tala við Russel Cambell og síðan sjá hver útkoman yrði. Hann lét það vera að segja syni sínum að hann hefði sterkt tromp á hendi sem yrði Russel í hag. Hann taldi nánast víst að Cambell gæti ekki staðist það tilboð sem hann mundi bjóða honum ef hann mundi sjá til þess að Sandi samþykkti skilyrðislaust að verða eiginkona sonar hans.

Anthony MacDonald hafði samband við Cambell á næsta fundi hjá Einkaklúbbnum Rólegir menn. Þarna mætu tólfmenningarnir ávallt allir einu sinni í mánuði en þess á milli mæta þeir þarna eftir tíma sínum og aðstæðum.

Forsetinn hafði aðeins alræðisvald yfir Huldu Svörtu Englunum ef einn af þessum ellefu stjórnarmönnum bað um sérstaka meðferð einslega, þá átti hann sem forseti Huldu Svörtu Englanna að sjá til þess að málið yrði leyst fyrir viðkomandi án vitundar stjórnarinnar, það þótti heppilegast fyrir þá alla að koma þar hvergi nærri. Forsetinn má hafa þann hag að verki loknu eins og um er samið á milli þessara tveggja aðila þar sem hann tekur ákveðna áhættu með sínum ákvörðum.

Það ætlaði MacDonald eldri. Þannig er mál með vexti að eftir níu ára setu og þrjár kosningar sem forseti Huldu Svörtu Englanna hafði hann tvisvar unnið með öllum samþykktum atkvæðum, en í þriðju kosningunni var hann kjörinn af níu stjórnarmönnum. Nú eru þrjú ár liðin og kosningar eftir þrjú mánuði. Russel vissi fyrir víst að hann hafði aðeins fimm atkvæði eins og staðan var í dag og það var nánast víst að hann næði ekki sjötta atkvæðinu sem dugði honum til setu áfram sem forseti. Þetta atkvæði ætlaði Cambell að ná í. Þar sem hann var þegar farinn að gruna að MacDonald um hafa orð á því hvort ekki væri æskilegt að þeir tengdu ættir sínar saman með giftingu Jessie og sonar MacDonald. Cambell vissi að hann væri ein af þessum sex sem vildu ekki hafa hann áfram sem forseta. Þarna ætlaði hann sér að ná í þetta eina atkvæði sem hann vantaði. „Nú skal þetta vafamál breytast,“ var hann meðal annars að hugsa á meðan hann beið eftir MacDonald.

Þegar faðir Sandi hafði fyrir tæpum tveimur mánuðum, áður en hann hafði talað við MacDonald, bannað henni að hafa sambandi við Richard þá var hann með Paul MacDonald í huga og ætlaðist til að hún giftast honum, hversu mikið sem hún mótmælti því. Hún mundi að lokum ganga að vilja hans, meðal annars vegna þess að MacDonald eldri var langæskilegastur sem eiginmaður hennar vegna áframhaldandi viðskipta þeirra á milli, sem gæti slitnað upp úr ef hann missti forsetastólinn eftir kosninguna. En málið var að MacDonald vildi alls ekki að viðskiptasamband þeirra slitnaði, þess vegna gaf hann augljóslega til kynna að hann mundi ekki styðja Cambell í forsetastólinn, einungis að bragðvísi.

Alltaf þegar hann ræddi þetta við dóttur sína hafði ekkert af hans rökum náð til hennar, þar sem hún svaraði venjulega þessum orðum hans: „Það er þinn vilji og þinn gróði en það er ekki minn vilji og ég mun fara ver út úr þessu hjónabandi en þig grunar pabbi, ef ég giftist þessum sjálfselfska dóna.“ En hann var jafn ákveðinn í að hún skyldi giftast honum, ef ekki með góðu þá gegn vilja hennar. Faðir hennar vissi að hann hafði sterkt vopn gegn henni sem mundi neyða hana að vilja hans, en vildi ekki nota það á hana fyrr en undir það síðasta.

En eftir þetta framangreinda samtal við MacDonald taldi hann sig ekki komast hjá því að beita dóttir sinni slíkum þrýstingi sem hann beitti venjulega ekki nema undir vissum kringumstæðum. Þó einkennilegt sé, þá þótti honum sárt að þurfa að nota slíka aðferð við dóttur sína en lét sig hafa það. Cambell sagði nokkrum sinnum við konu sína: „Ég get ekki með nokkru móti skilið þessa þrjósku og skilningsleysi hennar, að sjá ekki það öryggi og þá glæstu framtíð sem Paul MacDonald mun skapa þeim báðum þar sem allt bendir til að framtíð hans sé rísandi.“ Þá fékk hann nánast alltaf sama svarið: „Sandi mín er lík þér að því leyti að hún hefur fengið frá þér þennan mikla styrk, þrjósku og ákveðni. En hún er öðruvísi að því leyti að hún er samnofin af sanngirni, gáfum, glöggskyggni og mildi en hörð eins og fjandinn sjálfur ef hún er beitt órétti og þetta ættir þú að vita. Er þá ekki trúlegt að hún sjái betur í gegnum falsbrynjuna á þessum manni en þú? Ég veit að þér þykir vænt um dóttur þína á þinn eigingjarna hátt og vilt því ekki í raun að það fari illa fyrir henni. Þess vegna ættir þú að hlusta betur á hana en þann gróða sem þú greinilega færð með þessum samningum sem þú hefur gert við feðgana.“

Einn daginn hringdi hann í dóttur sína og sagði henni að hún yrði að kom í kvöldkaffi skömmu vegna áriðandi málefns. Þegar Sandi mætti þetta umrædda kvöld hafði hún móður sína með sér þar sem hún taldi sig vita um hvað málið snérist. Cambell var ekki sérlega sáttur við það þegar hann sá að hún hafði móður sína með sér, hann bauð þeim báðum inn í minni borðstofuna. Þjónn húsráðandans, Georg Staples hafði séð um að leggja á borðið alls kyns góðgæti og rétt innan við dyrnar beið þjónninn eftir þeim og var til taks að þjónusta þau. Þau settust að boði Russels við þetta stór borð sem var fyrir fáa gesti, Russel settist gegnt þeim. Því var ekki á móti mælt, hann kunni sig ávallt við sína gesti á meðan hann taldi það þjóna tilgangi hans. Og það gerði hann í þetta sinnið þó önnur þeirra væri óvelkomin. Þjónninn sinnti starfi sínu vel því aldrei þurfti húsráðandinn

að gefa honum einhverja bendingu. En mæðgurnar ræddu mest saman um daginn og veginn yfir borðhaldinu. Russel þagði að mestu leiti en blandaði sér öðru hvoru inn í samtalið.

Eftir borðhaldið sagði hann skyndilega og óvænt með bros á vörum við Sandi: „Hefur þú hugsað málið til enda?“ „Hún leit til föður síns þóttafull og þóttist ekki skilja spurninguna og svaraði honum samkvætt því: „Um hvaða mál ertu að spyrja mig?“ Þá svaraði hann henni á rólegu nótunum: „Þú veist vel um hvað ég er að spyrja og þú átt eftir að þakka mér síðar meir fyrir að hafa komið þér í gott hjónaband með því að fara að mínum ráðum og giftast MacDonald yngri.“ Hún horfði á föður sinn eldhvössum og nístandi augum. „Þú, sem ert faðir minn, hefur verið að biðja mig og hóta mér öllu illu ef ég giftist ekki þessum Paul MacDonald, þó að ég get varla sagt að ég þekki haus né sporð á honum. Þau fáu skipti sem ég hef séð til hans hafa ekki orðið til að auka áhuga minn á honum, þó myndalegur sé ,því mér lýst ekkert á þennan mann, það er eitthvað við hann sem leggst illa í mig og slíka menn forðast ég alltaf.“ „Hvernig getur þú sagt þetta án þess að hafa kynnst manningnum.? Ég fullyrði að þessi maður mun reynast þér góður eiginmaður, hann þykir mjög æskilegt mannsefni, stúlkurnar dragast að honum og vilja ná í hann til frambúðar en hann hefur valið þig og þú ættir að vera þakklát fyrir það.“ „Ég hef engan áhuga á þessum manni eins og ég hef margoft sagt þér og ég hef grun um að hann sé ekki allur þar sem hann er séður og þar að auki sérlega fjöllyndur í verunni og mun alltaf vera það þó hann gifti sig. Slíkan mann fyrirlít ég og þú vilt þú að ég giftist honum.“ „Þú veist að slíkt framferði sem framhjáhald líðst ekki í okkar fjölskyldu, hún hefur alla tíð verið samheldin og það er ein af forsendunum fyrir því að samfélag okkar er á þessum trausta grunni og ég mun að sjá til þess að það verði gengið tryggilega frá því máli, þú þarft ekki hræðast það.“ Þá svaraði Sandi hvöss: „Góði, hættu þessum þrýstingi, ég giftist aldrei þessum manni meðal annars vegna þess að hann er ekki traustsins verður.“

Móðir hennar hlustaði á með hryllingi að maður hennar ætlaði að knésetja dóttur sína til að giftast manni sem hún kærði sig ekkert um, eins og gert var við hana af föður hennar til að giftast Cambell. Jessie hafði oftlega reynt að hafa áhrif á manninn sinn, í góðum tómi, til að leyfa henni að ráða sér sjálfri um það hvort eða hverjum hún giftist. Hún kom ávallt að tómun kofanum. Hún vissi líka að ef hún blandaði sér í þetta rifrildi segði

Cambell henni að þegja eða snauta frá borðinu. Þó Jessie vær að kikna undan þessum þrýstingi á dóttur hennar, dáðist hún af styrk hennar að getað staði undir þessum djöflaþrýstingi. En því miður vissi hún einnig að faðir hennar mundi á endanum hafa ráð, ef hann hefði þau ekki nú þegar, til að knésetja dóttir sína undir sinn vilja. Hún viss að Sandi vildi hafa hana við borðið.

„Ég ansa ekki þessari vitleysu í þér því þegar þú hefur kynnst honum í hjónabandinu þá mun viðhorf þitt til hans breytast til hins betra. Ég þekki báða feðgana og get sagt þér af hreinskilnin að Paul er sérlega gáfum gæddur, kannski skapráður, en hann þykir efnilegur sem tilvonandi stjórnandi til að taka við fyrirtæki föður síns sem forstjóri eftir lát hans og reka það af skynsemi þar sem hann er víðsýnn á þessu sviði og sér hvar peninganna er að finna. Það eru miklar líkur fyrir því, miðað við þekkingu hans og hæfni, að hann eigi eftir að stækka og fjölga útibúum fyrirtækisins með tímanum og að lokum að njóta forréttinda á réttum stöðum. Þess vegna, mín kæra dóttir, er það ekki ofmælt að það er til mikils að sækja, þar sem hann mun skaffa þér fallett og gott heimili og tilvonandi börnum þínum þegar þar að kemur, þó ástin sé ekki fyrir hendi núna þá kemur hún síðar. Og fyrir utan það er mjög æskilegt að þessar fjölskyldur tengist sama af mögum ástæðum.“ Eftir því sem leið á ræðu föður hennar roðnaði hún í andliti af reiði og hatri til föður síns því hún vissi að hann var í raun að selja hana sér til hagsbóta. Hún þurfti að stilla sig alveg sérstaklega til að öskra ekki að föður sínum. Sandi einbeitti sér og sagði hvasst og horfði á hann með fyrirlitningu: „Þú ert í raun að reyna að selja mig sem þræl þér til hagsbóta, en þú hefur ekkert slíkt vald yfir mér eða nokkrum öðrum í þessu landi og þar að auki er ég er löngu orðin lögráða. Hættu að ráðskast svona með mig því ég tek mínar ákvarðanir sjálf, burtséð frá því hvað þú segir ef það er gegn vilja mínum og óskum. Og þegar ég vil kynnast einhverjum manni eða gifta mig, þá vel ég þann manni sem ég elska sjálf en spyr hvorki þig eða nokkurn annan um leyfi til þess.“ Síðan stóð hún upp frá borðinu og strunsaði út og móður hennar á eftir henni. Því var ekki á móti mælt að þessi orð dóttur hans nístu hann í hjartarætur því hvernig sem hann var þá þótti honum vænt um dóttur sína á sinn hátt og taldi í raun að þessi hagur hans við giftinguna mundi veita dóttur hans einnig lukku með tíð og tíma. Hann horfði á eftir dóttur sinn í þögninni.

Eftir rúman hálfan mánuð ákvað Russel Cambell að ganga frá þessu máli og neyða dóttur sína til að ganga undir vilja sinn, hvað sem það mundi kosta, þar sem hjónaband hennar

við son viðskiptavinar hans mundi styrkja stöðu þeirra beggja innan Huldu Svörtu Englanna og taldi sér trú um að það mundi einnig koma sér vel fyrir dóttur hans. Hann hringdi í Sandi og bað hana að koma inn á skrifstofu sína og tala við sig einslega. Sandi kom klukkutíma síðar. Hún var kvíðin á leiðinni undir stýri meðan hún var að aka þessa kílómetra frá heimili sínu til heimkynna föður síns þar sem hún vissi með sjálfri sér að þetta samtal yrði henni óþægilegt. Hún vildi ekki í þetta sinnið blanda móðir sinni í þennan fund þar sem hún hafði tekið svo nærri sér að hlusta á síðast rifrildi.

Þegar Sandi birtist á skrifstofu föður síns skynjaði hún skyndilega um hvað málið mundi snúast um. Faðir hennar sá það og spurði: „Ertu eitthvað lasin vina mín? Þú ert svo fól í andliti.“ Hún svaraði þessu engu, en spurði: „Viltu eitthvað tala við mig?“ Russel sagði við hana með sterkri ákveðinni röddu: „Nú lætur þú af þessum þráa þínum og samþykkir að giftast þessum manni sem ég hef ákveðið, þú munt hafa verra af ef þú ferð ekki að mínum ráðum.“ Þá sprakk blaðran hjá Sandi. Hún sagði með nístandi háði: „Þú hefur alltaf hugsað um rassgatið á sjálfum þér og annað kemst ekki inn í þinn haus, því þinn hagur er ávallt hagur fjölskyldunnar þó það sé mótsnúið okkur. Ég giftist aldrei þessum manni og síst af öllu þegar þú hótar mér svona andstyggilega.“ Þá sagði hann einfaldlega við dóttur sína: „Þú munt hlíða vilja mínum því að ég veit að Richard Shaw hefur alltaf verið þér hugleikinn og ef þú giftist ekki Paul MacDonald þá veit maður aldrei hvað getur komið fyrir Richard Shaw, hann gæti þess vegna fallið frá fyrr en seinna af margvíslegum ástæðum.“ Sandi varð að styðja sig við stólbakið því henni varð svo um við þessi orð föður síns, þar sem hún vissi að hann mundi standa við orð sín. Þá sagði hún: „Ég mun hata þig að eilífu ef þú neyðir mig til að giftast þessum manni.“ Á þessu augnabliki gafst hún upp fyrir föður sínum og samþykkti að giftast þessum manni vegna Richard, þó hún viss það fyrir víst að hann hefði aldrei samþykkt það, heldur barist með henni þar til hann félli frá og það gat hún ekki hugsað sér þar sem hann var í raun eini vinur hennar sem hafði alltaf staðið með henni. Þá brosti faðir hennar ánægður og sagði: „Það er gott að heyra og ég mun einnig standa við hótun mína ef þú hefur samband við Shaw fyrir utan fjölskylduboðin.“

Sandi hljóp titrandi á taugum og ofsareið út úr húsinu, settist inn í bifreið sína með þungan klump í brjósti og hataði föður sinn nánast hamslaust. Hún sat góða stund undir stýri og hlustaði á rólega tónlist til að reyna að ná sér niður áður en hún æki af stað. Eftir

skamma stund minkaði skjálfti líkamans samfara reiðinni sem breyttist í táraflóð og síðan hallaði hún sér að stýrinu og grét hömlulaust þar til að hún náði áttum og jafnaði sig að nokkru leiti þá ók hún beinustu leið heim sem er eins langt og mögulegt er frá heimili föður hennar og móður í Washington DC, sem henni þótti verulega vænt um. Hún hafði valið lítið og þægilegt einlyft einbýlishús sem hún keypti fyrir nokkrum árum. Hún hefur síðan notið þess að dunda sér í garðinum sem hún hafði sjálf hannað með skemmtilegum gosbrunni sem fegraði garðinn einstaklega vel.

Eftir tveggja ára hjúskap komst Sandi óvænt að því að eiginmaður hennar hélt fram hjá henni hvenær sem færi gafst. Eftir tveggja vikna umhugsun leigði hún sér einkaspæjara til að fylgjast með honum og safna sönnunargögnum, meðal annars ljósmyndum um framhjáhald eiginmanns síns. Með því að sýna föður sínum ljósmyndirnar fyrst þá gæti hún með samþykki föður síns fengið skilnað við mann sinn. Frá því augnabliki hætti hún að sofa hjá honum og hann tók því illa upp og það kostaði oftlega hvöss rifrildi. Stundum sló hann til hennar en hún gaf sig aldrei með það og var mikið fegin að hafa þarna góða ástæðu til að neita honum um kynlíf þar sem hún hefur fyrirliðið eiginmann sinn frá því að þau voru gefin saman. Rúmum tveimur mánuðum síðar fékk hún upphringingu frá einkaspæjaranum hennar, hann hefði nú þegar næg sönnunargögn til að sanna á hann framhjáhald. Hún sér mót við hann á fyrirhuguðum stað. Allan þennan tíma hafði hún komið sér hjá því að sofa hjá honum. Hann var fljótt orðin mjög ergilegur á þessu háttalagi konu sinnar þó Paul vissi að hún fyrirleit hann ekki minna en fyrir giftingu og hugsaði sem svo að hann skyldi fljótlega sýna eiginkonu sinn hver það væri sem réði á heimilinu og hún yrði að lúta eiginkonuskyldu, sinn annað hvort með góðu eða illu.

Klukkan tíu einn morguninn, þegar hún kom niður í eldhúsið að fá sér morgunmat taldi hún víst að maður hennar væri farinn í vinnuna eins og venjulega en þetta sinn sat hann við eldhúsborðið og beið eftir henni. Þá sagði hún bæði ergilega og kuldaleg: „Ertu þú hér enn? Hvers vegna ert þú ekki mættur í vinnuna?“ „Það eru einhver vandræði í Suður-Karólínu sem ég þarf að koma lagi á í fyrirtækinu mínu þar. Ég verð þar sennilega í rúma viku en mun hringja í þig rétt áður en flugvélin fer í loftið heim á leið. Og vertu búin að undurbúa komu mína, sem verður um tíuleitið um kvöldið.“ „Hvað kemur mér það við, ég er fegnust þegar þú ert ekki heima.“ Þá sagði hann hvass: „Það er vegna þess að þú ert eiginkona mín og þér ber skylda til að þjóna mér með eiginkonuhlutverki þínu og það

skaltu gera hvort sem þú vilt það eða ekki.“ Sandi gekk þegjandi og hljóðalaust út úr eldhúsinu, upp á loft og inn í snyrtiherbergið sitt, sem hver kona hefði öfundaða hana af. Hún settist fyrir framan spegilinn og sá hversu föl hún var, enda var henni þungt fyrir brjósti og ákvað að fara frá honum þegar hún væri búinn að sýna honum ljósmyndirnar. Hún vissi það örugglega að ef hún væri flutt í sitt gamla heimahús þegar hann kæmi heim þá mynd hann bara sækja hana. Hún hugsaði ráð sitt og komst að niðurstöðu.

Hún hringdi í bróður sinn og sagði honum alla söguna og nefndi einnig eiginkonu góðkunningja föður hennar. „Og ég hef einnig í höndunum ljósmyndir sem eru það augljósar að það er illmögulegt að rengja þær, alla vega mun pabbi ekki vera í vafa um hvað sé í vændum á þessum myndum ef ég sýndi honum þær, sem ég ætla ekki að gera nema í neyð, og þú veist hvað það getur kostað.“ „Já, ég skil vel þessa ákvörðun þína, þó að þessi eiginmaður þinn sé bölvaður ræfill, eigingjarn drullusokkur og á til að beita ofbeldi þegar því er að skipta og þá skiptir hann engu máli hver á í hlut. Ég veit um nokkur skipti sem faðir hans kom til skjalanna til að bjarga honum fyrir horn gegnum klíkuna. Þess vegna vara ég þig við að sýna Paul ekki myndirnar fyrr en ég er kominn, því að þér er ekki óhætt að vera ein með honum. Maður veit aldrei hvað þessi mannfjandi gerir við þig ef þú verður ein með honum þegar þú sýnir honum þessar myndir.“ „Hann mun verða snarvitlaus, þess vegna hringdi ég í þig og ég hefði vilja að Richard kæmi með þér þar sem við tvö munum ekki ráða við Paul ef til slagsmála kemur, sem verður nánast víst. Paul hefur þjálfað sig í hnefaleikum og þykir víst nokkuð góður í þeirri grein.“ „Veistu hvenær hann kemur heim?“ „Ekki fyrir víst, en sagði hann sagist búast við því að vera komin heim eftir rúma viku og sagði einnig að hann muni hringja í mig þegar flugvélin væri lent á Dulles-flugvelliinum og bætti síðan við að yrði ég að vera tilbúin að þjóna hjónahlutverki mínu þegar hann kemur heim. Ég hef ekki sofið hjá honum í tæpa þrjú mánuði, hann er að verða vitlaus út af því og ætlar að fá það hjá mér með góðu eða illu.“ „Þess þá heldur verður þú að hringja í mig tímanlega vina mín, því ég ætla að vera kominn heim til þín, ásamt vini okkar Richard, en ef ég næ ekki í hann, því ég veit að hann er erlendis, hef ég samband við Kurt Simonsen vinnufélaga minn sem er með svart belt í júdó og við verðum komir heim til þín áður en mannkvikindið rennur í hlað.“ Hún ljómaði upp þegar hann nefndi Richard og sagði: „Já, hringdu í Richard, og ég vil að þið komið báðir þó Richard geti ráðið við Paul einsamall.“ Þegar Kenna sá hvað systir hans

ljómaði þegar hann nefndi vin sinn varð hann sorgmæddur yfir yfirborðsskap, frekju og eigingirni föður hans að hafa ekki leyft Sandi og Richard að lifa sínu líf eins og þau vildu saman. En hann sagði aðeins: „Það er ekki víst að ég nái í hann því einhverra hluta vegna er það, þegar hann er á þessum utanlandsferðum á vegum háskólans, að þá er ekki nokkur leið að ná í hann. Ég hringdi í hann fyrir viku síðan, þá svaraði símsvarinn aðeins að hann væri erlendis og talhólfíð einnig fyrir GSM-símamann.“ „Hvers vegna tekur Richard ekki GSM-símamann með sér þegar hann er á þessu ferðalagi?“ spurði hún undrandi. „Richard segir mér að ástæðan sé sú að hann sé oftlega á þannig stöðum á þessu ferðalagi að ekkert símasamband næst og eina ráðið sé að hringja í háskólann, en það dugar oftast skammt segir hann.“ Hún horfði undrandi á bróður sinn og sagði: „Það finnst mér einkennilegt.“ Kenna yppti einungis öxlum og sagði: „Ég prufa að hringja í Richard öðru hvoru þessa viku og vona að hann verði komin heim erlendis frá áður en Paul kemur heim.“

Þetta ákveðna kvöld, þegar hún átti von á eiginmanni sínum, beið hún eftir honum við eldhúsbordíð. Á borðinu voru tveir kaffibollar, kaffikanna og uppáhalds meðlæti. En umslag sem var með allar fyrrgreindar ljósmyndir hafði hún sett á stólinn sem var næst henni þegar hún settist við borðið. Síðan ýtt hún stólnum vel undir borðið. Hún vildi ekki að hann sæi umslagið fyrir en hún vildi sjálf. Sandi ætlaði hafa hann nokkuð ánægðan áður en hún sýndi honum ljósmyndirnar þar sem hann var að njóta eiginkonu Georg Simson, auðjöfurs og þingmanns Repúblíkanaflokksins, hann var talinn líklegur til að fá fjármálaráðherraembættið ef þeir næðu kosningu af Stjórnarflokki eftir nokkra mánuði. En málið var í raun enn verra, Simson var einn af góðkunningjunum föður hennar vegna þess að hann hafði verulegan hagnað af þeim kunningsskap. Þessar myndir myndu losa hana frá karlfjandanum og hún fengi skilnað þegjandi og hljóðalaust við Paul MacDonald vegna þessara mynda. En hún gat ekki hugsað þá hugsun til enda ef föður hennar yrði gert ljóst um framferði hans að þessu leiti.

Þegar Kenna Cambell hringdi í Richard eftir að hafa talað við systur sína var hann í einni utanlandsferðinni sem David Webb sérþjónustumaður sendi hann í til þjónustu að skipan forstjóra FBI. Sú för tók nærri sjö mánuði og hann bjóst við að vera kominn heim eftir fjóra daga.

Sem betur fer hafði Richard ekki hugmynd um það álag sem lagt var á Sandi, þá hefði hann ekki getað einbeitt sér sem skyldi að verkefninu sem hann starfaði að erlendis fyrir FBI. Það var einmitt svona álíka atvik sem var meðal annars ástæða þess að Robert Canfield, forstjóri FBI gaf honum þá skipun að þegar hann væri að vinna fyrir þá erlendis mætti hann aldrei hafa með sér venjulegan GSM-síma meðferðis, hann yrði ávallt að skilja hann eftir heim í íbúðinni sinni og þar að auki mætti hann aldrei hringja heim til sín til að kanna hverjir hefðu hringt í hann og aldrei í aðra síma en þennan eina sem hann hafði fengið uppgefinn hjá FBI. Ástæðan var einföld, það gæti truflað hann í starfi að fréttu eitthvað að heiman sem kæmi honum í uppnám og gæti að öðru leiti komið sér verulega illa fyrir hann í starfi. Jafnvel gæti það kostað hann lífið.

Átta dögum eftir að Paul MacDonald fór að heiman hringdi hann í Sandi, nokkru áður en hann renndi bifreið sinni inn í heimkeyrsluna að húsi sínu. Hann sagði aðeins: „Ég er lentur og er á leiðinni heim.“ Sandi taldi víst að hann væri nýfarinn frá Dulles-flugvöllinum og bjóst ekki við honum nærri strax. Hún hringdi strax í bróður sinn. Hann sagðist vera kominn til hennar eftir nærri hálf tíma, „en ég hringi í Richard fyrst svo legg ég af stað.“ „Er hann komin heim?“ spurði hún öllu líflegri. „Já, og hann sagði mér að hann yrði heima eða í háskólanum og legði strax af stað til þín þegar ég væri búinn að hringja í hann. Richard kemur sennilega á undan mér því það er mun styttra frá honum til þín. Hann hefur miklar áhyggjur af þér eftir að ég sagði honum hvernig málin stæðu hjá þér. Þá brosti hún af ánægju og sagði: „Ég hlakka til að sjá Richard.“ Ég hef alltaf vitað hvaða hug þú berð til hans og hafði alltaf vonað að þið næðuð saman.“ Sandi svaraði þessu engu en sagði þess í stað: „Þið hafið nægan tíma ef þið leggið strax af stað til mín.“ „Þú veist að við komum eins fljótt og við getum, vertu bless.“ Húnn kvaddi hann, lagði símann frá sér og beið spennt eftir þeim.

Skömmu eftir að hún lagði tólið frá sér þar sem hún stóð við eldhúsborðið stússaði hún við ýmislegt sem hún taldi sig þurfa til að drepa tímann á meðan hún beið eftir vinum sínum þar sem hún bjóst ekki við þeim strax. Eldhúsglugginn snéri ekki að heimkeyrslunni og sá því ekki þegar bifreiðinni var lagt við húsið. Þess vegna taldi hún víst að Richard væri að koma þegar hún heyrði að það var gengið inn um útidyrnar. Hjartað hennar tók kipp af tilhlökkun við að fá að sjá hann loksins aftur, andlit hennar ljómaði af gleði og hamingju að geta umfaðmað hann. Þegar hún snéri sér við glugganum

að ganginum heyrði hún Paul segja glaðhlakkalega: „Ég er komin heim elskan.“ Þá snéri hún sér snögglega að eldhúsglugganum aftur, andlit hennar breyttist, brosið hvarf og hún fölnaði þess í stað, kvíðastrumur fór um hana alla. Hún horfði út um eldhúsgluggann litla stund til að jafna sig áður en hún gæti talað við hann. Þegar hún heyrði að hann var kominn inn í eldhúsið snéri hún sér við með falskt bros á vörum. Hann var svo upptekin af sjálfum sér að hann tók ekkert eftir líðan hennar þegar hann kyssti hana á kinnina. Síðan sneri hann sér frá henni og sá það sem lá á eldhúsborðinu. Hann néri höndum sínum saman af ánægju og sagði: „Það eru aldeilis fínar móttökur sem ég fæ í dag elskan mín, þarna er meðal annars uppáhaldskakan mín.“ „Varstu ekki búinn að biðja mig um að vera þæg, góð og skyldurækinn eiginkona?“ sagði hún skælbrosandi „Það fer best á því elskan mín, ef þú ert hlýðin eiginkona færðu mínar bestu hliðar og ég mun veita þér miklu meira en þú hefur þegar fengið.“ „Viltu að ég verði þín puntdukkja og að ég leggist undir þig þegar þér þóknast?“ „Já, það færi best á því elskan, þar sem ég er svo oft lengi að heiman hljótum við bæði að lengja eftir kynlífi svo það er sjálfsagt að þú veitir mér og okkur báðum þá ánægju, strax á eftir þegar ég er orðin mettur þá sýnir þú mér þína fögru nekt og gefur mér þig síðan af heilindum, elsku fagra dísin mín, því ég er mikið þurfandi núna.“ Sjálfsánægja hans var svo mikil yfir að hafa yfirunnið Sandi að lokum og taldi víst að héðan af mundi hann hafa eiginkonu sína þæga og undirgefna og hlakkaði til að sænga með henni á eftir. Hann sá ekki dulda glottið í brosi og innbyggða reiði og fyrirlitningu eiginkonu sinnar sem reyndi að drepa tíman þar til að annað hvort bróðir hennar eða Richard kæmi henni til aðstoðar þegar hún sýndi eiginmanni sínum þessar óhuggulegu ljósmyndir.

„Þú segist vera þurfandi, ég taldi víst að þú notaðir tækifærið þegar engin eiginkona væri til að trufla þig í viðskiptaferðum þínum, eins og margur gerir og finnst sjálfsagt undir þeim kringumstæðum þegar tími vinnst til, að tæma poka sinn inn í einhverja fagra snót. Finnst þér þá ekki sjálfsagt að þú leyfir þér að gera slíkt hið sama og táldraga einhverjar frúr í þessum ferðum þínum?“ „Hann leit til hennar góða stund, hún sá að honum var brugðið. Síðan sagði hann með fölskum hreim: „Þú veist að ég lofaði bæði þér og föður þínum að halda aldrei fram hjá þér og ég hef ávallt staðið við það. Þess vegna sagði ég að þarfir mínar til þín væru miklar, það er vegna þess að þú ert svo undurfögur og langt síðan að við höfum gert það saman. Og þar sem þú hefur áttað þig á því að það borgar sig

fyrir þig að fara eftir vilja mínum, enda er komin tími til þess. Nú er ég orðin vel settur af þessu góðgæti sem þú hefur veitt mér elskan mín, svo það er komin tími til að við leikum okkur í hjónarúminu sem ég hef ekki komi í æði lengi svo ég er orðin ansi óþreyjufullur,“ sagði hann um leið og hann stóð upp og gekk til hennar og tók í vinstri hönd hennar til að reisa hana upp af stólnum. Á þessu augnabliki missti Sandi alla stjórn á sér og þá varúð sem hún hafði ætlað að viðhafa. Hún reis snögglega á fætur, kippti að sér hendinni, ýtti honum með viðbjóði frá sér og beygði sig eftir umslaginu sem lá á stólnum. Sandi tók ljósmyndirnar úr umslaginu og dreifði þeim á borðið. Hatrið markaði andlit hennar og augun nístu hann inn að beini, að sjá óbeitina sem hún sýndi honum og það hlakkaði í henni að sjá viðbrögð hans um leið og hún sagði: „Þarna sérðu lygaþvæluna í þér, helvítis viðbjóðurinn þinn.“

Paul trylltist skyndilega í skapi, bæði af ótta við viðbrögð Russel Cambell föður Sandi og þennan andstyggilega hug sem hún bar til hans. Hann vissi hvað þetta gat kostað hann ef mafiuforinginn kæmist að þessu. Hann varð að koma í veg fyrir það. Hann þreif myndirnar af borðin og tætti þær í sundur og kveikti í þeim í vaskinum. Þegar þetta var gert horfði hann á eldinn brenna niður tætlurnar og við það gat hann róað sig niður. Síðan skolaði hann niður öskunni og þá fyrst gat hann farið að hugsa rökrétt: „Ég verð að koma í veg fyrir að faðir hennar komist að þessu, síðan verð ég að fá að vita hver spæjarinn er sem tók þessar myndir og sjá til þess að honum verði komið fyrir kattarnef og finna filmuna og láta brenna hana. En fyrst af öllu verð ég að þagga niður í Sandi svo faðir hennar komist aldrei að þessu.“

Hann snéri sér að Sandi með ógnandi svip og krepptan hnefann á lofti og sá þá glottið á henni þegar hún greip fram í fyrir honum áður en hann gat komið frá sér orði og sagði: „Trúir þú því virkilega að ég hafi ekki fleiri myndir í fórum mínum fyrir utan filmuna sem spæjarinn minn hefur hjá sér? Og þú getur einnig trúað því að hann geymir filmuna á öruggum stað. Og ég get einnig sagt þér það að ég er nú þegar búinn að senda tvö eintök af þessum ógeðslegu myndum til tveggja góðra vina minna.“ Þegar hann heyrði þetta féllust honum hendur augnablik og hann sá sæng sína upp reidda. Skyndilega reiddist hann heiftalega, eldroðnaði og gekk snögglega að henni. En viðbrögð hennar voru að lyfta höndum sér til varnar, þá greip hann um handleggi hennar, þrýsti þeim að síðu hennar og snéri henni snögglega við, greip síðan utan um hana miðja aftan frá og lyfti

henni þannig upp og bar hana þannig inn í svefnherbergið aftur á bak svo hún gæti ekki spyrnt fótum sínum í dyrakarmanna. Fyrsta augnablikið var hún dolfallinn en síðan varð hún öskureið og öskraði að honum: „Slepptu mér, helvítis skepnan þín og þitt auma pungóféti með þinn ógeðslegi lim, sem aldrei hefur getað riðið konu sinni henni til ánægju.“

Það var engu líkara en hún hafi stungið hann með hnífi í hjartastað. Hann brjáláðist við þessi orð hennar og grimmdin skein úr andliti hans og augun sýndu nístandi hatur til hennar. Hann hristi hana til eins hryssingslega og hann gat með óhugnanlegum hryllingi þegar hann gekk með hana inn í svefnherbergið svo hún gat ekki komist hjá því að bæði læri hennar utanverð slógust utan í svefnherbergiskarminn svo hún æpti af sársauka. Sandi hafði ekki getað annað en sprikla fótunum út í loftið af ofsareiði og bölvu þar sem hún gat ekki stöðvað sig við eldhús- og svefnherbergiskarmana vegna þess að hann bakkaði með hana í gegnum opnar gáttirnar. Þegar hann kom að hjónarúminu henti hann henni harkalega ofan á hjónarúmið og sagði grimmdarlega: „Klæddu þig úr hverri spjör, helvítis tussan þín, því ég ætla að sína þér hvernig á að temja eiginkonu sem hlýðir ekki hjónabandsskyldu sinni. Ég mun að ríða þér framvegis hvenær sem ég óska eftir því, þar sem þér ber, sem eiginkona mín, að þjóna mér kynferðislega þegar ég þarfnast þess.“ Hún þaut eldsnöggt upp úr rúminu og náði að slá hann með krepptum hnefanum þungu höggi á hægri kinn hans. Andlit hennar sýndi bæði grimmd og fyrirleitningu þegar hún síðan sagði: „Helvítis, ógeðslegi pungurinn þinn, þú færð ekki að koma nálægt mér framvegis því ég ætla að skilja við þig.“ Fyrst varð hann undrandi og starði á hana augnablik og varð ekki um sel þegar hann sá þann viðbjóð sem skein frá andliti hennar sem hún hafði á honum. Skyndilega fauk hann upp í ofsareiði, sársaukinn nísti hann inn að beinum. Hann eldroðnaði, augu hans gneistuðu af hatri og voru blóðhlaupin, hann sá aðeins rautt. Hann réði ekki við tilfinningar sínar og hálf vitfirrtur og blindur af bræði lyfti hann krepptum hnefanum og sló til hennar en náði aðeins að strjúka hana niður kjálkann þar sem Sandi tókst að víkja sér undan högginu, en það dugði ekki til því hún féll meðvitundarlaus aftur á bak í rúmið.

Skyndilega birti til, blóðhlaupin augun urðu í eðlilegum lit og hann sá aftur. Hann sá að Sandi lá meðvitundarlaus í rúminu og óbrotin, honum létti við það, kannski aðeins sjálfs sín vegna. Hann afklæddi hana úr hverri spjör. Síðan klæddi hann sig úr og var að ljúka

við síðustu flíkina þegar Richard birtist í dyrunum. Þegar hann sá hvað kvikindið ætlaði sér fauk heiftlega í hann og hann rauk inn. Paul rétt náði að reisa sig upp og náði engum vörnum þegar Richard sló hann bylmingshögg undir bringumalina. Paul missti andann augnablik og fór í keng. Með það sama sló Richard hann á gagnaugað svo Paul steinlá og féll meðvitundarlaus í gólfið.

Þá snéri Richard sér að Sandi þar sem hún lá meðvitundarlaus í rúminu til að breiða yfir hana rúmteppið. Hann ekki annað en horft augnablik á þessa yndisfögru veru áður en hann breiddi yfir hana. Þá fyrst viðurkenndi hann fyrir sjálfum sér, sem hann hafði löngum vitað, en reynt að dylja fyrir Sandi og sjálfum sér, að hann elskaði þessa konu meira en nokkuð annað í veröldinni. Richard sá að það var allt í lagi með hana að öðru leiti en því að hún var enn meðvitundarlaus og roði var byrjaður að myndast á vinstri kjálkanum. Hann dró karlfjandann á einni löppinni með sér fram á gang og náði síðan í frosið grænmeti í poka úr ísskápnum og lagði við kjálkann hennar.

Um það leyti birtist bróðir Sandi í svefnherbergsdyrunum og var brugðið þegar hann sá Sandi liggja meðvitundarlausu í rúminu og Richard sitjandi við hlið hennar þrýstandi íspoka að vinstri kjálka hennar. Hann hélt einnig um vinstri hendi hennar blíðlega og umhyggjusamlegur. Kenni Cambell spurði kvíðinn um leið og hann settist við hina hlið hennar: „Er Sandi illa farinn?“ „Nei, hún fær aðeins marblett á kjálkann, en ég mátti ekki seinni vera, annars hefði honum tekist það sem hann ætlaði sér.“ „Helvítis djöfulsins kvikindið, hvers konar skepna er þessi mannskrtati? Hann lá aðeins í roti þegar ég gekk fram hjá honum, þetta mannkerti hefði mátt drepast mín vegna.“

„Heldurðu að hann lifi lengi eftir þetta?“ spurði Richard. „Nei, það mun hann ekki gera.“ Skömmu síðar rumskaði Sandi, hún var nokkra stund að átta sig á hlutunum. Varð fyrst undrandi að sjá bróður sinn og vin standa yfir sér, áður en hún mundi hvað hafði gerst, um leið og það rifjaðist upp fyrir henni létti henni til muna en fann í sömu andrá að hún var nakin og leit undir sængina og leit síðan upp til þeirra með angistarsvip og reis skyndilega til hálfis. „Þú getur verið róleg að þessu leiti vina mín, því mannskrtattinn kom ekki vilja sínum fram við þig en ég mátti ekki seinni vera. Hann liggur sennilega ennþá í roti fram á gangi. Ég dró hann síðan á annarri löppinni fram á gang í leiðinn þegar ég sótti íspokann.“ Þá lagðist hún niður í rúmið og andvarpaði af feginleika og spurði eftir

litla umhugsun: „Breiddir þú yfir mig sængina, Richard?“ Hann jánkaði því og roðnaði. En þá brosti hún ánægð. Nokkrum mánuðum síðar opnuðu þau hug sinn til hvors annars.

22. KAFLI

Eins og áður er getið var Russel Cambell hrifinn af Jessie frá því hann sá hana fyrst, þá var hún fimmtán ára. Fimmtán árum eftir að þau giftu sig var hann valinn foringi ákveðinnar deildar innan stórfjölskyldunnar. Það tók Jessie sjö ár að sjá hverra manna hann hafði að geyma. Jessie er dóttir auðjöfursins Rider Weingrass sem hafði ekki síður áhrif á að Russel hafði gift sig henni. Á þessum tíma var Russel Cambell fyrir löngu búinn að átta sig á því að hann yrði að dylja hugsanir sínar og gjörðir og koma fram sem betri og bættur maður og fara eftir ráðum föður síns með því að stefna í svipaða átt og faðir hans leiddi flokk sinn sem foringi eins og nútíma Cosa Nostra hafði komið sér saman um. Þá yrðu kannski meiri líkur á að faðir hans styddi elsta son sin til að taka við foringjatign eftir lát föður hans. Cambell varð að ósk sinni eins og þegar hefur komið fram. Það var ekki vegna stuðnings föður hans því Luther Cambell hafði gefið fyrirmæli um að sonur hans Russel Cambell yrði ekki valinn eftirmaður hans á síðasta fundi sínum sem hann hélt innan deildar sinnar þegar hann vissi hvert sjúkdómur hans mundi leiða hann. Russel Cambell hafði tekist með ágætum að dylja sig frá almenningi og að hann væri á einhvern hátt tengdur Svartnættinu og hvað þá heldur Huldu Svörtu Englunum, sem hann var nú þegar innvígður í, eins og allir þeir sem tilheyra þessari dularfullu hreyfingu og stofnuðu Svartnætti.

Innan stjórnarmanna Huldu Svörtu Englanna, að frátöldum Russel Cambell, voru fjórir menn innan mafúfjölskyldunnar sem tilheyrdi tólf manna hópnum innan Huldu Svörtu Englanna sem settu litlu síðar á laggirnar samtökin Svartnættið. Þessir menn heita, Joseph Bahrudi, Anthony MacDonald, Azra Kendrick og Rory Dunnet, vinur Russels. Þessir fjórir fyrrgreindu menn voru synir fyrrum stjórnarmanna sem höfðu verið fylgispakir Luther Cambell, en synir þeirra allra höfðu aðrar hugsjónir. Allir þessir framangreindu menn voru áður undir stjórn Russels Cambell í unglíngagengi hans. Þessir mafíumenn eru nú auðjöfrar, að mestu leyti vegna þessara leyndu glæpaverka sinna. Þeir reka sín eigin fyrirtæki af kostgæfni og velja heiðalegt og gott fólk í allar stöður innan þessara fyrirtækja og koma sjálfir heiðarlega fram opinberleg og greiða alla skatta og skyldur af

Þessum fyrirtækjum og draga ekkert undan, með sama hætti og Russel Cambell rekur sitt fyrirtæki. Þetta var eitt af skilyrðum sem sett voru af félagsmönnum innan Huldu Svörtu Englanna. Ef einhver í þessum hópi hlýddi ekki þessum skilyrðum yrði gengið frá þeim sama manni, með öðrum hætti væri ekki mögulegt að reka þessi stórkostlegu samtök, en að sýna bandaríska samfélaginu opinberlega að þeir væru heiðalegir menn, þó þeir tilheyrðu mafíunni.

Þó Russel Cambell væri þessarar gerðar þá elskaði hann dóttur sína framar öðrum í þessum heimi, en á sinn eigingjarna hátt. Þá varð hann dýrvitlaus þegar hann fékk þær fréttir að ekki hafi munað nema hársbreidd að Paul hefði tekist að nauðga dóttur hans. Það leið ekki nema sólarhringur frá því að Russel Cambell frétti um viðbjóðinn sem Paul ætlaði að fremja á dóttir hans þar til hann sá til þess að morðdeildin innan Svartnættisins lét fyrirkoma honum. En honum fannst það miður að það skyldi hafa verið Richard sem bjargaði dóttur hans frá viðbjóðnum. Þar sem hann hataði Shaw og fyrirleit, sérlega vegna þessa að hann treysti honum ekki, hann grunaði manninn um græsku gegn mafíunni og að hann væri ekki allur sem hann væri séður. Honum fannst þessar ferðir hans um allar jarðir vera grunsamlegar og ekki síður vegna þess hann var allaf staddur í því ríki á þeim tíma sem fíkniefnalögreglan handtók heilu fíkniefnagengin og stöðvaði þar með, alla vega um tíma, sendingar til þess ríkis frá ýmsum stórhuga framkvæmdamönnum innan fíkniefnageirans, að mati Cambell. Hann hafði ekkert haldbært gegn Richard, en þar sem þessi tilfinning var svo sterk í huga hans ákvað hann að láta fylgjast með honum þegar hann væri erlendis þar sem hann hefði víða um lönd menn í bakhöndinni sem vildu gera honum greiða, oft nauðbeygðir vegna ýmissa annarra ástæðna. Hann ákvað að skipta sér ekki af því að svo stöddu, þó að Sandi umgengist Richard sem vin sinn og elskhuga því hann vildi ekki missa dóttur sína, það var það eina sem hann elskaði raunverulega í þessum heimi eins og hann var maður til. En hann yrði að láta fjarlægja Shaw ef grunur hans reyndist réttur.

23. KAFLI

Einn daginn ákvað Richard einu sinni enn að spyrja Russel Cambell hvort hann vissi eitthvað um morðið á föður sínum, aðallega til að láta hann vita að hann héldi þessu vakandi. Cambell svaraði um hæl: „Það er augljóst að faðir þinn var drepinn í misgripum fyrir föður minn og það er verulega sorglegt en nú eru þeir báðir dauðir, þess vegna er betra að þú látir þetta kyrrt liggja.“ „Hvers vegna ætti ég að gera það þar sem það er ekki enn búið að finna morðingja föður míns?“ „Í þínum sporum mundi ég afdráttarlaust gera það, þú gætir orðið fyrir miklum vandræðum ef þú hættir ekki þessum spurningum þar sem loksins er komið á fullkomið traust á milli deilda innan Cosa Nostra, þar sem margra ára úlfúð er að baki og enginn vill rifja það upp aftur. Þess vegna er engin ástæða að fara að vekja upp gamalt morð með slíkum hættulegum spurningum. Og ég tala ekki um ef það er rétt með farið, eins og margra grunar, að morðinginn hafi verið í einhverri annarri deild innan okkar hreyfingar, en sem betur fer er ekkert sem hefur bent til þess. Þess vegna ráðlegg ég þér að gleyma þessu því annars gætir þú haft verra af, þar sem allir vilja halda friðinn innan hreyfingarinnar. Það hefur verið okkar bestu tekjulind að vinna saman í sátt og samlyndi og enginn innan Cosa Nostra kærir sig um að þú farir að rifja upp eitthvert gamalt mál sem kemur kannski af stað hættulegu deiluefni á milli deilda, þar sem trúlegt er að enginn fótur sé fyrir. Það er nægilegur þrýstingur frá lögreglunni og ýmsum samkeppnisaðilum okkar sem vilja losa upp okkar góða félag, þó þú hjálpir þeim ekki með þessari þrákelkni þinni.“

Richard Shaw fór fyrst einföldustu leiðinni til að reyna að komast að hinu sanna um morðið á föður hans. Hann leitaði fyrst í tölvunni og gúgglaði fjölmiðlana og leitaði uppi fréttir um morð eða nauðganir sem gerðust í Washington á þessum ákveðna degi þegar faðir hans kom heim, tveimur dögum áður en hann varð sextán ára. Það var aðeins minnst á eitt morð sem var framið þetta umrædda kvöld. Líkið var af karlmanni, Regen Films að nafni sem var bundinn á höndum og fótum og skotinn í mitt ennið. Hann fannst snemma að morgni fljótandi í þrengslunum við brúna yfir Washington-ána. Önnur brot sem upp komu í tölvunni þótti honum of smávægileg til að mafían færi að drepa mann á þeim forsendum. Síðan hafði hann samband við David Webb sérþjónustumann með því að

hringja í leynisímann. Hann bað um afrit af lögregluskýrslu um dauða föður hans, sem hann að sjálfsögð afhenti honum. En þegar hann bað um afrit af öllum lögregluskýrslum um óleyst stórbrotamál sem talin voru framin í Washington DC þetta afdrifaríka kvöld þurfti Richard að þrýsta nokkuð fast á David Webb sérþjónustumann og gera nánari grein fyrir hugmynd sinni. Á endanum ákvað Webb að halda fund með Richard þetta kvöld á einu vegaveitingahúsi sem er staðsett um 12 km í norðaustur frá Washington DC. Klukkan átta um kvöldið var Richard mættur, en rúmum hálf tíma síðar birtist David í dyrunum og Richard veifaði til hans þar sem hann sat innarlega í salnum, beint á móti dyrunum. Um leið og David settist baðst hann afsökunar á seinaganginum. Þarna var fámennt á þessum tíma eins og þeir bjuggust við. Venjulega fyllist salurinn í þessu veitingahúsi ekki fyrr en klukkan rúmlega tíu á kvöldin, þó hann sé oft vel sóttur á ýmsum tímum á daginn.

Þeir sátu báðir við sinn hvorn hornvegginn svo að þeir sáu yfir salinn að útgöngudyrunum. Á meðan þeir biðu eftir afgreiðslu sagði David Webb, um leið og hann afhenti Richard möppuna sem hann hafði meðferðis: „Sem betur fer er aðeins eitt morðmál frá þessum degi sem er óleyst.“ Richard opnaði möppuna og sá strax að þarna var DVD-diskur ásamt ljósmyndum og skýrslur frá tæknideildinni, rannsóknarlögreglunni og skýrsla frá réttameinafræðingi. Richard leit yfir skýrslurnar í fljótheitum og lokaði möppunni skömmu áður en þjónustustúlka kom með kaffi og meðlæti. Þeir stoppuðu þarna stutta stund og óku síðan hvor sína átt.

24. KAFLI

Nokkrum dögum síðar fór Richard Shaw í sumarfrí norður í land sem fyrir greinir. Þar naut hann lífsins, en gaf sér samt oftlega tíma til að lesa yfir skýrslurnar. Í stórum dráttum hljóðaði bókun varðstjóra lögreglunnar með neðangreindum hætti:

Bókun Tanner Blackstone varðstjóra lögreglunnar, starfsmaður á Norður-lögreglustöðinni.

Max Smoot til heimilis að 320. stræti, nr. 1005, hringdi á lögregluvarðstofuna laugardagsmorguninn 5. maí kl. 6:57 og tilkynnti um lát manns sem lá inni í rjóðri í miðum Washington-garðinum. Hann sagði svo frá:

„Ég var á göngu í Washington-garðinum þegar ég kom að litlu rjóðri og þar ætlaði ég að snúa við og ganga til baka eins og ég geri ávallt á hverjum morgni, þá byrjaði hundurinn minn hann Snati að ýlfra og toga í ólina, þá slakaði ég á taumnum, þá hefur klukkan sennilega verið eitthvað um hálf sjö. Það var dimma í lofti en ljósin frá ljósastaurunum birtu upp þetta svæði. Þá sé ég að hundurinn verður var við eitthvað þegar hann þefaði við eitt rjóðrið og ýlfraði síðan með skottið á milli lappanna leit til mín. Ég gekk þá að rjóðrinu og þá sá ég að lík af karlmanni liggja þarna í lággróðrinum. En þar sem ég gleymi ansi oft að taka með mér GSM-símann var ég ekki með hann á mér í þetta sinnið svo ég hálf hljóp heim til þess að hringja í lögregluna.“

Ég sendi strax lögreglumennina Mike Macgill og Ian Rolandson á vettvang til að kanna aðstæður, skömmu seinna mættu þeir á staðinn. Þegar þeir höfðu kannað vettvang hringdi Rolandson sem á lögreglustöðina klukkan 8:15 og sagði mér frá manninum sem greinilega hefur verið skotin í brjostið fyrir einhverjum dögum síðan. Þá tók ég þá ákvörðun að hringja í Tanner Blackstone varstjóra FBI. Þá var klukkan 8:20 og tilkynnti honum um líkfundinn í Washington-garðinum, þeir komu á vettvang skömmu seinna.

En aðfaranótt fimmtudagsins 3. maí klukkan þrjú hringdi frú Mary Films hingað á lögreglustöðina og ég svaraði hringingunni, eins og ég hafði bókað þá nótt. Frú Films var mjög óðamála í símanum og yfirspennt, ég átti þess vegna svolítið erfitt með að skilja hana fullkomlega í fyrstu. En þegar mér tókst að róa hana fékk ég hjá henni nafn hennar og kennitölu. Síðan tilkynnti hún

mér að maður hennar væri ekki komin heim eftir körfuboltaæfingu með félögum sínum í íþróttahöllinni, sem byrjar ávallt klukka átta á kvöldin og æfingartíminn sem þeir hafa er alltaf tveir tímar og að maður hennar væri ávallt komin heim öðru hvoru megi við ellefu. Ég spurði frú Films hvort hún hafði hringt í félag hans sem æfðu körfubolta með honum. Hún kvaðst hafa gert það fyrir kannski tíu mínútum, en þeir sögðu hann aldrei hafa komið á æfingu þetta kvöld.

Þar sem við höfðum yfirdrifið að gera þessa nótt eins og venjulega sagði ég við frú Mary Films að það væri mjög líklegt að eiginmaður hennar hefði aðeins farið að skemmta sér og kæmi með morgninum heim. Og hún skyldi hringja seinni partinn á morgun ef eiginmaður hennar væri ekki kominn þá.

Frú Films kom á lögreglustöðuna fimmtudaginn klukkan 16 og tilkynnti mér nær skelfingu lostinn að maður hennar væri ekki enn þá komin heim. Þá sendi ég tvo lögreglumenn til að kanna málið til að róa frú Films. Það kom ekkert út úr þeirri könnun. Regent Films fannst ekki fyrr en hr. Max Smoot tilkynnti líkfund hans.

Bókun varðstjórans Dicks Francis hjá FBI hljóðaði þannig:

Tanner Blackstone lögregluvarðstjóri hringdi á varðstofu FBI laugardagsmorguninn 5. maí klukkan 8:20 og tilkynnti mér að lík lægi í rjóðri í Washington-garðinum og að lögreglumennirnir Mike Macgill og Ian Rolandson teldu líkið vera nokkurra daga gamalt. Ég sendi Bernie Osterman og George Grove sérþjónustumenn, ljósmyndarann Effen Nicolson og þrjá tæknifræðinga frá rannsóknarlögreglunni á vettvang og hafði síðan samband við varstjóra þjónustumanna ríkisins og bað hann að senda menn á vettvang.

George Grove skrifar skýrsluna:

Þegar ég og Bernie Osterman komum á vettvang voru tæknifræðingarnir komnir á staðin og það kom heim og saman að lík lá þarna falið í litlu rjóðri í Washington-garðinum. Líkið lá á bakinu, falið inn á milli lággróðursins. Það fundust engin merki þess að hr. Regent Films hafi verið myrtur þarna á staðnum, að sögn tæknifræðinga. Skömmu síðar kom sjúkrabifreiðin og líkið var flutt niður í kjallarann inn á Washington-sjúkrahúsið í líkhúsið þar sem tveir meinafræðingar tóku á móti líkinu. Líkið var bundið á höndum og fótum og greinilegt gat í brjósti rétt ofan við efsta rifbeinið vinstra megin sem skar í sundur ósæðina eftir byssukúlu sem fór í gegnum líkamann og kom út fyrir neðan herðablaðið vinstra megin. Sá myrti heitir Regent Films, tuttugu og átta ára

fjölskyldumaður og skilur eftir sig eiginkonu, Mary Films, tuttugu og sjö ára og eina dóttur, Paulu Films, átta ára. Þau eru búsett við þrítugasta stræti í Washington.

Ég undirritaður Grove og Osterman rannsóknarlögreglumáður fórum samdægurs skömmu eftir hádegi heim til Paulu Films og tilkynntum henni um lát eiginmanns hennar. Hún brast í grát og sagði skömmu síðar: „Ég vissi að eitthvað mikið hafði væri að fyrst hann var ekki kominn á sínum venjulegum tíma því ég gat alltaf treyst honum um það eins og annað.“ Þegar hún hafði jafnað sig að nokkru leiti þá sagði ég við Mary að við þyrftum nauðsynlega að spyrja hana ýmissa spurninga, ef hún treysti sér til að svara þeim núna, en það væri mun æskilegra að svara þeim núna frekar en að bíða með það til morguns. Hún kvað það vera í lagi og sagði aðspurð hafa hringt á Norður-lögreglustöðina og Tanner Blackstone lögregluvarðstjóri svarað og hún kvaðst hafa tilkynnt honum um hvarf eiginmanns síns hr. Films, klukkan var eitthvað um þrjú leitið á fimmtudagsnóttina og bætti því við að maðurinn hennar, Regent Films hefði farið að heiman skömmu fyrir átta um kvöldið, gangandi að íþróttahöllinni sem er hér nálægt, til að spila körfubolta með félögum sínum og gaf okkur þrjú nöfn sem hún þekkti. Þeir heita Kurtz Wide, Nell Ranney og Augustus Manning. En þegar Regent var ekki komin heim rétt tæplega fyrir þrjú aðfaranótt fimmtudags þá vissi hún að eitthvað hafði komið fyrir hann. Þá kvaðst Mary hafa hringt í þrjá vini hans skömmu eftir þrjú þessa sömu nótt eins og varstjórinn sagði henni að gera, þeir mættu alltaf á æfingu með honum, en þetta kvöld sögðu þeir henni að hann hefði ekki mætt á æfingu.

„Veistu til þess hvort Hr. Films hafi átt einhverja óvini?“ „Nei, örugglega ekki því ég veit ekki betur en hann hafi verið allsstaðar vel liðinn. Hann hefur aldrei minnst á það við mig að hann ætti einhverja óvini. Þess vegna skil ég ekki hvers vegna og hver hafi getað gert honum þetta, því hann gerði aldrei flugu mein.“ „Hvaða menntun hefur hann og hjá hvaða fyrirtæki vinnur hann?“ „Hann er tölvufræðingur og vinnur hjá Raftækni h/f. „Þetta fyrirtæki er skammt hérna frá, er það ekki rétt.“ „Jú, en hann fór oftast á bifreiðinni, en ég tók eftir einu atriði sem mér þótti undarlegt, nokkrum mánuðum eftir að hann byrjaði að vinna þarna að hann gekk alltaf einhverja fimm daga í hverjum mánuði, aldrei oftar eða skemur.“ „Nei, ekki get ég sagt það, þess vegna fannst mér það undarleg hegðun hjá honum og spurði hann um þetta einn daginn. Hann yppti einungis öxlum og svaraði þessu engu.“ „Þakka þér fyrir vina þetta nægir í bili, en það gæti verið að við þyrftum að ræða við þig aftur seinna.“ Og með það kvöddum við frá Films.

Seinnipart dags höfðum við náð tali af körfuboltafélögunum Films sem æfðu að staðaldri með honum. Fyrst töluðum við við Wide, Nell, og Manning og við fengu þar hjá þeim nöfn hinna félaganna. Öllum bar saman um að þegar þeir allir höfðu pantað æfingakvöld þá mættu þeir alltaf allir, nema um skyndileg óviðráðanleg forföll væri að ræða. Og aðspurðir sögðu þeir að það hefði aldrei komið fyrir að Films tilkynnti ekki um forföll þau fáu skipti sem svo bar undir að hann mætti ekki. Þess vegna höfðu þeir verið undrandi þegar hann mætti ekki á æfingar þetta kvöld. Og allir æfingafélagar hans voru sammála um að hann væri traustur og góður félagi og skildu þess vegna ekki hver hefði getað gert honum svona illt.

Daginn eftir mættum við hjá Jossi Longerman, forstjóra Raftækni h/f. klukkan rúmlega tíu að morgni. Þetta er óhemju stórt fyrirtæki og mannmargt svo við sáum að yfirheyrslurnar tækju lengri tíma en við bjuggumst við upphaflega. Við fengum athyglisverðar upplýsingar þegar Longerman sagði okkur að yfirmenn fyrirtækisins hefðu gert við hr. Films einstakan samning sem aldrei hefði verið gerður áður hjá þessu fyrirtæki, þegar hann var ráðinn í þetta tiltekna fyrirtæki. Samningurinn var gerður með neðangreindum hætti vegna óvenjulegrar hæfni hans sem tölvusérfræðingur og einnig vegna þess að það voru aðrir sem sátu um hann. Samningurinn hljóðaði á þann veg að hann fengi alltaf fimm daga frí í mánuði, án undantekninga, með tveggja til þriggja daga fyrirvara. Að öðru leit komu ekki nýjar upplýsingar hjá viðkomandi stjórnendum hjá Raftækni h/f, og enginn vissi hvað hann hafði haft fyrir stafni þessa fimm daga sem hann sem vann ekki í Raftækni h/f.

Litlu síðar ræddum við einnig aftur við frú Regent Films og síðar við alla ættingja, féлага og kunningja hans. Öll voru þau utangátta og virtust koma af fjöllum þegar þau voru spurð hvort þau vissu hvað hann hafi haft fyrir stafni þessa fimm daga sem hr. Films vann ekki hjá Raftækni h/f, hvernig sem við reyndum að flækja þau og rugla til að þau töluðu af sér. Við gátum því að svo komnu máli engan meinbugi fundið hjá framangreindum svarendum. Daginn eftir var haldin blaðamannafundur, Dick Francis varðstjóri, ég undirritaður og Osterman vorum til svara, en við sögðum eins lítið og við gátum sloppið með. Að síðustu báðum við fjölmiðlamenn að tilkynna í öllum fjölmiðlum eftir vitnum að þessu morði eða aðdragandi þess.

Samkvæmt skýrslu réttameinafræðings var hr. Regent Films bundinn á höndum og fótum, nakinn að ofan, bólginn í andliti, marinn á brjósti, maga og neðra baki. Einnig var gat í brjóstið skammt neðan við efsta rifbeinið, vinstra megin, eftir byssukúlu,

hún fór lítið eitt niðrá við í gegnum líkamann og út vinstra megin lítið eitt fyrir neðan herðablaðið. Byssukúlan skar í sundur ósæðina. Viðbeinið vinstra megin var brotið, sennilega eftir hnefa og greinilega áður en hann var skotinn, ekkert óeðlilegt lífsýni fannst á líkinu. Sennilega hefur hinn látni verið á hnjánum þegar hann var skotinn, og fallið á vinstri hliðina og legið þar góða stund þar sem blóðið hefur sest þar að. Dauðastund hins myrta kannski í síðasta lagi fyrir 50 klukkutímum eða um það bil á tímabilinu fimmtudagskvöld 10. maí klukkan 23 til 3 aðfaranótt föstudags. Og sennilega skömmu eftir dauða Films þá hefur hann verið fluttur í Washington-garðinn og sennilega fluttur á hjólastól frá garðshliðinu þangað sem hann var falinn inn á milli tveggja runna

Það tók okkur, Bernie Osterman og George Grove, tæpar tveggja vikna yfirheyrslur yfir starfsmönnum innan fyrirtækisins Raftækni h/f. og meðtöldum fyrrgreindum aðilum og við vorum nær úrkula vonir um að þessi leit bæri árangur, sem gæti veitt einhverjar upplýsingar um Regent Films sem gæti fleytt þessari rannsókn eitthvað áfram. Þegar við fórum að yfirheyra yfirmenn þessa fyrirtækis þá fundum við óvænt starfsmann Raftækni h/f. að nafni Jósef Manni sem var yfirgjaldkeri sem okkur grunaði nokkuð fljótt að vissi meira en hann vildi segja okkur þegar við yfirheyrðum hann þarna á staðnum, en hann kvaðst hafa verið einn heima að lesa í bók allt þetta kvöld. Vegna þess að við töldum að hann leyndi einhverjum upplýsingum fyrir okkur um þetta mál fluttum við hann með okkur inn á aðalbækistöð FBI inn í yfirheyrsluherbergið og létum hann bíða þar góða stund á meðan Follet Warren rannsóknarfulltrúi og tölvusérfræðingur var að rannsaka feril hans. Á meðan fylgdumst við með Josef Manni, í gegn um spegilrúðu. Manni sat við borðið og virtist sallarólegur, eins og hann hefði ekkert á samviskunni.

Eftir þó nokkra stund kom kom Follet Warren með þessar fyrrgreindu upplýsingar og afhenti Dick Francis varstjóra eitt eintak af skýrslunni, þar sem hann beið eftir henni á skrifstofu sinni. Síðan kom Warren með önnur tvö ljósrituð eintök til mín og Osterman. Þegar við höfðum litið yfir þær þá sáum við að Josef Manni hafði hreint sakavottorð. En hann liggur eftir sem áður undir grun.

En hálfum mánuði áður þá sendi Francis tvo sérþjónustumenn, Tom Walker og Coer Coertze, á vettvang þar sem Regent Films hafði verið rændur. Þeir yfirheyrðu alla sem bjuggu nærri vettvangi og allt aðkomufólk sem var staðsett á viðkomandi stöðum þegar ránið var framkvæmt. Það voru aðeins hjónin Lucy Cossie og Simone Cossie sem kváðust hafa séð ránið á Regent

Films þetta umrætt kvöld. Þau eru til heimilis að Pennsylvania Avenue, innarlega á lóð nr. 306, sem er nánast beint á móti þar sem ránið á Regent Films var framið. Aðspurð sögðu þau að bifreiðin hafi verið svört fólkubifreið, með litað gler, stoppað rétt fyrir framan hr. Films og tveir grímuklæddir menn hafi rokið út og þrifið í Films og hent honum inn í aftursætið og ekið strax af stað í norðvestur eftir Pennsylvania Avenue. Aðspurð kváðust þau ekki hafa séð einkennisstafi bifreiðarinnar eða þekkt tegundina, en þau vissu hver Regent Films væri, að öðru leiti kváðust vitnin tvö ekki þekkja hr. Films persónulega. Vitnin sögðu einnig að hann færi nær alltaf gangandi fram hjá húsi þeirra á fimmtudagskvöldum rétt fyrir klukkan átta. Daginn eftir að við höfðum lokið þessari yfirheyrslu á fyrrgreindum vettvangi komu þeir Walker og Coertze okkur til aðstoðar til að yfirheyra starfsmenn Raftækni h/f.

Eftir að við höfðum rennt augum yfir skýrslurnar fórum við tveir, Osterman og ég inn í yfirheyrsluherbergið og settumst gegnt Manni, Osterman kveikti á upptökutækkinu og fór með þessa venjulegu rullu sem öllum lögreglumönnum er skylt að segja við handtökur og áður en yfirheyrsla hefst. Þá sagði Josef Manni: „Ég þarf engan lögfræðing og hef engu að leynd og ég skil ekki heldur hvers vegna þið fluttuð mig hingað.“ Þá sagði Osterman „Þetta mun leysast fljótt og vel fyrir þig ef þú segir okkur allt sem þú veist um ránið eða morðið á hr. Regent Films.“ Manni hallaði sér aftur í stólnum, krosslagði bæði hendur og fætur og sagði með eðlilegum róm: „En ég veitt ekkert um þetta mál sem þið eruð að spyrja mig um.“ Við sáum báðir að Josef Manni kipraði örlítið varirnar þegar hann svaraði okkur, það styrkti einnig getgátur okkar um að hann segði ekki satt. Þá sagði Osterman við Manni: „Fyrst þú vilt ekki segja okkur allt sem þú veist um ránið og morðið á hr. Films þá verður útkoman hjá þér miklu verri því að við vitum að þú ert að segja okkur ósatt,“ sagði Osterman um leið og við báðir stóðum upp frá borðinu. Síðan bætti hann við: „Þú ert ákærður fyrir að eiga hlutdeild í ráninu og morðinu á hr. Films og verður síðan settur í einangrun með dómsúrskurði, svo það eina sem þú getur gert úr því sem komið er að fá þér lögfræðing.“ Við gerðum okkur líklega til að fara út úr herberginu. Þá stóð Josef Manni upp frá borðinu, greip um höfuð sér og var greinilega hræddur og sagði: „Það eina sem ég veit um þetta mál er hverjir voru vitni að þessu ráni en meira veit ég ekki og það er dagsatt.“ Við settumst allir þrír við yfirheyrsluborið, síðan spurði Osterman: „Hvaða fólk er þetta sem var vitni að þessu ráni á hr. Films þetta fimmtudagskvöld 3. maí?“ „Það var Erika Manni Gavin systir mín og eiginmaður hennar Rupert Gavin, þau voru að fara í heimsókn til vinafólks síns að spila bridge eins og þau gerði eins oft og þau mögulega gátu á fimmtudagskvöldum. Þá

aka þau venjulega í norðvestur eftir Pennsylvania Avenue þá sáu þau ránið í fjarlægð og stöðvuðu bílinn suðaustan megin við hringtorgið, meira veit ég ekki um þetta mál.“ „Þetta er betra, en hvers vegna vildir þú ekki segja okkur þetta strax?“ „Er það ekki augljóst Erika er systir mín og ég hef áhyggjur af henni, að hafa orðið vitni að þessu ráni og eftir því hvernig systir mín lýsti þessu ráni þá er það nánast augljóst að þeir voru frá mafiunni og því til viðbótar hafði ræninginn sem settist hægra megin inn í bílinn gefið þeim hótunarkerki, í þessari fyrrgreindu fjarlægð, um að skera þau á háls ef þau þegðu ekki yfir því sem þau sáu.“ Þá spurði Osterman: „Hvað gerir þessi mágur þinn?“ „Rubert Gavin er þrjátíu og tveggja ára og þykir mjög efnilegur lögfræðingur.“ „Geturðu lýst persónu hans með einhverjum hætti?“ „Hann er kurteis og kemur vel fyrir og reynist systur minni vel sem eiginmaður og ég veit ekki annað, en Gavin sé ágætis maður, hann er góður lögfræðingur og skaffar vel til heimilisins og það ber ekki á öðru en að systir mín sé mjög ánægð í þessu hjónabandi.“ „Hvað segir þú um heiðaleika hans?“ „Systir mín væri ekki svona ánægð ef hann hefði sýnt sig sem óheiðarlegan mann.“ „Það er eins og þú talir um Gavin eins og systir þín hugsar til hans, hver er þín persónulega skoðun á Rubert Gavin lögfræðingi?“ „Einhverja hluta vegna hef ég aldrei kunnað við hann.“ „Hvað er í fari hans sem þú kannt ekki við?“ „Mér finnst hann líta frekar stórt á sig og telja sig nær alltaf hafa rétt fyrir sér, og biðst aldrei afsökunar í þau fáu skipti sem honum verður á í samskiptum við fólk eða sínir einhverja tilburði til þess, að öðru leyti er hann ágætur. En hvers vegna hafið þið svona mikinn áhuga á Rubert Gavin?“ „Það erum við sem erum að spyrja.“ Rétt áður en við stóðum upp frá borðinu og gengum út úr herberginu sagði Osterman Josef Manni að bíða enn í góða stund.

Fyrir utan yfirheyrsluherbergið stóðu nokkrir rannsóknarlögreglumenn og Dick Francis varstjórinn okkar og horfðu inn í yfirheyrsluherbergið, en um leið og við höfðum lokað hurðinni á eftir okkur snéri varstjórinn sér að okkur og Osterman sagði: „Við viljum að hjónin Erika Manni Gavin og Rupert Gavin verði sótt til yfirheyrslu.“ Þeir Tom Walker og Coer Coertze voru þegar lagðir af stað.

Nokkru síðar komu Walker og Coerze með Eriku Gavin og Rubert Gavin. Hann setti Rubert í yfirheyrsluherbergi 2 en Eriku í herbergi 1. Ég undirritaður Rubert Grove Bernie og Bernie Osterman fórum inn í yfirheyrsluherbergi 2 og ég tók að mér að yfirheyra Rubert Gavin, kveikti á upptökutækinu og fór með þessa venjulegu rullu áður en yfirheyrslan hófst. Þá sagði Rubert „Ég hef ekkert að fela og þarf engan lögfræðing þar sem ég er

sjálfur lögfræðingur og hef mína eigin lögfræðiskrifstofu, sem nefnist Lögfræðiskrifstofa Rubert Gavin s/f. Mitt starfsvið er að verja afbrotamenn og morðingja, því þeir eiga jafnan rétt eins og aðrir að lögum sé fylgt fyrir þeirra hönd svo þeir verði ekki dæmdir ranglega. Mér til aðstoðar hef ég þrjá starfsmenn undir minni stjórn, ritara og tvo unga aðstoðarlögfræðinga. Og ef svo ólíklega vill til, sem kemur alls ekki til greina, þá þyrfti ég þess ekki með því ég mun verja mitt mál sjálfur.“

Ég sagði við Gavin: „Við höfum sterka vísbendingar um að þú hafir verið vitni að ráni Regent Films þann 30. september fyrir tæpum þrem mánuðum. Hvers vegna hefur þú haldið þig til hlés frá þessu máli og ekki tilkynnt okkur að þú hafir verið vitni að ráninu á Regent Films? Það getur ekki hafa farið fram hjá þér þegar við auglýstum það í stærstu fréttamiðlunum?“ „Ég biðst innilegrar afsökunar á því, en ég taldi nánast víst að þessir ræningjar væru á vegum mafíunnar, ef svo hefði verið þá þekktu þeir bílinn minn, á þeim forsendum þorði ég ekki að gefa mig fram, bæði mín vegna og fjölskyldu minnar.“ „Hvar voruð þið stödd þegar þið urðuð vitni að ráninu?“ „Við hjónin vorum að aka í norðvestur eftir Pennsylvanía Avenue þegar ég sá þá enda gáfu þessir hettuklæddu ræningjar augljós merki með því að vísa fingur um háls sér eins og hann væri að skera mig á háls ef við þegðum ekki yfir því sem við sáum.“ „Sástu andlitið á þeim?“ Að sjálfsögðu ekki þar sem þeir voru með svarta hettu yfir höfuðið,“ svaraði hann af öryggi. „Hvers vegna ætti ræninginn að sýna þér þessa hótun fyrst þú þekktir ekki til þeirra?“ „Ég hugsaði eins og þú gerir núna þegar ég var komin heim, ég skyldi ekki þessa hótun, en þorði samt ekki að tilkynna lögreglunni þetta.“ „En hvers vegna varstu svona viss um að ræningjarnir væru tengdir mafíunni?“ „Það er vegna þess að ég tók að mér að verja meintan morðingja, Bill Billbotallack að nafni fyrir tæpu ári síðan,“ og tiltók málið sem ég kannaðist við. Gavin vissi ekki fyrr en nokkru síðar að Billbotallack tengdist einni fjölskyldu mafíunnar í New York ríki.“ „Hvaða mafíufjölskylda tilheyrðu þeir?“ „Það vissi ég aldrei, en ég hef fram að þessu forðast að taka að mér mál sem eru á einhvern hátt tengd mafíunni. En litlu síðar þegar ég heimsótti Bill eitt kveldið komst ég að því að þessi meinti morðingi vann fyrir mafíuna á laun. Þá sagði ég honum strax að ég mundi segja mig frá þessu máli daginn eftir. En morguninn eftir þegar ég var á leið til dómarsans til að tilkynna honum afsögn mína, var hringt í mig úr einhverjum síma sem ekki var skráður og viðmælandi hótaði mér því að ef ég hætti við málið þá mundi eitthvað koma fyrir mig og fjölskyldu mína og einnig ef ég ynni ekki að þessu máli af allri minni kunnáttu, fjölhæfni og lagni þá mundi samskonar voðaverk gerast innan minnar fjölskyldu. Ég spurði þennan ókunna mann í símanum hvers vegna þeir vildu

að ég tæki málið að mér, fyrst ég hefði engan áhuga á því þar sem ég veit að þið hafið á ykkar snærum góða lögfræðinga til að taka þetta mál að sér. Þá svöruðu þeir mér með því að „Í þessu tilfelli viljum við ekki nota okkar lögfræðinga og þú varst valinn meðal annars vegna þess að þú rekur þína eigin lögfræðistofu með fáa aðstoðarlögfræðinga og tekur nær eingöngu að þér að verja afbrotamenn og ert þegar orðin þekktur fyrir þínar sterku varnir fyrir skjólstæðinga þína. Þess vegna treystum við þér fullkomlega, að þú vinnir að þessu máli af samvirkusemi og gerir allt til að koma þessum viðkomandi fanga undan refsingu, sem þú þegar hefur tekið að þér og ert á okkar vegum.“ Ég var í raun nokkuð heppin með þetta mál, þar sem lögfræðingur saksóknara klúðraði málinu vegna lagagall á málflytningi hans og ég vann málið vegna þessa.“

„Segðu okkur hvers vegna þú varst á þessum tíma rétt fyrir átta að kveldi staddur þar sem ránið var framið á Regent Films tæknifræðingi við götuna Virginia Avenue, skammt frá gatnamótum Rock Creek.“ „Ég var á leiðinni ásamt Eriku konu minni í heimsókn til vinafólks okkar til að spila bridge, eins og við gerum venjulega á þessum tíma og ókum því alltaf norðvestur Virginia Avenue, en þá þurfti það endilega að hittist svo á að þessir tveir hettuklæddu menn þurftu endilega að ræna þessum tiltekna manni á þessu tíma, þegar við komum að hringtorginu þá þorði ég ekki annað en stöðva bifreið mína því þá sáum við fyrst hvíta Vauxhall-sendiferðabifreið í kyrrstöðu á Virginia Avenue þar sem hún snéri í norðvestur. Og á sama tíma sáum við þessa hettuklæddu ræningja vera að böðlast við að koma þessum tiltekna manni sem barðist heiftarlega á móti inn í aftursætið á svörtum Range Rover-jeppa.“ „Sáúð þið skráninganúmerið?“ „Nei, því miður var bifreiðin það langt frá okkur á við sáum ekki skráningarnúmerið. En þegar þeir höfðu lokið við að koma mannum inn í aftursætið á bifreiðinni þá benti annar hettuklæddi maðurinn á okkur, þar sem við sátum í bifreiðinni mjög hrædd því þarna var enginn á ferðinni á þessum tíma, og gaf okkur til kynna með handahreyfingu að þeir muni skera okkur á háls ef við segðum lögreglunni frá því sem við sáum, eða þannig lásum við skilaboðin.“

„Segðu okkur nöfnin á vinafólkinu sem þið heimsóttuð þetta ákveðna kvöld og heimilisfang þeirra.“ „Hjónin heita Brian Watt og Júlía Meeker til heimilis að N-stræti nr. 506, en barnapían heitir Klara Powell til heimilis að M-stræti, nr. 426.“ Þegar við lukum yfirheyrslunum yfir hjónunum Eriku og Rupert Gavin þá bar þeim saman að öllu leiti. Samkvæmt okkar rannsóknum gátu við ekki með nokkru móti séð annað, en að þessar viðkomandi manneskjur sem komu hér við sögu, segðu rétt og satt frá.

En ég undirritaður og Osterman sérþjónustumaður höfðum illan bifur á Rubert Gavin, það var eitthvað við hann sem benti til að hann væri ekki að segja okkur allan sannleikann, þó að við margítrekað kölluðum hann til yfirheyrslu og reyndum að þvæla honum í spurningum og fá hann til að tala af sér en honum bar alltaf saman við fyrri yfirheyrslur. Þess vegna könnuðum við feril hans síðustu tíu árin og fylgdust með honum í nokkra mánuði en gátu ekkert fundið sem benti til að hann tengdist mafíunni eða þessu máli með nokkrum hætti eða hefði nokkur önnur afbrot á samviskunni.

Svo er annað sem okkur finnst undarlegt, að Mary Films eiginkona Regent Films skuli ekkert vita um tengsl hans við þetta dularfulla fyrirtæki sem hr. Films er sagður hafa unnið hjá, að sögn yfirstjórnenda fyrirtækisins Raftækni h/f, þessa fimm daga í mánuði sem hann fékk frí úr vinnu hjá þeim. Og hvers vegna eru það aðeins stjórnendur fyrirtækisins sem telja sig vita að hr. Films hafi unnið á einhverjum öðrum óþekktum vinnustað þessa tilgreindu frídaga, en enginn aðrir, eins og t.d. nánir vinir og ættingjar hr. Films? Þessu höfum við ekki getað svarað. Þess vegna var einnig ákveðið að fylgjast með frú Films og hafa auga með yfirstjórnendum fyrirtækisins Raftækni h/f, sem eru einnig eigendur þess. Að því loknu var þetta mál flokkað sem óleyst.

Richard las þessar skýrslur margsinnis gaumgæfilega þar til hann lærði efni þeirra utanað, en skrifaði öll tilgreind nöfn í vasabók sem hann bar alltaf á sér, sem nefnd eru í skýrslunum sem lögreglan og rannsóknarlögreglan höfðu afskipti af í þessari rannsókn eftir að hann var komin norður til Saint Paul í hús fyrrum foreldra sinna og dvaldi þar um tíma eins og hann gerði oftast í sumarfrí sínu.

Með þessum hætti ætti hann auðveldara með að spyrja aðstandendur réttu spurninganna og alla viðkomandi aðila sem lögreglan hafði haft samband við þegar hann hefði tíma eftir að hann lyki sumarfríinu og væri komi heim til sín. Þá gæti hann kannski áttað sig á því hvort viðkomandi væri að leyna einhverju eða hreinlega segði ósatt eða ef hann fyndi eitthvað sem gæti stutt kröfu um að rannsóknarlögreglan tæki þetta mál upp á nýtt.

En það er eitt mikilvægt atriði sem kom upp fyrir tíu árum sem gerir það óneitanlega að verkum að mínu mati að allar þær skýrslur sem Bernie Osterman og Georg Grove sérþjónustumenn gerðu um Regent Films verði gerðar ómerkar vegna þess að þessir menn voru gripnir glóðvolgir fyrir mútur í þágu mafíunnar og það sannaðist á þá að þeir höfðu stunda slíka starfssemi síðustu þrjátíu árin, en grunur hefur legið á þeim í mörg ár,

en aldrei verið hægt að sanna það fyrr en þá. Þeir fengu báðir fjórtán ára dóm. Þetta kom fram í öllum fjölmiðlum í Bandaríkjunum og einnig átta árum síðar þegar fyrrum rannsóknarlögreglumennirnir Bernie Osterman Georg Grove voru myrtur af samföngum sínum sínu þegar þeir voru í sturtu í fangelsinu. Það sannaðist aldrei hverjir voru þar að verki af samföngum hans. En ástæðan var augljóslega verk mafunnar því að FBI var búin að gera samkomulag við þessa fyrrum rannsóknarlögreglumenn að þeir slyppi út og fengju nýtt nafn og kennitölu og þeir máttu ráða í hvaða ríki í Bandaríkjunum þeir flyttu til ef þeir gæfu viðkomandi rannsóknarmönnum FBI allar upplýsingar um framgreint mál sem þeir vissu um og þekktu til. Þeir fengu tveggja sólarhringa umhugsunarfrest, en daginn eftir fundust þeir myrtir af einhverjum samföngum þeirra.

25. KAFLI

Einstöku sinnum koma fyrir manninn furðulegar upptákur sem sumir kalla heppni en er í raun oftlega skynnæmi að þakka þar sem guðleg öfl á öðrum hnöttum eru að senda boð til viðkomandi sem manneskjan skynjar með margvíslegum hætti, kannski til að vara manneskjuna við einhverri ákveðinni hættu eða fá hana til að vera á réttum stað á réttum tíma og jafnvel að reyna að fá hana til fara frá einhverjum stað einhverra hluta vegna.

Eins og til dæmis ákveðin maður sem fór skyndilega út úr flugvélinni nokkru áður en hún átti að hefja flugtak. Og þegar fjórtán ára drengurinn sem var búinn að ráða sig á bát í einum kaupstaðnum á Austfjörðum þegar hann skyndilega lét sig hverfa nokkru áður en báturinn átti að fara. Hann var hreykinn yfir að fá þessa vinnu og hlakkaði óskaplega til að fara á sjóinn með þessum bát sem átti að sigla úr höfn klukkan fjögur þessa ákveðnu nótt. En um kvöldið fór hann með vinum sínum niður á höfn þar sem báturinn lá til að sína þeim bátinn sem drengurinn átti að sigla með í fyrsta sinn sem sjómaður þessa nótt. En þegar hann var komin að bátinum og ætlaði að sýna leikfélögum sínum bátinn, þá horfði hann á bátinn örlitla stund og varð skyndilega um ó, hann sá eitthvað geigvænlegt sem mundi koma fyrir bátinn. Þá tók hann skyndilega á rás frá vinum sínum og hljóp út úr bænum, lét engan finna sig alla nóttina og kom ekki heim fyrr en með morgninum. Þessi bátur kom aldrei aftur að landi, hann fórst með allri áhöfn. Þessi drengur var sérlega skynnæmur og sá oft fyrir góðum hlutum en einnig slæmum óhöppum og dauðaslysum sem rættust. Þess vegna vissi hann nákvæmlega að það sem hann sá mundi gerast. Þessi drengur dó á fullorðins árum. Það sama gerðist með fyrrgreinda flugvél sem maðurinn fór úr, hún hrapaði og allir fórust.

Sumir vilja halda því fram að guðsvegir séu órannsakanlegir, að hann velji úr hverjir eigi að deyja og hverjir að lifa. Það er röng ályktun og þessi trú hefur gert það að verkum að ótrúlega margir, bæði börn og fullornir hafa misst trúna á það góða þegar þau sjá eftir nánnum skyldmönnum falla í valinn og kenna guði eða guðlegum verum um dauða þeirra. En því miður verða sumir unglingar, sem hafa verið trúaðir áður, svo reiðir að þeir missa hana gjörsamlega undir þessari sorg og fara að telja sér trú um að guð sé vondur, sem

verður til þess að hluti af þessum unglíngum leita í farveg lögbrota sem þau annars hefðu kannski aldrei gert ef trú þeirra á það guðlega hefði ekki verið túlkuð til þeirra á svona rangan hátt.

Hvernig getur nokkrum manni dottið það í hug að það guðlega leitist eftir að gera í því að hryggja manneskjuna með þeim afleiðingum sem fyrr greinir? Það er jafn ógrunduð hugsun og ef foreldri myndi fá þann kost að vera gefin sá eiginleiki að geta ráðið hvaða barn þeirra yrði hæfileikaríkast eða lifði lengur. Hvaða góða foreldri mundi vilja þiggja slíka gjöf? Ekkert, vegna þess að þau mundu aldrei geta gert slíkt upp á milli barna sinna. Það guðlega hefur einnig slíka væntumþykju til mannkynsins, „barna sinna“, heldur reynir það að ná sambandi við manneskjuna með, hugsana-, tilfinninga- eða sjónsambandi og knýr þannig að dyrum barna sinna til að reyna vara þau við og leiðbeina en maðurinn nær ekki boðunum eða skilur þau ekki, eða vill ekki skilja þau, með sama hætti og þegar barnið skilur ekki, eða hlýðir ekki varnaðarorðum foreldra sinna.

Hver sem ástæðan er þá ákvað Richard Shaw skyndilega að fá sér kaffisopa í Skautahöllinni þar sem hann var að aka bifreið sinni ekki langt þar frá, það hafði hann upphaflega ekki ætlað sér að gera. Hann settist við eitt borðið með kaffibollann fyrir framan sig og var að byrja að lesa eitt fréttablaðið um svipað leiti og Friðrik var að ganga niður í bílakjallarann, sem er einungis ætlaður fyrir starfsmenn, ásamt Turne Ralston, framkvæmdarstjóra Skautahallarinnar. Þessi skyndihugdetta hjá Richard var til þess að söguhetjurnar þrjár hittust í fyrsta skipti, en því miður var það undir hryllilegum kringumstæðum. En þessi kynni urðu síðar góð og varanleg vinátta sem hélst á meðan þau lifðu.

Þegar þau fjögur stigu út úr bifreiðinni á bílplaninu þurftu þau að ganga nokkuð góðan spöl áður en þau komu að höllinni. Friðrik gekk beinustu leið upp á loft og fékk strax inngöngu að skrifstofu framkvæmdarstjórans eftir að ritarinn hafði samband við hann. En bílstjóri þeirra sagði við Birtu og Kára að hann muni bíða eftir þeim á kaffistofunni sem var aðskilin með láum vegg svo að kaffigestir gátu fylgst með því sem fram fór á svellinu. En Birta og Kári fóru að leigumiðluninni og þar fengu þau passlega skauta á leigu. Þau tvö skemmtu sér konunglega á svellinu í tæpa tvo tíma. Þá sáu þau að Friðrik stóð við svellið og veifaði þeim. Þau renndu sér til hans og þá sagði hann: „Ég er á

leiðinni út á flugvöll með honum Turne Ralston framkvæmdarstjóra því hann ætlar að sýna mér staðinn. Ég er búinn að tala við bílstjóra minn og biðja hann um að aka ykkur hvert sem þið viljið í dag.“ Þar með kvaddi hann þau. Þau renndu sér á svellinu í þó nokkra stund eftir samtalið við Friðrik en Birta stakk svo upp á því að þau færu að versla því hana langaði til að kaupa eitthvað fallett handa Axel. Þau skiluðu skautunum og fóru inn á kaffistofuna þar sem McCready beið þeirra. Síðan gengu þau að bílnum. McCready settist undir stýrið og bjó sig undir að setja bílinn í gang.

Birta settist í aftursætið en um leið og hún ætlaði að færa sig og hliðra til fyrir Kára sem beygði sig niður til að setjast við hliðina á Birtu fékk Kári skyndilega þessa varúðarkennslu í magann og það hressilega að það var engu líkara en gripið væri sterkum tókum um maga hans og undið upp á. Hann kipptist í keng og greip um leið í Birtu þegar hún ætlaði að hliðra til fyrir honum og dró hana með krafti út úr bifreiðinni um leið og hann sagði: „Komdu ekki nálægt þessari bifreið.“ Hún ætlaði að spyrna á móti en hætti við það, bæði vegna þess hún kunni ekki við að sýna mótþróa þar sem fólk var nærri og grunaði einnig eitthvað annað. Þau sem sáu að Kári kippti í hana litu hálf undrandi á þegar Kári dró hana aftur fyrir bifreiðina með hraði því önnur bifreið var í staðinu til hliðar við bifreið þeirra. Bæði voru hálf boginn þegar bílstjórinn sat gapandi undir stýri yfir þessu háttalagi hjá Kára um leið og hann startaði bifreiðinni, en þá varð gífurleg sprenging og á sama tíma fundu Birta og Kári geysikraft sem skall á þau og þrýstingurinn af sprengingunni slengdi þeim í götuna. Þau fengu hellu fyrir eyrun, urðu hissa, ringluð og skelfd og skildu ekkert hvað var að gerast, litu síðan upp þar sem þau lágu í götunni. Þau urðu stjörf og enn skelfingu lostnari þegar þau sáu bílinn brenna og hryllti við þegar þau komu auga á svartbrennt og afskræmda hryllingsmyndina af mannlíkamanum sem var að brenna inn í logandi bifreiðinni.

Richard hafði setið þarna inni á gluggalausum kaffistofunni í góða stund þegar hann hrökk skyndilega við þegar hann heyrði rosahvell. Hann leit upp úr blaðinu og sá að fólk hljóp út og sumir stóðu við útidyrnar og heyrði að bifreið væri að brenna. Richard leit út um gluggann og sá logandi bifreið og svartan reyk sem liðaðist upp frá henni og tvær manneskjur sitjandi skammt frá haldast í hendur og horfa á logandi bílinn. Richard þaut frá borðinu og út í átt að bifreiðinni, hringdi á lögregluna því hann var ekki viss um að

aðrir hefðu gert það og sagði símastúlkunni hver hann væri og tilkynnti henni það sem hann sá.

Síðan tók hann upp kveikjara sem var einnig falin myndavél sem kom beint inn á kerfið hjá FBI. Hann smellti nokkrum myndum af vettvanginum frá þremur sjónarhornum skammt aftan við logandi bifreiðina og náði einnig nokkrum myndum af brennandi ökumanninum og þessum tveimur manneskjum sem höfðu greinilega verið of nálægt bifreiðin þegar hún sprakk.

26. KAFLI

Skömmu eftir að Richard hafði myndað logandi bifreiðina og þessar tvær verur sem sátu á jörðinni með hellu fyrir eyrum og með hrylling í huga að sjá þennan góða bílstjóra, sem þau voru farin að kunna svo vel við, brenna þarna upp í kolaða veru. Þau gátu ekki losað sig frá þessari skelfingu og tóku ekki eftir neinu öðru sem var að gerast í kringum þau fyrir en eftir skamma stund, þá reis Kári á fætur og hjálpaði Birta að standa upp. Hún var enn í sjokki en Kári var búin að jafna sig að nokkru leyti. Birta snéri sér strax frá logandi bifreiðinni og svartbrenndum mannlíkamanum með hryllingi og hjúfraði sig upp að Kára í hálsakot hans til að leita sér huggunar en einnig til þess að þurfa ekki að horfa meira á þennan hrylling. Um leið lagði Kári aðra höndina á hvirfil hennar en hina höndina á hnakkagróf Birtu. Þá fann hún strax hlýjan orkustraum streyma niður eftir líkama sínum og hún fann jafnframt fyrir unaðslegum friði.

Birta vissi það af gamalli reynslu að þegar Kári hélt höndum sínum þarna einhverja stund fengi hún þennan hlýja straum sem gaf henni meiri frið, orku og jafnvægi til að takast betur á við þennan hrylling síðar meir því að hún mundi meðal annars hugsa til hans og orku hans í kvöld því þá mundi hlýr orkustraumur friðar streyma um líkama hennar og ýta frá henni þessum hryllingi, það þekkti hún frá fyrri reynslu.

Á þessu augnabliki var nú þegar komin heil þyrping af forvitnu fólki sem ávallt gerist undir öllum slíkum kringumstæðum. Sumir stóðu þarna fremst í þögninni og höfðu séð hvernig pilturinn bjargaði stúlkunni með snaræði á seinustu stundu út úr bifreiðinni áður en hún sprakk í loft upp en sumir hverjir sem komu að á eftir létu í ljós forvitni sína með alls konar spurningum í lágum rómi á sama tíma sem þau öll horfði á parið sem stóð aftan við bifreiðina og þrýsti sér hvort að öðru og einnig á þennan óhugnað með hryllingssvip sem birtist fyrir þeim í logandi bifreið og skaðbrenndu líki.

Birta og Kári tóku í raun ekki eftir fólkinu í skamma stund en þegar þau gerðu það þá losuðu þau sig hvort frá öðru. Þá hvíslaði Kári að Birtu: „Við skulum fara inn á kaffistofu og fá okkur eitthvað snarl, þá eigum við kannski auðveldara með að átta okkur á því

hvernig við að eigum að taka á þessu.“ Þau snéru sér og gengu í gegnum hópinn sem opnaði sig ósjálfrátt fyrir þeim. Þau tvö gengu í áttina að Skautahöllinni.

Richard hafði að sjálfsögðu fylgst með þessum hópi af sérstakri athygli. Hann leitaði eftir grunsamlegu andliti sem væri í nálægð við brunann sem gæti átt þátt í þessum óhugnaði. Hann vissi að það er æði oft að þeir sem fremja einhver ódæði hafa ótrúlega nautn af því að koma á staðinn sem áhorfandi af því ódæði sem viðkomandi hefur framið. Fyrir glöggan rannsóknarmann er hann oftlega þekktanlegur í hópnum. Richard gat ekki fundið neinn grunsamlegan mann í nánd við morðstaðinn. Þá taldi hann það nánast víst, þó það væri ekki algilt, að viðkomandi glæpamaður sem staðið hafði að þessum óhugnaði væri launmorðingi sem léti sig hverfa af vettvangi strax að verki loknu. Þá væri þetta til muna veigameira mál, en ef einhver einn ruglaður maður, væri þarna að verki.

Hann var varla búinn að sleppa þessari hugsun frá sér þegar hann tók eftir að parið sem rétt slapp frá sprengingunni gekk í gegnum brautina sem hópurinn myndað fyrir þau. Hann ruddi sér braut í gegnum hópinn og var komin til hliðar við þau skammt frá hópnum og hann heyrir að Kári segir við Birtu um leið og hann tekur upp GSM-símann: „Ég ætla að hringja í lögregluna, enginn virðist hafa hringt í hana.“ Þá notfærði Richard sér þetta til að ná sambandi við þau og sagði: „Fyrirgefðu að ég skuli vera að blanda mér í ykkar mál, en ég er búinn að hringja í lögregluna og ég hef einnig séð að fleiri hafa gert það. Við hljótum að heyra í sírenunum rétt strax ásamt slökkviliði og sjúkrabifreið, þá verður stutt í komu þeirra. En fyrirgefðu að ég skuli ekki hafa kynnt mig fyrir ykkur, ég heit Richard Shaw og er bókmenntafræðingur.“ Hann rétti þeim hönd sína og þau tóku í hana og kynntu sig um leið. „Fyrst við erum búin að kynna okkur hver fyrir öðrum, má ég þá vera svo frekur að bjóða ykkur kaffi og eitthvað meðlæti inni á kaffistofunni í Skautahöllinni?“ „Jú, þakka þér fyrir, það er vel þegið, við erum einmitt á leið þangað,“ sagði Birta. Á þessu augnabliki heyrðu þau í sírenum og litlu síðar voru þau sest við eitt borðið með kakó og þeyttan rjóma út í ásamt meðlæti.

„Vorud þið í samfloti við ökumanninn sem var í bifreiðinni sem sprakk?“ spurði Richard. „Já, hann var bílstjóri frænda hennar Birtu, sem við búum hjá núna,“ svaraði Kári. „Ég heyri það á máli ykkar, þó að þið talið nánast eins og innfædd enskuna, að þið eru ekki

Bandarísk.“ „Nei, við erum frá Íslandi og erum búin að vera hér í Saint Paul í rúma viku,“ sagði Birta.

Hann mundi vel eftir þeim þegar þau þrjú gengu fram hjá borði hans fyrir skömmu því það var ekki mögulegt fyrir eðlilegan karlmann annað en að taka eftir þessari undurfögru ljósku og því dálæti sem þessi ungi kurteisi piltur hafði á henni. En hann furðaði sig einnig á því hvað þau tóku þessu af miklu jafnaðargeði, það var samt greinilegt að Kári var reiður innra með sér, aðallega af umhyggju til Birtu sem allur hugur hans beindist að. Richard var búinn að heyra það frá áheyrendum að pilturinn hafði bjargað stúlkunni með ótrúlega miklu snarræði úr bifreiðinni á síðasta augnabliki. Richard var jafnfram undrandi á því hvernig pilturinn vissi af hættunni rétt um það leiti sem hann var að stíga inn í bifreiðina og örfáum sekúndum áður en bifreiðin sprakk. Þetta taldi hann nauðsynlegt að fá að vita. Svo hann sagði með einhvers konar aðdáun: „Það er með ólíkindum hvernig þú gast vitað að það var sprengja í bifreiðinni nokkrum sekúndum áður en bifreiðin sprakk í loft upp, sástu sprengjuna áður en hún sprakk?“ „Nei, það gerði ég ekki og ólíklegt að þeir hafi sett hana á glámbekk,“ svaraði hann stutt. „En hvað var þá til þess að þú gast bjargað stúlkunni og sjálfum þér af slíku snarræði?“ Kári sagði ekkert en horfði stíft á Richard í nokkra stund. Skyndilega var eins og það opnaðist fyrir honum opin bók.

Þannig er mál með vexti að allar „Lífeindir“ flytjast með „Lífgeislanum“ sem senda og taka á móti upplýsingum og mynda „Lífeindahjúp“ umhverfis þær manneskjur sem eru í samræðum og þau sem eru skynnæm eru að sjálfsögðu misnæm, það fer eftir skynnæmi þeirra og skilningi á efninu, en allir ná einhverju þó að sumar manneskjur geri sér ekki grein fyrir því. Það er ákveðið munstur, merkjaletur sem allar „Lífeindir“ bera með sér og gefa frá sér og taka á móti upplýsingum sem allir heilar skilja, því merkjamálið er eins hjá öllum lífverum og heili hverrar lífveru umbreytir merkjamálinu í sitt tungumál. Þess vegna skiptir það engu máli hvaða tungumál talað er eða hvaða dýrategundir taka á móti, það fer aðeins eftir næmi lífveranna, þekkingu og skilningi þess á efninu. Það gerist einnig mun oftast en fólk gerir sér grein fyrir að lífveran tekur á móti slíkum upplýsingum án þess að verða beint vör við það. En oftlega vill það koma fyrir að móttakandinn misskilur sendinguna vegna vanþekkingar sinnar á efninu eða vegna einhvers konar truflana, eins og sannast hefur á öllum þessum trúarbrögðum, þó að það guðlega hafi í raun verið að segja öllum spámönnunum það sama. Þar sem Kári er sérlega skynnæmur

og hefur góða almenna þekkingu og skilning á fyrirburðafræði þá las heili hans nokkuð vel merkjaletrið sem hann nam í þetta sinnið.

Birta horfði á Kára og beið í ofvæni eftir því hvernig hann mundi svara þessu. En Richard Shaw fannst hálf óþægilegt hvernig pilturinn horfði á sig, honum fannst eins og hann væri að lesa hug sin, enda gerði pilturinn það. Kári sagði eftir góða stund: „Framkoma þín og spurningar segja mér ýmislegt, ég veit að þú sagðir okkur rétt um menntun þína og starf þitt, en það er aðeins hjáverk til að dylja aðalstarf þitt sem er eins konar njósnastarf í þjónustu Bandaríkjanna, þó að þú vinnir ekki beint á vegum leyniþjónustunnar. Ég sé einnig mann um fertugt, dökkhærðan, hann er meðal hár, hökubreiður og stutt á milli augnanna. Þessi maður stendur við hliðina á þér og vill segja þér eitthvað mikilvægt en ég skynja ekki allt sem hann vill segja þér, nema það að hann dó snögglega af völdum annars manns. Hann segir mér að sá sem var valdur að þessu stendur nær þér en þú gerir þér grein fyrir, en ég næ ekki nafninu það skýrt að ég geti nefnt það. Ég held að þetta sé faðir þinn. Þarf ég að segja meira?“

Richard varð hljóður í litla stund af undrun og velti síðan vöngum yfir því hvar pilturinn hefði fengið þessar upplýsingar, en eftir nokkra umhugsun taldi hann nánast víst að það væri óhugsandi að hann hefði fengið þær eftir venjulegum leiðum. miðað við ungan aldur hans og þann stutta tíma sem hann hafði dvalið í Bandaríkjunum og þar að auki hafði pilturinn ekkert þekkt til hans fyrr en nú. Burtséð frá því vissi Richard ekki til að nokkur maður hefði hugmynd um þetta leynistarf hans, fyrir utan örfáa menn en það sló Richard sérlega illa út af laginu þegar pilturinn minntist á föður hans. Þess vegna kom varla annað til greina en að pilturinn væri svona ískyggilega skynnæmur. Hann lét eftir sem áður ekkert uppi um sitt mál þegar hann spurði: „Ertu að reyna að segja mér að þú hafir fundið það á þér að bifreiðin mundi springa í loft upp?“ Kári brosti til hans, en svaraði engu.

Birtu leist vel á þennan mann og ósjálfrátt treysti hún honum og sagði þess vegna: „Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hann bjargar lífi mínu, það gerðist í ágúst í fyrra þegar foreldrar mínir dóu.“ „Hvernig atvikaðist það?“ spurði Richard. Birta sagði honum nákvæmlega hvernig það gerðist og lýsti föður sínum: „Pabbi var sérlega varkári bílstjóri og þess vegna óskiljanlegt að þetta slys skuli hafa getað hent í þessu sólríka veðri.“ Hún sagði honum síðan frá upplifun Kára nóttina áður og hvaða aðferð hann beitti sem varð til þess

að bjarga lífi hennar. Og bætti síðan við: „Kári fann það greinilega um nóttina að þetta væri morð, en ekki slys.“ Þá sagði Kári með áherslu og horfði beint í augu Richard: „Það er það sama og gerðist í þessu tilfelli, þegar bifreiðin var sprengd í loft upp en í þetta sinnið átti að drepa okkur bæði, þó er ég sannfærður um að Birta sé aðal skotmarkið, af einhverjum óskiljanlegum ástæðum. En lögreglan mun sennilega draga allt aðra ályktun.

„Þú segir að faðir þinn hafi verið vel sofinn og aldrei fengið aðsvif og að lögreglan hafi ekki getað fundið nein merki um að einhver hafi rekist á bifreiðina. Og hvað haldið þið að hafi orðið til þess að faðir þinn ók út af veginum?“ og leit um leið á Birtu. „Ég veit það ekki,“ svaraði Birta, „en Kári segist hafa fengið slíkan óhugnað þessa nótt í sambandi við morðið á foreldrum mínum að það er ekki nokkur vafi að eitthvað var gert, af einhverjum, einhverra hluta vegna, til að koma bifreið foreldra minna út af veginum.“

Richard hallaði sér aftur í stólnum, horfið á þau tvö góða stund hugsandi og var að lokum sannfærður um að þau teldu ekki nokkurn vafa leika á að bæði atvikin, dauðaslysið á foreldrum Birtu og bifreiðin sem sprakk í loft upp sem þau rétt sluppu frá og varð bifreiðastjóranum að aldurtitla, væru ekki slys heldur morð og morðtilraun, því í báðum tilfellum töldu þau að ætlunin hafi verið að myrða Birtu ásamt foreldrum hennar í fyrra skiptið og pilturinn fullyrðir að alla vega í síðara tilfallinu hafi hann einnig átt að deyja ásamt Birtu. Hvort sem þessi ályktun væri rétt eða ekki, taldi hann sér skylt að hafa þetta á bak við eyrun, því reynslan hafði kennt honum að margt ótrúlegt hefur reynst rétt.

Síðan kom einkennileg hugsun upp í huga hans, ef þetta skyldi nú vera rétt ályktun hjá þeim þá væri alveg eins hugsanlegt að þessi tvö morð, ef slysið á gömlu hjónin er talið með, gætu hugsanleg tengst þessu bréfi sem hann flutti til Íslands. Hann þyrfti að komast í þessar skýrslur um slysið á þessum gömlu hjónum, honum varð hálf ómótt.

Síðan spurði hann: „Eigið þið einhverjar eignir sem einhverjir ættmenn hafa augastað á eða hafið þið gert einhverjum eitthvað sem hefur orðið til þess að þið hafið eignast slíkan óvin sem vill koma ykkur fyrir kattarnef?“ „Nei, við eigum enga óvini, en við hjónin og Kári eigum allgóða jörð sem bræðurnir fengu í arf eftir foreldra sína, hún heitir Fagrabrekka og er staðsett í Tindadal í Húnavatnssýslu. Hún rekur sig ágætlega en það er enginn í ætt bræðranna sem hefur áhuga á búskap, þó að jörðin sé mjög góð þá er engin sem hefur leitast eftir jörðinni, alla vega ekki svo við vitum til og varla fer nokkur maður

að deyða manneskju út af henni.“ „En eigið þið einhver skyldmenni hér í Bandaríkjunum?“ „Ekki veit ég til þess,“ svaraði Kári. „En þú Birta?“ „Ég man ekki efir neinum nema Friðriki Daðasyni,“ svo kom hika á hana í augnablik, og síðan sagði hún: „Jú, ég man eftir einum ættingja, hann var bróðir Þorkels Jónssonar, langlangafa míns, hann flutti hingað til Bandaríkjanna einhvern tíma eftir aldamótin en ég veit ekkert hvert.“ „Manstu hvað hann heitir?“ „Já, ég man það, hann hét Kolbeinn Jónsson.“ „Hafa einhverjir af ættingjum þínum haft samband við þetta skyldfólk ykkar hér í Bandaríkjunum?“ „Nei, ekki veit ég til þess að foreldrar mínir eða afi og amma mín hafi nokkurn tíma samband við þessa grein frá minni ætt.“

„Það er þá mjög ólíklegt að þessir ættingjar þínir hafi einhverjar hugmyndir um þína hagi, svo ég get ekki séð nein tengsl hér í Bandaríkjunum sem gætu bent til að einhver af löndum mínum vilji ykkur feiga. Þá get ég ekki séð annan hugsanlegan möguleika en að það hafi átt að myrða Friðrik frænda þinn sem býr hér í Saint Paul. Þar sem þið voruð að segja mér að hann hafi komið í sömu bifreið og þið hingað í Skautahöllina og bjóst við að vera í samfloti með ykkur til baka, en hætti skyndilega við það. Þessi ályktun mín er ekki ólíkleg því ég þekki það vel til Friðriks Daðasonar, þar sem hann er vel þekktur hér í Saint Paul sem sérlega harður í viðskiptum sem skógarhöggsmáður og á aldrei neitt inni hjá þeim sem fara á bakvið hann í viðskiptum því hann hefur æði oft snúið á slíka náunga sér í hag. Þess vegna vitum við hér í þessari borg að hann á marga óvildarmenn sem vildu gjarnan gera honum ýmislegt til miska og hafa reynt það en eftir því sem ég best veit þá hefur það sjaldnast gengið upp. En ég veit ekki til þess að neinn hafi reynt að myrða hann fyrir en nú. Miðað við þá lýsingu ykkar að sprengingin hafi orðið þegar bílstjórinn startaði bifreiðinni þá er það næsta víst að hún hafi ekki verið sett af stað með fjarstýringu þar sem hann eða þeir hafa búist fastlega við að Friðrik mundi fara með þessum bíl ásamt ykkur. Allavega er hún fyrir mér miklu líklegri tilgáta heldur en að einhver vilji ykkur feig, þar sem ekkert bendir til að svo stöddu að nokkur maður vilji ykkur feig, eins og þið hafið haldið fram.“ „En hvers vegna er verið að reyna að myrða Friðrik endilega núna, þegar við erum hér í heimsókn, er það ekki einnig undarleg tilviljun?“ sagði Kári nokkuð hvasst.

Richard Shaw hugsaði og sá að þarna var hugsanlega veikur í hlekkur í keðjunni, sem hugsanlega gat bent á að það voru þau sem myrða átti. Og þá ekki síður mætti taka

trúanleg öll þau skynhrif sem Kári sagðist hafa orðið var við nóttina áður en foreldrar Birtu dóu, og það styrkir einnig þessa frásögn hans hve snarráður Kári var við að bjarga þeim frá dauða, sem hefði verið útilokað nema hann hafi fundið, nokkrum sekúndum áður en sprengingin varð, að hætta var í aðsigi. Þetta var í raun allt mjög athyglisvert sem þau hafa verið að segja en fyrri forsendurnar mínar eru til muna líklegri, eins og málin standa í dag þó að segja megji að hún sé svolítið gloppótt. En ég tel samt að það sem þau hafa verið að segja mér sé það athyglisvert að ég ætla samt að geyma það á bak við eyrun. En hann svaraði henni með því að segja: „Ég er nú samt viss um að lögreglan lítur frekar þannig á málið að það hafi átt að myrða Friðrik Daðason.“ Richard Shaw sat beint á móti útidyrnum sem voru í töluverðri fjarlægð frá þeim, og hann var varla búinn að sleppa orðinu þegar hann sá tvo alríkislögreglumenn, konu og karlmann sem gengu inn um aðaldyr Skautahallarinnar og litu yfir salinn, þau voru greinilega að leita að þeim tveimur sem sátu gegnt honum. Richard rétti upp hendina og benti þeim að koma og sagði um leið við þau: „Fólk frá alríkislögreglunni er að koma hingað og vill greinilega hafa tal við ykkur, en ég bið ykkur vinsamlega að haf hljótt um hugdettu þína, að ég vinni við annað en bókmenntir, því ef þú hefur rétt fyrir þér þá ættirðu einnig að vita hvers konar áhættu þú myndir þá koma mér í.“ „Engin hætta á því,“ sögðu þau bæði um leið og þau litu aftur fyrir sig og sáu alríkislögregluna á leið til sín. Á sama tíma stóð Richard upp og kvaddi þau með handabandi og sagði um leið: „Ég skal reyna að kanna þetta frá ykkar hlið og sjá hvað kemur út úr því,“ eftir að hann hafði skrifað nöfn þeirra og heimilisföng í vasabók sína og einnig nafn langalangafa Birtu og bróðir hans, til að auðvelda leit sína í ættarskránni sem hann hugðist gera seinna meir á internetinu.

Þau bæði voru honum mjög þakklát fyrir þessi orð hans um leið og hann gekk frá borðinu. Hann mætti rannsóknarlögreglunni á miðri leið, rétti þeim ökuskírteinið sitt og sagði þeim hvar þeir gætu haft samband við sig ef þeir teldu það nauðsynlegt. Konan, sem var herra sett í FBI, skrifaði í bók sína nafn hans, starfsvettvang og heimilisfang, síðan gekk Richard út að bifreið sinn og ók beinustu leið heim.

Síðan settust þau tvö frá alríkislögreglunni gegnt Birtu og Kára og spurðu þau spurninga sem þau svöruðu með sama hætti og áður hefur verið greint frá, en þau sögðu frá foreldrum Birtu og tengdu það við þetta slys, þó þau gætu ekki sýnt fram á það með afgerandi hætti. En þau margítrekuðu spurninguna við Kára, hvernig hann hafði vitað

nokkrum sekúndum áður að sprengja væri tengd við bifreiðina og mundi springa þegar bílstjórinn startaði bifreiðinni. Kári svaraði alltaf að hann hafi fundið það á sér, en lögreglufulltrúarnir trúði honum ekki. Þegar þau fengu í þrígang alltaf sama svarið þá sagði sá lægra setti með þjósti: „Ertu að reyna að telja okkur trú um að þú hafir einhvers konar forspárgáfur? Við erum ekki svo græn að við trúum hverju sem er.“ Þau horfðu á hvort annað litla stund, að lokum sagði lögreglukonan við þau: „Þið verðið kyrrsett hér að svo stöddu í Minnesóta-ríki þar til morðið verður upplýst og þið verðið að afhenda okkur vegabréfin,“ sem þau gerðu. Síðan spurði lögreglukonan: „Hvaða samband er á milli ykkar og Richard Shaw, herrans sem var að ganga frá ykkur rétt í þessu.“ Birta svaraði: „Við höfum aldrei séð hann áður fyrr en núna strax eftir að bifreiðin sprakk í loft upp. Hann elti okkur hingað inn og spurði okkur svipaðra spurninga og þið hafið gert og okkur fannst hann vera heiðalegur og ansi viðkunnanlegur maður svo við svörum spurningum hans.“ „Hvernig kynnti hann sig?“ „Hann sagðist vera bókmenntafræðingur og ynni í einhverjum háskóla í Washington DC.“ FBI lögreglufulltrúarnir litu hvort á annað og þökkðu þeim síðan fyrir og lögreglumadurinn sagði: „Það væri þægilegast fyrir alla aðila ef þið færuð ekki úr borginni fyrr en með leyfi lögreglunnar.“ „Það gæti orði ansi mikið vandræðamál ef það verður langur tími því við og eiginmaður minn eigum í sameiningu landbúnaðarjörð á Íslandi sem við þurfum að reka, það verður erfitt fyrir eiginmann minn að sjá um hana einsamall í langan tíma.“

En þrem vikum síðar flugu þau til Íslands með upplýsingar sem voru í stórum dráttum á þessa leið: Alríkislögreglan hafði handtekið tvo menn, Rey Lowell og Georg Greene. Þeir viðurkenndu morðið á röngum manni fyrir saksóknara. Rey Lowell sagðist hafa fengið upphringingu eitt kvöldið frá ókunnum manni og hann beðinn um, ásamt félagi sínum Georg Greene, að taka að sér að myrða. Þeim hafði verið borgað fyrir að myrða Friðrik Daðason sem er vel þekktur stóreignarmaður á skóglendum. Þeir hafi fengið helminginn af greiðslunni fyrir þessa vinnu fyrirfram sem lá í póstkassanum hans morguninn eftir, en seinni greiðsluna fengu þeir aldrei og höfðu ekki hugmynd um hver þessi maður væri. Þeir voru nokkru síðar dæmdir sekir fyrir kviðdómi fyrir að hafa sprengt bifreið í loft upp á bílplaninu við Skautahöllina í Minneapolis í Minnesóta. Bifreiðin sprakk í tætlur um leið og McCready setti bifreiðina í gang, hann lést samstundis.

Lowell og Greene sögðu að þeir hefðu lagt á ráðin um að myrða Friðrik Daðason þennan dag þar sem þeir töldu þetta vera of gott tækifæri til að vinna verkið á auðveldan hátt og koma sprengjunni fyrir þarna á planinu. Þeir höfðu fylgst með honum í nokkra daga og biðu eftir góðu tækifæri. Það var ekki fyrr, en þennan dag sem tækifærið kom upp í hendurnar á þeim. Þegar þeir komum sprengjunni fyrir töldu þeir víst að Friðrik Daðason færi með þessari bifreið til baka. Þeir voru spurðir að því hvort það hafi ekki skipt þá máli að þeir hefðu myrt fjórar manneskjur ef það hefði ekki mislukkast hjá þeim sögðust þeir hafa orðið að láta sig hafa það þó að ökumaðurinn ásamt Birtu Tryggvadóttur og Kára Arnarsyni frá Fögrubrekku í Tindadal í Húnavatnssýslu frá Íslandi dræpust einnig, þar sem þeir töldu sig nokkuð örugga með að fremja glæpinn á þessum stað, en því miður var rangur maður drepinn og sá sem þeir áttu að myrða slapp.

Síðar kom ekkert kom fram sem bent til þess að framangreind Birta Tryggvadóttir og Kári Arnarson hafi átt að vera skotmarkið, eins og þau höfðu haldið fram sem vitni við rannsóknina. Þar sem Lowell og Greene margítrekuðu það fyrir dómi að það hafi aðeins verið tilviljun að þau skuli hafa verið í bifreiðinni þegar þeir létu verða af hugmyndinni.

Þegar Richard kom heim opnaði hann tölvuna sína og skrifaði nánast orðrétt það sem Birta og Kári sögðu honum á kaffistofunni í Skautahöllinni. Fór síðan inn á Íslendingabók, fyrst inn á ættarskrá Kára. Hann sá að Kári Arnarson var skráður til heimilis að Kárastíg 65 í Reykjavík ásamt móður hans Mjöll Ólafsdóttur. En faðir hans Arnar Sighvatsson var skráður að Fögrubrekku í Tindadal í Húnavatnssýslu. Hann var dáiinn fyrir nokkrum árum og synirnir erfðu búið eftir föður þeirra, en elsti sonur hans Axel Arnarson tók við búinu ásamt konu sinni Birtu Tryggvadóttir. Þarna kom fram að bræðurnir Axel og Kári áttu fjöldann allan af núlifandi náskyldum ættingjum, frændum og frænkum. Richard prentaði út af þessari ættarskrá allt að síðustu aldamótum og lagði hana til hliðar. Fór síðan í ættarskrá Birtu og þá kom í ljós, þegar hann rakti ætt hennar allt að aldamótum, að Þorkell Jónsson var langalangafi hennar og bróðir hans var Kolbeinn Jónsson sem flutti til Bandaríkjanna og giftist inn í Brandson ættina nokkrum árum síðar. Þegar Richard rakti þessa ættarskrá fram til dagsins í dag kom nokkuð athyglisvert í ljós. Bandaríkjamaðurinn Toni Brandson öldungadeildarþingmaður var erfingi Birtu Tryggvadóttur, næst á eftir Friðriki Daðasyni frænda Birtu. Hann er fimmtíu og tveggja ára og Richard þekkti nokkuð vel til hans þó hann væri ekki málkunnugur

honum. Hann prentaði allar þessar upplýsingar út af tölvunni og setti þær í möppu þó honum þætti sérlega ólíklegt þingmaðurinn væri blandaður með einhverjum hætti í málefni Birtu, en allur var varin góður. Eins og áður er getið þá fannst honum þessi ásökun Íslendingana ansi ótrúleg og langsótt. En þar sem Richard Shaw var nokkuð mannglökkur þá réði hann af samtali þeirra að þau væru að segja það sem þau töldu sannleikanum samkvæmt og drógu þessa ákveðnu ályktun samkvæmt því, meðal annars vegna þessara furðulegu forspáreiginleika sem Kári hafði til að bera.

27. KAFLI

Richard hafði oftlega í gegnum árin kynnst ýmsum mönnum sem virtust hafa hreinan skjöld og hvergi komið nærri þeim glæpaverkum sem FBI hafði sent hann til að kanna. Hugdettur hans og næmi um að það þyrfti að athuga ákveðnar persónur betur hafði aldrei brugðist. Þess vegna hafði Richard ákveðið að fylgjast með Russel Cambell, þar sem hann hafði óljósar grunsemdir um að bréfið sem Richard hafði að beiðni Cambell tekið með sér til Íslands og látið í hendur Arngrími Hanssýni hefði kannski eitthvað með hjónin á Fögrubrekku að gera. Þá var mjög líklegt að ef Russel átti einhvern þátt í fyrrgreindum slysum sem tengdust hjónunum á Fögrubrekku og Kára þá var einnig ástæða til að fylgjast með þessum fjarskylda frænda Birtu, Toni Brandson öldungadeildarþingmanni. Hann hafði einnig fylgst vel með dómsmáli sprengjumorðingjanna Rey Lowell og George Greene og verkefnastjóranum Webb Jeremy. Þeir voru dæmdir sekir og fengu fjörutíu ára dóm fyrir morðið á McCready, bílstjóra Friðriks og tilraun til að myrða Friðrik Daðason og hjónin á Fögrubrekku. Ef eitthvað kæmi út úr því og nægilega sterkar líkur á að morðið á Friðriki og bílstjóra hans hefði í raun verið ætlað hjónunum á Fögrubrekku og Kára en ekki Friðriki, þá mun ég fara til Íslands og reyna kanna það nánar. Því var hans fyrsta ákvörðun þegar hann kom úr sumarleyfinu að reyna að komast að einhverri niðurstöðu um morðið á föður sínum.

Þrem vikum eftir að Richard Shaw hafði lokið sumarfríinu og var kominn aftur á heimaslóðir og byrjaður að starfa í sinni grein í Washington-háskóla, þá notaði hann öll tækifæri í frístundum sínum til að tala við þetta fyrrgreinda fólk sem lögreglan yfirheyrði vegna morsins á hr. Films Þar sem Richard var sannfærður um að hann væri komin á byrjunarslóðir morðingja föður síns.

Hann byrjaði á því að leita í símaskránni að frú Mary Films, eiginkonu Regents Films en hún fannst ekki þar. Hann ákvað fyrst að hringja í þjóðskrána en taldi síðan heppilegra að fara þangað og hafa beint sambandi við fulltrúann sem vann hjá viðkomandi fyrirtæki. Ef hann fengi ekki þær upplýsingar sem hann óskaði eftir þá fyrst hefði hann samband við David Webb sérþjónustmann. Þegar þangað var komið og eftir nokkra bið gaf

skrifstofustúlkan honum leyfi til að ganga inn á skrifstofu George Fleming skrifstofustjóra deildarinnar.

Hann kynnti sig og gaf upp sitt löglega starfsheiti, kvaðst síðan þurfa að fá nýja heimilisfang Mary Films og hann tilgreindi strætið sem hún hafði búið við fyrir þrjátíu og sex árum. Richard kvaðst ekki hafa fundið hana í símaskránni: „Hún gæti reyndar verið dáin en ef hún ætti afkomendur þá þyrfti ég að vita nafn og heimilisfang viðkomandi barna.“ Fleming ætlaði ekki í fyrstu að gefa honum þessar upplýsingar, en að lokum tókst honum að fá hann til þess þegar Richard sagði honum um afdrif föður síns og hvers hann væri að leita. Fleming horfði nokkra stund eftir að hann hafði sannreynt í tölvunni hverra manna hann væri og um afdrif föður hans.

Fleming sagði: „Mary Films lést fyrir fimm árum og eina barn þeirra hjóna, Paula Films-Morgan erfði allar eignir móður sinnar, þar á meðal gott einbýlishús. Skömmu eftir að erfðaskráin var frágengin flutti hún í þetta hús ásamt eiginmanni sínum Dick Morgan. Samkvæmt skránni hafa þau búsetu þar enn.“ Eftir að Richard hafði ekið heim til sín og fengið þessar upplýsingar hjá Fleming sem hann hafi beðið um, hringdi hann í dóttur Mary Films, Paulu Morgan eftir að hann hafði fundið hana í símaskránni.

Hann spurði eftir Paulu Films-Morgan. „Já, ég er hún, en hver ert þú eiginlega og fyrirgefðu, en hvernig í ósköpunum veistu, bláókunni maður, föðurnafn mitt þar sem ég tók upp ættarnafn móður minnar níu árum eftir að faðir minn var myrtur og hélt því þar til að ég gifti mig?“ sagði hún nokkuð hvasst. Richard Shaw kynnti sig og gaf upp starfsheiti sitt og hvar hann ynni og bætti síðan við: „Ég bið þig innilega afsökunar og þykir mjög leitt að ég skuli vera að trufla þig með þessu samtali en ég þarf nauðsynlega að hafa samband við þig um ákveðið mál og ræða um það við þig einslega eða ykkur hjónin á einhverjum ákveðum stað í kyrrþey“ „Hvers konar mál er það eiginlega?“ „Eins og ég sagði, þá tel ég það mjög óheppilegt að ræða það í gegnum síma þar sem þetta málefni er mjög mikið tilfinningamál fyrir okkur bæði.“ „Um hvað snýst málið eiginlega?“ Richard hikaði nokkra stund og sagði síðan: „Þetta snýst um dauða föður þíns og dauða föður míns, því samkvæmt mínum athugunum er mjög sennilegt að einhvers konar tenging sé á milli feðra okkar vegna dauða þeirra, þó að faðir minn hafi verið drepinn viku síðar, þó ég geti ekki fullyrt það að svo komnu máli á hvern hátt þessi

tenging er, þess vegna þarf meira af upplýsingum. En ég býst ekki við að þú vitir mikið um það mál fyrst móðir þín er látin, en maður veit það aldrei fyrr en málið er rætt. Vegna þessara grunuðu tenginga hafði ég upp á föðurnafni þínu og þess vegna ákvað ég að hringja í þig og hafa tal af þér um þetta óhugnanlega mál, ef mér leyfist svo frá þinni hendi.“ Hann heyrði að Paula Morgan tók andköf og greinilega hafði það sem hann sagði mikil áhrif á hana. Eftir nokkra þögn sagði hún: „Ég hringi í þig á morgun á svipuðum tíma ef ég vil tala við þig, annars læturðu mig í friði eftir þetta samtali.“ „Já, ég skil það vel, en ég vona að þú hringir í mig á morgun.“ Og þar með kvöddust þau.

Klukkan tvö daginn eftir hringdi síminn hjá Richard Shaw, hann svaraði ekki fyrr en eftir sex hringingar þar sem hann var önnur kafinn við vinnu. Paula Morgan var á línunni, hún kynnti sig og sagði: „Ef þú hefur sama áhuga á að tala við mig og þú hafðir í gær þá geturðu komið heim til mín seinni partinn í dag.“ „Það er fínt, ég kem þá klukkan fimm, er það í lagi?“ „Við sjáumst þá.“ Síðan slitu þau samtalinu.

Richard kom stundvíslega að útidyrnum hjá Paul Morgan klukkan fimm eftir hádegi og hringdi dyrabjöllunni. Paula kom til dyra og bauð honum inn í stofu, fór síðan inn í eldhús og kom með kaffi á bakka og meðlæti. Þá spurði Richard frúna um leið og hann setti upptökutæki borðið: „Má ég taka upp samtalið okkar inn á þetta tæki?“ „Já, alveg sjálfsagt.“

Þegar Paula hafði sest gegnt honum spurði hún: „Hvers vegna dregurðu þessa ályktun, að feður okkar beggja tengist með einhverjum hætti saman við morðingjann sem myrti föður minn?“ „Ég hef enga örugga vissu um það, að svo komnu máli, að það sé sami morðinginn, en ég tel mjög líklegt eftir mína athugun að sama glæpahreyfinginn innan mafiunnar sé þarna að verki, þar sem ég tel að faðir minn hafi verið óvart sjónarvottur að morði föður þíns og ég veit fyrir víst að honum var hótad dauða ef hann þegði ekki. Viku síðar var hann drepinn.“ Síðan sagði Richard Paulu hvernig hann komst að þessari niðurstöðu en forðaðist að segja henni frá frændsemi hans við mafiuna, þar sem hann vissi ekki hvernig Paula mundi taka því.

Þá sagði Paula: „Þetta er sama aðferðin og lögreglumennirnir beittu við móður mína þegar þeir þóttust vera að yfirheyra hana.“ „Hvað áttu við og hvaða lögreglumenn voru þetta sem voru að yfir heyra móður þína?“ Þetta kom Richard á óvart því hann hafði

hvergi séð skýrslu um að óbreyttir lögreglumenn hefðu yfirheyrt móður hennar um morðið á föðurnum. Þess vegna sagði hann: „Það kæmi sér mjög vel fyrir mig ef þú myndir vilja segja mér frá byrjun hvað þú veist um þetta mál og skilgreina fyrir mér hvers konar lögreglumenn komu til að yfirheyra mömmu þín um morðið á föður þínum, voru það óbreyttir lögreglumenn, rannsóknarlögreglan eða sérþjónustumenn frá FBI?“

„Mamma og ég vorum inni í eldhúsi, mamma var eitthvað að bauka en ég var að læra við eldhúsborðið þegar dyrabjallan hringdi. Ég elti mömmu fram á gang þegar hún opnaði dyrnar. Fyrir utan stóðu tveir lögreglumenn, óeinkennisklæddir, þeir sögðust vera FBI-menn. Mamma fölnaði upp og greip fyrir munninn um leið og þeir sýndu henni skilríki sín og sögðust þurfa að tala við hana og spurðu hvort þeir mættu koma inn fyrir. Mamma bauð þeim inn í stofu, en sagði mér að fara upp á loft. Ég man eftir þessu atviki eins og það hefði gerst í gær vegna þess að ég varð hrædd. Ég gekk tregleg upp á loft og inn í herbergið mitt og settist á rúmið, ég taldi víst að það væri eitthvað mikilvægt sem lögreglumennirnir vildu segja við mömmu. Ég taldi þess vegna alveg víst að þeir hefðu fundið föður minn og að hann hefði aðeins slasast. Ég réði ekki við forvitni mína og stansaði því ekki lengi í herbergi mínu og læddist niður stigann að stofuhurðinni sem hallaðist það mikið að dyrastafnum að það var aðeins rifa inn í stofuna. Þá heyrði ég að annar lögreglumaðurinn sagði við móður mína: „Við vitum að Regent Films sagði þér fyrir hvern hann væri að vinna þessa fimm daga í hverjum mánuði sem hann vann ekki hjá fyrirtækinu Raftækni h/f, þó honum hafi verið sagt að hann mætti ekki segja nokkrum manni frá því. Ef einhver spyr þig um þetta mál, hvað ætlarðu að segja spyrjandanum?“ Mamma var hrædd og þorði ekki annað en að segja: „Ég hef ekki hugmynd um hvert hann var að fara þessa fimm frídaga sem hann fékk hjá fyrirtækinu í hverjum einasta mánuði.“ „Já, það er líka eins gott fyrir þig því annars gæti eitthvað hryllilegt óhapp komið fyrir þig og dóttir þína.“ Með það stóðu þeir upp og fóru, en ég faldi mig á bak við stóran skáp sem var skammt frá mér svo þeir sáu mig ekki. Richard stóð skömmu seinna upp frá kaffiborðinu þar sem hún hafði ekki frá meiru að segja um þetta mál og þakkaði fyrir sig og setti upptökutækið í vasa sinn og kvaddi frúna. Skömmu síðar skrifað hann skýrslu allt samtalið sem var á upptökutækinu. Og gaf síðan örstutta stutta skýrslu um sína niðurstöðu á þessu máli.

Hr. Robert Canfield

Forstjóri

FBI

Washington

Ég undirritaður, Richard Shaw bauðst til að taka að mér að rannsaka morðið á föður mínum, Micahel Ramsey sem hefur verið óleyst í tugi ára, með samþykki Robert Canfield, forstjóra FBI í Washington DC.

Allar skýrslur sem David Webb, sérþjónustumaður FBI afhenti mér sem varða morðmál föður míns, með leyfi Robert Canfield forstjóra FBI fylgja þessari skýrslu ásamt skýrslum sem ég hef tekið af vitnum sem varða framangreint mál.

Niðurstaðan á rannsókn minni á þessu tveimur morðmálum er á þá lund, að það séu óneitanlega sterk tengsl á morðinu á föður mínum Micahel Ramsey og hinum myrta Regent Films. Ef sú ályktun mín er rétt, þá hefur að öllu líkindum faðir minn verið sjónarvottur að morðinu á Regent og allar líkur á því að faðir minn hafi verið myrtur þess vegna, þó hann hafi verið frændi og mikill vinur Luthers Cambell. Ef þannig er í pottinn búið þá þrengist hringurinn um þá grunuðu og beinist að mafíufjölskyldu minni, ættmönnum föður míns.

Samkvæmt meðfylgjandi skýrslum koma einnig aðrir til greina. Þar má fremsta að nefna þá rannsóknarlögreglumenn Bernie Osterman og Georg Grove, sem síðar voru uppvísir að vera undir handleiðslu mafíunnar, þar sem þeir hótuðu frú Films að illa færi fyrir henni og dóttur hennar ef hún kjaftaði frá því sem hún vissi og gáfu þar af leiðandi ranga skýrslu um samtalið sem fór þeirra á milli. Meðfylgjandi er skýrsla mín, sem ég tók nú fyrir skömmu af Paulu Films, dóttur Mary Films þar sem hún segir að hún hafi verið vitna að þessari framangreindu hótun við móðir hennar.

Að síðustu er að mínu mati Rupert Grafín lögfræðingur ansi grunsamlegur um að hann viti eitthvað um þessi tvö morð þar sem hann breytti skyndilega um frá því sem áður var, miðað við hans sögn í meðfylgjandi skýrslu og tók að sér að verja grunaða menn úr mafíunni og aðra handbenda henni og hefur gert það síðan öll þessi ár. Hvers vegna breytti hann um skoðun?

Ég undirritaður tel mig hér með, samkvæmt meðfylgjandi skýrslum, hafa komist að nýjum upplýsingum sem bendir

eindregið til að þetta framangreinda mál verði tekið fram og rannsakað að nýju.

Virðingafyllst,

Richard Shaw

Þegar Robert Canfield forstjóri hafði fengið framangreindar skýrslur í hendurnar og yfirfarið þær gaumgæfilega ákvað hann kalla saman fund um þetta efni. Yfirmenn allra deilda sem komu að þessum máli mættu og eftir tveggja tíma fund var ákveðið að taka þetta mál upp aftur. Nokkru síðar voru ákveðnir menn innan rannsóknarlögreglunnar skipaðir til að taka að sér verkið.

28. KAFLI

Á síðustu fardögum, það er 1. júní, og tæpu ári eftir að Birta og Kári flugu til Bandaríkjanna höfðu Páll Finnbogason, þrjátíu ára gamall og eiginkona hans Arinbjörg Gunnarsdóttir, einu ári yngri búið á jörðinni Stapafelli í Tindadal sem leiguliðar í sex ár, gróskumikilli og afurðagóðri jörð. Stapafell liggur að sunnanverðu við ána, nokkuð innarlega í dalnum. Í byrjun janúar þurfti hann að skjótast heim til hreppstjórans og ræða við hann um ákveðið málefni. Að því loknu spurði hreppstjórinn Pál: „Hvað ætlarðu að gera þegar þú ferð frá Stapafelli í vor?“ Páll horfði undrandi á hann og sagði: „Ég er ekkert að fara frá Stapafelli.“ „Það er einkennilegt?“ „Af hverju finnst þér það einkennilegt?“ spurði Páll og varð hissa yfir þessu svari hans. „Ég spurði vegna þess að tveir synir afa þíns eru búnir að kaupa jörðin og taka við henni í vor.“ Páli varð ónotanleg hverft við, hann fölnaði upp og andlit hans varð eitt spurningarmerki. „Hvenær gerðis það eiginlega?“ „Það gerði hann um miðjan desember.“ „Það getur ekki verið, því þeir eiga báðir fyrirtæki. Ekki ætla þeir að fara að búa?“ „Ég veit ekkert um það en málið stendur samt þannig að samningur þeirra á milli var gerður um miðjan desember samkvæmt því verður þú að fara á fardögum, það er í byrjun júní.“

Páli var svo mikið um að fá þessa óvæntu frétt að það lá við að hann klökknaði þarna fyrir framan hreppstjóran. Tveim dögum síðar staðfesti afi hans uppsögnina. Á hverjum morgni í heila viku frá því að Páll fékk þessa óskemmtilegu frétt, vaknaði hann upp á morgnanna með koddann sinn í hjónarúminu þakinn af hárum af höfði hans og ef hann strauk hendinni yfir höfuðið sér hélt hann á hárflygsum í hendinni.

Þessar óvæntu fréttir kom honum svo gjörsamlega á óvart vegna þess að Páll hafði spurt afa sinn í byrjun desember hvort hann gengi fyrir með kaup á jörðinni eins og um var samið munnlega á milli þeirra við leigukaupin því hann ætlaði þá að tala við bankastjóran seinni partinn í febrúar um lán til að geta keypt jörðina. Nokkrum dögum síðar fékk Páll uppsagnarbréf frá afa sínum um leigu á jörðinni frá og með fardögum 1. júní þetta ár. Páll hafði samband við afa sinn símleiðis og spurði: „Er þetta ekki einhver misskilningur? Þú lofaðir mér öðru í desember.“ Hann svaraði: „Nei, þetta er enginn

misskilningu og það ættir þú að vita, ég leigði þér jörðina aðeins í átta ár.“ „Já, það veit ég vel eins og allt annað sem kom þér vel, en annað var undirskrifað ef það kom þér betur og ég treysti þér fullkomlega af því að þú ert afi minn, og meðal annars það að þú vissir að ég tók við jörðinni í þeirri trú að ég gengi fyrir um kaup á henni þegar leigan væri útrunnin. En þar sem ég var aðeins tuttugu og tveggja ára þegar ég tók við jörðinni þá fylgdist ég ekki með pólitíkinni og vissi því ekkert um að það væri á dagskrá hjá ríkisstjórninni að breyta ríkisjörðum í eignarjarðir. En það skiptir í raun ekki neinu máli, ég taldi mér trú um að þú væri sá maður að standa við orð þín sem þú sagði mér í desember.“ „Það breytir engu, ég er nú þegar búinn að selja syni mínum allan afréttinn sem tilheyrir jörðinni og þú verður að skila jörðinni núna í vor, á fardögum.“

Ári síðar hitti Páll lögfræðing sem hann kannaðist vel við og hann hafði frétt fyrir nokkrum mánuðum að Páll hafði farið af jörðinni. Lögfræðingurinn spurði Pál hvers vegna hann hafði farið af jörðinni: „Vissirðu ekki að þú hafðir forgangsrétt að henni samkvæmt lögum, þar sem þú hefur búið og nýtt jörðina eins og vera ber? Þú gast setið jörðina án þess að afi þinn gæti gert skapaðan hlut, ef þú gekkst inn í samningana sem synir afa þíns keyptu jörðina á.“ Páll hafði ekkert vitað um þetta, en hann vissi líka að hann hefði sjálfsagt aldrei gert það í trássi við ættingja sína því að með þeim gerningi hefði hann fengið flesta ættingja sín upp á móti sér því það voru fleiri af systkinunum sem vildu fá þessa jörð.

Páll var tuttugu og tveggja ára gamall þegar ungu hjónin tóku við þessari ríkisjörð á leigu af afa sínum, eins og fyrr greinir. Hann flutti til Reykjavíkur vegna veikinda. Það voru sjö mjólkurgripir sem tilheyrðu jörðinni sem Páll fékk til umráða og þar til viðbótar seldi afi hans honum fjörutíu kindur og eitt hundrað hænur í ágætu varpi sem voru inni í gömlu tíu kúa fjósi sem afi hans hafði hannað fyrir hænur upp á gamla mátann.

Eftir að Páll hafði búið þar í tæp þrjú ár hafði hann stækkað búið upp í tuttugu nautgripi, þar af voru sextán mjólkandi kýr og fjórar kvígur sem áttu að bera í fyrsta sinn um haustið. Hann hafði einnig fjölgaði varphænunum upp í fjögur hundruð og átti þar að auki eitt hundrað, tíu mánaða gamla unghænur sem hann festi kaup á fyrir átta mánuðum, sem hann hafði í öðru húsi. Þær voru komnar í varp og stutt í að þær næðu fullu varpi, þó

egginn væru í fyrstu í minna lagi, en þá ætlaði hann að lóga elstu hænunum. En eftir átta ára búskap á þessari jörð höfðu hjónin á Stapafelli fjölgað kúnum í þrjátíu og tvær.

Á fyrsta árinu sem bóndi á Stapafelli sá Páll í handbók bænda nýstárlegan hæsnakofa sem engum á Íslandi fannst þessi virði að taka upp, eftir því sem Páll vissi best, fyrr en hann hafði breytt hæsnafjösi sínu í þetta nýstárlega form. Það voru margir sem voru bæði undrandi og hrifnir og þótti þetta merkilegt innlegg til að koma fjórfalt fleirum hænum þarna fyrir en áður var mögulegt án þess að skerða frelsi hæsnanna meira en áður enda fékk Páll alltaf um og yfir sjötíu prósent varp. Það var greinilegt að hænunum leið sérlega vel í þessu nýstárlega hæsnahúsi. Ekki síður vegna þess að Páll blandaði þrem lítrum af lýsi og bætti einnig sex kílóum af grasmjöli í hvern fimmtíu kílóa poka af hæsnamjöli, það eitt gerði eggjarauðuna alltaf rauða allt árið um kring, þó hænurnar væru inni allt árið.

Hönnunin á hæsnahúsinu var með þeim hætti að hann skipti gamla tíu kúa fjósinu í tvennt, að frádregnu tveimur metrum sem Páll tók undir geymslu við útidyrnar undir hæsnafóðrið sem hann afmarkaði með netgirðingu þvert yfir hæsnahúsið. En innan við netið hannaði hann eggjakassa sem hann hólfaði í tvennt, með þeim hætti að hann gat náð eggjunum utan við netið án þess að þurfa að fara inn fyrir til hænanna nema því aðeins þegar þurfti að þrífa undan þeim.

Innri helmingurinn af hæsnahúsinu fór undir grindur og hver fleki var ein metri á breidd. Efnið í hverri grind var með tommu millibili og fest upp á rönd á þrem þverbitum, bitarnir lágu þvert yfir húsið í fimmtíu sentimetra hæð frá gólfi. Þar fyrir ofan hengdi Páll upp rólur. En hinn helmingurinn sem var næst eggjakassanum var þakinn sagi og með þessu fyrirkomulagi undu hænurnar sér greinilega til muna betur en áður þó það kæmust fjórfalt fleiri hænur þarna fyrir en áður og þar að auki var lengdartalan tveimur metrum styttri en áður vegna geymslunnar sem hann hannað fyrir framan eggjakassana.

Það kannast allir við það hversu gloppótt lífið getur orðið hjá manningum, það eru gegnum gangandi skyn og skúrir í lífi hvers og eins. Páll fann fyrir þessu eins og aðrir og hans fyrsti verulegi óhappdagur var að vori til á sólríkum degi þegar Páll mætti inn á læknastofu hjá háls-, nef og eyrnalækni vegna hálskirtlatöku, þá níu ára gamall. Hann fór ásamt móður sinni og stjúpafa, sem Páll man alltaf eftir sem kátum, góðlegum

gleðimanni. Stjúpafi hans ákvað að fylgja þeim á læknastofuna, sem lá við Lækjagötu, því það var í leiðinni niður á Reykjavíkurbörn þar sem báturinn lá við hafnarbakkann sem hann hafði ráðið sig á deginum áður.

Það þótti furðu sæta að hann skuli hafa ráðið sig á þennan bát, þó hann hefði verið sjómaður í fjölda mörg ár vegna þess að stjúpafi Páls hætti skyndilega á sjónum fyrir fáum árum þar sem hann varð af óskiljanlegum ástæðum allt í einu sjóhræddur, þá hafði hann verið á þessum sama bát. Kannski var það einhvers konar fyrirboði, þó stjúpafi Páls hafi ekki gert sér grein fyrir því.

Skömmu eftir að hann hafði ráðið sig á bátinn hringdi föðuramma Páls í stjúpafa hans og var ekki laust við að vera taugastrekt, sem ekki var líkt henni, og sagði við hann: „Ég bið þig fyrir alla muni að fara ekki með þessum bát, því ég tel að það verði þá þín feigðarför því ég held að báturinn komist aldrei aftur að landi. Þess vegna vil ég að þú komir heldur með flutningaskipinu Esjunni.“ Þetta flutningaskip var eins og flest fólk sem er komið á aldur veit, ekki einungis flutningaskip heldur var Esjan einnig með nokkra klefa fyrir farþega. En hann svaraði henni ákveð með þessum orðum: „Ég hef farið annað eins með þessum bát áður eins og þú veist svo það ætti að vera í lagi þó að ég fari í þessum bát einu sinni enn.

Þá sagði amma hans: „Þú veist um stóru máluðu myndina sem hefur hangið fyrir ofan hjónarúmið okkar í fjöldamörg ár án þess að hún hafi raskast þaðan.“ „Já, auðvitað veit ég um hana.“ „Það gerðist svolítið einkennilegt í morgun, þegar ég skrapp fram í eldhús og kom svo skömmu síðar inn í hjónaherbergið, þá lá myndin ofan á hjónarúminu. Hún hafði af óskiljanlegum ástæðum hrokkið upp af naglanum á veggnum svo mér varð ekki um sel, en ég hengdi myndina strax upp aftur.“ „Og hvað með það, vina mín?“ „Þetta er viðvörðun um að ef þú ferð með þessum bát, þá deyrðu, en ef þú ferð með Esjunni verður allt í lagi og ég bið þig elsku vinur minn að þú fara ekki með þessum bát því þá kemst þú aldrei í land.“

Hann tók ekki mark á þessu, þó hann vissi að kona hans væri skynnæm, víðlesin, lögfróð og kannaði öll mál áður en hún fór á stað með málin. Þess vegna átti hann að taka mark á henni. Þar sem enginn lögfræðingur var á staðnum þá leituðu flestir íbúar í þorpinu til hennar um lögfræðileg efni, hún gaf þeim alltaf það góð ráð sem lögfræðingar

viðkomandi aðila beittu síðan í dómsalnum og unnu alltaf málið. Faðir hennar var ekki síðri, því sveitungar hans leituðu oftlega ráða hjá honum og það gekk manna á milli þessi setning innan sveitarinnar: „Þetta er ekki skrifað eftir hann, heldur andinn úr honum.“

Læknabiðstofan var næstum fullsetin þegar þau þrjú gengu inn og settust í þessa fáu stóla sem voru lausir. Páll var mikið kvíðinn. Þessi háls-, nef- og eyrnalæknir þótti fær en sennilega enginn sálfræðingur því hann var þekktur fyrir fruntaskap. Það var augljóslega mikið að gera þennan dag hjá læknum og sjálfsagt hefur hann verið orðin þreyttur og kannski eitthvað argur þegar Páll komst lokins að og margir biðu enn á biðstofunni. Þegar Páll var komin inn í aðgerðastofuna og læknirinn búinn að loka hurðinni sagði hann við Pál nokkuð höstuglega að setjast í stólinn og opna munninn. Þessi framkoma læknisins var að sjálfsögðu til þess að það fór um Pál og vöðvar hans strekktust við það og þess vegna var hann um leið erfiður sjúklingur. Læknirinn byrjaði á því að reka verkfærin upp í hann og byrja að vinna sitt verk.

Það leið heldur ekki á löngu þar til að læknum þótti meira en lítið erfitt að skera þessa kyrtla frá vegna mikils óróleika í drengnum. Í stuttu máli sagt þá varð læknirinn að lokum svo ergilegur að hann fór að skamma Pál með hárrí röddu og fór meðal annars að hóta honum því að ef hann hefði sig ekki hægan þá yrði hann að senda Pál á sjúkrahús til að geta tekið þessa hálskyrtla úr honum. Á þeim tíma var það næstum dauðadómur í huga Páls að vera sendur á sjúkrahús svo hann varð enn hræddari og það var ekki á bætandi. Lætin og hávaðinn var svo mikill í læknum að það gekk alveg fram af fólkinu á biðstofunni og þau voru farin að ræða sín á milli hvað gengi eiginlega á þarna inn á læknastofunni. Móður Páls leið ekki vel að vita af drengnum sínum hjá þessum ofstopalækni og stjúpafi hans varð fjúkandi illur og vildi helst af öllu stoppa þessi læti, en móðir Páls og fleiri sem voru þarna inn á biðstofunni stoppuðu hann af.

Strax eftir aðgerðina fóru mæðginin heim, en stjúpafi hans lallaði niður á Reykjavíkurbörn þar sem báturinn lá. Þetta sama kvöld slepti áhöfnin landfestar og þeir sigldu honum út Faxaflóa og síðan út-norður, en báturinn komst aldrei í höfn og líkin fundust aldrei.

Rúmum tveim árum eftir kirtlatökuna var pilturinn settur í alsherjar-rannsókn þar sem móður hans fannst eitthvað meira en lítið athugavert við drenginn. Enda kom það í ljós

við rannsókn að andlegur þroski drengsins hafði stöðvast í tvö ár og það var álitíð að frumorsökin væri álag vegna læknastaka. Mörgum árum síðar var Páll greindur með flogaveiki sem hann ávann sér níu ára gamall í læknastólnum, að talið var. Páll náði ekki jafnöldrum sínum að andlegum þroska fyrr en á sextánda árinu.

Þegar Páll var sautján ára vann hann sem verkamaður við að steypa upp prentarablokkina við Goðheima í sumarleyfinu. Til þess voru skriðmót notuð, þau skríða með ákveðnum hraða upp á við. Upp á pallinum á skriðmótunum eru nokkur göt yfir hverju herbergi þar sem steypunni var hellt úr hjólbörum niður á gólfið fyrir neðan. Ofan á þessi göt voru lok með ávölum köntum allt í kringum hvern hlera þegar ekki var að vinna við að steypa gólfin.

Þennan dag var verið að steypa í milliveggina og útveggina á níundu hæð og Páll stóð við eitt hornið við útvegginn ofan við stofugluggann og var að pikka í steypuna með stöng á milli steypuvíranna, einhverra hluta vegna notaði hann ekki víbrator í þetta sinnið og að sjálfsögðu sá hann ekki þegar ungur piltur á sama aldri og Páll kom með fullar hjólbörur af steypu á fleygiferð en þegar hjólið á börunum lenti á kantinum á einum hleranum þá missti hann vald á börunum og við það breytir hann um stefnu í áttina að Páli og gat þar að auki ekki stöðvað sig tímalega og þá gerðist óhappið. Börurnar lentu aftan á lærinu á Páli, hann missir stöngina og reynir í eitt augnablik að halda jafnvægi en veit strax að hann getur það ekki þá snýr hann sér eldsnöggt við um leið og hann beygir sig örlítið í hnjáliðunum og mjöðmunum framávið, um það leiti sem hann er að falla aftur fyrir sig þá nær hann að grípa beggja megin í börubrúnirnar og dregur þær örlítið með sér aftur á bak. En pilturinn hélt dauðahaldi í handföngin með angistarsvip. Þannig hékk Páll með fæturna á skriðmótsbrúninni og meirihlutann af líkama sínum í brún utan við vegginn í örlitla stund og síðan dró Páll sig nærri því upp í réttstöðu á sama tíma tókst piltinum að draga hjólbörurnar og Pál úr hættu.

Þetta óhapp, sem gat kostað hann lífið, hafði ekki meir áhrif á hann en svo að þegar Páll átti að sækja einhvern hlut á næstu hæð fyrir neðan klukkutíma síðar þá valdi hann heldur þann kost að klifra niður á næstu hæð, nokkra metra frá þeim stað sem hann var næstum hrapaður framaf, heldur en að þurfa að fara mikið lengri leið til að komast að stiganum. Þá fyrst gekk hann alveg fram af vinnufélögunum sínum.

Tveim árum síðar réði Páll sig í vinnu um sumar hjá járníðnaðarfyrirtæki sem tók að sér að reisa og klæða kerskála númer tvö fyrir álverksmiðjuna í Hafnarfirði. Páll átti ásamt fleirum að skrúfa bitana saman þegar búið var að koma þeim fyrir á sinn stað og járnklæðningin síðan fest á bitanna. Þessi óheilladagur varð vegna þess að hann var of fljóthuga í það sinnið, sem hefði getað kostað hann lífið, en það sem bjargaði honum frá því að hrapa úr tuttugu og fimm metra hæð niður á steingólf var hvað Páll var í mikilli líkamlegri þjálfun vegna ýmissa íþróttagreina sem hann hafði stundað sér til gamans. Hann var ekkert lofthræddur og því öruggur með sig í mikilli hæð og taldi sig geta bjargað sér undir flestum kringumstæðum ef eitthvað óvænt kemur fyrir.

Þannig var að hann lá á einum þverbitanum og var að skrúfa næstefsta langbitann fastan við þverbitann. Þessi umræddi langbiti er næst fyrir neðan mænirinn. Á þessum tímapunkti voru þeir hálfnaðir með kerskálann. Páll var ekki búin að ganga frá samsetningunni þegar einn pilturinn var sendur upp á pall til að tilkynna honum að það væri komin matur. Þá hætti Páll að vinna og skreið eftir langbitanum með öryggisbeltið krækt í bitann og báðir endar fest í beltið. Páll losaði sig frá bitanum þegar hann kom á pallinn. Þá áttaði Páll sig á því að það borgaði sig heldur að klára að ganga frá bitunum áður en hann færi í mat því þetta var efsti lagbitinn og sá síðasti í þessari röð. Ef hann gerði það ekki þá yrði hann að fara upp aftur og ganga frá bitunum og fara síðan niður og byrja að vinna niður við gólfíð við næsta hólfi.

Þess vegna klifrað hann aftur upp á langbitann og gleymdi að setja lausa endann á taumnum undir langbitann í öryggisbeltið og skreið þannig án hjálpar þess á fjórum fótum nokkuð hratt eftir langbitanum. Þegar hann var um það bil hálfnaður að þverbitanum þá snérist Páll skyndilega við og missti fótanna, en hékk með hendurnar á langbitanum og það var ekki annað hægt að segja en að honum hafi brugðið ónotalega þegar hann snérist og missti fótanna. Páll heyrði og sá útundan sér að pilturinn æpti upp og lyfti höndum og taldi víst að hann mundi falla niður á steinsteypu plötuna sem var nærri tuttugu og fimm metra fall og hans saga á enda á þessari jörð. En þannig fór það nú ekki því það stóð ekki til hjá Páli, því það leið ekki nema í örstutt stund þar til Páll lyfti upp fótunum, krækti þeim utan um bitann og dró sig síðan upp á hann og krækti öryggisbeltinu undir bitann og festi við sig.

Hann klárað að skrúfa síðustu boltana sem tengdu bitana saman, en á sama tíma hét hann sjáfum sér því að gleyma aldrei að nota öryggisbeltið aftur, enda hefði hann engan rétt á að láta sér sjást yfir slíkt og valda nánustu ættingjum sínum sorg.

Nokkrum árum síðar, þá tuttugu og tveggja ára flutti Páll að hausti að Stapafelli í Tindadal sem ráðsmaður hjá afa sínum, en tók við búinu næsta vor sem leigjandi ásamt konu sinni Arinbjörgu Gunnarsdóttur. Átta árum síðar, að vori 1. maí, tveim mánuðum fyrir fardaga, voru hjónin á Stapafelli nýbúin að borða kvöldmatinn og voru að ræða saman um þessar miklu breytingar sem höfðu komið svo óvænt upp á skömmu eftir áramótin og einnig að ræða um þær jarðir sem þau voru búinn að skoða. Annað hvort líkaði þeim ekki jörðin eða hún var of dýr. Þau höfðu því aðeins um þrjá kosti að ræða, að flytja á mölina, kaupa einhverja þessara jarða sem þau höfðu í raun ekki mikinn áhuga á eða leigja einhverja jörð en að svo komnu máli höfðu þau ekki áhuga á því. Að lokum ákváðu þau að taka ekki ákvörðun strax því það lægi ekki svo á þar sem þessar jarðir færu ekki strax hvort sem er.

Á þessum tíma voru bújarðir ekki eins eftirsóttar og þær eru í dag. Nokkrum dögum síðar komu hjónin Birta og Axel eitt kvöldið í heimsókn að Stapafelli til Arinbjargar og Páls. Þau sátu inni í stofu, drukku kaffi og fengu sér meðlæti sem var á borðum og ræddu fyrst um daginn og veginn og komu svo að tilefni heimsóknarinnar. Axel sem hafði orðið sagði: „Við höfum fjölgað hrossum það mikið að við komumst varla yfir dagsverkin, þannig að okkur vantar aðstoðarfólk og þið voruð efst á óskalistanum.“ Síðan bætti Birta við: „En þetta sáum við að sjálfsögðu fyrir í fyrrasumar, þess vegna notuðum við hlöðuna undir flestar vélarnar þar sem við eru hætt að nota hana eftir að heyrúllurnar komu í gagnið, þá tæmdum við að nokkru leyti vélageymsluna. Síðan fengum við fagmanninn Áspór til að breyta 80 fermetrum af vélageymslunni í þriggja herbergja íbúð sem kláraðist nú fyrir stuttu síðan, fyrir utan tvær stórar og góðar geymslur sem fylgja íbúðinni.“

Við erum tilbúin að greiða ykkur góð laun og þar að auki ef þið hafið áhuga að setja upp hrossarækt seinna meir, þá hafið þið leyfi til að hafa allt að tuttugu hross í hagagöngu og á fóðri hjá okkur. Þar að auki er vel pláss fyrir allt að tíu folöld í hesthúsunum sem ykkur er velkomið að nota að kostnaðarlausu og einnig fáíð þið húsaskjól fyrir tíu hesta. Eins og

Þið vitið þá höfum við stækkað hesthúsið um helming svo rýmið er nægilega stórt þó þessi folöld bættust við og nokkrir hestar,“ sagði Axel og Birta jánkaði því samþykkis. „Þetta er vel boðið, en við hjónin getum ekki tekið þessa ákvörðun strax og þurfum tíma til að hugsa okkur um.“ „Að sjálfsögðu þurfið þið ykkar tíma til þess, en verður það í lagi í apríl lok, því ef þið hafið ekki áhuga þá verðum við að hafa tíma til að leita annað,“ sagði Birta. „Já, það er góður tími, en eigum við ekki að taka eina rúbertu áður en þið farið.“ Þau spiluðu til miðnættis.

Á þessum tíma notuðu þau tækifærið þegar tími gafst til að leita að jörð til kaups, en það voru aðeins tvær jarðir sem þau höfðu áhuga á sem voru í boði, en þær voru nokkuð dýrar og það hefði verið heldur fátt um lausa peninga í of mörg ár ef þau hefðu freistast til þess að kaupa aðra hvora jörðina. Eitt kvöldið sátu hjónin á Stapafelli í eldhúsinu og voru að ræða um að það væri kannski ekki svo galið að bíða með að kaupa jörð og taka heldur tilboði hjónanna á Fögrubrekku sem þau höfðu komið með fyrir nokkrum vikum síðan. Þá gætu þau í rólegheitum í frítíma sínum kannað markaðinn og stæðu þá sennilega betur að vígi eftir þennan tíma til að finna þá jörð sem þau hefðu áhuga á og getu til að kaupa. Daginn eftir var sunnudagur og hjónin ákváðu að skreppa að Fögrubrekku og þar var gengið frá samningnum með löglegum hætti og ákveðið að þau flyttu að Fögrubrekku sem einskonar ráðsfólk 1. október.

Hálfum mánuði áður en þessi samningur var gerður af eigendunum á Fögrubrekku við hjónin á Stapafelli, hafði Sigurður Kristleifsson, sem hafði verið tamningarmaður á Fögrubrekku frá því í desember á síðasta ári, klárað sitt starf og farið til heimkynna sinna. En hann var beðinn um að koma aftur í byrjun nóvember og það var ákveðið með það sama, því honum líkaði vel að vinna hjá þeim og hjónunum á Fögrubrekku líkaði einstaklega vel starf hans sem hann sinnti alveg með ágætum.

29. KAFLI

Eins og áður var getið hafði Axel, eiginmaður Birtu mikinn áhuga á golfi og fór eins oft á golfvöllinn og hann hafði tíma til. Tæpu ári síðar í byrjun júlí, eftir að Birta og Kári komu til Íslands frá Saint Paul, fór hann í golfvöllinn þetta sumar eins og venja hans var þegar hann taldi sig hafa tíma frá verkum, þá leyfði hann sér þegar veður gaf að renna á mótorhjóli sínu út á golfvöll, þá lagði hann af stað venjulega á sama tíma, um klukkan fimm á sunnudögum. Birta hafði engan áhuga á þeirri íþrótt svo Axel fór alltaf einn og aldrei öðruvísi á golfvöllinn en á Hondunni sinni með golftöskuna hangandi á bakinu. Þetta vissi Bjarnleifur Guðmundsson, ráðsmaður hjá Gunnari Illugasyni bónda í Hlíðatúni og lét Sigurþór Vilhjálmsson frænda sinn, eiganda Næturgalans vita af, eins og Bjarnleifur gerði með allar þær upplýsingar sem hann náði í með könnun sinn um hjónin á Fögrubrekku og Kára.

Þegar Fannar, foringi Skuggabaldurs fékk þessar upplýsingar mælti hann sér mót við Reyni Atlason og samdi við hann um að taka að sér verkið, þar sem skotfimi hans var eftirtektarverð með misunandi tegundum af rifflum en hann hafði unnið gull og silfur innan skotfélags Reykjavíkur. Hann hafði gengið í félagið fyrir fimmtán árum og hafði safnað að sér einum sex rifflum og fjórum skammbyssum af ýmsum tegundum sem hann geymdi í lokuðum glerskáp. Hann átti þar að auki píluriffil sem honum tókst að smygla inn í landið með aðstoð góðra manna.

Reynir hafði aldrei drepið fólk, þó hann hefði gert margt ólöglegt af sér og alltaf verið einn að verki, taldi það vera öruggasta kostinn, svo var hann frekar einrænn. Þetta fannst Fannari góður kostur, að hafa einn slíkan innan sinna vébanda og einn af kostum hans var að Reynir var ekki innvígður félagsmaður. Þar að auki vann sitt starf af slíkri kunnáttu að lögreglan hefði aldrei getað náð til hans þó hún hafi haft hann einstöku sinnum sterklega undir grun síðustu fimm árin.

Hálfum mánuði síðar fékk hann veiðileyfi í hylnum við Lönguklettafoss í þveránni í Tindadal frá klukkan fjögur til tíu að kveldi á hverjum sunnudegi í tólf skipti. Þarna stóð hann á klettanösinni í sjö sunnudaga þar sem hann gat séð vel austur Tindadal og fylgdist

alltaf með þegar Axel kom ávallt á ólöglegum hraða vestur veginn niður Dimmukletta, hálfboginn á bak við skerminn og naut þess greinilega að vera á mótorhjólinu á þessari geysiferð, því hann vissi að umferðalögreglan sást sjaldan eða aldrei á þessum slóðum, enda var umferðin sérlega lítil á þessum vegi.

Klukkan var tvö fram yfir miðnætti. Kári lá í rúmi sínu og velti sér um síðustu klukkutíma þar sem hann gat ekki sofnað því hann hafði sterka og yfirþyrmandi kvíðatilfinningu og síðan skynjaði hann kolsvartan skugga eða kannski var það óljós mannvera sem sveif yfir klettunum við Fagrafoss þar sem mishæðin í dalnum var. Þar með vissi hann að dagurinn á morgun yrði sorgardag fyrir eitthvert þeirra þriggja. Hann reyndi fram eftir nóttu að komast að hvernig lát eins þeirra bæri að svo hann gæti komið í veg fyrir það. Skynjunin var það ógreinileg að hann náði ekki skilaboðunum greinilegar en þetta, hvernig sem hann reyndi. Það bætti ekki úr, aðeins jók þessa óhuggulegu kvíðatilfinningu. Vegna þessarar óvissu gat Kári með engu móti komið í veg fyrir dauða eind þeirra. Þá kom honum í hug, samt með óvissu, þessa óhugnanlega skynjun sem hann fékk þegar hann var drengur og sagði Birtu eitthvað á þessa leið hálf grátandi: „Það verður mikið um dauðsföll í ættinni okkar, en að lokum munt þú lifa ásamt manni þínum hamingjusömu lífi.“ Þá sagði Kári við sjálfan sig: „Þar sem ég skynjaði að Birta muni lifa ásamt eiginmanni sínum, þá hlýt ég vera feigur.“ Einhverja hluta vegna leið honum heldur betur, kannski vegna þess að hann taldi sig hafa meiri möguleika á að bjargað sér frá þessari hættu sem viðvörin boðaði en annað hvort hjónanna. Nokkru síðar sofnaði hann, sjálfsagt ekki sáttur en hugleiddi samt besta kostinn af þremur vondum. Því honum hefði þótt óbærilegt að missa bróður sinn eða mákonu.

Daginn eftir, seinnipart dags þegar Axel var að setjast á vélhjólíð á leið á golfvöllinn, horfði hann Kára á þegar hann settist á vélhjólíð. Skyndilega fann hann óhugnað sækja á sig aftur, þess vegna rétti hann upp aðra höndina til að stöðva bróðir sinn rétt áður en hann lagði af stað því Kári var ekki allfjarri honum. Hann gekk því til hans sagði við hann þegar hann var að setja vélhjólíð í gang: „Mig langar að biðja þig um að aka varlega í dag og aðgæta vel í kringum þig og ekki síður þegar þú nálgast Löngukletta.“ „Hvers vegna á ég að aka af meiri gætni en venjulega? Hjólíð mitt er í fullkomnu standi svo mér er alveg óhætt þó ég aki yfir hámarkshraða út dalinn ef ég sé enga bifreið framundan, vegurinn er vel gerður og malbikaður og tilvalin til hraðaksturs því það er lítil sem engin

á ferð þessum tíma. Svo mér finnst allt í lagi þó ég sletti úr klaufunum á þessum vegi því annars staðar ek ég á eðlilegum hraða og er mjög gætin í umferðinni.“ Kári gat ekki borið á móti því og hann vissi einnig að Axel naut þess að fara hratt á hjólinu út dalinn en hægði þó alltaf eitthvað úr hraðanum þegar hann nálgast brekkuna, þar sem hún var blindhæð, þó hann sæi löngu áður enga bifreið koma á móti sér nálgast brekkuna. Axel var farinn að trúá á þessi hugboð hans Kára og spurði hann: „Hvers vegna hefur þú þessar miklu áhyggjur í dag yfir keyrslu minni?“ „Seint í gærkvöldi og fram eftir nóttu fékk ég viðvörðun um óhuggulegan fyrirboða um að eitt af okkur muni lenda í óhugnaði á þessum degi, ég vissi ekki þá og veit ekki enn hver okkur það er. Þess vegna verðum við öll að vera sérlega gætin til að koma í veg fyrir slys, þess vegna bið ég þig um að aka gætilega, því það gæti eins verið þú sem værir næstur á listanum.“ „Hvers vegna segir þú á listanum? Hvað meinarðu með því?“ „Ég segi þetta vegna þess að skynjun mín var með þeim hætti að ég tel sennilegt að sömu andstyggilegu öflin vera enn að verki sem myrtu foreldra Birtu og reyndu að fyrirkoma Birtu og mér þegar við vorum í Saint Paul,“ sagði Kári um leið og hann horfði á bróður sinn með áhyggjusvip. „Ég mun aka gætilega.“ Síðan renndi hann úr hlaði í hægagangi þar til hann var komin yfir brúna, þá jók hann ferðina langt yfir löglegan hraða þar sem hann sá ekkert ökutæki eða lifandi veru í fjarlægð. En þegar hann nálgast Klettafoss hægði hann niður í löglegan hraða fyrr en venjulega, þó hann sæi ekkert ökutæki nálgast Klettafoss að aka inn dalinn. En rétt áður en Axel koma að brekkubrúninni sá hann skyndilega mann reisa sig upp við einn klettinn og áttaði sig ekki fyrr en of seint hvað þessi maður vildi.

Þessi dánardagur Axels var sunnudaginn þegar þrjár vikur voru liðnar af júní. Klukkan var rétt rúmlega fimm þegar Reynir taldi að nú væri tímabært að framkvæma verkið, meðal annars þar sem engin umferð var á veginum og Axel kæmi í skotfæri. Hann hafði engar áhyggjur um að grunur mundi falla á hann ef málið færi ekki alveg eins og hann vildi. Þetta hugsaði Reynir þegar hann hafði lagt frá sér veiðistöngina og sótti píluriffilinn með hljóðdeyfi og áföstum kíkiri sem var vafinn í teppi við hliðina á honum. Hann valdi góðan stað við klettinn og lagðist á annað hnéð, höfðuð hans og herðar stóðu upp fyrir klettinn. Hann hafði riffilinn í sigti á veginum. Reynir þurfti ekki að bíða lengi því Axel var vanafastur á tíma eins og annað. Hann sá í riffilkíkinum að Axel kom á mikilli fer á mótörhjólinu vestur Tindadalsveginn og nálgast hann óðfluga. Reynir beið stutta stund

Þar til Axel kom niður miðja brekkunna, þá hleypti hann af píluskoti og hitti framdekkið sem sprakk með það sama. Axel missti stjórn á mótörhjólinu og lauk ferð sinni í loftköstum inn í grjóturðinni sem var til hliðar við veginn, þar lá Axel dáinn í blóði sínu og hjálmurinn brotinn þegar Reynir gekk að líkinu og kannaði hvort hann væri dáinn og tók síðan píluna úr dekkinu. Faldi síðan riffillinn í jeppanum sínum og hringdi í 112. Lögreglan kom töluvert síðar ásamt sjúkrabifreið þar sem Reynir beið eftir þeim. Lögreglan tók skýrslu af honum á staðnum þar sem hann kvaðst hafa hrokkið skyndilega og ónotanlega við frá veiði sinn við svaka hvell og þegar hann leit við þá sá hann að mótörhjólamaðurinn sveif í loftinu af hjólinu í grjóturðina. Þegar hann hafði komið að honum þá lá maðurinn dáinn í blóði sínu og hann hringdi strax í 112. Reynir gerði sér upp taugaveiklun til að vera meira sannfærandi. Síðar þegar rannsókninni lauk var þetta útkljáð sem dauðaslys.

ÞRIÐJI HLUTI

Hulunni svipt

30. KAFLI

Richard hefur haft nóg að sýsla síðastliðið haust og fram yfir áramót, bæði vegna sendiferða á vegum FBI og einnig hafði hrúgast upp bunki af rannsóknarefnum á skrifborði hans í háskólanum þegar hann kom heim eftir þessar ferðir. Hann hefur því haft lítinn frítíma fyrir sjálfan sig. Þegar það fór að rofa til hjá honum var hann sendur til Mexíkó um miðjan janúar.

En Richard hafði samt sem áður haft tækifæri til að laumast að nóttu til að setja GPS-tæki undir frambrettið á bifreið sem Georg Staples, bifreiðastjóri Russel Cambell notaði yfirleitt þegar hann þurfti á honum og bifreiðinni að halda og einnig undir brettið á bifreið Toni Brandson, öldungadeildarþingsmanns og hafði tök á að fylgst með þeim í tölvunni og stundum elst annan hvorn í fjarlægð í tæpan hálfan mánuð en ekkert bitstætt fengið út úr því enn, en þá kom útkallið til Mexíkó. Verkefni Richards var að komast að því hver af þessum þremur mexíkósku njósnurum sem voru á vegum CIA væri svikarar. Hasan Sekure, yfirmaður leyniþjónustunnar vildi í þetta sinnið senda einhvern utan CIA sem þeir gætu treyst til þessa verkefnis. Þá mundi hann eftir Huldumönnunum sem FBI hafði stofnað fyrir þremur árum síðan og hann hafði samband við Robert Canfield, forstjóra FBI. Þannig atvikaðist það að Richard Shaw var sendur í þetta verkefni.

Þegar hann hafði sinnt starfi sínu þar í tvo mánuði, það var um miðjan janúar, komst upp um hann og reynt var að ganga frá honum sem varð til þess að hann hafði legið meðvitundarlaus í rúman mánuð. Ástæðan var að Don Supremon grunaði hann um að vera njósnari fyrir CIA. Verkefni Richard í þetta sinnið var að hann átti að finna þennan svikara sem yfirmaður CIA trúði sennilegast að væri innan þeirra raða í Mexíkó sem njósnuðu fyrir þá. Þar sem það var með ólíkindum hversu margir af þeim, sem komu nálægt mafíunni sem Don Supremon stjórnaði, höfðu verið myrtir.

Richard var sendur þangað til að hafa uppi á þessum ákveðna manni frá Mexíkó sem vann fyrir CIA. Þessi dularfulli maður, hver sem hann var, lék tveimur skjöldum og vann í raun fyrir eiturfjagreifann, það var það næsta sem CIA-menn höfðu komist að. Því allir þeir njósnarar sem þeir sendu þarna yfir til Mexíkó voru sviknir og síðan drepnir skömmu síðar af einhverjum úr eiturfjjasamtökunum. Þessi samtök hafa í raun öll ráð á

Þessu stóra svæði við landamæri í Mexíkó eftir harða bardaga við landamæraverðina sem þar voru. Þeir sem ekki féllu af lögregluliðinu og hernum komust undan og enginn vildi ráða sig eftir þetta nema ein hugrökk og hörkudugleg lögreglukona sem var eftir og reyndi að gerir það sem hún gat til að halda lögum og reglu á þessum slóðum, þó það sé varla meira en á yfirborðinu.

Richard var sendur þangað undir dulnefninu Harry Donvald og útliti hans breitt eins og mögulegt var af sérfræðingi á vegum FBI. Hann komst fljótlega í kynni við þessa þrjá erindreka sem unnu fyrir CIA. Hann lék hlutverk sitt eins og honum var lagið.

Erindrekarirnir þrír vissu ekki betur en hann væri sölumaður fyrir kjötvinnslufyrirtækið Kjöt. Hann átti meðal annars að ná sambandi við Don Diego Supremeon eiturlyfjabaróninn, í fyrstu með þeim hætti að fyrirtæki hans hefði áhuga á að kaupa nokkur hundruð tonn af holdakjöti frá búgarði hans. Og síðar ef hann næði trausti hans yrði aðalverkefni hans að semja um nokkur tonn af heróíni fyrir þetta fyrirtæki sem ætlaði sér að hasla sér völl á Bandaríkjamarkaðnum með kjötvinnsluna sem yfirvarp. Richard hafði safnað að sér öllum upplýsingum um kjötvinnsluna sem hann gat fengið og um nautgriparækt yfirleitt. Þegar Richard var komin til Mexíkó var hans fyrsta verkefni að leita að þremur traustum hugrökkum ævintýramönnum sem elskuðu Mexíkó og vildu losna við eiturlyfjabarónana. Það tók hann nokkurn tíma að finn þá Chris Bale, Bill Amber Bale, sem er yngri bróðir Chris og Henry Rodriguez, þeir hötuðu þessa eiturlyfjabaróna eins og pestina. Þarna sýndi Richard sem oftast hversu mannglögur, sannfærandi og rökfastur maður hann gat verið þegar hann hafði upp á þessum mönnum sér til aðstoðar. Aðalstarf þeirra var að fylgjast með þessum þremur mexíkósku njósnurum og fá honum allar þær upplýsingar sem þeir næðu um þá. En ekki koma nálægt höfuðstöðvum mafíósana. Richard hafði skipað Chris Bale, sem var hans traustasti maður, sem næstráðanda af þessum þremur aðstoðarmönnum sínum fljótlega eftir að hann kom til Mexíkó.

Það var ekki fyrr en eftir tveggja mánaða starf sem Richard hafði upp á hver mexíkóski svikarinn væri sem starfaði fyrir mafíuna, það var Amos Linn, einn af þessum þremur Mexíkóum sem njósnuðu fyrir CIA. En þeir höfðu fengið skipun um það frá fyrstu hendi að láta lítið fara fyrir sér og hafa vakandi augu fyrir því hvað mafían hefði fyrir stafni

þarna í borginni. En ekki hafa nein bein samneyti við mafíuna sem þeir áttu að fylgjast með, það yrði verkefni njósnara innan CIA sem yrði sendur til Mexíkó þegar framangreint mál væri leyst.

Það var engin tilviljun að Richard komst að því hver svikarinn var þegar hann fór í síðustu ferð sína til að ganga frá samningnum á kaupum á þessum tonnum yfir árið af heróíni. Hann hafði mætt hálf tíma fyrr á fundin sem hann og Don Supremeon höfðu gert ráð fyrir. Það vildi svo vel til að vinir hans Mexíkóarnir höfðu fengið óljósan grun um að Amos Linn mundi vera á fundi með herragarðseigandanum klukkutíma fyrr. Ef það var rétt þá braut hann þá reglu sem mexíkósku njósnararnir sem unnu fyrir CIA höfðu fengið skipun um, að hafa aldrei bein samönd við mafíuna í heimahögum þar sem talið var að þeir hefðu ekki þjálfun til þess. Ef svo ólíklega vildi til að þeir ættu að mæta þar að boði Don Supremeon þá yrði viðkomandi að hafa áður tafarlaust samband við fulltrúa CIA og hann tæki þá ákvörðun fyrir þá hvort þeir þæðu boðið eða ekki. Þetta hafði Richard kannað og fengið þau boð að Amos Linn hefði aldrei haft samband við CIA um þetta efni.

Þegar Richard er að renna í hlað að skrifstofu Don Supremeon sér hann að Amos Linn er svikarinn þar sem hann kemur brosandí út af skrifstofu mafíuforingjans og gengur að bifreið sinni. Richard fer sér hægt þegar hann stígur út úr bifreið sinni og lokar dyrum bifreiðarinnar hægt á eftir sér og snýr um leið baki í Linn þegar hann gengur fram hjá honum. Hann lætur sem hann sjái ekki Linn og leyfir honum að renna úr hlaði áður en hann hreyfir sig frá bifreiðinni.

Tæpum tveimur klukkutímum síðar er fundinum lokið. Hann gekk að óskum að öllu öðru leyti en því að Rudesky fyrrum fangafélagi hans sem hataði Richard meir en pestina var einnig á þessum fundi. Hann hafði sloppið mikið fyrr úr fangelsinu en dómur hafði kveðið á um, einhverra hluta vegna. En Rudesky hafði aldrei áður verið á slíkum fundum þegar Richard var að funda með Don Supremeon í þau fáu skipti sem hann hafði mætt á hjá honum. En Richard hafði oft séð hann á lengdar þegar hann mætti þarna á fundi. En þetta lagðist mjög illa í hann, sérlega vegna þess að Rudesky hafði ávallt fylgst með hverri hreyfingu og orðum hans þegar Richard var í sjónmáli hans. Hann var nánast viss um að Rudesky væri að reyna að rifja upp hvort og hvar hann hafði séð hann áður. Þess

vegna taldi hann nánast augljóst að Rudesky var þarna á fundinum til að fullvissa sig um eða afsanna að hann hafi séð Richard áður. En hann lét það ekki uppi á meðan Richard var á fundinum.

Allan tíman sem fundurinn stóð yfir því vissari var hann að hans tími var út runninn í þeirra huga. En hann taldi nánast víst að Don Supremeon mundi ekki láta ganga frá honum nálægt landareigninni eins og venjan hefur verið þegar hann gaf skipun um að myrða CIA-njósnarana. Richard áætlaði að einfaldasta leiðin fyrir þá væri að setja fjarstyrða sprengju undir bifreið hans og þrýsta síðan á hnappinn í einhverri fjarlægð frá nautgripabúinu. Í lok fundarins leit þetta allt mjög vel út á yfirborðinu, samningarnir gengu að óskum og það var skrifað undir þá. Síðan kvöddu þeir hann með virktum um leið og þeir óskuðu hverjir öðrum sérlega miklum og ábátasömum viðskiptatengslum í framtíðinni. Með það í farteskinu kvöddust þeir.

Richard settist inn í bifreið sína og ók af stað eins og grunlaus maður. Þegar hann hafði ekið nokkra stund og ók fram hjá gatnamótunum sem lágu að búðum mafíunnar upp í fjöllum, í um það bil í 50 km fjarlægð. Litlu síðar ók hann í hvarf um leið og hann rann niður í dalverpið nokkrum kílómetrum frá landareigninni og lagði bifreiðinni út í vegarkanti. Það fór eins og hann reiknaði með að Don Supremeon vildi ekki drepa hann nálægt búgarðinum ef hann gæti komist hjá því og taldi víst að ef hann hefði stöðvað bifreiðina áður en hann kom að gatnamótunum hefðu þeir strax kveikt á sprengjunni og elt hann uppi ef hann slippi frá henni þar til að þeir næðu honum og dræpu.

Hann stökk í flýti út úr bifreiðinni og komst örfá skref frá henni. Það síðasta sem hann heyrði var æðislegur hvellur, sársauki í baki og hann fann fyrir miklum þrýstingi þegar hann kastaðist nokkra metra frá bifreiðinni þegar hún tættist í sundur. Þeir vildu vera vissir um að hann dræpist þó Richard grunaði eitthvað athugavert við bifreiðina og næði rétt áður að fara út úr bifreiðinni áður en hann springi í loft upp. Þess vegna hafði Don Supremeon fyrirskipað viðkomandi aðila að hafa sprengjuna óvenju kraftmikla.

Fyrir rúmum hálfum mánuði, síðan þegar hann sá Rudesky fyrst á búgarði Supremeon sem kúreka hans þá vöknuðu strax grunsemdir hjá Richard um að hann yrði kannski staðinn að verki þar sem Rudesky var fyrrum samfangi hans og hann vissi hversu mannglöggar Rudesky var. Þess vegna vildi hann hafa varan á þar sem honum var ekki ljóst enn þá

hver væri svikarinn af þessum þremur mexíkósku njósnurum CIA. Þess vegna hafði Richard fyrir hálfum mánuði síðan talað einslega við Bale og sagði við hann: „Ef það dæmi kemur upp einhverra hluta vegna að ég verð ósjálfbjarga eða dauður á meðan við eru að vinna að þessum máli hér í Mexíkó þá verður þú að hringja í ákveðið símanúmer,“ sem Richard gaf honum og hélt áfram: „og spyrja eftir manni sem heitir Arne Simonsen (sem er David Webb) og segja Arne frá því sem gerðist.“

Strax eftir að búið var að flytja Richard meðvitundarlausan á næsta sjúkrahús hringdi Arne í þetta ákveðna númer og nefndi dulnefni Richards. Þetta var ekki sama símanúmerið og David Webb gaf Richard forðum daga. Það var annað símanúmer sem Webb gaf honum nokkru síðar ef eitthvað óvænt kæmi upp á hjá Richard þannig að hann gæti ekki talað í símann sjálfur. Þá átti hann að sjá til þess að einhver aðstoðarmanna hans sem hann treysti fyllilega hringdi í hans stað. En David Webb hafði alltaf fengið nöfn þessara aðstoðarmanna og heimilisföng í þau fáu skipti sem Richard notaði einhvern sér til aðstoðar. En síðan mundi David, ef eitthvað slíkt kæmi upp, ávallt kanna þessa menn til hlítar eins og FBI hafði möguleika til. Richard hafði það fyrir reglu að geyma ávallt gemsan sem David afhenti honum til sérstakra nota í pósthólfi hótelsins sem hann gisti á í hvert sinni sem hann var ekki inn á hótelinu.

Chris hringdi strax og hann náði í síma. Þegar viðkomandi svaraði sagði hann til nafns og spurði eftir Arne Simonsen og sagði honum síðan hvernig landið lægi. Þegar hann hafði lokið máli sínu þá spurði Webb Chris margra spurninga til að fullvissa sig um hvort allt væri með felldu. Síðan var Richard sóttur í hasti og fluttur á sjúkrahúsið í Phoenix í Arisóna. En lækarnir í Mexíkó sem höfðu tekið á móti honum sögðu bandarísku læknumum sem höfðu komið með í þyrlunni að það væri ekki óhætt því sjúklingurinn gæti orðið fyrir varanlegu tjóni við flutninganna.

Fjórir sérþjónustumenn ásamt lækni og hjúkrunarfræðingi voru sendir með þyrlunni. Þeir höfðu fengið skipun um að það yrði að flytja þann slasaða strax til Bandaríkjanna því hann yrði annars drepinn af mafíunni þarna staðsettur í Mexíkó. Það yrði engin leið fyrir þá að vernda hann á þessu sjúkrahúsi. Bandarísku lækarnir tóku ekki til greina þær mótbáruur sem viðkomandi læknar báru fram fyrir hönd sjúklingsins um að það gæti valdið dauða hans eða jafnvel varanlegum heilaskaða að flytja hann í þessu ásigkomulagi

til Bandaríkjanna. Leyniþjónustumennirnir gáfu þeim enga viðhlítandi skýringu á þessum flutningi aðra en þá að hann fengi betri aðhlyningu í heimalandi hans. Richard var fluttur út af þessu sjúkrahúsi inn í sjúkrabifreið og ekið að þyrlunni. Þyrlan tók á loft og henni var flogið fyrst í suðaustur yfir landamærin til Arisóna í og síðan í beina stefnu til borgarinnar Richmond í Virginíu. Þyrlunni var síðan lent skammt frá sjúkrahúsinu. Þegar þangað var komið var Richard strax lagður inn á gjörgæsludeild og þaðan inn á sér deild í eins manns herbergi. Þar var hlúð vel að honum og David Webb fékk þær upplýsingar að ekkert væri hægt að gera meira en þegar hafði verið gert, annað en að bíða og sjá til hvers konar aðhlyningu hann þyrfti þá.

Sex menn voru settir á vakt og höfðu vaktaskipti þrisvar á sólarhring, þrjú menn í hvert sinn. Einn sérþjónustumaðurinn sat alltaf utan við dyrnar hjá sjúklingnum, annar var óeinkennisklæddur og sat eða vafraði um ganginn þar sem þeir sáu alltaf hvor til annars. Þriðji sérþjónustumaðurinn var á vakt í sama herbergi og sjúklingurinn en innst í herberginu.

Eftir þriggja vikna legu var Richard enn í dái og öðru hvoru var hann að kalla á Sandi. Robert Canfield forstjóri FBI var orðin nokkuð langþreyttur eftir Richard vaknaði úr dáinu þar sem hann gat ekki sent njósnara frá CIA til Mexíkó þar sem hann vissi ekki hver væri svikarinn. En hann vonaði að Richard byggi yfir því leyndarmáli. Þess vegna ákvað hann að senda eftir Sandi Cambell og fara með hana á sjúkrahúsið og vita hvort það flýtti ekki eitthvað fyrir því að Richard vaknaði úr dáinu þar sem hann hafði oftlega heyrt að þeir sem liggja í dái skynjuðu stundum ástvini sína þegar viðkomandi talaði við þá og þá gæti vel verið að það hefði þau áhrif að Richard vaknaði fyrr úr dáinu en annars. Hann vildi alla vega láta á það reyna. Það var haft samband við kærustu hans, Sandi Cambell.

Sandi var mikið brugðið þegar hún var sótt heim eitt kvöldið af tveimur sérþjónustumönnum sem komu óeinkennisklæddir og bönkuðu upp á hjá henni. Þeir sýndu henni skírteinin sín og báðu hana vinsamlega að koma með sér en hún var hálf treg að fara með þeim og spurði: „Hver er ástæðan fyrir því að þið eruð að handtaka mig“? „Við fengum skipun um að flytja þig með vinsemd til yfirheyrslu, meira vitum við ekki, vonandi kemurðu með okkur án erfiðleika.“ Hún gekk út að bifreiðinni sem beið þeirra

fyrir utan án þess að segja orð. Hún settist í aftursætið, meira hissa en kvíðinn. Það var ekið með hana að Edgar Hoover byggingunni sem stendur við Pennsylvania Avenue Washington DC og síðan farið með hana inn á biðstofu hjá Robert Canfield, forstjóra FBI. Sandi skyldi ekki hvað var að gerast, hún fékk engin svör svo henni stóð ekki á sama og spurði því tortryggin: „Hvers vegna er ég flutt hingað, inn á skrifstofu forstjóra FBI?“ Annar sérþjónustumaðurinn sem sat við hlið hennar svaraði henni: „Við vitum hvorugir ástæðuna, en vitum þó það að þú getur alveg verið róleg, það er ekkert sem þú þarft að hræðast.“ Hún róaðist lítið við það.

Skömmu seinna var henni vísað inn til Robert Canfield af Goru Darby ritara hans. Þegar hún gekk inn á skrifstofu Canfield, hálf hrædd því ekki vissi hún hvers vegna hún var þarna stödd, sá hún tvo menn sitjandi hvor á sínum armstólnum við endann á stóru eikarsófaborði, þeir stóðu báðir upp. Þá létti henni strax til muna þegar hún sá það því það gæti ekki verið að hún væri ákærð fyrir eitthvað sem hún vissi ekki um fyrst þeir væru svona kurteisir við komu hennar. Robert Canfield bauð henni sæti og rétti henni hönd sína, en hún hunsaði hana. Canfield kynnti sig eftir sem áður brosandí og kynnti síðan David Webb sem sérþjónustumann. Síðan bauð Robert Sandi sæti í sófanum sem var við gluggann fyrir aftan sófaborðið. Þegar Sandi hafði sest spurði hún snöggt: „Hvers vegna er ég hér?“ Robert var fyrir svörum og sagði: „Ég lét sækja þig vegna Richard Shaw, er hann ekki kærasti þinn?“ „Jú, en ég trúi því ekki að hann hafi gerst brotlegur um eitthvað og mér finnst eitthvað bogið við þetta allt saman. Þið takið mig nánast fasta og þessi asnar sem sóttu mig leyfðu mér ekki einu sinni að hringja í móður mína.“ „Richard hefur ekkert brotið af sér og þú ert ekki hér þess vegna.“ Þá varð hún hrædd og spurði: „Hvað hefur komið fyrir hann? Er hann mikið slasaður og hvernig vildi það til?“ Þá rétti Robert henni blað sem lá á borðinu og sagði: „Lestu þetta sem stendur þarna á blaðinu vel og vandlega og skrifaðu síðan undir, því þú færð ekkert að vita um þetta mál fyrr en þú hefur skrifað undir þennan leyndarsamning sem var á þessa leið:

Ég undirrituð Sandi Cambell til heimilis að 51. stræti, nr. 306 í Washington DC er stödd á skrifstofu Roberts Canfield, forstjóra FBI í Washington DC þann 16. nóvember 2011 kl. 16:30 ásamt Robert Canfield og David Webb sérþjónustumanni. Ég undirrituð

geng í þjónustu FBI tímabundið næstu einn til tvo mánuði. Í síðasta lagi eftir þessa tvo mánuði hef ég fulla heimild til að segja þessu framangreindu starfi lausu eða framlengja það ef mér býðst það og óska eftir. Ég tek aðeins þetta eina verkefni að mér, sem er að vera til halds og traust við unnusta minn, Richard Shaw sem liggur sjúkur undir dulnefni á ákveðnu sjúkrahúsi í Arisóna. Ég sver það við heiður minn og biblíuna að segja aldrei á meðan ég lifi eða gefa nokkrum manni til kynna með einhverjum hætti frá þeim upplýsingum sem ég fæ að heyra frá hendi Robert Canfield forstjóra FBI og David Webb sérþjónustumanni, á meðan ég er starfsmaður FBI eða hef lokið starfi. Málið snýst um Richard Shaw. Þessir framangreindu menn munu segja mér í stórum dráttum um starfshætti Richard Shaw til heimilis að 206. stræti í Washington DC. Um leið og ég hef skrifað undir þennan leyndarsamning verð ég starfsmaður FBI. Ef ég stend ekki við þennan eyð þá varðar það allt að átta ára fangelsi. Þar sem þessar upplýsingar sem mér verða gefnar hér og nú varða þjóðarhagsmuni.

Sandi starði forviða á blaðið í nokkra stund eftir að hún hafði lesið það. Henni fannst þetta allt svo undarlegt að hana hlaut að vera að dreyma. Það undarlegasta af öllu var að Richard, sem hún hafði alltaf treyst, hafði leikið tveimur skjöldum, þar sem hana grunaði strax eftir að hafi lesið þetta plagg að hann væri á einhvern hátt starfsmaður FBI. Hún varð fyrir verulegum vonbrigðum því hún hafði alltaf treyst Richard. Hann hafði sagt henni ósatt og það særði hana, því hann hafði alltaf sagt henni að þessi ferðalög hans til annarra landa væri vegna uppgreftra á fornlögum á vegum háskólans. Hún reiddist honum augnablik, en sú reiði rann af henni þar sem hún var nánast viss um að eitthvað mjög alvarlegt hefði komið fyrir Richard, fyrst að þeir náðu í hana og vildu láta hana skrifa undir þetta undarlega plagg. Hún varð skyndilega verulega hrædd um hann. Og hún fékk það einnig sterkt á tilfinninguna samkvæmt þessu bréfi, að Richard hljóti einhverra hluta vegna að hafa blandast inn í einhvers konar samsæri sem þessir FBI-menn höfðu leitt hann í. Það væri þá ekki í fyrsta sinnið sem FBI leiddi menn út í slíkt með eða án vitund viðkomandi aðila. Hún fékk skyndilega bólur um allan skrokkinn, bæði af hræðslu um að eitthvað verulega illt hefði komið fyrir Richard og heiftarlega reiði út í allt og alla sem tilheyrðu FBI. En hún gat stillt sig þar sem hún vissi að það væri þýðingarlaust að skella þessu framan í þá því það mundi gera illt verra.

Hún var náhvít í andliti þegar hún leit upp frá blaðinu. Um leið og hún lagði blaðið frá sér vissi hún fyrir víst að eitthvað verulega slæmt hefði komið fyrir Richard og sagði: „Þið getið alla vega sagt mér í hvaða hættu þið hafið leitt Richard út í og hversu mikið hann er slasaður?“ „Því miður vina, við segjum þér ekkert fyrir en þú hefur skrifað nafnið þitt undir þetta bréf.“ „Finnst ykkur það virkilega ósanngjarnt af mér að þið segið mér alla vega hvað hefur komið fyrir Richard, því það er greinilegt að eitthvað mikið og óæskilegt hefur komi fyrir hann. Og því til viðbótar vil ég segja ykkur að ég tel nánast víst að þið hafið beitt einhverjum bolabrögðum og neytt hann til að vinna fyrir ykkur,“ sagði hún eins rólega og hún framast gat. Hún reyndi enn og aftur að dylja tilfinningum sínum fyrir þeim þó heftin hvini í henni. En því miður vissi Sandi að hún kæmist ekki hjá því að skrifa undir þetta andstyggilega plagg ef hún ætti að fá leyfi til að hitta Richard. Þess vegna skrifaði hún þegjandi og hljóðalaust undir þennan leyndarsamning.

Eftir að hún hafði gengist undir samninginn sögðu þeir henni aðeins það allra nauðsynlegasta um starf Richard á þeirra vegum eins og þeir töldu þurfa. Hún lét sér það nægja í bili því það eina sem komst að hjá henni var að komast sem fyrst á sjúkrahúsið þar sem Richard lá.

Strax eftir að hún hafði skrifað undir samninginn sagði Robert Canfield við Sandi: „Frá og með þessari undirskrift starfar þú á okkar vegum að þessu ákveðna verkefni. Þú átti pantað flug til Phoenix í Arisóna klukkan tíu í fyrramálið, það er búið að ganga frá tveimur samliggjandi herbergjum á Hótel Hilton. Annað herbergið er undir þínu nafni en herbergið við hliðina er undir nafninu Aledis Ramon, það verður dulnefni þitt. Þú verður að ganga undir þessum báðum nöfnum á meðan þú starfar undir minni stjórn. Millihurðin á þessum herbergjum er með læstri rennihurð. Þessi tvö herbergi eru með sitt hvort númerið, 867 og 868. Hótelstjórinn geymir lykilinn að millihurðinni ef viðkomandi gestur vill aðeins eitt herbergi og önnur herbergi á hótelinu eru uppsetin. En sá viðkomandi gestur sem er skráður fyrir bæði herbergjunum fær afhendan lykilinn einnig að millihurðinni.

Undir nafninu Aledis Ramon verður þú ávallt með sömu breyttu ásjónina þegar þú heimsækir Richard á sjúkrahúsið í Phoenix og lætur einnig sjá þig öðru hvoru þannig útlítandi í borginni. En þegar þú kemur fyrst inn á hótelið þá spyrðu eftir hótelstjóranum,

Triton Kaplan, hann mun skrifa þig inn á herbergi 867 en það er búið að skrá Ramon inn á herbergi nr. 868, það var gert í morgun. Ein stúlkan frá okkur hringdi í morgun og kynnti sig sem frú Aldis Ramon, en hún mun hringja seinna í dag á hótelið og tilkynna hóteltjóranum að henni muni seinka og ekki koma fyrr en daginn eftir og að hún hafi þegar sent töskurnar á undan sér. Hóteltjórinn mun afhenda þér báða lyklana að sitt hvoru herberginu, en lykilinn að millihurðinni verður þér einnig afhentur. Þú verður að hafa millihurðina alltaf læsta, þá skiptir ekki máli í hvoru herberginu þú gistir en þú mátt að sjálfsögðu ekki láta sjá þig í röngu herbergi undir röngu nafni. Undir þínu nafni verðurðu í herbergi 867, í herbergi 868 liggur pakki á sófaborðinu sem er stílaður á Aldis Ramon, í honum er hákolla sem passar á höfuð þitt og einnig snyrtivörur af því tagi sem þú hefur trúlega aldrei notað. Í herbergi Ramon eru tvær ferðatöskur fullar af þeirri tegund fata sem þú hefur trúlega aldrei notað, en mun klæða þig eftir sem áður. Þegar vélin er lent og þú gengur út af flugstöðinni í Phoenix bíður leigubílstjóri eftir þér með skilti með þínu nafni og hann mun aka þér beint á hótelið. Leigubílstjórinn heitir Sam Lowell, þú hringir alltaf í hann þegar þú þarft á leigubíl að halda þegar þú gengur undir þínu rétta nafni. Lowell mun afhenda þér nafnskírteini sitt þegar þú sest inn í bifreiðina og annað skírteini með nafni Tylos Emmanuel. Þú hringir alltaf í hann þegar þú gengur undir nafni Aldis Ramon.

„Heyrðu mig, þetta finnst mér allundarlegt, þið eruð þegar búnir að ganga fullkomlega frá þessu máli án þess að vita hvort ég muni skrifa undir þennan bölvada bréfsnepil.“

„Heyrðu vina, það var ekki nokkur vafi fyrir okkur að sjá að þú mundir vaða eld og brennisteina til að bjarga elskhuga þínum, ekki síður en hann mun gera fyrir þig. Það er svo augljóst hve ástfangin þið eruð. Þar að auki höfum við fyrir löngu síðan kynnt okkur allan feril þinn, frá barnsaldri til dagsins í dag. Og sáum fljótt að þú ert sérlega vel gefin og klár í kollinum og lætur engan troða á þér. Þú ert einstaklega fljót að svara fyrir þig með hnitmiðuðum og beinskeittum setningum sem hitta vel í mark þegar þess þarf með. Skólaganga þín var framúrskarandi og einkunnir sérlega góðar þar sem þú áttir létt með að læra. Háskólaganga þín var ekki síðri, þú laukst námi sem rafeindafræðingur með ágætum og vinnur núna sem tölvusérfræðingur hjá litlu fyrirtæki sem nefnist Lausnin. Þú ert fjandanum hugrakkari ef nauðsyn krefst. Það sem gerir okkur ekki síst ánægða með þig er að þú lætur föður þinn ekki vaða yfir þig né nokkurn annan. Og miðað við okkar

rannsóknir um þinn feril gegnum tíðina þá komumst við að þeirri niðurstöðu að ef þú yrðir að velja á milli föður þíns og Richards þá teljum við að þú mundir verja Richard með kjafti og klóm fyrir föður þínum sem öðrum. Við vitum nánast allt um þína hagi frá barnsaldri, en við látum hér með staðar numið.“ Hún reiddist snögglega og roðnaði í framan yfir þessu inngrípi þeirra um hagi hennar og sagði snögg: „Fær maður ekki einu sinni að hafa einkalíf sitt í friði fyrir ykkur? Þurfið þið að vaða í hvers manns kopp að viðkomandi óspurðum?“

Strax eftir heimkomuna fyllti hún tvær stórar ferðatöskur af þeim farangri sem hún taldi sig þurfa. Hringdi síðan í móður sína og sagði henni eftir að hafa spjallað við hana eins og þær gerðu venjulega nánast daglega: „Það er búið að vera einhver óróleiki í mér í nokkra daga svo ég ákvað skyndilega fara að heimsækja gamla vinkonu mína, hana Anni Simonsen. Þau hjónin búa í Phoenix og ég hef ekki séð þau í nokkur ár. Ég hringdi í hana í gær, hún vildi óð og uppvæg að ég komi og gisti hjá þeim hjónum.“ „Það líst mér vel á því ég man það vel hvað þið áttuð oft ánægjulegar stundir saman í gamladaga. Hvenær leggurðu af stað og hvenær heldurðu að þú komir heim?“ „Ég pantaði farmiða í gær og á að mæta snemma í fyrramálið á flugvöllinn og Anni bíður eftir mér á flugvellingnum í Phoenix. Ég get ekkert sagt um það núna mamma mín, hvenær ég kem heim aftur. Ég er þegar búin að biðja um tveggja mánaða vetrafri hjá vinnuveitanda mínum, en hann ætlaði að vera tregur til, þá benti ég honum á að ég ætti inn hjá honum tveggja mánaða sumarfrí, þá féllst hann á að gefa mér þetta vetrafri. Þess vegna hef ég pantað fimm stjörnu hótélherbergi í Phoenix til þess að vera frjáls eins og fuglinn fljúgandi.“

Þegar hún var búinn að leggja símtólið á þá leið henni ekki vel, þar sem hún hafði aldrei skrökvað svona að móður sinni. Því málið var, að það sem hún hafði einnig sagt móður sinni var heldur ekki sannleikanum samkvæmt, að hún hafi átt inni sumarfrí hjá vinnuveitanda sínum. Það var forstjóri FBI sem sá til þess að hún fengi þetta frí og þeir sáu einnig um að panta flugfar fyrir hana daginn eftir. Sandi hafði viljað fara strax suður eftir og fór fram á að þeir færu með hana í þylu strax þetta sama kvöld. En Robert Canfield, sagði þá við hana: „Það er ekkert sjálfsgöðra en að gera það, en það er einn stór hængur á, hann er sá að þá er hægur vandinn fyrir þorparana að komast að hinu sanna. Þess vegna ferð þú með flugi í fyrramálið, en þú verður að gista í einhverja daga hjá vinkonu þinn öðru hvoru svo allt líti sem eðlilegast út.“

Klukkan var langt gengin í fjögur daginn eftir þegar hún gekk inn á hótelið og að afgreiðsluborðinu, þar var til þjónustu ung stúlka sem var til svara þegar Sandi sagði til nafns og nefndi herbergisnúmerið 867 sem hún ætti pantað. Þá svaraði hún: „Já, það er rétt, en viltu hinkra augnablik?“ Síðan tók hún upp símtólið, eftir litla stund var svarað og stúlkan sagði: „Sandi Cambell er komin.“ Eftir augnablik svaraði hún aftur: „Já ég skal skila þessu til hennar.“ Síðan lagði hún tólið á og sagði við Sandi: „Hótelstjórinn, Triton Kaplan afgreiðir alltaf þessi ákveðnu herbergi, hann kemur eftir örfáar mínútur.“ Nokkrum mínútum síðar kom Kaplan frá skrifstofu sinni og bað hana um að sýna sér nafnskírteinið, sitt sem hún gerði. Þá rétti hann henni tvo lykla að herbergi nr. 867. Hún þakkaði fyrir sig, gekk að lyftunni ásamt þjóninum sem hélt á farangri hennar. Þau þurfti að bíða stutta stund eftir lyftunni áður en hún kom og stöðvaðist á neðstu hæðinni. Þau stigu bæði inn í lyftuna og hún stöðvaðist þegar hún kom á áttundu hæð. Þau fóru bæði út úr lyftunni og inn ganginn að herbergi nr. 867. Þjóninn bað Sandi um lykilinn og opnaði hurðina, rétti henni lykilinn og bar töskurnar á eftir henni inn í herbergið sem var þægilegt og rúmgott. Hann lagði þær ofan á rúmið og beið eftir þjórfe sem Sandi síðan gaf honum og með það fór hann ánægður frá henni. Hún byrjaði á því að taka upp úr töskunum, þegar því var lokið gekk hún að millihurðinni og aflæsti og gekk inn fyrir í herbergið, það var í svipuðum stíl og fyrra herbergið. Hún sá að tvær töskur lágu á rúminu hún opnaði þær. Sandi var undrandi yfir hvað fötin voru að hennar mati ósmekklega valinn og hún sá að þau mundu eftir sem áður fara henni nokkuð vel og var ekki hrifinn, fötin voru í allt örum stíl en hún gekk venjulega í. Hún hengdi þau öll inn í klæðaskápinn og nærfötin setti hún í hillurnar, sem hún var verulega ánægð með. Í botninum á einni töskunni voru snyrtivörunar, þær voru gjörólíkar þeim vörum sem hún notaði venjulega. Þarna var einnig kastaníubrún, síð hárkolla. Þegar hún opnaði snyrtivöruveskið sá hún einnig brúna augnlinsu sem lá þarna með í plasti, sem átti við hárkolluna.

Sandi var mjög óþreyjufull og vildi sem fyrst hitta Richard og sjá hvernig honum liði. Hún fór inn í fyrra herbergið aftur og hengdi á hurðina að utanverðu að hún vildi fá næði, hringdi síðan í móttökuna og bað um að ekki yrði hringt til hennar þar til hún léti vita. Síðan berhátaði hún sig og fór síðan inn í seinna herbergið og læsti millihurðinni á eftir sér. Fór þar í sturtu og klæddi sig síðan í undirfötin og málaði sig með allt öðrum hætti en

hún var vön, setti á sig linsurnar og fór í ljósrauða blússu og klæddi sig síðan í fötin, sem fóru henni ágætlega en voru löngu komin úr tísku, svart stutt pils og jakki aðþrengdur í mittið og pinnaháir skór sem hún hafði ekki notað í mörg ár. Síðan gekk hún aftur að rúminu og tók að síðustu upp úr töskunni og setti á sig hárkolluna sem náði niður fyrir axlir. Hún leit í spegil og var nokkuð ánægð og viss um að enginn mundi þekkja sig sem sæi hana. Síðan settist hún við símann og hringdi á leigubílastöðina og sagði: „Ég heiti Aldis Ramon og mig vantar leigubíl, er ekki Tylos Emmanuel leigubifreiðastjóri hjá ykkur?“ „Jú, hann vinnur hjá okkur, hvert á ég að senda hann?“ Hún sagði götuheitið á Hilton hótelinu. „Hann kemur eftir stuttan tíma. Aldis fór niður og pantaði sér kaffi meðan hún beið eftir bílstjóranum. Eftir nokkra stund var nafnið hennar kallað upp, þá sá hún bílstjóran og gekk til hans og spurði hann að nafni, hann kvaðst heita Tylos Emmanuel. „Þá skulum við koma, ég er Aldis Ramon.“ Bifreiðin var fyrir framan hótelið, þau settust inn og hann ók af stað. Eftir skamma stund fór hann að aka bifreiðinni ýmsar krókaleiðir og leit oft í baksýnispegillinn. Þegar hann var orðinn viss um að enginn elti hann ók hann beinustu leið á sjúkrahúsið sem Richard lá á.

31. KAFLI

September var að renna sitt skeið og öll sumarvinna löngu búin. Friðrik kom til Íslands í hálfan mánuð eins og hann hafði lofaði Birtu og Kára, það var tveimur dögum fyrir jarðarfaraðag Axels Arnarsonar. Friðrik fór daginn eftir vestur, en kvaðst mundi koma næsta sumar og gefa sér tíma í nokkrar vikur.

Kári var ekki sáttur við niðurstöður rannsóknarlögreglunnar fyrir ári síðan um það að Axel hefði látist af slysförum en gat ekkert gert í því, að svo komnu máli. Síðastliðið vor, sautján ár gamall lauk hann menntaskólann með láði og var þegar búinn að skrá sig í Búnaðarháskólann að Hólum.

Það varð þeim til happs að hjónin á Fögrubrekku höfðu ráðið fyrrum bónda og frú á Stapafelli til að vinna hjá þeim skömmu áður en fráfall Axels kom sem reiðarslag yfir fjölskylduna. Hjónin fluttu að Fögrubrekku á fardögum fyrir ári síðan í nýju íbúðina sem þá var komin í toppstand, eins og framan greinir. Hjónin voru sérlega ánægð með þessa breytingu þar sem þau sáu að þau gætu síðar eignast sína eigin jörð með þessum hætti. Ekki síður höfðu Birta, Axel og Kári verið ánægð með komu þeirra þar sem þau þurftu verulega á þeim að halda við vorverkinn. Skömmu síðar myndaðist sérlega góða vinátta á milli þessara fjölskyldna. En svo kom sorgin seinnipart sumars við fráfall Axels og sorgin var að sjálfsgöðu ríkjandi hjá þeim Birtu og Kára, þó hún væri ekki eins sár og fyrstu mánuðina og öllum sem þekktu til hans fannst mikil missir af slíkum gæðamanni sem Axel var. En eigendur Fögrubrekku ákváðu með sjálfum sér að halda áfram lífinu eins og ekkert hefði í skorist því annars hefði getað orðið fjárhagslegt hrun hjá þeim og á því höfðu þau engan áhuga.

Þetta sorgarár er liðið með nýju ári. Síðastliðið ár hefur verið óvenju milt, frosthörkur fáar og snjólétt en fyrri partur sumars hefur verið kaldur og rigningasamur, haustið hefur verið snjólaust en nýja árið byrjaði með frosthörku og stillu. Birta var farin að telja sér trú um að þetta glæpagengi, sem hafði ásótt þau síðast liðinn ár léti þau í friði hér eftir. En Kári vissi að svo væri ekki því hann taldi að þeir biðu aðeins eftir rétta augnablikinu. Kári var því sá eini sem hafði verulega miklar áhyggjur yfir komandi ári, vegna þess að hann

hafði skynjað einhverjir tveir menna ættu þátt í að reyna að fyrirfar Birtu. Og nokkrum sinnu dreymdi hann að þau ásamt einhverjum öðrum karlmanni væru að berjast við kolsvartar, sveimandi skuggaverur, en Kári vaknaði alltaf áður en úrslitin urðu kunn.

Eins áður hefur kom í ljós var Kári búglöggur, skarpgáfaður og athugull í hvívetna, fyrir utan það að vera fríður sýnum, hraustur og orkumikill, miðlungs sterkur, íþróttamannslega vaxin, fljótur að taka réttar ákvarðanir og snöggur í hreyfingum þegar svo bar undir. Hann var yfirleitt rólegur og öruggur í fasi dags daglega og vel gerður andlega og líkamlega. Virðingu hans fyrir konum var augljós, enda hefur hann góða fyrirmynd þar sem Birta er.

Kári skemmtir sér með vinum sínum og skólafélögum, stökum sinnum var hann með stúlkum, en ávallt tímabundið og hætti fljótlega við þær áður en hann gekk of langt. Og það komu einnig dagar sem Birta og Kári fóru ein saman á böll eða önnur mannamót, þá skemmtu þau sér yfirleitt konunglega. Alla vega gleymdu þau á meðan sorginni vegna andláts Páls.

Eitt sinnið sátu þau Birta og Kári seinnipart kvölds og létu fara vel um sig í stofunni við sjóvarpsgláp. En þau höfðu hvorugt áhuga á því sem var í sjónvarpinu þetta og hugur þeirra var víðsfjarri því sem þar var birt.

Eftir nokkra stund spurði Birta: „Hvers vegna sleistu sambandi við Kristínu, þessa ágætis stúlku?“ „Er það ekki augljóst? Ég var einfaldlega ekki nógu hrifin af henni til þess að geta lifað með henni.“ „Þá sagði hún samkvæmt því sem hana hefur grunað í nokkra mánuði: „Ertu þá í raun að segja mér með þessum orðum þín að þú hafi aldrei upplifað kynlíf með þessum stúlkum sem þú hefur tekið saman við í nokkurn tíma?“ „Já, ég hef í raun engan áhuga á að fá það hjá konunni og kasta henni síðan í burt á eftir, það er bæði niðurlægjandi fyrir dömuna og sjálfan mig.“ „Ég veit ekki betur en fæstir karlmenn hugsi svona, þeir vilja komast yfir sem flestar konur og sumir hverjir hæla sér af og jafnvel tvöfalda þann fjölda af konum sem þeir segjast hafa komist yfir, ef þeir eru spurðir,“ svaraði Birta. „Ég vil meina að konur hugsi ekki þannig, því ef þær eru spurðar um hversu mörgum karlmönnum þær hafi sofið hjá, þá svara þær yfirhöfuð þvert á við það sem piltarnir gefa upp. Þær minnka frekar töluna um helming ef þær á annað borð svara því. Málið er, gagnstætt flestum karlmönnum, að konum finnst enginn heiður að vera

með mörg karlmönnum, að því undanskyldu ef þær ná í heimsfrægan karlmann, þá er önnur Ellan og margar hverjar víla ekki fyrir sér að auglýsa það sem mest og einstaka konur reyna að notfæra sér það fjárhagslega, eins og einstaka karlmenn gera einnig ef þeir hafa færi á, því þeir eru síst skárri, einnig að þessu leiti.“

„Þú ætlar þó ekki að segja mér að þú sért þeirrar skoðunar að fólk eigi ekki að stunda kynlíf fyrr en eftir giftingu?“ „Það er langt í frá, því ég er þeirra skoðunar að það sé mjög æskilegt því að gott kynlífi bætir og þroskar hvern mann ef það er gert með réttu hugarfari gagnvart viðkomandi persónu, þá skiptir aldurinn ekki megin máli. En þá verða viðkomandi líka skilyrðislaust að vera andlega og líkamlega þroskaðir til að geta stundað ástarlíf, annars getur það valdið ómældum vandræðum. Stóra málið er að ástin og líkamlega fullnæging fyllir upp í andlegt gervi mannsins sem flýtir fyrir þroska hans. En það segir ekki að manneskjan eigi að hlaupa á milli maka. Það er betra og örugggra að halda sig við sem fæsta.“ Birta horfði á Kára með furðusvip, sagði síðan við hann: „Ég mátti svo sem búast við svona svari frá þér Kári minn.“

Þessi hugsanaháttur hans hefur sjálfsagt þróast í ára raðir í gegnum trúna þar sem hann trúði á Biblíuna framundir 15-16 ára aldur, þá fjarlægðist hann sannfæringuna þegar hann gat ekki lengur sætt sig við hvað Biblían var ósamkvæm sjálfum sér og hann gat alls ekki samþykkt kenninguna um Adam og Evu, og ekki síður þá hugmyndafræði að Jesú væri eingetinn. En eftir sem áður trúði hann á sjálfa hugmyndafræði hans og öll þau kraftaverk sem hann gerði. Hann leitaði eftir öllum bókum sem hann náði í um fyrirburðafræði, meðal annars um jóga og hugmyndafræði sálarrannsóknafélagsins. Hann var ekki sáttur við þær hugmyndir, því hugmyndafræði þeirra byggðist ekki á þekktum forsendum svo ekki var mögulegt að púsla saman hvern einstaka hluta fyrirburðafræðinnar í eina mynd. Margur af ofangreindum töldu þetta vera svo heilaga visku að maðurinn mætti ekki fá að vita hana, slík hugsun var vissulega of annarleg fyrir Kára.

Hann gat ekki með nokkru móti skilið það, að maðurinn þyrfti að fæðast í efnisheim, kannski í eitt hundrað ár og koma kannski aftur nokkrum sinnum til jarðarinnar til að þroska sig betur þegar maðurinn á síðan að vera í einhverjum andaheimi í fleiri hundruð milljónir ára. „Hvaða vit er í þessari hugmynd?“ hugsaði Kári á sínu gelgjuskeiði, þessi hugmyndafræði er jafn fjarri sanni og það að ef ég vildi verða góður bóndi þá yrði ég að

fara á togara til þess að læra að reka bújörð og kunna skil á búfénaði og handleika það. Mikið skelfing hlýtur andlegi heimurinn að vera fákunnandi, að þurfa að senda börnin sín í efnisheim til þess að læra að vera í andlegum heimi. Að hans mati stóðst þessi hugmyndafræði enga heilbrigða skoðun.

Það var Kára til happs að hans álitni að hann las bækur dr. Helga Pjeturss um framlífið. Það eru sex bækur og þær nefnast Nýall, Ennýall, Framnýall, Viðnýall, Sannýall og Þónýall. Hann las þessar bækur sex sinnum með sama hugarfari og hann gerði áður með aðrar slíkar bækur, að reyna að finna ósamræmi í kenningum þessum en það gat Kári ekki. Að lokum fannst honum þessar kenningar dr. Helga eins nálægt raunveruleikanum og nokkur jarðarbúi hefur komist að.

Birta er einstaklega fögur kona, meðal há, tignarleg í fasi, fíngerð, smábeinótt, kinnbeinahá og nefið féll vel inn í fagurskapað andlit hennar. Varir hennar voru hjartalagaðar og þrýstnar og hárið kastaníubrunnt. Hún er að jafnaði viðmótsþýð, vel gefin, skörp til athafna og róleg í fasi, en getur, þegar því er að skipta orðið hvassyr. Hún tekur venjulega á hverju máli af yfirvegum og er þess vegna góður bóndi. Birta og Kári unnu vel saman við öll þau verk sem að búskapnum tilheyrðu. Eftir lát eiginmanns Birtu gerði þau strax með sér það samkomulag að hún hefði stjórn á búinu að öllu leyti þar til hann hefði lokið prófi sem búfræðingur, eftir það hefði hann stjórn að mestu leyti um sjálf bústörfin en hún sæi að mestu leyti, ef ekki öllu að fjárhagsmálum búans og skýrslugerðum. Oftlega fóru húsfreyjan til starfa sér til tilbreytingar og ánægju, en alltaf þegar nauðsyn krafði.

Friðrik Daðason frændi hennar flutti til Bandaríkjanna til borgarinnar Minneapolis í Minnesota þegar hann var tuttugu og fimm ára, það eru fjörutíu og sex ár síðan. Þegar foreldrar Birtu féllu frá vildi Friðrik meira og betra samband við Birtu og skrifaði henni tvö bréf. Fyrri bréfið var samúðarbréf, það seinna var meðal annars heimboð til Bandaríkjanna sem hann síðar ítrekaði símleiðis en eins og áður hefur komið fram gat Axel ekki þegið heimboðið en Kári fór með Birtu í staðinn. Friðrik hafði vanið sig á frá fyrstu tíð að koma einu sinni á ári til Íslands og dvaldi alltaf hjá gömlu hjónunum í mánaðar tíma. Friðrik bauð þeim oftlega á hans kostnað til Saint Paul sem þau þáðu

oftlega og Birta fór alltaf með þeim þar til hún var sextán ára en eftir það ekki söguna meir, einhvern vegin æxlaðist það þannig.

Hann kom til Íslands ári síðar seinni part sumars eins og hann hafði lofað og gisti á Fögrubrekku í þrjá vikur að ósk Birtu og Kára. Friðrik Daðason er meðal hár, þrekinn og rauðbirkinn í andliti af mikilli útiveru en hann hefur því miður stundað óreglulegt lífverni og farið þess vegna illa með sál og líkama vegna áfengisdrykkju og þjarkað sér út við erfiðisvinnu því það var ekki af honum skafið að hann hafði verið hamhleypa til vinnu þegar því var viðkomið, að öðru leiti var hann mjög skipulagður til allra verka. Friðrik er frekar grófur í fasi og orðum, stundum gat hann verið kaldhæðnislegur og gekk oftlega eins langt og hann komst og var því ósjaldan á gráu svæði.

Friðrik var mikill mannþekkjari og sá fljótt hvað frænka hans var skipuleg og hafði stjórn á hlutunum og vissi greinilega hvað hún var að segja án þess að vera stjórnsöm. Hann sá einnig mikinn efnivið í Kára, hann yrði án vafa hæfileikaríkur bóndi og jafnframt góður eiginmaður fyrir Birtu þegar þar að kæmi, því það var hans heitasta ósk þar sem hann taldi að þau ættu svo vel saman, en að sjálfsögðu minntist hann aldrei á slíkt við þau, sérstaklega vegna þess að Kári var svo ungur enn þá. Það gat ekki farið fram hjá nokkurri manneskju að sjá þessi margvíslegu teikn sem benti til að þau bæru sterkari tilfinningu til hvors annar en þau létu í ljós fyrir sjálfum sér eða öðrum. En að sjálfsögðu var hann enn of ungur fyrir hana. Þess vegna taldi hann að Birta hugsaði ekkert í þessa áttina um Kára og hann vonað að það mundi breytast með tíð og tíma.

Kári kom honum þannig fyrir sjónir að hann væri tilfinningaríkur og almennt hugulsamur við fólk. Hann gat staðið fastur á sínu en í þau fáu skipti sem honum var sýnt fram á með rökum að hann hafði rangt fyrir sér skipti hann umsvifalaus um skoðun þó hann væri í eðli sínu mjög fylgin sér. Hann reiddist sjaldan en þegar það gerðist varð hann hvassyrstur og beinskeyttur en það var ávallt stutt í jafnaðargeðið aftur. Friðrik taldi það góðan kost, ásamt fyrrgreindum kostum var Friðrik viss um að Kári mundi síðar meir ná því takmarki sem hugur hans stefndi að.

Eftir þriggja vikna veru á Fögrubrekku var hann vissari í sinni sök um að það væri sérlega mikill kærleikur og sterkar tilfinning á milli þeirra. Á þessum tíma varð Kári að viðurkenna fyrir sjálfum sér að hann var orðin verulega hrifin að Birtu en taldi sig fela

þessar tilfinningar vel. Það gerði hann sérstaklega af tveimur ástæðum, að Birta mundi örugglega telja hann of ungan fyrir hana og að hún mundi hvort sem er ekki vilja hann, þar sem hann væri henni ekki verðugur og þar að auki taldi hann sér trú um að Birta bæri eins konar móðurtilfinningu til hans, þar sem hún sýndi honum slíka og ástúd umhyggju. En Birta væri ekki næmur kvenmaður ef hún skynjaði ekki þessar tilfinningar hans og lét hann að sjálfsgöngu ekkert vita af því.

Kári gat verið bæði þrjár og staðfastur, þess vegna hélt hann sig við þetta af einurð. En aðalástæðan fyrir því hversu mikið þau drógust hvort að öðru, fyrir utan þá virðingu og væntumþykju sem þau báru hvort til annars, var andlát Páls. Þau áttu sameiginlegan söknuð og voru ávallt nærri hvort öðru alla daga og gátu því leitað styrks til hvors annars sem veitti lífi þeirra mikið gildi. Það leiddi af sér að þau urðu einstaklega opinská hvort við annað og voru svo sannarlega sátta við það eins og málin stóðu í dag.

Það er sunnudagur og Friðrik fór út seinniparts dags í göngutúr eins og venja hans hefur verið þennan hálfu mánuð sem hann hefur dvalið á Fögrubrekku. Hann gekk upp með ánni í átt að Þrístallafossi, það er tíu mínútna gangur að fossinum og nokkuð bratt að fara göngubrautina upp Austurkletta. Þegar upp var komið stóð hann á milli Tvítinda nærri fossinum þar sem hann sá best vatneljuna skella á alla þrjá stallanna og froðuna myndast við fall vatnsins. Það var fögur og tilkomumikil sjón og aðdráttaraflíð geysilegt. Ekki þótti honum síðra að líta út dalinn og sjá litríkar gresjurnar með sínum fögru haustlitum þar sem allt var kyrrt og hljótt fyrir utan fossinn sem drundi með óhemju styrk og dynur hans barst langa leið með hljóðbærum vindblænum. Friðriki fannst alltaf þegar hann var þarna staddur, að hann hefði aldrei upplifað aðra eins tilfinningu áður, því þessi staður veitti honum svo mikinn lífskraft að honum fannst hann koma mun léttari á fæti heim á leið, en þegar hann lagði af stað frá Fögrubrekku. Hann sá svo sannarlega ekki eftir því að hafa myndað tengsl við fjölskylduna á Fögrubrekku, honum var farið að þykja verulega vænt um frænku sína og naut veru sinnar þarna á heimili þeirra eins og best var á kosið. En því miður gat hann ekki notið gestrisni þeirra lengur en þrjár vikur. Þegar hann hafði staðið þarna á öruggum stað á klettanösinni í nokkuð góðu skjóli við úðan í tæpan stundarfjórðung ákvað hann að leggja af stað heim á leið.

Á sama tíma og Friðrik var að leggja af stað heimanað í göngutúrinn í átt að Þrístalla-fossi var Kári að ganga inn frá útiverkunum, þeir mættust í dyragættinni og kinkuð kolli til hvort annars um leið og Kári gekk inn fyrir útidyrhurðina. Hann fór inn eldhús og þar sat Birta yfir kaffibolla að tala í símann, greinilega við einhvern karlmann. Þá brosti Kári með sjálfum sér um leið og hann náði í kaffimálið í eldhússkápinn og settist gegnt henni við eldhúsbordið. Birta talaða í góða stund og sagði meðal annars: „Nei, ég hef engan áhuga á karlmönnum, já, ég veit það, ég sagði að þú mættir hringja í mig en ég sagði líka að það mundi enga þýðingu hafa fyrir þig því þú fengir sama svarið.“

Birta lagði símann frá sér og sat hugsandi góða stund, horfði síðan á Kára og sagði skyndilega: „Það er ekki nema rétt rúmt ár síðan Axel dó og ég fæ ekki frið fyrir karmönnum sem vilja bjóða mér út. Ég hef bara engan áhuga á karlmönnum og ég mun aldrei gifta mig aftur og ekki síður vegna þess að það gætu skapast vandræði í sambandi við Fögrubrekku. Það hefur svo oftlega komið fyrir að makar hafa splundrað búinu vegna ósamkomulags og þeirra vegna hefur orðið að skipta búinu í tvær einingar. Það gæti eins farið með þessa jörð þegar þú giftist og ef ég tæki upp á þeim ósköpum gifta mig aftur. Eins og þú veist þá hafa karlmenn verið að bjóða mér út og það svona fljótt eftir fráfall Axels þó ég hafi alltaf verið að neita þessum góðum boðum. Málið er að ég hef ekki fengið frið fyrir þeim í nokkrar vikur.“ „Ég get ekki séð með nokkru móti að Fagrabrekka sé nein hindrun fyrir því þú kynnist góðum manni og giftist honum, þó eitthvað óhapp hafi komið fyrir hjá öðrum búgarðseigendum.“ „Jú, það gætu einmitt orðið stórvandræði vegna giftingu minnar.“ „Ef þú telur það þá ætti gifting mín að valda sömu vandræðum, en ég get bara alls ekki séð það, mín kæra.“ „Það breytir öllu þú ert ungur og átt lífið framundan og ekkert mun koma í veg fyrir að þú giftir þig þegar þú finnur réttu stúlkuna sem vill sameinast þér í eina sæng. En ég hef hugsað þetta gaumgæfilega og þar að auki hef ég hef engan áhuga á karmönnum nú um stundir, sem er mjög eðlilegt og ég er ákveðin í því að gifta mig aldrei aftur, meðal annars vegna þess að það gæti skapað þessi vandræði ef ég gerði það. En hvort ég síðar meir leiti eftir ástum í stuttan tíma eða eigi einhvern karlmann sem vin í einhver ár, það veit ég ekkert um, það kemur í ljós síðar.“

„Ég skil ekki af hverju þú ert að hugsa með þessum hætti núna, það getur allt breyst með tímanum og látum hann ganga sinn gang. Við leysum þau vandamál sem koma upp og þú veist ekki nema að þú kolfallir fyrir einhverjum góðum manni og giftir þig þess vegna og

við búið hér í sameignarbúi því jörðin er það stór og gjöful.“ „Ég mun aldrei vilja taka slíka áhættu og vil ekki að þessari jörð verði skipt og þar við situr. Og það er svo skrýtið að vegna þinna hæfileika ert þú ekki síður farinn að skilja mig en Páll gerði og ert mér ekki síður vinur en hann var. Það nægir mér því við getum ræðst við í trúnaði.“ „Já, það er alveg rétt,“ sagði Kári alvarlega.

„Ég ætla eingöngu að einbeita mér búskapnum og þú hjálpar mér eins og þú hefur gert þegar þú hefur tíma frá lærdómnum. Því þú verður að klára búfræðinginn, okkar beggja vegna því það mun koma Fögrubrekku síðar meir til góða. Síðan giftir þú þig einhverri góðri stúlku, en ég ætla að lifa sem ekkja framvegis.“ „Þú getur nú ekki ákveðið það þar sem þú ert svo fögur, geysilega heillandi og í fullu fjöri. Það mun koma sá dagur að þú fellur fyrir einhverjum góðum manni sem þú vilt giftast og búa með, það veit ég fyrir víst, en ég veit ekki hver maðurinn er,“ sagði Kári. „Þessi spádómur þinn rætist ekki,“ sagði Birta með sannfæringu, „þó margir þeirra hafi ræst.“ „Pá horfði Kári stíft í augu Birtu og sagði: „Mér er nákvæmlega sama hvað þú segir í dag því ástin mun koma til þín með óvæntum hætti og það er maður sem þú munt síst búast við og ekki skapa þessi vandræði sem þú minntist á.“

Húsfreyjan á Fögrubrekku hafði enga trú á því sem Kári var að spá þar sem hún var alveg dauð fyrir öllu kynlífi eftir lát mannsins síns. Þess vegna sagði hún: „Þú hefur oftast en einu sinn sagt að spádómar séu ekki það sem skal koma, heldur munu koma ef ekkert verður að gert. Og ég mun þess vegna sjá til þess að ég komi mér aldrei í slík aðstöðu.“ „Þú heldur það, vina mín, ég verð illa svikinn ef þú getur komið í veg fyrir það, mín kæra.“ „Ég er nú alveg viss um að þessi spádómur þinn mun ekki rætast, því þú hefur oftlega sagt, sem ég er viss um að er rétt ályktum hjá þér, að það sé erfitt að spá fyrir sér nákomnum. Þar sem óskhyggja spámansins eða einhverjar aðrar ástæður sem viðkomandi hefur myndað sér geta haft áhrif á spádóminn og gert hann marklausan. Þar liggur hundurinn grafinn, nú einbeitum við okkur framvegis að búskapnum eins og við höfum gert og ekki vera að velta vöngum yfir þessari bjánalegu hugdettu þinni.“

Eftir þetta samtal fór Kári út og gekk þvert yfir hlaðið og inn í hesthús. Litlu síðar teymdi hann tvo glæsilega gæðinga út á hlaðið, síðan steig hann í ístaðið og vippaði sér á bak á tamda hrossinu en hafði hinn til reiðar.

Friðrik var nýkominn inn eftir góðan göngutúr um landareignina. Hann fór strax inn í eldhús og settist við eldhúsbordið gengt Sóldísi eftir að hann klæddi sig úr yfirhöfninni því það var aðeins gluggaveður, himininn var heiðskýrt og golan köld. Síðan settist hann við eldhúsbordið gegnt Sóldísi og hellti kaffi í bollann og fékk sér meðlæti með. Þau töluðu stutta stund saman um daginn og veginn. Síðan stóð hann upp frá borði og sagði við Sóldísi: „Ég ætla út og dunda mér eitthvað til ánægju, hvaða verkefni hefur þú handa mér?“ „Það hefur dregist í nokkurn tíma að lagfæra aðrennslisgirðinguna að hestaréttinni, þú mátt gera við hana ef þú vilt, verkfærin eru í geymsluskúrnum.“ Með það sama gekk Friðrik út til verka, ánægður eins og venjulega þegar hann hafði eitthvað að dunda við, því aðgerðalaus gat Friðrik ekki verið. Það kom heim og saman að þegar hann kláraði verkið var kominn matartími. Hann var hress og ánægður að vel unnu verki og settist við eldhúsbordið þar sem hann var vanur að sitja. Litlu síðar sá hann Kára koma ríðandi á upp heimreiðina á glæsilegum, rauðskjóttum gæðingi sem bar höfuðið hátt, næstum í fang reiðmannsins. Hann var með annan dökkbrúnan hest til reiðar sem var ekki síður glæsilegur.

Um sama leiti og Kári steig af baki fyrir framan hestúsið lagði hún diskana á matarborðið og undir kartöflurnar, skömmu síðar kveikti hún undir frystum þorskinum. Þegar hún var sest sagði hún: „Þegar Kári kemur inn verður maturinn tilbúinn. Hann þarf að setja hestanna inn og kemma þeim og hleypa hálfömdu hestunum inn sem hann sleppti út í gerði áður en hann reið af stað. Hann þarf að gefa þeim öllum hey, þetta tekur allt sinn tíma. Við skulum bara fá okkur kaffisopa á meðan við bíðum.“ Síðan ræddu þau um daginn og veginn í litla stund.

32. KAFLI

Friðrik er farinn heim til Bandaríkjanna. Haustið kom óvenju fljótt, fyrst með frosti síðan með rigningu, slyddu, snjókomu og roki. En strax eftir áramótin og fram að miðjum janúar hefur gengið á með hörku frosti, sem bítur fast þó kyrrt sé í lofti. Áin var ísilögð, spegilslétt og snjóföln víðast hvar í dalnum. Ísinn var mannheldur en ekki þar sem árfarvegurinn þrengist. Þar kraumar hún straumhörd í beljandi bylgjum undir þunnum ísnum og illa stætt að standa á móti árstraumnum fyrir venjulegan mann á sumrin, hvað þá að vetri, ef einhver færi þar yfir í fávisku sinni því ísinn mundi breyta undan honum og dauði hans yrði næstum fyrirsjáanlegur. En á einum smá bletti, töluvert neðar við brúna við stóra steininn sem skagar út í ána, er ísinn alltaf mjög þunnur vegna þess að Kári brýtur hann á þessum bletti á hverjum degi og fær sér alltaf sundsprett í nokkrar mínútur undir ísinum á hverjum morgni strax og birtir. Þetta hefur hann gert í nokkur ár og er þess vegna alvanur kuldanum og verður aldrei meint af. Flestum búendum í dalnum þótti þetta atferli hans meira en lítið undarlegt og það einkennilega var að Kári var alls ekki eins áhugasamur að baða sig í þessu kalda vatni eins og fyrrum en það var eitthvað sem rak hann áfram til að halda sér við efnið. Hann taldi sjálfum sér trú um að það væri eingöngu þörf líkamans sem rak hann áfram, að sjálfsögðu var það að einhverju leiti rétt en hann var samt oftlega ansi latur við að stunda þessa íþrótt að vetri til, þó hann léti sig hafa það því þetta tók ekki svo langan tíma og tafði hann ekkert frá verkum.

Flesta daga um vetur þegar veður leyfði fór Birta með skautana sína niður að á, nánast alltaf á sama tíma því freistingin var mikil að njóta þess að renna sér á spegilsléttum ísnum í björtu veðri og stundum á fljúgandi ferð og finna kaldan vindgustinn leika um vanga sinn. Stundum fór Kári með henni á svellið og það var áberandi hvað hún var mun líprari og hraðskreiðari og naut betur íþróttarinnar heldur en Kári gerði.

Þennan örlagaríka dag, um miðjan mars um miðaftan, var áin enn ísilögð og traust þegar Birta gekk niður að ánni með skautana á öxlunum. Hún settist á árbakkann og setti á sig skautana. Síðan renndi hún sér á svellinu og tók ekkert eftir því sem var að gerast í kringum hana. Hún sá því ekki Volvo jeppabílfreiðina sem var ekið á rólegri ferð síðasta

spölinn að bugðunni sem lá að brúnni yfir ána að heimkeyrslunni að Fögrubrekku. En Margeir Ágústsson, ökumaðurinn á bifreiðinni ók þar beint út af veginum, þá benti félagi hans, Egill Bjartmarsson á birkitré sem hann sá við ána og sagði: „Þarna er staðurinn.“ Bifreiðastjórinn stöðvaði bifreiðina á bak við einn hólinn þar sem hann var viss um að það sæist ekki til þeirra frá bæjarhúsunum. Þessir tveir menn unnu ekki undir annarra stjórn heldur tóku að sér ýmis konar verkefni sem varða við lög fyrir einstaklinga og einstöku sinnum tóku þeir að sér sérverkefni fyrir glæpasamtökin Skuggabaldur, Nátthrafninn og Næturgalann. Þeir hafa aldrei komist undir lögregluhendur og eru skráðir sem leigubílstjórar. Í þetta sinn töldu þeir sig aðeins vinna fyrir Fannar, foringja Skuggabaldurs. Þeir þekktu ekkert til þessara heildasamtaka sem Arngrímur Hansson hafði stofnað á laun og stjórnaði, þessum þremur glæpasamtökum sem höfðu áður unnið hvert gegn öðru.

Þetta umrædda tré var gróðursett þarna fyrir mörgum árum til viðvörunar um að ísinn væri þarna varhugaverður eftir að ísinn brotnaði undan einum bóndanum í sveitinni, hann barst með straumnum undir ísinn og drukknaði og líkið fannst ekki fyrr en með vorinu þegar áin lagði af. Á bak við hólinn voru þeir vissir um að það sæist ekki til þeirra frá bæjarhúsunum. Einnig gátu þeir fylgst með Birtu, þar sem hún var að renna sér á skautum eftir spegilsléttum ísnum og gátu ekki annað en dáðst að leikni hennar. En þeir höfðu einnig séð til þess að hafa nægilegt víðsýni til að geta séð það svæði sem var ofan við brúna þar sem verkefnið átti að framkvæmast.

Til að verkefnið beindist síður að þeim þá hafði bifreiðastjórinn og félagi hans farið að ákveðnu heimili sem foringi Skuggabaldurs hafði vísað þeim á og sagði: „Eigandi Volvo jeppabifreiðarinnar sem þið eigið að taka traustataki í nótt, er erlendis ásamt konu sinni og börnum. Jeppinn er geymdur í bílskúrnum en þið getið opnað lásinn hæglega með þessu ágæta tæki,“ sem hann rétti þeim eftir að hann hafði sagt þeim hvar bifreiðin var geymd. „En þið verði að hafa með ykkur eina rúllu af plasti til að setja yfir sætin á jeppanum og vera í hönskum áður en þið setjist inn í hann, því þið eigið að skila honum tandurhreinum á sinn stað aftur að verki loknu.“ Þeir stálu jeppanum nóttina áður og óku þaðan beinustu leið inn í bílskúrinn heima hjá Margeiri. Þar tóku þeir einkennisspjöldin af bifreiðinni og festu í staðin tvö stolin einkennisspjöld. Óku síðan morguninn eftir sem

leið lá í norður og fram hjá Hvammstanga, beygðu skömmu síðar til hægri, og óku síðan sem leið lá á fyrrgreindan stað.

Margeir var með alskegg, dökkhærður, búlduleitur og þéttholda. Egill, sem sat við hlið hans var einnig dökkhærður en skegglaus, lítið eitt kinnfiskasoginn og grannholda og því mun fljótari á fæti. Báðir mennirnir voru meðalmenn að burðum og um einn og áttatíu á hæð. Þeir voru eins miklir vinir eins og menn í glæpaklíkum geta verið og unnu yfirleitt alltaf saman að þeim verkefnum sem þeim var skipað að framkvæma. Það gerðu það alltaf án umhugsunar þar sem þeir þekktu varla hvað siðferðiskennd var eða létu sér það í léttu rúmi liggja að brjóta hverskyn lög ríkisins, ef þeir töldu sig hafa gott upp úr krafsinu. Þá skipti engu máli þó að þeir þyrftu að koma einhverjum fyrir kattarnef.

Að þessu sinni voru þeir sendir norður í Tindadal í Húnavatnssýslu að bæ einum sem nefnist Fagrabrekka. Foringi Skuggabaldurs bað þá að framkvæma þar ákveðið verk sem hann sagði að væri jafn líklegt að gæti mistekist, en ef svo leiðinlega vildi til, þá mundu viðkomandi aðilar aðeins telja þá vera saklausa ferðalanga, ef þeir ynnu verkið eins og þeim var uppálagt. Þess vegna töldu þessir skúrkar, áður en þeir lögðu af stað frá Reykjavík, að þetta mundi verða auðvelt verkefni sem yrði þeim ekki til neinna vandræða.

Þeir sátu litla stund í bifreiðinni og fylgdust með Birtu þá stund sem brúin skyggði ekki á hana frá þeim séð. Eftir skamma stund spurði Egill, sá sem sat í farþegasætinu: „Er ekki best að ljúka þessu af sem fyrst?“ „Jú, það er ekki nokkur maður sjáanlegur nema Birta og þú veist hvað þú átt að gera ef hún rennir sér upp á bakkann skammt frá veika ísnum og tekur af sér skautanna eða kemur á skautunum til þín.“ „Já, ég ligg litla stund, stynjandi og held um brjóstið og þegar hún spyr hvað sé að þá segi ég við hana um leið og ég stend upp: „Ég held að þetta sé hjartað, ég verð sennilega að drífa mig á næsta sjúkrahús,“ þakka fyrir mig og kveð. En þeir vissu ekki af Páli vinnumanni sem kom ríðandi með tvo til reiðar eftir reiðstígnum sem lá með fram fjallshlíðinni á bak við hólanna sunnanverðu við ána og nálgadist þá á hægu tölti þar sem stígurinn sveigði í norður, beint á móti brúninni. Þar sem Bjarnleifur tanningamaðurinn fékk viku frí frá störfum hjá Birtu af óviðráðanlegu ástæðum þá hafði Páll boðist til að hreyfa hálfömdu hestanna á meðan.

Egill steig út úr bifreiðinni og gekk í hægðum sínum rétt austur fyrir birkitréð þar sem ísinn var traustur og síðan tæpa tvo metra út á ísinn. Þegar hann var viss um að Birta sæi til hans greip hann skyndilega með báðum höndum um brjóst sér og lét sig falla á hægri hliðina ofan á ísinn. Þá gat hann fylgst með viðbrögðum Birtu.

Kári var í hesthúsinu að moka undan hrossunum og ætlaði síðan að kemma þeim í rólegheitum áður en hann gæfi. En alveg frá því að Birta fór á svellið var hann undarlega órólegur um hennar hag og var með stuttu millibili að líta út um gluggann og fylgjast með henni. En hann sá ekki frá hesthúsinu bifreiðina sem hafði verið lagt á bak við hólinn.

Þegar Birta sá manninn grípa um hjartað og falla á ísinn á hægri hliðina og horfa til hennar með tilbúnum angistarsvip og kvalastunum þá brá henni verulega, en þar sem hún kunnir bæði blásturaðferðina og hjartahnoð þá komst ekkert annað að í huga hennar en að reyna að bjarga manningnum ef það væri nokkur kostur, þar sem hún taldi víst að þessi ókunni maður hefði fengið hjartakast. Þar af leiðandi hugsaði hún ekki rökrétt og renndi sér á hraðskreiði eftir ísnum og gleymdi í augnablik hættunni sem var framundan. Þegar hún var komin austur fyrir brúna og nálgadist manninn brast ísinn, hún æpti upp af hræðslu og hvarf síðan undir ísinn.

Egill brosti ánægður með sjálfum sér þegar hann sá Birtu hverfa undir ísinn. Hann ætlaði að rísa upp frá svellinu en þá sér hann að Kári kemur hlaupandi niður brekkuna í átt til hans. Þá ákvað Egill í skyndi að leika hlutverkið áfram og hélt báðum höndum á hjartastað og byrjaði að stynja eins og verkurinn væri illþolandi. En það þurfti hann ekki að gera lengi því hann sá að Kári stökk ofan í ána með fætturna á undan þar sem ísinn hafði brostið undan Birtu og hvarf einnig undir ísinn. Egill var svo undrandi yfir þessari heimsku í manningnum, að fórnar sjálfum sér til einskis, að hann sat stutta stund á ísnum áður en hann reisti sig upp og hálf hljóp að jeppanum sem beið eftir honum. Þegar hann var sestur inn í bifreiðina sagði Margeir: „Jæja, bölvaður asninn henti sér í ána á eftir Birtu, nú finnast þau ekki fyrr en einhvern tímann með vorinu.“ „Þarna unnum við aldeilis gott verk og slógum tvær flugur í einu höggi.“ „Foringinn ætti að vera ánægður og við fáum tvöfalt borgað fyrir þetta,“ sagði Egill og þeir skælbrostu hvor framan í annan. Á sama augnabliki sá Margeir reiðmanninn nálgast bifreiðina: „Nei, og hver

andskotinn, það er einhver afglapi að koma með tvo til reiðar,“ sagði Margeir um leið og hann spólaði bifreiðinni af stað og keyrði greitt í burtu.

En Páli fannst þessi fart á mönnunum einkennilega grunsamleg, hann togaði lítið eitt í beislistauminn og hélt hestunum í kyrrstöðu litla stund á meðan hann horfði á eftir bifreiðinni sem var ekið greitt vestur dalinn. Páll náði einkennisstöfum bifreiðarinnar og lagði á minnið, hann þekkti einnig tegund bifreiðarinnar. Síðan hleypti hann hestunum á hröðu tólti yfir brúna og leit um leið í vesturátt, þá sá hann furðulega sjón.

Þegar Birta sá að hún flaut undir ísinn, hraðbyr frá vökinni þá vissi hún um leið að hennar dagar voru taldir. Þó hræðslan og angistin sem greip hana væri nánast ólýsanleg þá missti hún ekki lífsviljann eða þróttinn til að reyna að bjarga sér og notaði alla krafta sína til að synda á móti straumnum þó hún sæi tilgangssleysi þess, þar sem hún fór tvö fet aftur á bak við hvert sundtak. En hún hvorki gat né kunni að gefast upp, þó að kuldinn nísti hana inn að beini og dauðinn væri á næsta leiti. Hún hélt áfram að eyða kröftum sínum í þetta tilgangslausa sund, mátturinn rénaði við hvert sundtak og köfnunartilfinningin ýtti meir og meir undir að hún drægi að sér loft. En skyndilega sá hún svart flikki sem líktist mannlíkama nálgast hana: „Þetta hlýtur að vera sjónhverfing, fyrirboði dauða míns,“ hugsaði hún og varð einkennilega róleg og ósjálfrátt ætlaði hún að fara að anda að sér vatninu því henni fannst brjóstakassinn vera að springa af loftleysi. En þá fann hún skyndilega að gripið var um herðar hennar og henni snúið snögglega við og ýtt upp fyrir yfirborð vatnsins og í staðin fyrir vatn sem hún taldi að hún mundi draga að sér sem flýtti fyrir dauða hennar þá andaði hún að sér yndislegu súrefni.

Hún fann að hún flaut með hraða árinna niður eftir henni, ásamt þessum dularfulla vatnamanni sem birtist henni skyndilega með yfirnáttúrulegum hætti þar sem hún sveif eins og í draumaheimi þarna undir ísnum. Hún viss að hver sem þessi skuggamaður væri gæti hann aldrei getað bjargað henni undan ísnum, hún yrði dauð úr kulda áður. Enda var það ekki hægt, ísinn var svo traustur. Hún var þó enn þá með sjálfri sér og fann eftir skamma stund hún að hún flaut ekki eins hratt niður ána eins og áður. Fljótlega eftir það var eins og hún væri dreginn áfram, skyndilega var hún kyrrstæð litla stund. Þá hafði Kári flotið með hana niður ána og þegar breikkaði gat hann synt að vökinni þar sem yfirborð hennar var með þunnum ís. Skyndilega var hún komin upp úr ánni og hún sá eða skynjaði

óljóst að Kári hélt utan um hana og skipað henni að hlaupa með sér. Það var engu líkara en henni myndist hún vera liðamóttalaus.

Þegar Páll kom töltandi á hestinum yfir brúna sá hann ótrúlega og undarlega sjón. Hann sá Kára koma skyndilega upp úr ánni með Birtu þar sem hann hélt um mitti á hennar og með vinstri handlegg hennar um háls sér. Síðan reyndi hann að fá Birtu til að hlaupa með sér upp brekkuna. Það var augljóst að hún gat varla gengið, hvað þá heldur hlaupið. Hann hleypti hestinum á stökk í átt til þeirra, stökk síðan af baki og greip um hina hendi Birtu sem var orðin meðvitundarlaus af kulda. Þó hún hafi nánast verið að krókna í ánni voru viðbrigðin henni of mikil að koma upp úr ísköldu vatninu í 10 gráðu lofthita. Þeir báru hana inn í hús og inn á bað og um leið og Kári klæddi hana úr fötunum að nærklæðum og setti hana í baðið. Á meðan hringdi Páll í 112 og bað um sjúkrabifreið að Fögrubrekku, Tindadal í Húnavatnssýslu.

Kári sprautaði yfir Birtu ilvolgu vatni og það leið ekki á löngu þar til hún æpti af sársauka því henni fannst eins og eldnálar væru að stinga sig um allan líkamann þegar blóðið var að brjóta sér leið inn í háráðarnar og hún barðist um af hæl og hnakka. Kári átti fullu fangi með að halda henni niðri í baðinu á meðan hann sprautaði yfir hana. En hann sagði ekkert við hana því þessi bardagi hennar flýtti fyrir að hiti kæmi í skrokk hennar. Smá saman hætti hún að berjast, þá jók hann örlítið á hitann og henni fór hægt að hitna.

Arinbjörg, eiginkona Páls hafði séð til þeirra út um gluggann hjá þeim hjónum á sama tíma og þau þrjú voru að ganga inn um dyrnar á hinu húsinu. Hún sá að eitthvað meira en lítið var að húsfreyjunni. Hún vissi strax að Birta hafði dottið í ána og hún hljóp yfir í hitt húsið. Hún spurði Pál fregna þegar hún mætti honum í ganginum rétt fyrir utan baðherbergið þar sem hann var að leggja símtólið niður eftir beiðni um sjúkrabíl. Þegar Páll hafði sagt henni hvað hafði gerst, setti hún mjólk í pott og kveikti undir til að flóa og sagði Páli að passa að mjólkinn syði ekki uppúr. Þá fór hún inn í svefnherbergi, tók ábreiðuna af rúminu, fletti upp sænginni og náði síðan í tvö rafmagnsteppi, henti þeim í rúmið og setti þau í samband.

Hún náði í sloppin hennar ásamt ullarnærfötum af Axel og hélt á þessu með sér inn á salerni. Þá var Birtu farið að líða öllu betur. Þegar Arinbjörg kom inn skrúfaði Kári fyrir vatnið og sagði: „Taktu nú við, Arinbjörg mín.“ „Já, og komdu þér bara út Kári. Þegar

hann var farin klæddi Arinbjörg hana úr nærfötunum og þurrkaði hana og klæddi hana síðan í ullarnærfötin þar sem hún var nær alveg bjargarlaus. Þegar það var afstaðið kallaði hún á Kára. Hann bar Birtu inn í svefnherbergið og lagði ofan í rúm ofan á annað hitateppið sem var þegar orðið heitt og setti hitt hitateppið ofan á hana. Síðan breiddi sængina yfir hana og lagði teppi yfir sængina. Birta horfði á hann þegar hann var búinn að breiða yfir hana og spurði: „Hvernig gastu bjargað mér?“ Hann kyssti hana á ennið og sagði hlýlega: „Við tölum um það seinna vina mín, reyndu bara að sofna, ég sit hérna hjá þér þangað til að sjúkrabifreiðin kemur og flytur þig á sjúkrahúsið. Það þarf að kanna hvort þér hafi orðið meint af þessu.“

Hún lá góða stund með lokuð augun. Ósjálfrátt fór hugur hennar af stað og hún sá fyrir sér vonlausa baráttu sína við straumharða ána, fyrst óljóst á meðan kuldaskjálftinn varði, síðan fann hún hitan frá teppunum verma líkama sinn hægt og sígandi svo líðan hennar til betri vegar fór vaxandi, litlu síðar sofnaði hún. Í svefninum upplifði hún hryllinginn með slíkri tilfinnanlegri angist að hún fór að berja frá sér með öllum skönkum sér til björgunar. Skyndilega heyrði hún í gegnum svefnrofann hljóðláta rödd tala til sín, þá upplifði hún sig fljóta í dúnmjúkri heitri sæng niður ána og þá streymdi annars konar hlýja og yndislegur árstraumur um allan líkama hennar og veitti henni sérkennilegan il og vellíðan. Við það vaknaði hún úr þessu óráði. Það fyrsta sem hún sá þegar hún opnaði augun var að Kári sat við rúmstokkinn með hönd hennar í lófum sér. Hún brosti aðeins til hans en mælti ekki orð, lokaði aftur augunum og naut varmans frá hitateppunum og orkunnar sem streymdi frá Kára sem hlýr árstraumur upp handlegginn og síðan út um allan líkama hennar. Hún sofnaði litli síðar.

Skömmu síðar kom sjúkrabifreiðin og lögreglubifreið, tveir lögregluþjónar stigu út úr bifreiðinni. Þeir fylgdust með þegar sjúkraflutningamenn fluttu Birtu sofandi inn í sjúkrabifreiðina og fluttu svo á sjúkrahúsið á Blönduósi.

Lögreglumaðurinn með lægra númerið heitir Eiríkur Ingvarsson, hann sagði við Gústaf Örlygsson undirmann sinn að taka málamynda skýrslu af báðum fjölskyldunum. Gústaf gekk að húsinu og hringdi bjöllunni. Kári bauð honum inn í stofu og tók upp skrifblokk sína og skrifaði allt það niður sem heimafólkið sagði honum. En ráðandi lögreglumaðurinn gekk niður að ánni þar sem ísinn brast og teiknaði upp á blað

slysavettvanginn og einnig staðinn þar sem Kári braut ísinn til að komast með Birtu upp úr ánni beint fyrir neðan íbúðarhúsið, en sá til þess um leið að vera í hæfilegri fjarlægð frá vettvangi svo að sönnunargögn spilltust ekki. Að því loknu afgirti hann báða staðina með gulum borða merktum lögreglunni og síðan setti hann upp tvö stóra ljóskastara á sinn hvorn staðinn. Skömmu seinna kom sá lægra setti og sagði við Gústaf: „Páll sá einkennistafi þessarar meintu bifreiðar þegar hann reið þarna fram hjá á sama tíma og jeppinn tók af stað. Þess vegna fór ég í tölvuna í lögreglubifreiðinni og kannað hver ætti þessa bifreið, en einkennisstafirnir koma ekki heim og saman við tegund bifreiðarinnar eftir lýsingu Páls. Þar að auki var bifreiðin sem hafði þetta númer verið skráð ónýt.“ „Jæja, svo það er ljóst að númeraspjaldið er annað hvort af gamalli bifreið sem þessir viðkomandi menn hafa átt, sem er mjög ólíklegt, eða þeim hefur verið stolið sem er öllu líklegra.“

Eftir að lögreglumaðurinn hafði lokið við að girða af vettvanginn kom Gústi labbandi til hans eftir að hafa lokið við skýrslutökuna. Þá spurði Eiríkur hann: „Lestu heimilisfólkið vita að þetta væri mál sem varðar rannsóknarlögreglu ríkisins og að þeir muni koma svo fljótt sem auðið er og við tveir eigum að vakta þessi afgirtu svæði þar til rannsóknarlögreglan kemur svo að óviðkomandi spilli ekki sönnunargögnum?“ „Já, ég gerði það.“ En Kári spurði þá undrandi hvort rannsóknarlögreglan ætlaði að koma núna seinnipart dags þegar dagskíman væri horfinn. „Ég sagði honum að þeir kæmu örugglega ekki fyrr en á morgun.“ Síðan fóru þeir inn í lögreglubifreiðina þar sem hún stóð við brúarendann þar sem þeir sáu best yfir þessi bæði svæði. Eiríkur hafði rétt lokið við að lesa bráðabirgðaskýrsluna sem Gústi tók af heimilisfólkinu þegar þeir sáu dökkrauða bifreið af gerðinni Austin koma akandi til þeirra og stöðva fyrir framan lögreglubifreiðina uppi á brúnni. Ung kona, grönn, dökkhærð og meðal há kom út úr bifreiðinni og gekk að lögreglubifreiðinni. Eiríkur dró niður rúðuna og spurði: „Hvað erindi átt þú hingað og hvert er nafn þitt?“

„Ég er blaðamaður hjá fréttablaðinu Kveldúlfi og nafn mitt er Erla Þorsteinsdóttir,“ sagði hún um leið og hún rétti honum blaðamannaskírteini sitt. Eiríkur leit á skírteinið og sagði, samkvæmt skipun Ólafs rannsóknarlögreglumanns þegar hann hringdi á rannsóknardeildina áðan: „Það er ekki mikið að segja annað en það að hér var unnið þrekvirki þegar Birta Tryggvadóttir var að skauta hérna á ísnum og ísinn brotnaði undan

henni hérna vinstra megin við mig. Hún sökk niður í ána en rétt í þann mund kom Kári Arnason, annar eigandi búgarðsins hlaupandi niður brekkuna og stökk á eftir Birtu, sem er hinn eigandi búgarðsins sem hún erfði eftir láinn eiginmanns síns. Síðan flutu þau niður ána og komu upp úr henni þarna sem þú sér vökina fyrir neðan íbúðarhúsið. Kári bjargaði lífi mákonu sinnar með þessum hætti.“ „Hvernig í ósköpunum gat honum dottið í hug að hann gæti bjargað henni með þessum hætti? Þetta er stórkostleg frétt. Og hvernig stóð á því að hann kom á réttu augnabliki til að bjarga henni?“ „Að svo komnu máli vitum við það ekki fyrir víst og meira höfum við ekki að segja þér.“ „Þar með neyddist hún til að fara eftir að hafa tekið nokkrar myndir af vettvangi.

Þegar fór að líða að kvöldmatnum bankaði Kári í bílrúðuna hjá lögreglumönnum og spurði: „Eruð þið ekki svangir, viljið þið ekki í mat hjá mér? Arinbjörg er að ljúka við að elda ríflegan skammt af nautasteik í mínum húsum?“ Lögreglumaðurinn sem var með lægra númerið svarað: „Jú, þakka þér fyrir, við þiggjum það því það er vel boðið, en við getum ekki farið báðir af vaktinni.“ „Við þjuggumst við því.“ Að beiðni ráðandi lögreglumanns fór lögreglumaðurinn með lægra númerið fyrst með Kára.

Klukkan hálf ellefu morguninn eftir hringdi síminn. Kári stóð upp frá morgunmatnum og svaraði í símann. „Er þetta Kári Arnason, frá Fögrubrekku í Tindadal í Norðurþingi Vestra sem ég tala við?“ „Já, með leyfi, hver ert þú?“ „Ég heiti Vilborg Fannarsdóttir og vinn sem ritari hjá rannsóknarlögreglu Ríkisins, ég á að tilkynna ykkur að sjö menn frá okkur eru á leiðinni til ykkar, þau heita Ólafur Halldórsson vettvangsstjóri, Bryndís Örlygsdóttir, Valtýr Ásmundson, Hallgrímur Hulda Halldórsdóttir og Hrafn Hjartarson, ásamt ljósmyndaranum Brynjari Valtýssyni. Þau verða samkvæmt áætlun komin til ykkar öðru hvoru megin við klukkan tvö í dag til að taka skýrslu af heimilisfólkinu og rannsaka vettvang. Og eftir okkar heimildum verður Birta Tryggvadóttir komin heim til sín af sjúkrahúsinu á Blönduósi um það leytið.“ „Já, það er alveg rétt, ég á að vera mættur þar fyrir klukkan tólf í dag. Við verðum örugglega komin heim löngu fyrir þann tíma.“ „Ég á vinsamlega að skila til þín frá Bárði Gústafssyni yfirannsóknarlögreglumanni, að sjá til þess á þína ábyrgð, að Arinbjörg Gunnarsdóttir og Páll Finnbogason, sem einnig eru búsett á Fögrubrekku, verði einnig til staðar á þessum umrædda tíma.“ „Já, ég skal sjá til þess.“ Að loknu þessu samtali kvöddust þau.

Klukkan var rétt rúmlega hálf tvö þegar tvær merktar lögreglubifreiðar runnu í hlað að Fögrubrekku. Ólafur Halldórsson vettvangsstjóri ásamt Bryndísi Örlygsdóttur og Valtý Ásmundssyni stigu út úr fyrri bifreiðinni, en tveir menn frá tæknideild rannsóknarlögreglunnar og einn ljósmyndari stigu út úr seinni merktu lögreglubifreiðinni. Ólafur, Bryndís og Valtýr gengu að útidyrnum hjá Birtu og Kára. Þau hringdu bjöllunni og Kári kom til dyra. Ólafur kynnti sig og félagu sína og spurði: „Er Birta Tryggvadóttir komin heim?“ „Já, hún er inni.“ „En Kári Arnarson, er hann einnig heima?“ „Ég er hann.“ „Það er mjög gott, áður en við tökum skýrslu af heimilisfólkinu þarf ég að senda þessa tæknimenn sem standa þarna við bifreiðina á slysavettvang þar sem ísinn sprakk undan Birtu og þar sem þú bjargaðir Birtu upp úr ánni.“ „Það er ekkert mál, við getum séð það héðan.“ Kári benti Ólafi rannsóknarlögreglumanni á þessa tvo staði sem þeir voru reyndar búnir að sjá fyrir vegna gulu borðanna. „En þið megið ekki koma nær vökinni en þar sem tréð stendur á bakkanum, það er öruggt viðmið.“

Þá sagði Ólafur við Valtý: „Farðu með tæknimönnunum og skoðuðu þig vel um og fáðu eins miklar upplýsingar hjá þeim eins og þeir geta veitt þér þarna á staðnum.“ Valtýr gekk til þeirra og þeir gengu allir beinustu leið að ánni þangað sem ísinn sprakk undan Birtu.

Bryndís var með fartölvuna og lítinn prentara í hvorri hendi sem þau höfðu meðferðis. Hann bauð þeim að kom inn og síðan inn í stofu og sáu að heimilisfólkið var þarna fyrir. Kári kynnti þau fyrir rannsóknarlögreglunni um leið og þau settust í stólana umhverfis sófaborðið. Bryndís tók upp úr töskunum tölvuna og prentarann og setti hvort tveggja á sófaborðið en Ólafur tók upp úr vasa sínum upptökutæki og setti einnig á sófaborðið. Það var Ólafur sem sá um yfirheyrsluna en Bryndís sá um að skrifa hana inn á tölvuna. Birta, Kári og Páll sögðu samviskulega frá öllu sem gerðist daginn áður eins og hver um sig upplifði það. Ólafur spurði Kára: „Er hugsanlegt, þar sem þú ert greinilega í betra jafnvægi í dag en þegar óhugnaðurinn gerðist, að þú getir gefið betri lýsingu á þessum manni sem tældi Birtu inn á þetta hættusvæði?“ „Ég veit það nú eiginlega ekki, þar sem ég hugsaði ekki um annað en að bjarga Birtu úr þessu víti.“ „Lokaðu augunum og reyndu að sjá hann fyrir þér í huganum. Því samkvæmt skýrslunni sem lögreglan tók af ykkur þá segir þú að þegar hann reisti sig upp af svellinu um leið og þú stökkst út í ána, að hann hafi snúið sér að þér og horft til þín.“ „Já, hann gerði það, en það stóð ekki nema

augnablik yfir svo ég get varla sagt að ég hafi séð andlit hans almennilega, ég sá það rétt útundan mér um leið og hann teygði hálsinn til mín um leið og ég koma inn á ísinn, þar sem hann lá á hliðinni þá horfði ég ekki nema augnablik til hans.“ „Ég vil biðja þig að loka augunum litla stund, slaka á og hugsa um augnablikið þegar þú hljópst niður brekkuna og leiða hugann þangað þar til að þú stakkst þér niður í ána og taka vel eftir hvenær og hversu mikið af andlit mannsins sem lá á ísnum þú sást. Bryndís mun jafnharðan teikna mynd af honum eftir þinni lýsingu.“ Kári gerði það sem Ólafur bað um og lokaði augunum. Hann gaf sér góðan tíma, slakaði á og lét hugann reika aftur á bak þar til hann sá fyrir sér manninn reisa sig upp og horfa til sín, þá sá hann manninn skyndilega ljóslifandi fyrir sér. „Hann var í grárri úlpu með hettuna á höfði sér, í dökkum buxum, skegglaus og grannur í andlit með beint hvasst nef, trúlega meðal maður á hæð og miðað við það sem ég tel mig sjá þá er hann sennilega grannholda, erfitt að sjá það þar sem hann var í úlpu.“ Kári opnaði augum og sagði: „Ég get ekki lýst honum betur.“ „Hafði hann engin séreinkenni í andliti, svo sem ör, freknur eða valbrá?“ „Nei, alla veganna ekki svo áberandi að ég tæki eftir því. „Núna vil ég að þú skoðir teikninguna sem Bryndís teiknaði eftir þinni lýsingu og berðu hana saman við það sem þú taldir þig sjá.“ Kári skoðaði teikninguna og Bryndís þurfti að breyta henni örlítið. Að því loknu sagði Ólafur: „Að síðustu langar mig að spyrja ykkur bæði, Birta og Kári, hvort þið vitið um einhvern sem er illa við ykkur eða einhvern sem hefur með einhverjum hætti hag af láti Birtu?“ Þau kváðust hvorugt getað ímyndað sér hver það gæti verið eða hvers vegna einhver vildi hana feiga.

Ólafur horfði á Kára litla stund, hugsandi, og sagði síðan: „Það undrar okkur og vekur upp í okkur mikla forvitni, hvað kom þér til að stökkva á eftir henni út í ána þar sem þér var drukknun vís. Var það ekki óðsmanns æði að gera slíkt? Og hvernig gastu brotið þig í gegnum þennan þykka ís og hvernig gátuð þið í raun lifað þetta af?“ „Ég hef stundað sjósund frá unga aldri þegar ég bjó í Reykjavík og þegar ég flutti alkominn hingað þá sinnti ég í ánni allan ársins hring, þar af leiðandi braut ég ísinn á hverjum degi við lága klettinn sem skagar lítið eitt út í ána hér fyrir neðan svo það var ekkert mál að brjóta ísinn. Af einhverjum ástæðum hafði ég á tilfinningunni að eitthvað óvænt og illt gæti komið fyrir Birtu þarna á ísnum svo ég fylgdist alltaf með henni út um gluggann á hesthúsinu með stuttu millibili þegar ég var að moka undan hestunum.

Þegar ég leit út um gluggann í síðasta skipti sá ég að þessi ókunni maður lá á ísnum rétt ofan við þrengslin og greip um brjóst sitt og á sama augnabliki sá ég að Birta var að renna sér á fleygiferð í áttina til mannsins og hafði greinilega gleymt hættunni sem hún var að koma sér í til að reyna að aðstoða manninn. Þá sá ég í hendi minni hvað mundi gerast og hljóp út úr hesthúsinu um leið og ég marghrópaði varúðarorð til Birtu. Hún heyrði ekki í mér fyrr en of seint, þá leit hún til mín um leið og ísinn brotnaði undan henni. Þá herti ég mig enn og hljóp enn hraðar niður brekkuna. Ég hugsa að ég hafi aldrei hlaupið eins hratt eins og ég gerði þarna, enda vissi ég hvað ég átti að gera til að bjarga Birtu og mátti því ekki með nokkru móti verða of seinn að ná til hennar. En vegna þrautseigju hennar að gefast aldrei upp, því hún barðist fram í rauðan dauðann með því að synda á móti straumnum þó hún viss að hún flyti lengra aftur á bak en það sem hún komst áfram, það var þessi sterka lífslöngun sem bjargaði henni.

Þá snéri Ólafur sér aftur að Páli og sagði: „Þú segir í skýrslunni að þú hafi aðeins getað lýst bifreiðinni og séð númerspjaldið. Veistu hvort einhver hafi verið inni í bifreiðinni á meðan þessi ókunni maður lá á ísnum?“ „Jú, ég sá manninn sem sat undir stýri en bifreiðin birtist mér ekki fyrr en um leið og ég kom ríðandi með tvo til reiðar í norður í átt að brúnni og var kominn fyrir hólinn sem var næst bifreiðinni þar sem hóllinn skyggði á.“ „Sástu andlitið á bílstjóranum gegnum hliðarrúðuna?“ „Jú, það gerði ég, ég sá skeggjað andlit hans þegar hann horfði til mín um leið og hann spólaði bifreiðinni af stað og hoppaði lítið eitt upp á vegakantinum og ók síðan með hraði vestur dalinn.“ „Hafið þið orðið vör við einhverja grunsamlega menn á vappi hér um svæðið sem gætu verið að njósna um ykkur?“ „Nei, aldrei, en það koma æði oft ferðamenn á sumrin til að skoða Stallafoos og það er mun minna af ferðafólki hér á stjái á veturna,“ svaraði Birta. „En hafa einhverjar konur eða karlar verið ráðin í vinnu hér í sveitinni, kannski síðustu árin sem ársmenn eða lengur?“ „Jú, það var einn maður ráðinn sem ráðsmaður að Hlíðatúni, hann heitir Bjarnleifur en við vitum ekki hvers son hann er.“ Heimilisfólkið leit hvert á annað og Kári spurði: „Grunarðu hann um græsku?“ „Ekkert frekar.“

Þegar þau höfðu svarað öllum spurningunum Ólafs rannsóknarlögreglumanns samviskulega dró Ólafur upp úr tösku sinn möppu utan um nokkur skjöl og lagði hana á sófaborðið um leið og hann leit yfir hópinn og sagði: „Við munum rannsaka þetta mál sem manndrápstilraun að yfirlögðu ráði.“ „Það er svo sannarlega gott að heyra, þó fyrr

hefði verið,“ sagði Kári. „Hvað áttu við?“ spurði Ólafur grafalvarlegur þó hann vissi hvað Kári ætti við. „Þá á ég við þessi óvæntu og undarlegu dauðsföll þegar foreldrar Birtu létust í bifreiðaslysi rétt norðan við Höfn í Hornafirði, og ekki síður það þegar Birta ætlaði vera í samfloti með foreldrum sínum austur á jeppanum, þá fór hann ekki í gang þó hún hafi startað bifreiðinni margsinnnum, bifreið sem alltaf hefur farið í gang á fyrsta starti. Daginn eftir fórum við bæði suður til að koma jeppanum á verkstæði. Það fyrsta sem ég gerði var að aflæsa hurðinni á jeppanum, setjast inn í hann og starta bifreiðinni, hún fór í gang á fyrsta starti og það fannst okkur báðum furðulegt. Þá grunaði mig strax að það hefði verið átt við rafkerfið með einhverjum hætti og síðan lagfært aftur einhverju síðar.“ Ólafur horfði aðeins á hann og hugsaði sitt, en sagði ekkert.“ „En ári síðar dó Axel, eiginmaður Birtu og hann er einnig bróðir minn. Þau þrjú dóu að mínu mati með mjög grunsamlegum hætti.“ „Við erum með skýrslu um þau mál og ég er hér með aðra skýrslu frá Saint Paul í Minnesota í Bandaríkjunum sem við fengum senda að beiðni minni frá Interpol, þar sem þið tvö, Birta Tryggvadóttir og Kári Arnarson, sluppuð á örskotsstundu lifandi frá því að vera í bifreiðinni sem var sprengd í loft upp þegar bifreiðastjóri ykkar setti bifreiðina í gang, hann dó samstundis. Hvað viljið þið segja mér um þetta?“ „Það er lítið að segja annað en það að FBI dró ranga ályktun um það hvern átti að deyða í það skipti.“ „Hvað áttu við?“ „Nú, sést það ekki í þessari skýrslu að við teljum bæði að það hafi átt að fyrirkomast okkur í þessari bifreið, eins og gert var við foreldra Birtu og bróður minn, en sú ranga ályktun dregin að það hafi átt að deyða frænda Birtu.“ „Samkvæmt öllum þessum skýrslum virðist þú vera með dulræna hæfileika og það verð ég að segja að það er með ólíkindum hvernig þér hefur tekist að bjarga Birtu í tvígang frá dauða, þetta atvik sem gerðist í gær sem og ykkur báðum þegar þið voruð í heimsókn hjá móðurbróður þínum sem býr í Bandaríkjunum ...“ Ólafur leit í vasabók sín og hélt áfram: „Friðriki Þorkelssyni, búandi í Saint Paul í Minnesota. Vegna þessara dulrænu hæfileika þinna og með ótrúlegu snarræði og hugdirfsku. En eins og þið vitið að sjálfsögðu þá getum við hjá rannsóknarlögreglunni ekki unnið rannsókn okkar samkvæmt fyrirburðafraeðinni. En við gætum kannski haft hana okkur til hliðsjónar eftir þessar ítrekuðu meintu morðtilraunir. Og þess vegna þykir mér ástæða til að kanna hvort við eigum að opna hin þrjú mál aftur.“ „Ef þið gerið það þá værum við mjög þakklát,“ sagði Kári og það sást einnig greinilega á heimilisfólkinu hvað þeim létti mikið. Síðan

endurtók Ólafur við Birtu og Kára: „Eruð þið örugglega viss um að þið vitið ekki um neina manneskju sem hefur sýnt einhvers konar óvildarskap með einhverjum hætti, eins og til dæmis löngunar til eigna ykkar.“ „Nei, það höfum við aldrei orðið vör við og er gjörsamlega útilokað,“ sagði Kári. Hvers vegna er það útiokað? Þið eigið í sameiningu stórar eignir, þessa bújörð nánast skuldlausu sem margur óheiðalegur maðurinn mundi vilja eignast fyrir lítið.“ Þá svarði Birta: „Það er vegna þess að ég á bara einn frænda og það er Friðrik sem býr í Bandaríkjunum og hann er margfalt ríkari en við af fasteignum og lausafé og ættingjar Kára eru fjölmargir og allmargir af þeim álitlega efnaðir og sumir hverjir eru stórbændur. Svo þessi möguleiki er ekki til staðar.“

Að lokum tók Ólafur upp þykka möppu með ljósmyndum af öllum sakamönnum sem lögreglan hefur haft afskipti af, lagði hana á borðið og opnaði. Á fremstu síðu voru tveir fyrrum afbrotamenn, Bolli Friðgeirsson og Jökull Ársælsson, núverandi skráðir eigendur að Litla bifreiðaverkstæðinu, en Ólafur grunaði þá enn um græsku sem og meinta foringja úr þrem stærstu glæpagengjunum, þá Fannar Grétarsson, Halldór Eiríksson og Torfa Finnbogason.

Þrír síðastnefndu mennirnir voru sterklega grunaðir af rannsóknarlögreglunni um að vera foringjar í þremur stærstu glæpaklíkunum en lögreglan hafði ekkert í hendi gegn þeim. Þeir komist undir lögregluhendur þegar þeir unnu sem félagar að innbroti í skartgripaverslun og þá fundust einnig við húsleit hjá hverjum þeirra fyrir sig fimm grömm af heróíni. Þeir voru ákærðir og dæmdir í þriggja ára fangelsi fyrir innbrot og eiturfjaskölu en síðan virtust þeir á yfirborðinu hafa hreinan skjöld. En fjórum árum eftir að þeir voru lausir úr fangelsi hafði rannsóknarlögreglan þá grunaða um að hafa verið höfuðpaurarnir að stofnun þessara glæpaklíka með nokkurra mánaða millibili. Það var sama sagan með Sigurþór Vilhjálmsson, sem var eigandi að veitingahúsinu Rauðaglimmer, hann hafði hafði hlotið fimm ára dóm fyrir að vera skipuleggjandi og höfuðpaurinn í sjö kílóa heróín-smygli sem fannst í íbúð við Grettisgötu 208, sem Hlynur Elíasson var eigandi að. Rannsóknarlögreglan hafði fengið leitarheimild að þessu heimili þar sem hann var staðin að verki við sölu á heróíni kvöldið áður. Þá hafði hann í nokkurn tíma legið undir grun um að vera höfuðpaurinn að eiturfjaskölu sem tollurinn hafði að lokum komist að vegna mikillar aukningar á sölu heróíns í borginni. Arngrímur Hansson hafði hreina sakaskrá en hann og þessir fjórir síðastgreindu menn voru tilgreindir í bréfi

sem rannsóknarlögreglan fékk frá Arnari Jenssyni, sem er íslenskur fulltrúi Europol og fjallaði um dulkóðað grunsamlegt bréf sem Arngrímur fékk í hendurnar frá sendimanni Russel Cambell mafíuforingja, þar að auki hafði komið fram hjá Arnari að Arngrímur og Cambell höfðu verið verið skólabræður og félagar í Háskólanum í Washington DC. Þá höfðu þeir haft auga með honum og haft óljósan grun um hann væri ekki allur þar sem hann væri séður.

En í þessu albúmi sem Ólafur bað þau að skoða voru ekki ljósmyndir af þessum þremur mönnum sem koma hér við við sögu, þeim Agli Bjartmannssyni, Margeiri Ágústssyni og Reyni Atlasyni þar sem þeir höfðu aldrei komist á skrá hjá lögreglunni. „Ég vil að þið skoðið þessar ljósmyndir gaumgæfilega og athugið hvort einhver af þessum mönnum hafi verið í bifreiðinni eða hvort þið þekkið einhvern þeirra, en ef svo vill til þá vil ég vita hversu náinn hann er ykkur eða hvar og hvernig þið kynntust viðkomandi.“ Þau könnuðust við þó nokkur andlit, flest af þeim í gegnum fjölmiðla en aldrei á förnum vegi eða haft önnur kynni af þeim.

„Þá vil ég biðja þig Páll, að lýsa þessum bílstjóra eins vel og þú mögulega getur og Bryndís mun teikna hann upp jafnharðan eftir þinni lýsingu inn í tölvuna og breyta myndinni síðan ef þess þarf með eftir beiðni þinni.“ Eftir að Páll hafði lýst manningnum eftir bestu getu og litið svo í lokin á myndina, sá hann að breytinga þurfti við svo viðkomandi líktist þeim manni sem minni hans sagði til um. Þegar Bryndís hafði lokið við myndina eins og minni Páls sagði til um þakkaði heimilisfólkið fyrir aðstoðina og stóð upp frá borði eftir að Bryndís hafði sett tölvuna og prentarann í töskurnar.

Birta og Kári fylgdu þeim síðan til dyra, þá sagði Ólafur: „Við munum leggja okkur öll fram um að hafa uppi á ódæðismönnum svo fljótt sem mögulegt er og ef eitthvað meira rifjast upp hjá ykkur um þetta mál, hversu lítið sem það er, þá látið okkur strax vita, því það gæti skipt sköpum. Það er nú þegar orðið ljóst í mínum huga að það er einhver sem vill ykkur feig, hver sem ástæðan er. Þið þyrftuð í raun lögregluvakt allan sólarhringinn, vegna manneklu er það ekki mögulegt en ég mun sjá til þess að lögreglubifreið mun renna hingað daglega ykkur til öryggis og vera hér á vakt svo lengi sem mögulegt er.“ Birta og Kári kvöddu þau með handabandi við útidyrnar og veifaðu til hinna sem biðu á hlaðinu, þar sem þeir höfðu nýlokið við sínar rannsóknir á vettvangi.

Þegar Ólafur kom til þeirra þá sagði hann við Valtýr: „Þú kemur með okkur því við þurfum að koma við hjá Gunnari Illugasyni, bónda í Hlíðatúni sem er hérna skammt frá.“ Litlu síðar ók rannsóknarliðið til Reykjavíkur. Daginn eftir kom þetta í öllum fréttamiðlun landsins og víðast hvar um heim, þar á meðal í Bandaríkjunum. Erla, blaðamaður hjá Kveldúlfi var fyrst með viðarmikla frétt af slysinu og sagði frá með hvaða hætti Kári nánast fórnaði lífi sínu til að bjarga Birtu frá drukknun með óvenju miklu hugrekki. Erla sagði einnig frá ýmsum upplýsingum sem hún hafði aflað um þau bæði og myndirnar sem hún tók af vettvangi fylgdu einnig með.

33. KAFLI

Klukkan var langt gengin í tíu morguninn eftir þegar Ólafur vettvangsstjóri hafði setið á skrifstofu sinn frá klukkan átta og nýlokið við að yfirfara ákveðin skjöl sem lágu fyrir hjá honum. Hann hallaði sér aftur í stólnum og teygði úr sér. Skömmu síðar hringdi hann, fyrst í Bryndísi og síðan í Valtý, þau er hvort með sína skrifstofu. Hann sagði þeim að koma inn á skrifstofu sína strax. Síðan hringdi hann í Brynju Hallgrímsdóttur, ritara sinn og sagði: „Taktu saman allar skýrslur um Birtumálið og ljósritaðu þær í nú eintökum og dreifðu þeim til allra í rannsóknardeildinni og skilaðu því í leiðinni að þeir eiga að vera búnir að lesa þessar skýrslur fyrir fundinn á venjulegum tíma eftir tvo daga. Og segðu þeim í leiðinni frá mér að þau verði að klára að gera skýrsluna um morðtilraunina sem gerð var á Birtu í gær. Svo vil ég að þú segir Reyni Torfasyni tölvufræðingi að sækja í gagnabankann okkar allar skýrslur um dauðaslys Maríu Aradóttur og Tryggva Jónssonar, foreldra Birtu Tryggvadóttir. Hugsanlega var slysið morð. Og finna allar upplýsingar sem til eru um fyrrnefndu Birtu og Kára, mág hennar og einnig allar upplýsingar um vinnuhjúin á Fögrubrekku, Pál Finnbogason og Sigrúnu Eylífsdóttur. Hann á einnig að leita að öllum upplýsingum sem til eru um Arngrím Hannesson Rauðalæk 98c, Bolla Friðgeirsson Álfheimsvegi 201, Jökul Ársælsson Grettisgötu 130 og Fannar Grétarsson Meistaravöllum 88d. Hann er meintur glæpaforingi Skuggabaldurs en við höfum aldrei getað sannað það á hann eða sýnt fram á óheiðarleika hans með nokkrum hætti sem varðar lögbrot síðustu árin. Að síðustu vil ég fá allar upplýsingar um Sigurbór Vilhjálmsson, eiganda veitingastaðarins Rauðaglimmer. Allar þessar skýrslur í nú eintökum eiga að vera tilbúnar í möppu ásamt Birtumálinu fyrir kvöldið í kvöld.

Litlu síðar voru Bryndís og Valtýr mætt inn á skrifstofu hjá Ólafi. „Fáið ykkur sæti á meðan ég lík við að tala við Brynju.“ Skömmu síðar lagði hann símtólið niður og sagði: „Ég er með verkefni handa ykkur. Eins og þið vitið þá fengum við ekki miklar upplýsingar hjá Gunnari Illugasyni, bónda á Hlíðatúni í gær um Bjarnleif Kristleifsson sem var ráðsmaður hjá honum, aðrar en þær að hann hafi verið vinnusamur, elskur að hestum og sérlega góður tamningamaður. Að sögn Gunnars reið hann nánast daglega inn

að dalbotni og síðan út dalinn og oftast nær reið hann til baka frá Dalsmynni, þá venjulega beinustu leið heim. Aðspurður kvaðst Gunnar ekki vita betur en að Bjarnleifur væri heiðalegur maður, allavega hefur hann reynst honum þannig. Hann fékk frí frá störfum í viku og á að mæta í vinnu eftir tvo daga. Ég var að komast að því að Bjarnleifur er systursonur Sigurþórs, eiganda veitingahússins Rauðaglimmer og það athyglisverða er að meintir foringjar glæpagengjanna þriggja mæta æði oft á þetta veitingahús á sama tíma og það ýtir undir grun hjá mér um að Sigurþór gæti með einhverjum hætti verið bendlaður við þessa þrjá fyrrnefndu menn. Þess vegna vil ég yfirheyra Bjarnleif sem vitni. Þið eigið að ná í Bjarnleif, koma með hann á stöðina og fara með hann í yfirheyrsluherbergi nr. 3. Þið getið byrjað að fara heim til hans.“

„Hvar á hann heima?“ spurði Bryndís „Má ég nú sjá,“ sagði Ólafur við sjálfan sig, „hérna er ég með það, heimilisfangið er Lindarhvamur 154. En ef hann er ekki þar, þá er hugsanlegt að Sigurþór Vilhjálmsson eigandi Rauðaglimmer viti eitthvað um hann, þið skulið spyrja eftir Sigurþóri. Og foreldrar hans eru Lóló Vilhjálmisdóttir og Kristleifur Bergsteinsson, en hann er látinn. Lóló á heima á Laugavegi 280.“

Skömmu síðar síðar óku þau tvö beinustu leið að Lindarhvammi 154. Þau stigu út úr bifreiðinni og Valtýr hringdi dyrabjöllunni, en enginn svaraði. Hann hringdi aftur og beið litla stund og hringdi síðan nokkrar hringingar til viðbótar en enginn svaraði. Þá athugaði Valtýr hvort hurðin væri ólæst, sem hún var. Bryndís kallaði inn um dyragættina þrisvar sinnum: „Er einhver heima?“ Enginn svaraði. Þá sagði Bryndís: „Við skulum ganga inn og nota tækifærið og athuga hvað við sjáum hér inn.“ „Við höfum enga heimildi til þess,“ sagði Valtýr. „Hvað um það? Ábyrgðin er mín, þessi Bjarnleifur leggst ekki vel í mig.“ Með það sama gekk Bryndís inn fyrir dyrnar og lokaði á eftir sér þegar þau bæði voru komin inn og sagði um leið og hún setti á sig latexhanskana: „Við skiptum okkur og leitum lauslega í öllum hirslum.“ Valtýr leit hikandi með undrun á hana en setti treglega á sig hanskana. Eftir að þau höfðu leitað lauslega í eldhúsinu og í stofunni fór Bryndís inn í svefnherbergið en Valtýr leitaði í næsta herbergi við hliðina. Hann kláraði það fljótlega og gekk síðan að innsta herberginu á ganginum sem var bæði bókaherbergi og skrifstofa Bjarnleifs. Þegar hann gekk inn fyrir dyrnar brá honum mikið og fölnaði um leið. Hann steig fram á ganginn og kallaði: „Bryndís komdu, hann er hérna.“ Bryndís vissi um leið og hún gekk inn ganginn og sá framan í Valtý að þarna inni var eitthvað óhuggulegt og

var því undirbúin þegar hún leit inn í herbergið. Henni varð samt ómótt og greip fyrir varir sínar og sagði í hálfum hljóðum: „Guð minn góður, hvers vegna gerði hann þetta?“ Hún tók upp úr veskinu GSM-símanna sinn, hringdi niður á stöð og náði strax sambandi við Ólaf vettvangsstjóra.

Eftir að Bryndís og Valtýr gengu út frá Ólafi, hringdi hann í Europol og bað um Arnar Jensson, fulltrúa Íslands. Hann fékk samband við Arnar. Þeir þekktust frá gamalli tíð þegar þeir voru í menntaskóla saman og hafa oftlega síðan haft samband sín á milli vegna starfa sinna. Arnar þekkti Ólaf um leið og hann heyrði í honum og sagði því strax: „Hvað vatnar þig núna?“ „Ég þarf að fá upplýsingar um hvort búið sé að ráða dulkóðaða bréfið sem FBI upplýsti okkur um að hefði borist til Arngríms Hanssonar, Rauðalæk 98c í Reykjavík fyrir tæpum fjórum árum síðan.“ „Ég skal kanna það og sendi þér svar þeirra svo fljótt sem mér berst það.“ „Og ég þarf einnig að fá heimild hjá FBI til að senda mér skýrsluna um dauðaslysið sem varð á planinu fyrir framan Skautahöllina í Minneapolis í Bandaríkjunum þann 18. júní 2003, þegar bifreiðin var sprengd í loft upp og varð bifreiðastjóranum McCready að bana. Bifreiðastjórinn var ekill Friðriks Daðasonar, hann er fæddur og uppalinn sem Íslendingur en fluttist rúmlega tvítugur til Bandaríkjanna. Hann býr í Saint Paul í Minnesota. Þarna komu einnig við sögu frænka Friðriks, Birta Tryggvadóttir og mágur hennar, Kári Arnason frá Fögrubrekku í Tindadal í Húsvatnssýslu. Þau sluppu bæði naumlega frá bifreiðinni rétt áður en hún sprakk í loft upp.“ „Það er nú ekki svo létt að fá afhentar skýrslur um málefni sem FBI hefur komið nálægt,“ sagði Arnar. „En málið liggur þannig fyrir hjá okkur: Það var gerð tilraun til að myrða framangreindu Birtu Tryggvadóttur í gærdeg og önnur tvö mál sem voru talin dauðaslys og tengjast henni allvel liggur nú fyrir að hafi ekki verið slys. Eins og málin hafa þróast nú er ekki óhugsandi að þessi tvö slys hafi verið morð. Svo var framið eitt morðið enn nótt, sá myrta heitir Bjarnleifur Kristleifsson og hann er frændi Sigurþórs Vilhjálmssonar, veitingamanns hér í Reykjavík og sá maður er í vináttusambandi við fyrrgreindan Arngrím Hansson sem fékk þetta dulkóðaða bréf sem FBI gaf okkur upplýsingar um og það bendir líklega til þess að allt sé þetta tengt með einhverjum hætti. Birtumálið svokallaða gæti þess vegna vel hugsanlega tengst morðinu á McCready þegar bifreiðin var sprengd í loft upp, á þann hátt að það gæti vel hugsast að það hafi átt að fyrirfara Birtu, en ekki frænda hennar Friðriki Daðasyni, eins og málið leiddi til við

rannsókn þess. Þess vegna verðum við hjá rannsóknarlögreglunni að fá allar upplýsingar um McCready-málið til að geta sannreynt það eða útilokað frá Birtumálinu. Ég skal senda þér nú þegar allar þessar upplýsingar um Birtumálið í þeirri von að það verði til þess að við hjá rannsóknarlögreglunni fáum þessar upplýsingar upp gefnar hjá FBI.“ „Ókei, sendu mér þessar upplýsingar, svo skal ég sjá hvað ég get gert í þessu máli.“

Það liðu tæpir tveir tímar þangað til hann fékk svar við þessari tilteknu beiðni. Hún var á þessa leið: Það er engin leið að ráða efni bréfsins en við komumst fljótt að því, að þó bréfið virðist vera dulskrifað með sama kóða, er ekki svo því bréfið er dulskrifað með tveimur kóðum. Ólafi þótti súrt að þeir hafi ekki getað leyst þessa tvo kóða með allri sinni tækni.

Eftir að Ólafur hafði lesið þær skýrslur sem hann hafði þegar undir höndum, margoft og ítarlega, fóru að vakna hjá honum ýmsar spurningar. Þá fyrst ákvað hann að hafa samband við Bárð Gústafsson, yfirrannsóknarlögregluþjón. Þegar Ólafur hafði lokið við að gefa honum skýrslu um viðkomandi upplýsingar var ákveðið að Bárður kæmi á fundinn sem yrði boðaður í fyrramálið. Í rannsóknardeildinni sem Ólafur vettvangsstjóri sér um eru tæknifræðingarnir Hulda Baldursdóttir og Hallgrímur Pétursson, réttarlíffræðingurinn Ágústa Hjartardóttir, fingrafarasérfræðingurinn Hrafn Hjartarson, tölvufræðingurinn Reynir Torfason, ljósmyndarinn Brynjar Valtýsson og rannsóknarlögreglumennirnir Bryndís Örlygsdóttir og Valtýr Ásmundsson. Það eru átta starfsmenn innan rannsóknarlögreglunnar undir stjórn Ólafs vettvangsstjóra.

Ólafur var nýbúinn að ljúka samtalinu við Bárð þegar síminn hringdi aftur á skrifstofu hans, Bryndís var í símanum, hún var róleg og skýrmælt þegar hún sagði: „Við erum búin að finna Bjarnleif en hann er ekki í því ásigkomulagi að hann geti komið með okkur.“ „Viltu gjöra svo vel að vera beinskeyttari,“ sagði Ólafur. „Það bendir allt til þess að Bjarnleifur hafi framið sjálfsmorð, skotið sig með Smith og Wesson 9 mm, fjórtán skota með hljóðdeyfi í hægra gagnaugað. Hann situr við skrifborðið með skammbyssuna í hægri hendi sem liggur á hægra læri hans og höfuðið snýr örlítið til vinstri.“ „Þið hafið að sjálfsögðu ekki farið inn í herbergið?“ „Nei, það gerðum við ekki.“ „Hvernig komust þið inn í húsið?“ Valtýr hringdi dyrabjöllunni nokkrum sinnum og það svaraði enginn, þá tók ég í hurðarhúinn og hurðin opnaðist og ég tók þá ákvörðun að við færum inn og

athuguðum málið, eftir að ég hafði kallað upp hvort einhver væri heima, en enginn svaraði. Greinilega var það rétt ákvörðun hjá mér.“ „Já, í þetta sinnið en þú veist vel að þú hafðir ekki heimild til þess. Í þetta sinn sleppurðu við ákúrun og til að hafa þetta allt löglegt mun ég sjá til þess að heimildin verði sótt til dómsmálaráðherra. Ég vil að þið byrjið að leita gaumgæfilega í öllum herbergjunum, nema þessu eina herbergi, ég mun senda til ykkar rannsóknarteymið núna strax.“

Nokkru síðar, þegar Ólafur var komin á vettvang, stóðu blaðamenn frá fjölmiðlunum í Reykjavík og nágrenni fyrir utan gula borðann sem strengdur var fyrir framan húsið. Þegar hann gekk í gegnum hópinn dundu á honum spurningar, hann svaraði þeim og sagði: „Ég hef ekkert að segja eins og er, ekki fyrr en búið er að tilkynna viðkomandi ættingjum.“ Síðan lyfti hann borðanum nægileg upp til að hann kæmist undir hann.

Þegar hann var komin inn fyrir dyrnar sá hann að Bryndís og Valtýr voru að störfum í stofunni. Bryndís leit upp frá einni skúffunni sem hún var að leita í þegar hann hummaði og sagði við stofudyrnar: „Hvernig gengur?“ „Við erum að klára, þetta er síðasta herbergið sem við leitum í, við höfum ekki fundið neitt beint athugavert, nema þá helst tengslin við frænda hans, Sigurþór Vilhjálmsson veitingahúseiganda, sem við reyndar vissum fyrir. Bjarnleifur er með nokkrar fjölskyldumyndir, meðal annars þar sem hann er á myndum með foreldrum sínum og systur frá barnæsku, hún er greinilegra eitthvað eldri en bróðirinn. Það er einnig mynd af honum og skólafélögum hans þar sem hann útskrifaðist úr menntaskólanum og einnig mynd af honum ásamt bekkjabræðrum hans við útskrift úr Hvanneyraskóla sem tamningamaður. Þarna er einnig ein mynd sem tekin hefur verið af þeim saman, Bjarnleifi og Sigurþóri frænda hans, sem á Rauðaglimmer, þeir eru á þessari mynd brosandi og kampakátir þar sem Bjarnleifur situr á blesóttum verðlaunahesti með bikar í hendi.“ „Þá má trúlega reikna með að það sé einhvers konar vinátta þeirra á milli, ég tala við ykkur á eftir.“

Síðan leit hann inn í herbergið frá ganginum þar sem líkið sat enn óhreift í stólnum við skrifborðið, eins og Bryndís hafði lýst. Allt rannsóknarliðið hans var þar að fullum störfum. Hulda og Hallgrímur tæknifræðingar voru að taka saman verkþækin, meðal annars stigplötur af gólfinu sem hafði verið raðað þar niður til að spilla ekki vettvangi og

dragljósið sem er beint nánast samsíða gólfpletinum til að lýsa upp ósýnileg skóför. Þegar þau hafa komið í ljós eru skóförin mæld og mynduð.

„Hafið þið komist að einhverri niðurstöðu um fráfall Bjarnleifs?“ spurði Ólafur. „Já, að svo komnu máli er augljóst að Bjarnleifur framdi sjálfsmorð, hann beindi byssunni að hægri gagnauganu, en snúið höfðinu, einhverra hluta vegna, örlítið til vinstri áður en hann skaut, en skotið hefur stöðvast einhverstaðar inni í höfðinu. Það er enga aðra áverka að sjá á líkinu og dánartíminn er á að giska um það bil fyrir 7-8 klukkutímum, en ég get ekki verið nákvæmari að svo komnu máli fyrir en ég hef lokið við að kryfja hann.“ „Hvers vegna telurðu það augljóst að Bjarnleifur hafi framið sjálfsmorð?“ Hún horfði hálf móðguð á Ólaf og sagði: „Ég sagði ‚Að svo komnu máli er það augljóst að hann hafi framið sjálfsmorð.‘ Ástæðan er að andlit hans er mjög friðsælt, eins og enginn hafi truflað hann og það sem styrkir sjálfsmorðið enn betur eru púðurleifar sem fundust á hægri hendi hans, þar sem hann heldur á Smith og Wesson 9 mm skammbyssu með hljóðdeyfi. En það er eftir sem áður mjög sjaldgæft að menn fremji sjálfsmorð og noti hljóðdeyfi á byssuna, svo ekki meira sagt. Það er það eina sem gæti bent til morðs, ásamt þessum ókunnun skóförum, sem Hulda og Hallgrímur hafa leitt í ljós við sína rannsókn. Ef púðurleifarnar hefðu ekki fundist á höndum hans og andlit líksins væri ekki svona friðsælt þá hefði ég líklega dregið þá ályktun, að svo komnu máli, að þarna væri um morð að ræða, en það sem ég hef í höndunum núna bendir til þess að mun líklegra er að um sjálfsmorð sé að ræða.“

„En hvað segið þið mér um þessi skóför, sem Ágústa er að tala um?“ og leit á Huldu. „Þau eru greinilega eftir karlmann og eru nýleg og skera sig úr frá hinum. Þau liggja frá herbergisdyrnum að stólnum og beinustu leið út úr herberginu aftur. En þar sem Bjarnleifur hefur púðurleifar á byssuhendinni og útidyrnar voru ólæstar, þá eru líkurnar nokkuð sterkar fyrir því hann hafi framið sjálfsmorð. Þá bendir allt til þess að gesturinn, sem á þessi skóför, hafi greinilega verið boðið inn sem kunningja eða vini, þar sem andlit líksins er svo friðsælt, hann virðist hafa verið mjög sáttur við að ljúka lífi sínu með þessum hætti. Þess vegna drögum við þá ályktun að þessi skóför hafi komið til áður en hann gekk frá sér,“ svaraði Hulda. „Hrafn, hvernig gengur með fingraförin?“ „Ég er búinn að finna töluvert af mismunandi fingraförum og á eftir að leita betur.“

Ólafur gekk inn í herbergið og settist niður á hægindastólinn sem var staðsettur skammt frá honum, þarna sat hann góða stund, hugsandi með vinstri olnbogann á armi stólsins og þumalfingurinn undir hökunni, með krepptan fingur yfir varirnar. Síðan sagði hann skyndilega: „Það er óþefur af öllu þessu máli, ég vil að þið leitið gaumgæfilega á öllum veggjunum fjórum að kúlnagati eftir Smith og Wesson 9 mm skammbyssu, ég sit hér á meðan þið leitið.“

Bryndís og Valtýr, sem höfðu lokið leitinni og komu litlu áður inn um dyrnar og höfðu í þögninni fylgst með Ólafi brjóta heilan um eitthvað varðandi vettvanginn. Þau sem þarna voru inn horfðu öll furðulostin á Ólaf. „En hvers vegna?“ spurði Valtýr, „er það ekki augljóst að Bjarnleifur hafi framið sjálfsmorð? Þegar púðrið úr skammbyssunni er á hendi hans, vegna þess hann skaut sig og þetta friðsæla andlit segir í raun allt?“ „Það er ekki alltaf eins og það sýnist vera við fyrstu rannsókn,“ sagði þá Hulda tæknifræðingur. Hún vissi strax hvað hann átti við og skammaðist sín hálf í hvoru fyrir að hafa ekki fullvissað sig um það einnig, þó að þetta mál hafi virtist svo augljóst. En hún afsakaði sig með sjálfri sér að það væri eitthvað sem Ólafur hefði sterkan grun um sem gæti beint málinu í þess átt, eða allar þessar furðulegu hugdettur hans sem reyndust svo alltaf vera réttar. Hún setti þeim öllum fyrir hvar hver skyldi leita. Skömmu síðar dró Hulda stólinn með líkinu frá skrifborðinu og skreið undir borðið og tók inniskóna frá veggnum, sem höfðu verið staðsettir þar, af einhverri ástæðu. Þá sá hún gat á gólflistanum og kannski náði þetta gat einnig inn í trévegginn. „Hér er gat sem gæti verið eftir byssukúlu, réttið mér græjuna sem notuð er til að plokka kúluna út, ef hún er þá þarna, og réttið mér einnig vasaljósið.“ Hallgrímur tæknifræðingur rétti henni sérstakt klemmujárn til þess arna og vasaljósið sem hann kveikti á. Hún tók við þessu tvennu og lagði vasaljósið á gólfið á ská við gatið. Hún renndi þessu mjóa klemmujárni inn í holuna og fann strax fyrir einhverju hörðu. Litlu síðar dró hún kúluna út, skoðaði hana og sagði: „Þetta er kúla úr Smith og Wesson 9 mm skammbyssu, sjálfsagt úr þessari sömu byssu. Þá hefur Bjarnleifur verið myrtur. Morðinginn hefur greinilega komið Bjarnleifi gjörsamlega á óvart þegar gesturinn skaut hann og síðan sett skammbyssuna í hendi hans og skotið aftur úr henni í gólflistann, þannig fékk Bjarnleifur púðrið í höndina.“ „Já, nú vitum við það,“ sagði Ólafur um leið og hann stóð upp og bætti síðan við um leið og hann leit til Bryndísar og Valtýs: „Ég vil að þið gangið í húsin hér í nærheitum og spyrjið hvort einhver hafi séð mann fara inn í

Þetta hús á milli klukkan fimm og sjö í morgun og spyrja einnig hvort einhver hafi farið frá húsinu eitthvað seinna. Ég ætla að hafa samband við séra Þorgeir Hallsson, hann er sóknaprestinn í þessu hverfi, ég hringi í hann eftir að ég hef talað við móður Bjarnleifs. En aðrar ákvarðanir tökum við á fundinum klukkan tíu í fyrramálið.“

34. KAFLI

Ólafur vettvangsstjóri var kominn óvenju snemma á skrifstofuna daginn eftir, hann hafði setið á skrifstofunni kvöldið áður fram að miðnætti og lesið allar skýrslurnar um Birtumálið sem ritari hans hafði tekið saman. Klukkan sjö þennan morgun sat hann góða stund fyrir frama tölvuna, djúpt hugsandi áður en hann drægi saman skýrslu um allt Birtumálið. Hann var einnig að velta vöngum yfir því hvort það væri hugsanlegur möguleiki á að það mál gæti tengst með einhverum hætti morðinu á þeim frændum Bjarnleyfi Kristleifssyni og Sigurþóri Vilhjálmsyni og einnig hvort það væri hugsanlegt að dulkóðaða bréfið sem Arngrímur Hansson á Rauðalæk 98c fékk sent frá Russel Cambell, mafíuforingja í Washingtonborg, tengdist einnig Birtumálinu, því taldi hann að þessi mál þyrfti að ræða á fundinum klukkan tíu í dag.

Þegar Ólafur hafði ákveðið í stórum dráttum hvernig hann ætlaði að hafa skýrsluna kveikti hann á tölvunni og sá þá að hann hafi fengið póst. Ólafur opnaði póstinn og sá að þetta bréf hafði verið sent í gærkvöldi því það var stílað þann daginn. Og þennan póst var ekki búið að senda til hans áður en hann fór af skrifstofunni í gærkvöldi. Bréfið var undirskrifað af Birtu Tryggvadóttur og Kára Arnarsyni og byrjaði á þessa leið:

Við undirrituð, Birta Tryggvadóttir, sem ritar niður þetta bréf og Kári Arnarson, frá Fögrubrekku í Tindadal, Vestur Húnavatnssýslu, viljum bæta við skýrsluna sem tekin var af okkur vegna Birtumálsins sem Ólafur Halldórsson rannsóknarlögreglumaður tók af okkur og Bryndís Örlygsdóttir rannsóknarlögreglumaður ritaði síðan niður.

Þannig er mál með vexti að ég hringdi, skömmu eftir að þið framangreindu voruð farin, í Friðrik Daðason sem býr við 150. stræti, nr. 270 í Saint Paul í Minneapolis Bandaríkjunum. Ég skrifa þetta bréf vegna þess og í samráði með Kára til þín því nú er víska komin fyrir því, eftir þetta samtal við Friðrik frænda minn, að þegar bifreiðin sem sprakk í loft upp í Skautahöllinni í Minneapolis í Minnesota í Bandaríkjunum, sem við undirrituð vorum að stíga inn í en rétt sluppum frá því að vera myrt, ásamt bifreiðastjóranum. Þó við getum ekki sannað það fyllilega, þá er það okkar mat að Friðrik Daðason hafi ekki verið fórnalambið, eins og við munum sína fram á hér í þessu bréfi.

Þegar ég, Birta, spurði Friðrik frænda hvort hann hefði orðið fyrir árás með einhverjum hætti, fyrir eða eftir að bifreið hans hafði verið sprengd í loft upp þennan ákveðna dag þegar við Kári ætluðum að setjast inn í bílinn, sem leiddi til þess að McCready bílstjóri lést. Friðrik frændi kvaðst ekki hafa orðið fyrir slíkri árás með neinum hætti, hvorki fyrir eða síðar, eftir þennan hryllilega atburð, og aldrei orðið var við með nokkrum hætti að einhverjum væri svo illa við sig að hann vilji myrða sig.

Að okkar mati er það vafasöm tilviljun, að við undirrituð vorum þarna til staðar í eina skiptið sem reynt var að myrða Friðrik Daðason, samkvæmt niðurstöðu dómstóla og eftir því sem við vitum best, á þeim forsendum að þessir ákveðnu morðingjar játuðu á sig morðið á McCready og játuðu á sig fyrir rétti að þeir höfðu ætlað að myrða Friðrik Daðason og bentu á hann fyrir réttinum, samkvæmt því sem Friðrik frændi minn sagði mér í símanum. Að okkar mati er það einkennileg tilviljun að þeir skuli endilega láta reyna á það einmitt þegar við vorum í bifreiðinni, en aldrei gert neina tilraun til þess síðar eða þar til nú, þegar þetta bréf er ritað. Ég spurði Friðrik einnig að því hvort hann kannaðist við þessa tvo framangreindu morðingja. Friðrik frændi sagði mér að hann kannaðist ekkert við þessa framangreindu morðingja og kvaðst aldrei hafa séð þessa menn fyrr, þegar hann var kallaður fyrir sem vitni til FBI manna og þeir sýndu honum myndir af þessum tveimur morðingjum.

Eftir því sem Friðrik frændi sagði mér þá hafði varðstjóri rannsóknarlögreglunnar sagt honum að þeir hefðu játaði á sig fyrrgreint morð, en einhver dularfullur maður, sem þeir kváðust ekkert vita hver væri, hafi haft samband við þá í almennings síma og beðið þá um að vinna verk gegn góðri greiðslu, helminginn fyrir fram og restina þegar verkinu væri lokið og Friðrik dauður. Friðrik frændi kvaðst hafa verið undrandi á að þessi dularfulli maður skuli hafa beðið svona lengi með að gera tilraun til að myrða hann. Fyrst þessi dularfulli maður hataði hann svona mikið, hvers vegna reyndi hann það ekki fyrr og hvers vegna hefur hann ekki reynt það síðar? Og við spyrjum þess sama þar sem þessi dularfulli maður er enn frjáls.

Ef þessi tilgáta okkar undirrituðu er rétt, að það hafi átt að myrða mig ásamt Kára í þessari framangreindu bifreið sem var sprengd í loft upp, sem við teljum nánast víst, vegna einhvers verðmætis, sem með einhverum hætti á eftir að komast í mínar hendur, en ég hef ekki minnsta grun um hvað er. Þá fer það ekki á milli mála að viðkomandi aðili, eða aðilar sem hafa áhuga að losna við mig af þessu jarðríki, þurfa þá örugglega einnig að losna við Kára með sama hætti, eins og gert var við Maríu Þorkelsdóttur og

Tryggva Jónsson foreldra mína og Axel Arnarson eiginmann minn, vegna þess að Kári erfir mig eftir dauða minn. Þá fer það heldur ekki á milli mála að svo nefnt Birtumál tengist Bandaríkjunum með einhverjum hætti. Þá ætti þetta bréf að vera einhvers konar skýrsla sem gæti í það minnsta verið ykkur til hliðsjónar í þessu framangreinda Birtumáli.

Virðingafyllst,

Birta Tryggvadóttir

Kári Arnarson

35. KAFLI

Klukkan tíu þennan sama morgun var allt rannsóknarliðið ásamt Ólafi vettvangsstjóra rannsóknarlögreglunnar á fundinum, litlu síðar mætti Björgvini Halldórsson yfirlögregluþjónn rannsóknarlögreglunnar í fundarsalinn. Þá setti Ólafur fundinn með þessum orðum: „Þessi fundur er settur, en hann verður nokkuð óvenjulegur að því leiti að Björgvin Halldórsson er viðstaddur, ástæðan fyrir því að ég taldi það nauðsynlegt er vegna þess sem kom upp í fyrradag þegar gerð var meint tilraun til að myrða Birtu Tryggvadóttur til heimilis að Fögrubrekku í Tindadal í Húnavatnssýslu. Á þeim forsendum talaði ég við Björgvin um hvað ég teldi líklegt og hann var sammála mér um að það væri fyllilega ástæða til að kanna á þessum fundi hvort við gætum komist að þeirri niðurstöðu, að ástæða væri til að taka allt Birtumálið upp á ný, miðað við þær forsendur sem við höfum undir höndum. Ef svo verður mun Björgvin yfirlögregluþjónn senda skýrslurnar til saksóknara til umfjöllunar. Þess vegna er Björgvin staddur á þessum fundi núna. En áður en það mál verður tekið fyrir, könnum við fyrst hina meintu framangreindu morðtilraun á Birtu Tryggvadóttur, síðan morðin á Bjarnleifi Kristleifssyni og Sigurþóri Vilhjálmssyni, sem gætu hugsanlega tengst Birtumálinu.“

Ólafur hélt áfram: „Ástæða til þess að mig grunar að morðtilraunin á Birtu gæti hugsanlega tengst morðunum á Bjarnleifi og Sigurþóri er sú að ég trú ekki á tilviljanir, þess vegna er það í mínum huga meira en grunsamlegt að báðir frændurnir skuli vera myrtir og það á nánast á sama tíma og ekki síður vegna þess að það er sólarhringnum áður en tilraun var gerð til að drekkja Birtu Tryggvadóttur frá Fögrubrekku. Og fyrir tveimur árum réði Bjarnleifur sig sem tamningamann hjá Gunnari Illugasyni, bónda á Hlíðatúni í Tindadal í Húnavatnssýslu, sem er sunnan við ána og tveimur jörðum vestar við Fögrubrekku sem er norðan við ána, og að sögn Gunnars Illugasonar bónda, sem ég hafði viðtal við strax eftir viðtalið við Kára Arnarsona frá Fögrubrekku vegna morðtilraunar á Birtu Tryggvadóttur frá Fögrubrekku, þá gaf hann Bjarnleifi góða söguna sem tamningamanni. En þegar ég spurði Gunnar hvort hann hafði tekið eftir því eða heyrt eitthvað um það hvort Bjarnleifur fylgdist óvenju mikið með ábúendum á Fögrubrekku

kvaðst hann fatta það fyrst nú að sennilega hafi Bjarnleifur ekki sótt á Hólavanginn eingöngu vegna þess að staðurinn og Tvístallafoss væri fagur, eins og ég og fleiri í dalnum hafa haldið. Það gæti hugsanlega hafa verið af einhverri annarri ástæðu. Bjarnleifur spurði mig nokkrum sinn um Fögrubrekku og ábúendur þar, en hann blandaði alltaf Tvístallafossi og Hólavangi inn í það samtali. Hólavangur er að sunnanverðu við ána og byrjar austanvert við brúna og nær að dalbotninum. Mér finnst ástæða til að kanna hver ástæðan er fyrir því að Bjarnleifur hætti skyndilega að starfa í Reykjavík sem tamningamaður og réði sig sem tamningamann eftir auglýsingu sem Gunnar Illugason frá Hlíðatúni í Tindadal í Húnavatnssýslu sendi í blöðin. Þetta kom eigendum hrossanna sem Bjarnleifur hafði tekið að sér að temja í opna skjöldu. En hann gat fengið sig lausan strax frá því starfi ef hann fengi annan góðan tamningamann í sinn stað, sem honum tókst, vegna þess að vinur hans Hannes Ólafsson hafði möguleika á að taka þessi hross að sér til tamninga. Þessar upplýsingar fékk ég hjá Hannesi eftir að hafa talað við móður Bjarnleifs, það var hún sem vísaði mér á Hannes. Hann sagði mér einnig að hann hefði varað Bjarnleif við að taka þessa skyndiákvörðun því þá gæti hann missti þá miklu virðingu sem hann væri búinn að vinna sér inn gegnum tíðina. Og óaðspurður sagði Hannes að viðbrögð Bjarnleifs hefðu verið á annan hátt en hann átti von á frá hans hendi. Og eftir að hann var farinn þá hafi hann velt vöngum yfir því síðan hvers vegna Bjarnleifur tók þessa áhættu því þetta var svo ólíkt eðli hans, að svíkja vinnuveitanda sinn. Þá spurði ég Hannes hvort Bjarnleifur vær áhrifagjarn. Hann sagði ekki vera því hann hafi alltaf verið frekar stífur á sínum meiningum. Þess vegna, að hans sögn, kom þessi ákvörðun hans gjörsamlega á óvart.

Eins og framan greinir fór ég fyrst til Sigurlaugar Vilhjálmsdóttur, móður Bjarnleifs sem býr við Þverbrekku 110 í Kópavogi en dóttir hennar, Þóra Kristleifsdóttir, sem er alsystir Bjarnleifs var einnig þarna stödd. Þær báðar báru Bjarnleifi sérlega vel söguna eins og kannski mátti búast við. Þess vegna verðum við að ræða við alla vini og vandamenn Bjarnleifs og einnig vini og vandamenn Sigurþórs. Ef það er rétt að það sé ólíkt eðli Bjarnleifs að taka þessa ákvörðun, þá er mjög líklegt að einhver sem er honum nákominn hafi með einhverjum hætti getað haft þessi sterku áhrif á hann svo að hann breytti á annan hátt en hann var vanur. Þá mun ég telja að Sigurþór sé mjög líklegur til að þrýsta á hann til að taka að sér þetta verkefni. Og ekki síður vegna þess að hann var einnig myrtur. Þá

er hugsanlegt að ástæðan fyrir því Sigurþór hafi þrýst á Bjarnleif að taka að sér þetta verkefni hafi verið að njósna um atferli fjölskyldurnar á Fögrubrekku og sé einnig mjög trúlega skipun frá sömu aðilum sem ég tel líklegt að sé á bak við öll þessi morð. Samkvæmt því varð að myrða Bjarnleif og Sigurþór til að þagga niður í þeim. Þannig er mögulegt að tengja þessi tvö morð við Birtumálið. Þetta verðum við að skoða gaumgæfilega.

Það sem þær sögðu mér einnig aðspurðar um Bjarnleif var að hann væri með hreint sakavottorð, sem Reynir Torfason rafeinda- og tölvufræðingurinn okkar er þegar búinn að staðfesta. En vegna þess að það lagðist strax í mig, eftir þessi tvö morð, að það væri bein tenging við Birtumálinu. Síðan sagði ég við þær áður en ég hélt áfram að spyrja: „Fyrirgefið mér ég verð að spyrja ykkur um átakalegrar spurningar, hún er á þessa leið, hvort það gæti verið hugsanlegt að Sigurþór bróðir hennar hafi með ráðnum hug beðið Bjarnleif að ráða sig hjá Gunnari í Hlíðatúni til að hann tæki að sér það ákveðna verkefni, að fylgjast með ábúendum á Fögrubrekku, án þess að Bjarnleifur gerði sér grein fyrir afleiðingunum, en varð til þess að þessi meinta morðtilraun, sem gerð var í fyrradag við Birtu Tryggvadóttur frá Fögrubrekku í Tindadal var gerð?“ Við þessari spurningu sá ég að hún fölnaði upp og þá brustu allar gáttir hjá Sigurlaugu og hún gat ekki stöðvað grátinn í góða stund. En dóttirin var bæði reið og hneyksluð og hristi höfuðið með hryllingi og sagði: „Guð minn góður, ertu að blanda bróður mínum og frænda í þann óhugnað? Það kemur ekki til greina, þó að Sigurþór frændi minn sé ekki allur þar sem hann er séður, þá mun hann síst af öllu koma nálægt slíkum óhugnaði eða leiða bróður minn á glapstigi. Því móðir mín sagði mér að Sigurþór hefði lofaði móður minni eftir lát föður míns að blanda Bjarnleifi aldrei í nein verkefni sem varða við lög og hann hefur alltaf staðið við það og reynst Bjarnleifi sérlega vel, eftir því sem ég best veit, þó hann hafi haft lítil sem engin afskipti af mér, því hann hefur sennilega fundið að ég kærði mig ekkert um að hann blandaði sér í mín mál.“ Þá leit ég til Sigurlaugar þar sem hún sat þarna í sófanum við hlið dóttur sinnar, grátbólgin, fól og niðurlút. Ég spurði hana hvort hún væri sammála því sem dóttir hennar hafði sagt. Þá leit hún upp og svaraði því til með ekkaprunginni röddu, að allt sem Þóra hafði sagt væri rétt með farið, en mig grunar að hún viti meira en hún gefur upp. Þá spurði ég hana hvernig maður Bjarnleifur væri í raun og veru. Hún kvað hann alltaf hafa verið heiðarlegan, friðsaman og stilltan í skapi en lítið

eitt sérsinni.“ Aðspurð sagði Sigurlaug að hún „ætlaði að selja veitingahúsið sem fyrst og ég hef beðið Hlyn Elíasson, fyrrverandi þjón Bjarnleifs að reka veitingahúsið á meðan fyrst bróðir minn gat treyst honum, þegar Sigurþór tók sér sumarfrí þá treysti ég Hlyni til að reka fyrirtækið fyrir mig þennan tíma sem það tekur að selja veitingahúsið.“ Þá spurði ég Sigurlaugu hvort Bjarnleifur hafi ekki átt einhvern vin eða kunningja, hún svaraði því til að vinur hans hétí Hannes Örnólfsson og hann væri mjög trúlega á þessum tíma, eins og venjulega að hirða um hestana sem hann hafði tekið að sér að temja hjá hestamannafélaginu Neista. Að lokum spurði ég þær hvenær þær hefðu séð Bjarnleif síðast. Dóttirin svaraði strax: „Það er kannski hálfur mánuður síðan,“ en móðir hennar svarað því að hann hefði komið kvöldið áður og stoppað stutta stund og farið síðan. Þá spurði ég hana hvort hann hafi verið eitthvað miður sín þegar hann kom, hún var niðurlát þegar hún hristi höfuðið og hrygg á svipinn. Ég hafði það sterklega á tilfinningunni að hún hefði sagt mér ósatt. Þess vegna vil ég að hún verði sótt til yfirheyrslu eftir einhverja daga.

Ég ók beinustu leið frá mæðgunum að hestamannafélaginu Neista og hitti þar Hannes Örnólfsson þar sem hann var í einni stíunni að moka frá hestunum. Þá byrjað hann að sýna mér hestanna sem hann tók að sér að temja í greiðaskini fyrir Bjarnleif eftir að ég hafði spurt hann um þá. Síðan talaði hann um vin sinn sem heiðarlegan, traustan og góðan dreng. Síðan hafði ég samband við þrjá kunningja hans sem Hannes benti mér á og voru að vinna þarna skammt frá og þeir gáfu Hannesi einnig vel söguna. Aðspurðir voru þeir einnig undrandi yfir framkomu Bjarnleifs, að segja upp samningi við vinnuveitanda sinn svona skyndilega, „því það er ekki venja hjá okkur að gera slíkt, því það hefur slæm áhrif á hvern þann tamningamann sem gerir slíkt.“ Með þessar upplýsingar kvaddi ég.

Allar þessar upplýsingar er vert að kanna gaumgæfulega, hvort þær blandist meintu og mislukkuðu morði á Birtu Tryggvadóttur með einhverjum hætti, ásamt því þegar við athugum á þessum fundi hvort ástæða sé til að taka allt Birtumálið upp á ný.“

Næst mál á dagskrá, áður en Birtumálið var tekið fyrir í heild sinni, var mál á Bjarnleifs Kristleifssonar og Sigurþórs Vilhjálmssonar. Eftir nokkrar umræður um það mál lá ljóst fyrir að það sást til Reynis Atlasonar, Túngötu 156 í Reykjavík koma út úr húsinu við Hjarðarhaga 105 klukkan hálf sex um morguninn þar sem hinn myrti, Bjarnleifur

Kristleifsson fannst og var húseigandi. Reynir var sá eini sem var talinn líklegur til að hafa myrt Bjarnleif. Að því loknu var tekið fyrir mál hins myrta, Sigurþórs Vilhjálmssonar, eiganda veitingahússins Rauðaglimmer og sá sem er grunaður að því máli er fyrrgreindur Reynir, á þeim forsendum að morðið á Sigurþóri var framkvæmt á sama hátt og morðið á Bjarnleifi.

Eftir nokkrar umræður um það mál kom meðal annars fram að það væri hugsanlegur möguleiki að þessi tvö mál tengdust, Birtumálið og morðin á Bjarnleifi og Sigurþóri. Þá töldu fundarmenn að hugsanlega hafi Sigurþór einhverja hluta vegna blandað Bjarnleifi inn í Birtumálið, kannski án þess að hann vissi um afleiðingarnar, samkvæmt þeim upplýsingum sem þeir höfðum um Bjarnleif.

Samfara því kom upp sú spurning hvort það væri ekki kynleg tilviljun, að fyrrgreindur Reynir Atlason, sem liggur sterklega undir grun um að hafa myrt Bjarnleif og Sigurþór, hafi einnig verið viðstaddur þegar Axel Arnarson frá Fögrubrekku fórst í mótorhjólalýsinu í brekkunni til móts við Fagrafoss í Tindadal. Þá kom upp spurningin um að ef Reynir hafði framið þann glæp, með hvaða hætti gerði hann það? Það mál var auðleyst, með því að nota píluriffil.

Á þessum forsendum taldi rannsóknaliðið ekki ólíklegt að hann gæti einnig verið blandaður inn í þetta dauðaslys Axels, með einhverjum hætti, sem talið var að hefði farist í mótorhjólalýsi fyrir tæpum tveimur árum síðan. En samkvæmt skýrslu frá fyrrgreindum Reyni kvaðst hann aðspurður af rannsóknarlögreglunni hafa verið á laxveiðum við Fagrafoss á þessum sama tíma þegar viðkomandi maður á mótorhjólunni kom á fleygiferð niður brekkuna þegar dekkið skyndilega sprakk, Reynir hafði orðað slysið með þessum hætti: „Aumingja maðurinn flaug í grjóturðina og var látinn þegar ég kom að honum.“

Og í framhaldi af þessum líklegu getgátum, að þeirra mati, kom sterklega til greina sú hugmynd að foreldrar Birtu Tryggvadóttur, sem talin var hafa farist í dauðaslysi þegar bifreið þeirra valt fram af bjargi fyrir austan Höfn í Hornafirði, hefðu verið myrt að yfirlögðu ráði, sem áframhald að framangreindum tilgátum fundarmanna. Þá kom upp spurning hjá Ólafi vettvangsstjóra: „Við verðum þá að geta okkur til með raunhæfum hætti hvernig það hafi verið framkvæmt.“ Þá sagði Hrafn Hjartason tæknifræðingur: „Ég

lærði fyrst vélvirkjun áður en ég fór í tæknifræðina. Það er auðvelt að framkvæma þetta, það þarf einungis að útbúa glussapumpu með nægilega löngum stimpli og stimpillinn er festur undir bílinn milli fram- og afturhjólans og tengist rafmótor undir mælaborðinu.“

Þá var dreginn sú ályktun að ef þessar tilgátur væru réttar þá samsvöruðu þær þeirri vissu sem Kári og Birta hafa alla tíð haldið fram að einhverjir, einhverra hluta vegna, vildu þessa fjölskyldu feiga. Samkvæmt framagreindum tilgátum þá bættist í huga fundarmanna ein tilgáta til viðbótar. Það væri mjög líklegt að þegar Birta og Kári voru gestir hjá Friðriki Daðasyni, frænda Birtu, í Saint Paul í Bandaríkjunum, og stödd úti á bílastæði fyrir framan Skautahöllina og voru að setjast inn í bifreiðina rétt áður en McCready, bifreiðastjóri Friðriks Daðasonar, var að setja bifreiðina í gang, og Kára tókst með ólíkindum að bjarga sér og Birtu frá dauða þegar bifreiðin sprakk í loft upp við gangsetningu hennar að tilgangur morðingjanna með því að sprengja bifreiðina í loft upp hefði verið að myrða Birtu og Kára, en ekki eins og dómur féll um að það hefði átt að myrða Friðrik. Eftir þessum tilögum ákváðu fundarmenn að vinna eftir, þar sem annað var ekki til boða, alla vega að svo komnu máli.

Út af þessum þremur málum var ákveðið að Reynir Atlason yrði sóttur strax eftir fundinn sem grunaðan morðingja Bjarnleifs og Sigurþórs frænda hans og að hann yrði samhliða því yfirheyrður sem grunaður morðingi Axels Arnasonar og það yrði ekki síður ítarleg yfirheyrsla, og einnig yrðu þeir framantöldu Arngrímur Hansson, Bolli Friðgeirsson, Jökull Ársælsson og Torfi Finnbogason kallaðir til yfirheyrslu. Ólafur bað Bryndísi og Valtý að fara strax eftir fundinn og taka skýrslu af Agli Traustasyni, sem var þjónn á veitingahúsinu Rauðaglimmer, og rekur staðinn til bráðabirgða. Það var einnig ákveðið á fundinum að leifa Sigurlaugu að jafna sig í nokkra daga áður en haft yrði samband við hana aftur. Að lokum var samþykkt að fara með umsókn til Hallbjarnar Ágústssonar saksóknara um endurupptöku á Birtumálinu.

Að loknu þessu yfirliti sínu sagði Ólafur vettvangsstjóri: „Ég vil fara yfir eitt bréf sem ég fékk í morgun í tölvupósti, sem þið hafið nú þegar fyrir framan ykkur, ásamt yfirlit yfir stóra Birtumálið, bréfið er undirskriftuð af Birtu Tryggvadóttur og Kára Arnarsyni, frá Fögrubrekku.“

Samkvæmt innihaldi bréfsins gera bréfitarar grein fyrir sínum getgátum um það morð sem var framið fyrir þremur árum fyrir framan Skautahöllina í Minnesota í Minneapolis í Bandaríkjunum og þau sluppu naumlega frá og er þvert á niðurstöður FBI. Ef tilgáta bréfitara er rétt, þá er það hugsanlegt að dulmálsbréfið, sem Arngrímur Hansson, til heimilis að Rauðalæk 98c fékk frá Russel Cambell mafíuforingja, tengist stóra Birtumálinu. Þá má ætla að Bolli Friðgeirsson, til heimilis við Álfhólsveg 201 í Kópavogi og Jökull Ársælsson, til heimilis við Grettisgötu 185 í Reykjavík tengist þessu, en þeir eru báðir eigendur að Litla bifreiðaverkstæðinu við Grænuhlíð í Kópavogi. Og þá kemur einnig til greina að sú ályktun mín að Torfi Finnbogason, meintur foringi Næturgalans, sé ekki síður blandaður inn í málið. Forsendurnar fyrir hugsanlegum möguleika í þessa átt eru hversu grunsamlegt ég tel það vera, að eftir að Arngrímur tók við dulmálsbréfinu frá sendimanni Cambells ók hann beint heim, þá má kannski ætla að hann hafi verið að ráða dulmálið og farið síðan með ráðninguna á bréfinu til Bolla og Jökuls eftir skamma viðdvöl heima við.

Hann ók beinustu leið að Litla bifreiðaverkstæðinu í Kópavogi og hafði þar nokkra dvöl og skildi bifreið sína eftir á verkstæðinu, hver sem ástæðan var, eða er það kannski hugsanlegt að hann hafi gefi Bolla, sem er annar eigandinn og ráðandi, einhverjar skipanir samkvæmt ráðningunni á dulmálsbréfinu? Þá er hann hugsanlega aðalskipuleggjandi að þessu máli á Íslandi.

Ef þessi ályktun er rétt, þá tengist hún Birtumálinu vegna dulmálsbréfsins, en samkvæmt því þá kemur þessi skipun frá mafíuforingjanum Russel Cambell, sem var skólalbroðir og vinur Arngríms í Háskólanum Washington í Bandaríkjunum, það hef ég frá Arnari Jenssyni, fulltrúa Íslands hjá Eurupol.

Eftir skamma dvöl þar ók Jökull Arngrími heim. En síðan ók Jökull bifreið sinni beinustu leið að verkstæðinu aftur og eftir skamma stund ók Jökull þaðan beinustu leið til heimilis Torfa Finnbogasonar, meints foringja Næturgalans. Hann dvaldi þar þó nokkra stund og ók þaðan á verkstæði aftur. Þessar upplýsingar eru komnar frá sendimanni Russel mafíuforingja, samkvæmt upplýsingum frá FBI.

Ég tel þessar framangreindu tilgátur púslast merkilega vel saman og þar sem við höfum ekki úr miklu að móða í sambandi við stóra Birtumálið, þá legg ég fram þá tillögu að við

könnum hér á þessum fundi hvort það sé ekki athugandi að hefja rannsóknina frá þessum sjónarhóli til að byrja með og sjá til hvert hún stefnir. Ef það reynist rétt, þegar til kastanna kemur, að dulmálsbréfið blandast Birtumálinu, þá fer það ekki á milli mála að þarna mun vera um mikið verðmæti að ræða, sem Birta og Kári eiga von á, en vita ekkert um, að þeirra sögn.“ Síðan las hann bréfið frá Birtu og Kára upphátt.

36. KAFLI

Rauðmálaða húsið í Reykjavík, sem er á horninu á Pósthússtræti og Austurstræti er pósthús í dag. En fyrir mörgum árum síðan, þegar eldra fólk í dag var á unga aldri og höfðu gaman af lífinu þegar allt gekk í lindi, var þetta hús aðal lögreglustöð Reykjavíkurborgar. Í kjallaranum á þessu húsi voru einangrunarklefar fyrir óspektarmenn sem grunaðir voru fyrir einhver afbrot og ýmsa glæpi. En þó að lögreglustöðin hafi verið flutt í mun stærra, þægilegra og betra hús á horninu á Hverfisgötu og Rauðarárstíg eru því miður enn í dag notaðir einangrunarklefar sem ekki eru samkvæmt stöðlum. Í einum þessum gluggalaus kjallara undir rauða pósthúsinu situr grunaður fangi um manndráp sem ekki hefur játað á sig þau morð sem rannsóknarlögreglan ásakar hann um. Þetta er fyrrgreindur Reynir Atlason sem er nýkominn í klefann eftir margra klukkutíma yfirheyrslu. Hann þróaðist við allan tímann að játa á sig þessi framangreindu tvö morð, þó hann vissi að það væri þýðingarlaust til lengdar þar sem sönnunarbyrðin var augljós gegn honum. En ástæðan fyrir því að hann vildi ekki játa á sig morðin strax var sú að hann vildi fá tíma í ró og næði til að hugsa hvað hann ætti að segja og hve mikið. Hann vissi að sjálfsögðu að hann fengi hlé frá yfirheyrslunni með kvöldinu og fram til morguns og þann tíma ætlaði hann að nota til hlítar.

37. KAFLI

Það er fimmtudagur, þremur dögum eftir að fjórmeningarnir voru sóttir til yfirheyrslu á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Þennan morgun höfðu fjölmiðlar birt tilkynningu frá rannsóknarlögreglunni um að halda ætti blaðamannafund klukkan þrjú þennan sama dag í fundarsalnum á fyrstu hæð á lögreglustöðunni við Hverfisgötu. Allir helstu fjölmiðlamenn landsins voru mættir í fundarsalinn. Litlu síðar mættu Bárður Pálmason yfirlögregluþjónn og Ólafur Halldórsson vettvangsstjóri ásamt Bryndísi Örlygsdóttur rannsóknarlögreglumanni og Valtý Ásmundssyni rannsóknarlögreglumanni.

Bárður Pálmason setti fundinn með þessum orðum: „Ólafur vettvangsstjóri hjá rannsóknardeildinni hefur ákveðið í samráði við mig að halda þennan fund í dag til að gefa ykkur þær upplýsingar sem við höfum nú þegar um Birtumálið og morðin á Bjarnleifi Kristleifssyni og frænda hans Sigurþóri Vilhjálmsyni, eiganda veitingahússins Rauðaglimmer. Hér með gef ég Ólafi Halldórssyni vettvangsstjóra orðið.“

Ólafur gaf yfirlýsingu um málið í stórum dráttum og meðal annars sagði hann frá því að Reynir hefði viðurkennt fyrst í gærkvöldi, eftir tveggja daga yfirheyrslu, að hann hefði einnig myrt Axel Arnason frá Fögrubrekku fyrir tveimur árum síðan. Síðan gaf hann blaðamönnum orðið.

Það voru ýmsar spurningar sem dundu á Ólafi. Sigtryggur Óskarson, blaðamaður hjá Fréttablaðinu spurði: „Hvernig fór Reynir að því að dylja morðið svo vel fyrir ykkur að þið gáfuð út yfirlýsingu fyrir tveimur árum síðan um að þetta hafi verið slys? Og hvers vegna viðurkenndi Reynir þetta morð, fyrst hann hafði sloppið frá þessu svona lengi?“ „Það gerist oftlega við yfirheyrslur að þegar afbrotamenn eru byrjaðir að játað á sig eitthvert brot, þá opnast gáttin hjá þeim og þá segja þeir frá fleiri brotum sem þeir hafa framið. En í þessu tilfalli gerði hann það ekki fyrr en tveimur dögum síðar, en okkur var farið að gruna hann um að hafa myrt Axel Arnason frá Fögrubrekku og hann játaði loksins á sig morðið eftir stífa yfirheyrslu, en það tók þessa tvo daga. Í sambandi við fyrri spurninguna þá notaði Reynir píluriffil til að skjóta í framdekkið á mótörhjólí Axels Arnarsonar þegar hann ók niður brekkuna hjá Dimmuklettum á móts við Fagrafoss í

Tindadal. Það var ástæðan fyrir því að við drógum ranga ályktun.“ „Af hvaða ástæðum voru þessir menn myrtir?“ „Það er ekki ljóst, að svo stöddu.“

Sá næsti sem spurði var Atli Örnólfsson, blaðamaður hjá Morgunblaðinu: „Á hvaða forsendum voru fjórmenningarnir sóttir til yfirheyrslu, sem þið slepptuð í morgun? Voru þeir einnig grunaðir um að eiga þátt í þessum þremur morðum og er einhver grunaður um það hver það er sem gerði tilraun til að drekkja Birtu Tryggvadóttur?“ „Við sóttum fjórmenningana vegna gruns um að þeir tengdust með einum eða öðrum hætti Reyni Atlasyni en það kom ekkert fram hjá þeim sem benti til að svo væri, þess vegna slepptum við þeim. En það er enginn að svo stöddu grunaður við tilræðið við Birtu.“

Ólafur gaf það ekki upp að fjórmenningarnir voru enn í huga rannsóknarlögreglunnar grunaðir um að eiga stóran þátt í stóra Birtumálinu, en þeir gátu eftir sem áður ekki tengt þá við Reyni eða við önnur afbrot tengd Birtumálinu að svo stöddu.

Þá spurði Stella Kristleifsdóttir, blaðamaður hjá Kveldúlfi á Hvammstanga: „Hvernig er með dauðaslys foreldra Birtu Tryggvadóttur sem varð norðaustan við Höfn í Hornafirði,? Ætlið þið ekki að taka það mál upp aftur, á þeim forsendum að það mál gæti hugsanlega einnig verið morð, eins og mál Axels Arnarsonar, þar sem þið gáfuð fyrst út yfirlýsingu um að það hefði verið slys, en fyrst nú kemur í ljós að hann hafi verið myrtur? „Við höfum fengið leyfi hjá saksóknara til að taka það mál upp aftur.“ „Munuð þið telja að morðin á Bjarhleifi og frænda hans Sigurþóri tengist Birtumálinu?“ Ólafur hugsaði sig lítið eitt um áður en hann svaraði þessari spurningu en ákvað svo að gefa rétt svar: „Það verður kannað.“ „En hvaða ástæðu gaf Reynir fyrir því að vilja myrða þetta fólk?“ Ólafur svaraði þessari spurningu eftir skamma umhugsun með þessum hætti: „Hann gaf enga viðhlítandi skýringu á því. Nú svara ég ekki fleiri spurningum.“ Og með það var fundi slitið.

Stella Kristleifsdóttir, blaðamaður hjá Kveldúlfi á Hvammstanga er fædd og uppalin að Lundum í Tindadal í Húnavatnssýslu. Þegar hér er komið sögu þá býr hún að Hólum í Tindadal sem er næsti bær við Fögrubrekku og hún þekkir fjölskylduna á Fögrubrekku mjög vel. Það hafði verið mikill samgangur og góð vinátta á milli foreldra hennar og Arnars heitins bónda á Fögrubrekku á meðan hann lifði og sá venskapur hafði ekki slitnað eftir dauða hans því Birta og Stella eru góðar vinkonur.

Stella er þrjátíu og þriggja ára. Hún er 172 sm á hæð, nokkuð lagleg, dökkhærð, bláeygð, grannvaxinn og þokkafull. Hún giftist verkfræðingi þegar hún var tuttugu og þriggja ára. Þau keyptu þriggja herbergja íbúð ári síðar á Hvammstanga og tveimur árum síðar fæddi Stella stúlkubarn en hjónabandið entist aðeins í fjögur ár. Upp úr því slitnaði skyndilega eitt kvöldið þegar hún kom seint að kveldi heim, en degi fyrr en áætlað hafði verið þar sem hún hafði verið að kanna morðmál í Reykjavík og tók meðal annars viðtöl við nokkra aðila sem komu þar við sögu. Þegar heim var komið heyrði hún stunur ofan frá efri hæðinni, hún fylgdi hljóðunum að svefnherbergisgættinni og þar sá hún mann sinn í sjóðheitum ástaratlotum með einn fegurðardís sem hún þekkti lítið eitt til þar sem hún bjó á Hvammstanga. Stella var stjórf eitt augnablik, því henni varð svo mikið um, þar sem hún hafði þessi fáu hjónabandsár talið sér trú um að traust hans og ást til hennar væri fölskvalaus. Á meðan hún stóð þarna þetta augnablik velti hann sér ofan af ástmey sinni í ofboði og í nokkurs konar áfalli að sjá Stellu þarna í dyragættinni. Hann reisti sig snögglega upp en konu tetrið breiddi snöggt yfir sig sængina, skömmustulega og eldrjóð í framan. Þá sneri Stella sér eldsnöggt við, í sjokki, og með ekka og tárin í augunum hljóp hún niður stigann að útidyrhurðinni og skellti henni aftur með háum hvelli. Síðan hljóp hún beinustu leið að bílnum sínum, settist inn og startaði honum. Þegar hún bakkaði út innkeyrsluna vissi Stella að maður hennar hafði hlaupið nakin á eftir henni því að hún sá hann skyndilega standa í útidyrnunum og hrópa á eftir henni: „Hún er mér einskins virði, komdu inn og talaðu við mig!“ Um leið og síðasti ómurinn kom frá honum ók hún bifreiðinni af stað og síðan beinustu leið heim að Lundi í Tindadal. Nú sex árum síðar eru Stella og dóttir hennar, Lena Björg flutt í nýja litla einbýlishúsið sem hún lét byggja á eins hektara lóð á skemmtilegum stað sem hún fékk að velja af eignajörðinni sem foreldrar hennar gáfu henni.

Eins og áður er getið þá vinnur hún hjá fréttablaðinu Kveldúlfi sem er til húsa á Hvammstanga, þar hefur eigandi blaðsins, Magnús Ingunnarson ekki komist hjá því að sjá hversu ágæt Stella er sem blaðamaður. Enda var hún ekki búin að vinna lengi hjá honum þegar hann gaf henni nokkuð frjálsar hendur sem blaðamaður. Kveldúlfur er lítið fyrirtæki, þar eru fjórir starfsmenn ásamt Magnúsi.

Eins og áður er getið þá er góður vinskapur á milli Birtu og Stellu og þær hittast oftlega og njóta samverunnar, þess vegna fer ekki hjá því að Stella veit mun meira og nákvæmara

um Birtumálið en nokkur annar fjölmiðlamaður. Þar á meðal er hún ekki fráhverf því að það hafi verið ásetningur morðingjanna að myrða Birtu og Kára þegar bifreiðin var sprengd í loft upp í Saint Paul í Bandaríkjunum, á planinu við skautahöllina þó það mál hafi verið dæmt á annan hátt. Stella ætlaði að láta það máli liggja í loftinu á meðan hún vissi ekki betur. Og eftir þennan fund með rannsóknarlögreglunni í dag var hún nánast sannfærð um að morðin á Bjarnleifi og Sigurþóri tengdust Birtumálinu og hún var heldur ekki fráhverf því að þeir báðir ættu með einhverjum hætti þátt í morðtilrauninni á Birtu.

Þegar fundinum lauk fór Stella út af lögreglustöðinni og gekk að bifreið sinni sem hún hafði lagt fyrir framan lögreglustöðina. Hún settist inn í bifreiðina, startaði henni og ók síðan beinustu leið í Kópavog og austur Álfhólsveg og beygði til hægri inn Þverbrekku og átti stutt eftir að heimili Sigurlaugar þegar hún sá einbýlishúsið hennar og sá engan blaðamann við húsið, hún var ánægð með að svo væri. En þá hringdi síminn, hún ók bifreiðinni út í kant og stöðvaði bílinn, tók símann upp úr töskunni og rétt leit á hann til að vita hver hringdi og sá að þetta var fyrrum eiginmaður hennar, Kristleifur Björgúlfsson og þetta var þriðja hringingin á þessum stutta tíma sem hún var á blaðamannafundinum. Þá vissi hún að það hlaut eitthvað mikið vera að svo hún svaraði, þá sagði hann hvasst: „Hvers vegna hefur þú ekki svarað í símann síðustu þrjú korterin, Lena Björk var á hjólinu sínu á leiðinni heim úr skólanum rétt áður en hún kom í Tindadalinn, þá var ekið á hjólið hennar og hún fótbrotnaði er með opið fótbrot.“ Hjarta Stellu fór á fleygiferð og angistin greip hana. „Guð minn góður, ég var á fundi og var með læstan símann. Hvar eruð þið og hvernig líður Lenu Björk? „Hún hefur það ágætt eins og er því það er búið að deyfa hana og við erum í sjúkraflugvél á leið til Reykjavíkur og lendum á flugvellið eftir tuttugu mínútur, síðan verður okkur ekið á Landspítalann í Fossvogin.“ „Er Lena með meðvitund?“ „Já.“ „Leyfðu mér þá að tala við hana.“ Lena kom í símann grátklökk. „Mamma, það var keyrt á hjólið mitt rétt áður en ég ætlaði að beygja inn Tindadalinn og ég varð undir hjólinu þegar bílstjórinn ók yfir það, mamma veistu að ég er með opið fótbrot ,ég er svo hrædd, verður þú ekki á spítalanum þegar við pabbi komum þangað?“ „Nei, ég bíð eftir ykkur á flugvellið og tek á móti þér þar og ég fer í sjúkrabifreiðinni með ykkur upp á spítala.“ „Já, það vil ég,“ sagði hún hálf grátandi, en mikið ánægð.

Á meðan Stella talaði í símann kom hver fjölmiðlamaðurinn á eftir öðrum að húsi Sigurlaugar og eftir skamma stund opnaði Sigurlaug dyrnar talaði greinilega eitthvað við

hópin í örstutta stund og lokaði síðan á eftir sér og opnað ekki dyrnar eftir það á meðan hún var stödd í Þverbrekku. Hún ók beinustu leið upp á flugvöll og beið eftir flugvélinni.

Máltækið segir að ekkert sé svo illt að það boði ekki eitthvað gott. Svo má kannski segja um Stellu í þessu tilfalli, ef hún hefði komið eins og hún ætlaði að húsi Sigurlaugar á þessum tíma þá hefði hún ekki fengið viðtal við hana frekar en hinir blaðamennirnir og þá hugsanlega ekki reynt að koma aftur fyrir en eftir einhverja daga til að leyfa henni að jafna sig áður en hún reyndi aftur.

Eftir aðgerðina á Lenu Björk ók Stella dóttur sinni norður, heim að Lundi og stjánaði við hana fram að hádegi daginn eftir. Hún hafði eins og venjulega fylgst með fjölmiðlunum fram yfir klukkan tíu þennan morgun og var í sjálfu sér ekkert undrandi yfir því að hvergi var viðtal við Sigurlaugu. Hún var að sjálfsögðu ánægð með það þar sem það fór eins og hún hafði talið nánast víst í samræmi við það sem hún sá til fjölmiðlamanna þegar hún snéri við í Þverbrekkunni skammt frá húsi Sigurlaugar og ók út á flugvöll til að taka á móti dóttur sinni.

Stella hafði ákveðið á leiðinni heim að fara aftur suður upp úr hádeginu til Reykjavíkur og gera tilraun til að fá viðtal við Sigurlaugu ef hún væri ekki búin að missa af fréttinni. Stella hringdi rúmlega tíu í ritstjóra og eiganda fréttablaðsins Kveldúlfs og sagði við hann “Ég bað þig í gær dag um sjúkrafri í dag vegna dóttur minnar sem slasaðist í gær. En ég bætti því við að það gæti hugsanlega farið þannig að aðrir fréttamiðlar næðu ekki viðtali við Sigurlaugu og gaf þér skýringu á því. Og sagði þér jafnframt ef svo færi þá muni ég endurskoða sjúkrafrið og fá móður mína til að vera hjá dóttur minni á meðan ég færi suður til Reykjavíkur. Nú hefur engin birt frétt um viðtal við Sigurlaugu í morgun svo ég tek ekki þetta sjúkrafri. Ég ætla suður strax eftir hádegi til að kanna hvort Sigurlaug sé tilbúin til þess að ræða við mig í dag. Aðrir fjölmiðlamenn reyna trúlega aftur að ná tali af henni í dag svo ég ætla ekki að vera eftirbátur þeirra fyrst ég fékk þetta tækifæri aftur.“ „Já, sem betur fer þá kom þessi frétt ekki og ég tel nánast víst að hún komi ekki heldur í hádeginu svo það er kannski hugsanlegt að þú náir því að vera með viðtalið, komdu þér sem fyrst af stað,“ sagði Magnús með sinni dimmu röddu.

En einhverra hluta vegna fengu blaðamennirnir, sem komu þennan sama dag með strjálu millibili bæði á undan og eftir henni, ekki viðtal við Sigurlaugu.

Fimm tímum eftir að hún lagði af stað til Reykjavíkur lagði hún bifreið sinni fyrir utan heimili Sigurlaugar og drap á vélinni. Hún var heppin að því leyti til að það var enginn blaðamaður á staðnum þegar hún kom. Hún sat í bifreiðinni stutta stund og hugsaði hvernig hún ætti að byrja að tala við Sigurlaugu til að hún biði henni inn í íbúð sína og fengi viðtal við hana, þar sem hún bjóst jafnvel við að Sigurlaug gerði það ekki nema hún næði til hennar með einhverjum hætti.

Þá kom henni helst í hug í byrjun samtalsins að fara inn á tilfinningar hennar með þeim hætti að sýna henni strax þá samsvörun sem hún hafði með Sigurlaugu í þessu máli. Gekk síðan inn heimstíginn að einbýlishúsinu og hringdi bjöllunni, eftir skamma stund kom Sigurlaug til dyra.

Stella sá strax hvað hún bar það greinilega með sér hve missi hennar var mikil vegna dauða sonar hennar og kannski ekki síður vegna dauða bróður hennar, því hún var svo föl og tekin í andliti, hryggðin skein frá augum hennar og fölvinn dró úr fegurð þessarar fallegu konu. Og einnig var hún ekki eins tilhöfð eins og hún var dags daglega.

Stella kynnti sig og sýndi Sigurlaugu blaðamannaskírteinið sitt og sagði síðan: „Fyrirgefðu að ég skuli trufla þig á þessari sorgastundu og ég samhryggist þér innilega vegna þess að vinir mínir sem búa á næstu jörð við Lund, þar sem ég á heima, hafa lent í samskonar áföllum og þú. Þá á ég við þau Birtu Tryggvadóttur á Fögrubrekku í Tindadal í Húnavatnssýslu sem reynt var að myrða fyrir þremur sólarhringum, hún er mín besta vinkona, þar að auki var eiginmaður hennar, Axel Arnason myrtur fyrir tveimur árum síðan, eins og þú kannski veist og Kári Arnarson mágur hennar frá sama heimili missti bróður sinn þegar hann var myrtur. Þar sem ég ber miklar tilfinningar og vináttu til þeirra hef ég sérlega mikinn áhuga á að hjálpa til við að komast að því hvers vegna þessi morð voru framin, ásamt morðunum á syni þínum og bróður en það hefur að mínu viti ekki komið fram. Mér finnst það grunsamlegt að þessi morðhrina skuli ganga yfir þessa fjölskyldu sem eru miklir vinir mínir þar sem slíkt hefur ekki skeð í manna minnum í þessum dal. Og síðan gengur þetta sama yfir son þinn og bróður, þrem sólarhringum síðar, þegar morðtilraunin var gerð á Birtu. Það kæmi mér ekki á óvart að ef annað hvort málið leysist að hitt leysist einnig. Vegna þess að ég tel mjög líklegt að þessi mál tengist með einhverjum hætti. Ég er rannsóknarblaðamaður og ég hef mjög mikinn áhuga á að

hjálpað til við að leysa þessi mál og nota mína þekkingu til þess. Það er stæðan fyrir því að ég trufla þig í dag í sorg þinni og óska eftir viðtali við þig.“

Það var eins og það kviknaði örlítið meira líf í Sigurlaugu, vitandi það að þau tvö skuli eiga hliðstæðu í sorginni.“ „Gerðu svo vel og komdu inn og fáðu þér kaffisopa með mér.“ Hún bauð henni inn í eldhúsið. Þegar Stella hafði komið sér fyrir í einu horninu við gluggann sem snéri að vel snyrtum garðinum, spurð hún Sigurlaugu, um leið og hún tók upptökutækið upp úr veski sínu og lagði það á borðið: „Er ekki í lagi að ég taki upp samtal okkar?“ Sigurlaug hikað augnablik og sagði: „Jú, það er allt í lagi.“ Á meðan hún heldi upp á og kom með kökur á borðið malaði hún heilmikið um Bjarnleif, meðal annars um það sem áður hefur komið fram.

Síðan fór hún lítilllega að tala um unglingsárin hans. Hún sagði meðal annars: „Það kom fljótt í ljós áhugi hans á hestum, hann var fjórtán ára þegar við keyptum fyrsta hestinn handa honum og skömmu síðar gekk hann í hestamannafélagið Neista og þar kynntist hann vinum sínum. Ári síðar dó faðir hans, það var mikið áfall fyrir hann, eftir það varði hann öllum stundum sínum á hestbaki og reið út með félögum sínum þegar hann var laus úr skólanum. En hann stundaði skólann vel og var duglegur að læra. Bjarnleifur tók snemma þá ákvörðun að verða tamningamaður og þegar hann lauk menntaskólanum lét hann skrá sig í háskólann á Hvanneyri og lauk prófi þar með láði.

Nú greip Stella fram í fyrir Sigurlaugu og spurði: „Var sonur þinn ekki í fullu starfi þegar hann skyndilega fékk annan tamningamann til að taka við af sér til að fá sig lausan frá starfi, til að geta ráðið sig óvænt og skyndilega hjá Illuga Gunnarssyni, bónda á Hlíðatúni í Tindadal í Húnavatnsýsu?“ „Já, hann gerði það.“ Veistu hvers vegna sonur þinn hætti svona skyndilega í miðju kafi að temja þessa hesta sem hann hafði tekið að sér?“

Hún hugsaði sig um litla stund og sagði svo dauflega: „Bjarnleifur birtist skyndilega og óvænt í dyrunum, hann var fögur sem nár, faðmaði mig og þrýsti mér óvenju fast að sér, en sagði ekki orð, svo slepti hann mér, fór inn í eldhús, sat þar góða stund hljóður og hélt um höfuð sitt. Ég sótti kaffibolla handa honum, settist á móti honum og beið þar til hann vildi segja mér hvað væri að. Því ég vissi að eitthvað meira en lítið hafði komið fyrir sem hann var með einhverjum hætti innblandaður í. Eftir einhverja stund fékk hann

sér nokkra sopa áður en hann kom sér að því að segja mér hvað hafði komið fyrir. Hann byrjaði að segja mér að Sigurþór bróðir minn hafði þrýst svo á hann að ráða sig hjá þessum bónda, þó hann hafi ekki viljað það, en Sigurþór svarað að hann skuldaði manni mikið fé sem hann átti að greiða þremur dögum áður en bróður minn bað son minn um þennan greiða. Höfðu þrír menn mætt inn á skrifstofu hans í veitingahúsinu til að innheimta féð, þegar hann gat ekki greitt þessa upphæð þá gáfu þeir honum tvo kosti, annað hvort yrði hann illa limlestur, eftir að vera búnir að rústa öllu á skrifstofu hans eða hann mundi gera vini þeirra þann greiða að sjá til þess að hann fengi sérlega góðan og traustan tamningamann sem væri þögull sem gröfin, og gerði þér þann greiða að sækja um starfið sem Gunnar Illugason bóndi á Hlíðatúni í Tindadal í Húnavatnssýslu hafði auglýst. Þeir sögðu vin þeirra sjá til þess að fyrri starfsmaður umrædds bónda segði upp starfinu. „Vinur okkar veit að þú átt slíkan frænda, fáðu hann til að taka það verkefni að sér og sjáðu til þess að hann nái í þær upplýsingar sem vinur okkar óskar eftir um fjölskylduna á Fögrubrekku í Tindadal. Við munum koma þessum upplýsingum til þín sem þú átt að koma til skila til frænda þíns,“ sagði hann þá hafa sagt og var miður sín þegar hann sagði mér frá þessu, grúfði sig niður í handakrikann einhverja stund. Þá leit hann upp og bætti því við: „Ég var tilneyddur til að ráða mig hjá Gunnari og fylgjast með fólkinu á Fögrubrekku vegna þess að ef ég neitaði þessu þá hefðir þú verið limlest eins og þeir hótuðu að þeir mundu gera Sigurþóri.“ Svo sagði hann nær skelfingu lostinn: „Mamma, ég á mikla sök á þessari morðtilraun á Birtu.“ En það eina sem ég gat sagt við son minn var, „Þú verður að fara til lögreglunnar og segja þeim nákvæmlega frá hvernig allt þetta gekk fyrir sig.“ Hann lofaði mér því að fara strax morguninn eftir því hann treysti sér ekki til að fara sama dag, því hann væri of niðurbrotinn. Hann stoppaði hjá mér í eina klukkustund og fór síðan heim til sín. Þetta var í síðasta sinn sem ég sá son minn, sagði hún með tárin í augunum. En því ver og miður þá var ég svo sjokkeruð að ég gat ekki sagt lögreglunni, þegar hún kom hingað til að spyrja mig spjörum úr, frá því að sonur minn hafði óbeint þátt í þessari morðtilraun, sem hann gerð sér alls ekki grein fyrir að yrði slíkt ódæði. Þess vegna verð ég að gera þetta núna á eftir.“ „Já, það er það eina rétta sem þú ættir að gera,“ sagði Stella. „En veistu hvaða menn þetta voru sem hótuðu bróður þínum þessum barsmíðum og limlesningum?“ „Nei, en bróðir minn sagði honum að það væri best fyrir hann að vita það ekki, og Bjarnleifur trúði honum.“ „Ertu ekki

bíllaus?“ „Jú, ég hef aldrei tekið bílpróf.“ „Viltu að ég aki þér niður á lögreglustöð, því lögreglan mun örugglega aka þér til baka?“ „Já, ég þigg það með þökkum.“

38. KAFLI

Birta og Kári eru í Bandaríkjunum á leið í sumarbústað Ársæls sem hafði boðið þeim þangað fyrir nokkru. Þau eru í þyrlu og sitja bæði í sætunum fyrir aftan þyrluflugmanninn. Fyrstu 300 km flugu þau í norð-norðvestur þar til þau komu að fyrsta vatninu, af ótal mörgum, sem nefnist Mille Lacs-vatn, þá breytti flugmaðurinn örlítið um stefnu í norðvestur, eftir það flugu þau yfir óteljandi smá og stór vötn og komu að lokum að stærsta vatninu, sem er í raun tvö vötn. Þau aðgreinast til helminga frá austurbakkanum og þvert yfir vatnið af mjóum tanga sem nær nánast alla leið að vesturbakkanum, að undanskyldri mjórri ræmu sem tengir vötnin saman.

Syðra vatnið liggur í suður og norður og nefnist Lower Red-vatn en nyrsta vatnið sem nefnist Upper Red-vatn sveigir við tangann í norðaustur. Norðan við Red-vatn er skógi vaxið svæði allt að landamærum Kanada.

Um leið og þyrlan sveif yfir fyrra vatnið sagði flugmaðurinn: „Nú erum við alveg að vera komin og þið sjáið Skógarhlíð í fjarlægð, það er sumarbústaðinn þarna í rjóðrinu sem liggur skammt frá vatninu, það er eina húsið í margra kílómetra fjarlægð. Þau litu bæði þangað sem hann benti og urðu hrifinn af því sem þau sáu.

„Þetta virðist vera glæsilegt sumarhús á yndisfögrum stað,“ sagði Birta og ljómaði öll af spenningi. Svo ýtti hún við Kára með olnboganum og spurði: „Finnst þér þetta ekki æðislegur staður? „Jú, að sjálfsögðu finnst mér það og sérstaklega ef bátur er í þessu bátaskýli sem er þarna niður við vatnið, eins og frændi þinn sagði að væri.“ Síðan hallaði hann sér að henni og hvíslaði: „En ég hef samt sem áður illan bifur á veru okkar hér því mig grunar að eitthvað miður gott liggi á bak við þetta. Það er alveg rétt sagt frá hjá frænda þínum, það er átta tonna plast-sportbátur, hann nefndi bátinn Snarfara, það er víst íslenskt nafn eins og allt annað sem hann gaf nafn og tilheyrir Skógarhlíð.“

Þyrluflugmaðurinn fór í loftið jafnskjótt og Birta og Kári yfirgáfu þyrluna ásamt farangrinum sem fylgdi þeim, það voru fimm stórar töskur. Þau báru tvær töskur hvor inn í húsið. Séð frá þeim, á meðan þau þrömmuðu með þyngslin upp ávala hliðina, var sú hlið á sumarhúsinu sem sneri að vatninu á tveim hæðum, íbúðin var á efri hæðinni en geymsla sennilega undir allri neðri hæðinni. Það var breiður stigi upp á svalirnar sem náði eftir endurlöngu húsinu og beggja megin við gaflinn en bakvið húsið var efri hæðin á jarðhæð vegna hæðarmismunar á jarðveginum.

Á meðan Kári náði í þessa einu tösku sem þau skildu eftir við þyrlupallinn fór Birta í könnunarferð um húsið. Við norðurgaflinn er innangengt af svölunum beint inn í stofuna, hún er nokkuð breitt og nær þvert yfir húsið í suður og norður og vatnið er sunnanvert við húsið. Eldhúsið snýr að vatninu og er opið í vinkil við stofuna. Í miðju húsinu er gangur og eitt verulega stórt herbergi sem liggur við hliðina á eldhúsinu og snýr einnig að vatninu. Þar er fataskápur sem nær á milli veggja og tvíbreitt rúm. Norðanvert við ganginn á móti eldhúsinu er stórt og snyrtilegt salerni með góðu baðkari og sturtu við endann á því og þar við hliðina koma tvö ágæt svefnherbergi. Dyrnar að svefnherberginu sem er við austurgaflinn eru beint á móti stóra svefnherberginu það herbergi valdi hún fyrir sjálfa sig og fór með sínar þrjár töskur þar inn og þessa einu setti hún inn í herbergið sem var gengt sínu. Hún taldi víst að hann yrði sáttur við það, sem hann var að sjálfsögðu forspurður.

Þau voru búin að hafa það afar gott þessa tíu daga sem þau voru búinn að dveljast þarna og hver dagur hafði verið skemmtilegri en sá síðasti og í raun einstakur því Birta og Kári höfðu sjaldan eða aldrei upplifað aðra eins dýrðardaga. Það var engu líkara en þau tvö væru ein í heiminum í þessu yndislega umhverfi og engu líkara en frelsið væri ótakmarkað. Þennan morgunn sem aðra daga var sólríkur himininn heiðblár, veðrið kyrrt og vatnið spegilslétt en ekki er alltaf allt sem sýnist, það áttu þau því miður svo sannarlega eftir að fá að finna fyrir þennan yndislega sólríka morgun.

Birta vaknaði klukkan átta af værum svefni þennan afdrifaríkan morgun við ilmandi kaffilykt. Kári hafði vaknaði á undan henni eins og venjulega þessa daga sem liðnir voru síðan flogið var með þau í þyrlu út í óbyggðir að þessum sumarbústað sem frændi Birtu átti. Það var ekki mögulegt að komast að þess um stað með öðrum hætti.

Kári var nýbúinn að hella upp á könnuna og leggja bakkelsi á eldhúsbörðið þegar Birta vaknaði útsofin og teygði úr sér af vellíðan og ánægju. Hún lá litla stund undir sænginni og hugsaði hvað það væri yndislegt að vakna enn og aftur á þessum dýrðlega stað og finna geisla sólarinnar verma upp svefnherbergið í þessum þægilega stóra sumarbústað á þessum sérlega kyrrláta og fagra stað.

Kári og Birta höfðu svo sannarlega notið lífsins þarna í útiverunni í sól og blíðu og áttu enn hálfan mánuð eftir af sumarleyfinu sem þau höfðu ákveðið að taka. Sumarbústaðurinn er á tveimur hæðum vegna hallans sem er á landslaginu niður að Upper Red-vatni sem var umvafið skógivöxnu svæði og þéttum vafningsjurtum innan um. Það eru um fimmtíu kílómetrar að næstu mannabyggð og enginn vegur eða slóði að þessu svæði og varla nokkur leið að komast í gegnum hann án mikillar þrautseigju og erfiðleika.

Henni fannst þetta svo sannarlega kærkominn staður til að slaka á og njóta lífsins þó hitinn væri stundum óþægilega mikill. Þá notuðu þau vatnið til að kæla sig, annað hvort til að synda í eða sprella á einhvern hátt sér til gamans. Þau fóru einnig nokkuð oft út á vatnið á sportbátum og skiptust þá á að stjórna honum. Þegar báturinn náði þeim hraða að geta lyft sér upp að framan myndaðist þægilegt kul af golunni sem lék um andlit og líkama þeirra. Þau höfðu ýmislegt annað fyrir stafni sem ekki verður tíundað hér. En eftir skamma stund mundi ýmislegt gerast sem átti eftir að gjörbreyta lífsstíl þeirra.

Birta þakkaði frænda sínum nánast á hverjum morgni í huganum fyrir að bjóða þeim þetta sæluríki, sem þau vildu ekki þiggja í fyrstu þegar þau vissu að engin aðkoma væri að sumarbústaðnum nema með þyrlu, en hann lagði hart að þeim og lýsti fyrir þeim hvernig aðstæður væru þarna og ef eitthvað kæmi upp á þá hefðu þau GSM-símamann með sér sem væri það langdrægur að hægt væri að ná samband við hann úr sumarhúsinu alla leið til Minnesota og ef þau vildu láta sækja sig þá yrði ekkert mál að senda þyrluna eftir þeim.

Þegar Kári leit inn í herbergið hennar þennan morgun var hann í slopp og í sundskýlu innan undir. Þegar hann sá að hún var vöknuð sagði hann kíminn: „Á ég að koma með kaffið upp í rúm til þín eða ætlarðu að dröslast á fætur, vina?“ „Ég kem eftir augnablik.“ Hann fór fram í eldhús en Birta fór fram úr rúminu í Evuklæðum, þar sem hún svaf yfirleitt nakin og klæddi sig í baðfötin, fór í sloppinn utan yfir og fór síðan inn í eldhús,

þá snéri hann baki við henni og virtist horfa út um gluggann. En þegar hún settist við eldhúsborðið þar sem Kári beið eftir henni brá henni í brún þegar hún hversu annars hugar hann var og brúnaþungur, gjörbreyttur frá því hann hafði verið rétt áður og fannst það meira en lítið skrýtið, það gat ekki verið að ástæðulausu.

Hún horfði á hann kvíðin litla stund en ákvað að spyrja ekki og láta sem hún tæki ekki eftir í hvaða skapi hann væri heldur leyfa honum að segja sér hvað væri að þegar honum fannst henta. Hún sagði því: „Góðan dag Kári minn, ekki er þessi dagur síðri en allir þeir dagar sem við höfum verið hér.“ Hann leit til hennar og sagði þungur á brún: „Já, ef við fengjum nú frið til þess þá ættum við aldeilis að geta þeyst yfir spegilsléttan vatnsflötinn á Snarfara, það verður sjálfsagt ekkert af því.“ „Nú, hvers vegna? spurði hún undrandi, „höfum við ekki allan daginn til þess að vera frjáls eins og fuglinn fljúgandi?“

„Vildi að svo væri, ég fékk, rétt eftir að ég talaði við þig áðan, skyndilega tilfinningu um að við gætum átt von á verulega leiðinlegri og knýjandi heimsókn bráðlega.“ „Hver gæti það svo sem verið? Það veit enginn af okkur hér, nema frændi minn og þyrlustjórinn.“ Svo hikaði hún skyndilega. „Ekki nema eitthvað hafi komið fyrir frænda og hann ætli að senda eftir okkur þess vegna.“ Hann horfði á Birtu þunglega og sagði: „Tilfinningin mín er allt annars eðlis. Birta mín, ég vil ekkert ræða þetta frekar, við getum hvort sem er ekki komið í veg fyrir það, ef að þessu verður.“ Hún varð kvíðin og þau þögðu á meðan þau neyttu matar og fengu sér kaffi á eftir máltíðinni.

Það leið ekki á löngu þar til að þau heyrðu í þyrlu í fjarlægð. Skömmu síðar fór vélin að hökta. Þau horfðu hvort á annað. „Þyrlan er eitthvað biluð,“ sagði hún áhyggjufull. „Vonandi getur hún lent áður en eitthvert óhapp verður.“ Kári svaraði þessu engu þar sem hann hafði engar áhyggjur um afdrif farþeganna í þessari þyrlu, heldur kveið fyrir komu þeirra.

Skömmu síðar sáu þau þyrluna koma úr suðri og hökta þá í síðasta sinnið, litlu seinna lenti hún á þyrlupallinum. Þau fylgdust með þegar drepíð var á henni. Skömmu síðar hoppuðu fjórir karlmenn út úr þyrlunni. Þeir voru léttklæddir í ljósum bolum og ljósum hálf síðum buxum, þeir biðu greinilega eftir einhverjum. Litlu síðar birtist dökkhærð kona í leðurjakka og dökku pilsí í dyrum þyrlunnar. Hún stóð kyrr örlitla stund og leit yfir hópinn fyrir neðan sig áður en hún stökk niður á þyrlupallinn.

„Það er greinilegt að hún er flugstjóri þyrlunnar og sjáanlega fyrirliði þess hóps, miðað við það að félagar hennar biðu eftir henni,“ sagði Kári um leið og hann leit til Birtu. „Ég tel það næsta víst, en mér sýnist þessi leðurklædda manneskja vera kvenmaður.“ „Þú segir nokkuð, það gæti nú bara verið,“ svaraði Kári.

„Það skiptir engu máli, við hleypum þessu fólki ekki inn fyrr en að vel athuguðu máli,“ sagði Kári um leið og hann stóð upp. Hann opnaði smá gátt, hélt í hurðarhúnninn og hallaði sér að dyrakarminum og sagði: „Hafðu símann til taks og hringdu í frænda þinn ef ég gef merki.“ Hún svaraði þessu engu en teygði sig í GSM-símann sem lá á eldhúsborðinu og leitaði að símanúmeri frænda síns, þá þurfti hún aðeins að ýta á hringingu til að ná sambandi. Hún var verulega kvíðin yfir þessum viðbrögðum Kára og var því viss um að þetta fólk kom ekki góðum tilgangi. „Ætlar þetta helvíti aldrei að taka enda,“ sagði hún við Kára. „Það getur vel verið að þetta sé tóm þvæla hjá mér og að þetta séu bara ágætis manneskjur sem vantar einhvers konar aðstoð. En það er allur varinn góður, fyrst ég hef það svona sterklega á tilfinningunni að ekki sé allt með feldu með komu þessa fólks hingað að Skógarhlíð.“

Skömmu síðar gekk hópurinn upp tröppurnar, inn á svalirnar og stóð þar saman. Kári hafði fylgst vel með þeim frá því hann sá fyrst til þeirra og beitti sínum fránu augum til að reyna að lesa fólkið út á hreyfingum þeirra og göngulagi. Flugmaðurinn var greinilega fyrirliðinn hópsins og það var hún sem hafði orðið fyrir félagi sína.

Hún bauð strax kurteislega góðan daginn og kynnti sig og félagi sína. „Nafn mitt er María Teresa, þessi háí og þrekni sem er á bak við mig heitir Harry Hamilton, hann er loftskýtamaðurinn minn. Þessi sveri og stórskorni er Gallagher, en sá minnsti heitir Dreyton en þessi sem stendur fyrir aftan þá báða, og er aðeins minn en Gallagher heitir Bowen.“ Svo bjóst hún við að Kári mundi kynna sig og bjóða þeim inn eins og síðuðum mönnum er gjarnt. Hún beið svolitla stund en Kári horfði óþægilega stíft á þau og sagði ekki orð. Þá hélt hún áfram og sagði: „Ég varð að nauðlenda vélinni vegna gangtruflana, við vorum komin í stórhættu en þá vorum við svo heppin að ég sá þennan þyrlupall og okkur til happs gat ég lent þyrlunni áður en ég missti allt vald á henni.“

„Kári svaraði engu í fyrstu og horfði áfram stíft á þau. Og undraðist hvers vegna hún nefndi ekki skírnarnöfn þessara þriggja beljaka. Honum leyst ágætlega á Maríu Teresu,

hann taldi hana vera á milli þrítugs og fertugs, greinilega mjög ákveðin manneskja sem treysti á sjálfa sig og bar það svo greinilega með sér að vera skarpgreind og þar að auki geysifögur. Hann gat ekki ímyndað sér að þessi þokkafulla kona hefði einhverja glæpahneigð í sér, frekar en hái þrekni maðurinn sem var með þeim. Þess vegna skildi hann ekkert í hvaða samneyti þau ættu með þessum þremur svipljótu, seinlátu og stirðbusalegu beljökum sem hann taldi eiga uppruna sinn í einhverju skuggahverfi Bandríkjanna og taldi næsta víst að þeir hefðu oftlega komist undir lögregluhendur vegna ýmis konar ofbeldisverka og stigu greinilega ekki í vitið, þó að þeir virtust stilltir og þrúðir og jafnvel elskulegir, þar sem þeir stóðu þarna á pallinum skælbrosandi en brosin náðu ekki til augnanna.

Konan var dökkhærð, meðal há og grönn og nokkuð lagleg með sviphreint andlit og hún bar með sér greinilega stjórnunarhæfileika. En há maðurinn var þrekinn um herðar og niðurmjór hann hélt sér lítið eitt til hlés við hina eins og hógværum mönnum er títt. Þessi sálgreining hans á fyrirlíðanaum og hógværa mannum sem hann gerði í sjónhendingu var í þversögn við greiningu hans á ruddamönnunum þremur. Það var sérstaklega þessir þrír ruddamenni og þessi sterka tilfinning um óhugnað sem styrktu hann í þeirri trú að koma þeirra boðaði ekki gott.

Hann tók einnig efir eftir öðru sem styrkti trú hans á þessu fólki enn betur. Það myndaðist örlítið meiri bunga undir vinstri handarkrika hennar en þeim hægri, en það var svo lítil munur að það þurfti glöggan mann til að sjá það því brjóst hennar vor það vel þrýstin að þau duldu ótrúlega vel litlu skammbyssuna sem hann taldi vera þarna.

Hann fann greinilega að konan var að einhverju leiti að segja ósatt, þess vegna svaraði Kári: „Hér er ekkert verkstæði svo þið skulið bara hringja eftir viðgerðarfólki og svo getið þið beðið í þyrlunni þar til viðgerðarmenn koma ykkur til hjálpar.“

Svar hans kom Maríu Teresu gjörsamlega í opna skjöldu. Hún hafði síst búist við slíku og því síður grunaði hana að þessi hvössu, óþægilegu rannsóknaraugu sæju í gegnum vefinn sem hún hafði spunnið og að þessi piltungur grunaði þau þess vegna um græsku. Hún hafði farið af stað með þá viss að einfalt yrði að fá þau til að bjóða sér upp á kaffi. En hann var greinilega geysi glöggur mannþekkjari, eins og henni hafði verið sagt og þar að auki sérlega var um sig.

Það var reyndar búið að vara hana við þeim báðum og henni var hreinlega skipað að hafa með sér þessa þrjá menn, sem voru jötnar að burðum, til þess að taka þau með skyndiáhlaupi áður en þau áttaði sig á hvað væri um að vera. Hún hafði talið þessa viðvörun algerlega óþarfa, þar sem hún hafði engan áhuga á ofbeldi og vildi alltaf ná sínu fram með skynsemi og lagni þar sem það væri ávallt happasælast. Þar að auki treysti hún á þann áhrifamátt sem líkamsfegurð hennar og persónuleiki hafði ávallt á karlmenn, hún taldi víst að hún gæti vakið næga samúð hjá Kára til að hleypa þeim inn.

Hún hafði verðið mótfallin því að hafa þessa óverðugu tudda með sér í óþökk sinni þar sem hún hafði verið búinn að velja aðra þrjá betur siðaða menn. En yfirmaður hennar hafði sagt henni að pilturinn væri sérlega skæður þó ungur væri. Nú sá hún hversu góðar upplýsingar yfirmaður hennar hafði fengið um hann. Þá fyrst varð Teresa að viðurkenna fyrir sjálfri sér að hún gæti sennilega ekki snúið á piltinn. Svo hún yrði sennilega að nota ofbeldi gegn vilja sínum til að það gengi upp sem henni var ætlað að sjá um. En hún ákvað samt að reyna einu sinni enn mjúku leiðina og spurði: „Segðu mér eitt herra minn, þar sem við erum ekki vel kunnug hér, heitir þessi sumarbústaður Skógarhlíð? „Já, það mun rétt vera,“ svaraði hann stutt og snögg.

Eftir stutta og vandræðalega þögn sagði María: „Við erum ekki sérlega góð á taugum eftir þetta áfall og okkur þætti vænt um ef þið vilduð bjóða okkur upp á einum kaffibolla.“ Á meðan hún sagði þetta horfði hún inn um eldhúsgluggann og brosti sínu breiðasta til Birtu, því Teresa hafði séð hana strax við eldhúsbordið gegnum gluggann þegar hún kom upp á svalirnar. Hún brosti einnig elskulega framan í Kára. En það sem Kára fannst furðulegt var hvað bros hennar var hlýlegt og náði til augnanna. Hann hafði aldrei kynnst manneskju sem var svona andhverf sjálfri sér því hann var sannfærður um að koma þeirra boðaði ekkert nema vandræði ef hann hleypti þeim inn, þó þau kæmust kannski klakklaust framúr því, en hann ætlað engan séns að taka með það. Og svaraði þess vegna: „Það er ekkert kaffi til í þessu húsi.“

Birta heyrði og sá allt sem fram fór á milli þeir þarna úti. Hún var orðin sannfærð um að flugmaðurinn væri að segja satt og rétt frá þeirri lífshættu sem þau voru komin í þegar flugmaðurinn sá sér ekki annað fært en að nauðlenda á þyrlupallinum í Skógarhlíð.

„Nú er nóg komið,“ sagði Birta við sjálfa sig, sár og reið af skömm yfir þessari framkomu Kára. Því henni fannst ekkert sjálfsagðara en að bjóða þessu fólki inn í kaffi og leyfa þeim að jafna sig. Þess vegna skyldi hún ekkert í þessari framkomu Kára sem var venjulega svo greiðvikinn og mannglöggur. Henni fannst þetta svo óvenjulegt háttalag, að láta tilfinningar sínar hlaupa með sig í slíkar gönur. Hún reisti sig snarlega upp frá eldhúsbörðinu með símann í hendinni, en hún hafði ekki gengið nema örfá skref frá borðinu þegar Kári leit til hennar með þungum svip og með svo sterku augnaráði, sem hann hefur aldrei áður gert. Hún varð forviða og stoppaði en á sama augnabliki þeyttist hurðin upp og Kári skall í gólfið, beljakarnir þrír skelltu sér yfir hann og tveir þeirra lögðust ofan á hann og snéru honum við og undu upp á sinn hvorn handlegg hans.

Þá fyrst ýtti Birta á takkann á GSM-símanum, titrandi á taugum af hræðslu vegna Kára og um leið þreifandi ill. En hún náði ekki sambandi hvernig sem hún reyndi og taugar hennar spenntust enn meira upp við það. Þá heyrði hún að fyrirlíðinn sagði með hvössum rómi: „Það er tilgangslaust fyrir þig að reyna að hringja.“ Birta leit til hennar með spurnarsvip og titrandi af angist og reiði. Konan horfði á hana með undarlegum svip, ekki laus við vorkunn og sagði: „Við höfum ruglað símann ykkar með tækjum sem við erum með í þyrlunni.“

Einn beljakanna spennti hægri úlnliðinn á Kára inn á við svo hann gat lítið hreyft sig. Þá greip Birta með báðum höndum um höfuð sér og sagði með hálfgerðu angistarópi: „Ekki meiða hann!“ Þeir lyftu Kára á fætur og ýttu honum á undan sér innar í stofuna að sófagaflinum, en Gallagher beið við útidyrnar. Þegar Birta sá að hún gat ekki hringt lagði hún símann frá sér og færði sig örlítið til, greip utan um stóran kertastjaka, tók nokkur greið spor og lyfti um leið stjakanum upp fyrir höfuð sér og ætlaði að láta hann vaða í hausinn á Dreyton. Hún var viss um að þeir ætluðu að meiða hann.

En Hamilton, sem var skammt frá henni sá hvað hún ætlaði sér að gera og náði til hennar áður en henni tókst ætlunarverk sitt með því að grípa utan um úlnlið hennar og tók utan um stjakann með hægri hendi og sagði með sefjandi röddu: „Eigum við ekki að setja þennan stjaka á sinn stað?“ Fyrst vildi hún ekki láta hann af hendi en sagði með tárin í augum: „Hvers vegna látið þið villidýrin svona gagnvart Kára?“ „Vertu róleg, þeir hafa ekki leyfi til að meiða vin þinn.“ Á sama tíma hentu þeir Kára glottandi í sófann.

Um leið og hann skall á magann í sófann snéri Kári sér eldsnöggt við og lyfti samtímis fótleggjunum upp fyrir sig og beitti vogarafli þeir til að reisa sig skjótlega á fætur upp úr sófanum, alveg fjúkandi illur. Hann greip um jakkaboðunginn á Bowen og ýtti örlítið við honum en þetta gerðist svo snöggt að sá hinn sami hafði ekki tíma til annars en að spyrna á móti til að halda jafnvægi. Þá snéri Kári bakinu snarlega að honum og notaði mótcraft andstæðingsins til að kasta honum í einum vettvangi í gólfið við hliðina á sófaborðinu með harai goshi-júðóbragði. Þá snéri Kári vinstri hliðinni lítið eitt að hinum beljakanum og sá að hann hafði sett sig í stellingar og ætlaði að láta hægri hnefann vaða á vinstra gagnaugað hans.

Þetta sá Kári í einni sjónhendingu og notfærði sér það út í æsar. Hann snéri sér að honum eldsnöggt og steig lítið eitt til hliðar, beygði sig undir höggið og setti vinstri höndina fyrir og greip samtímis innanvert um hægri arm andstæðingsins. En þar sem Dreyton gaf allt í höggið varð þessi sveifla geysi kröftug og átti að svæfa Kára í einni svipan en það var einnig til þess að hann missti jafnvægið að nokkru leiti. Þess vegna lá hann svo vel fyrir uki goshi-bragðinu og Kári kastaði honum í einni snarhasti ofan á Bowen.

Þá hafði Gallagher, sá þyngsti og bolalegasti lagt af stað frá dyrunum í hendingskasti og hljóp að Kára og ætlaði að koma honum undir með þyngd sinn og hraða. Hann öskraði upp svo drundi í öllu og áður en hann vissi af notaði Kári þessa ferð hans sér til hjálpar. Um leið og Gallagher kom að honum greip Kári með báðum höndum um jakkakraga hans og snéri eldsnöggt baki í hann, beygði sig niður fyrir jafnvægispunktinn eins og hann gerði við hina tvo og kastaði honum á Ippon seoi nage-bragði. Vegna þess hvað ferðin á Gallagher var mikil og þyngd hans nokkur varð þetta heljarmikil og há sveifla og þar af leiðandi geysi mikið högg sem hinir tveir fengu þegar þetta naut lenti á ofan á félögum sínum, enda urðu þeir hálf vankaðir.

Kári setti sig ósjálfrátt í jafnvægisstillingu um leið og hann sagði með skipandi og hvassri röddu og augu hans gnístu enn þá af réttlátri reiði: „Þið hafið ekkert hér að gera og nú skuluð þið öllsömum hunskast héðan í burtu og það í hvellinum, drullusokkarnir ykkar,“ og leit síðan aftur fyrir sig og sagði við fyrirliðann: „Og sjáðu til þess að koma þessum fávítum, sem geta ekki einu sinni staðið í lappirnar hjálparlaust, í burt héðan því hér hafið þið ekkert að gera.“ Og bætti svo við hæðnislega: „Og ég ráðlegg þér að segja

af þér sem fyrirliða innan glæpagengis ykkar því þú hefur enga hæfileika til þess, þar sem þér datt ekki einu sinni í hug kynna þér betur aðstæður og andstæðinga til að vita við hverju þú ættir að búast, áður en þú tókst þetta verkefni að þér.“

Á meðan á slagsmálunum stóð starði Birta hugfangin og agndofa af undrun, með munninn hálfopin og gjörsamlega mállaus um stund, því hún hreinlega skildi ekki hvernig hann gat hreyft sig af slíkri leikni og snarræði og vitað nákvæmlega hvað hann ætlaði að gera í hvert sinnið og getað koma þeim svo gjörsamlega á óvart að þeir lágu kylliflatir fyrir honum, eins og hann væri með fis höndunum, þegar hann kastaði þessum vöðvastæltu beljökum og trylltu bolum, greinilega að yfirlögðu ráði, í eina kös. Þetta var með svo miklum ólíkindum og í hennar huga engu líkara en að þarna væri um leiksýningu að ræða. Í hennar augum var þetta einkennileg sjón, að sjá þessa mannlegu górilla í einni kös, að reyna að burðast við að rísa á fætur úr þessari þvögu og flækjast hver fyrir öðrum á meðan þeir voru að reyna að burðast við þessa einföldu athöfn, að komast á lappirnar, til að reyna að líkjast mönnum.

En það sem gerði þetta svona erfitt fyrir þá var að þeir eru að eðlisfari einstaklega seinfærir og stirðir í hreyfingum, einnig bláir, marðir og ringlaðir eftir þess meðferð sem Kári hafði veitt þeim og einnig þar sem þeir voru eldrauðir í framan af reiði og skömm. Hugur þeirra stefndi aðeins að einu marki þegar þeir kæmst á lappirnar, að lumbra svo á þessu hundskvikindi, sem fór svona illilega með þá, að hann skyldi aldrei bíða þess bætur.

Undrunin og spennan sem hafði myndast síðustu mínúturnar hjá Birtu losnaði ekki úr læðingi fyrr en sigur Kára var vís, þá æpti hún ósjálfrátt, lítið eitt skrækroða af fögnuði, þetta var mátulegt á helvítis górilla-kvikindin. Svo horfði hún á Kára með geislandi augum og hugfangin af hreykni með sælustraum sem rann sem syngjandi unaðslegur lækur um allan kroppinn og gaf henni slíkan styrk að hún reisti höfuðið hátt og leit með fyrirlitningu á hjúin tvö.

Á þessu sama augnabliki risu kraftajötnarnir á fætur með blóðhlaupin augu, rauðþrútnir af illsku, reiði og hatri. Það komst ekkert annað að hjá þessum mönnum en ná fram hefndum og helst þannig að Kári biði þess aldrei bætur. Þegar þeir komust loksins á lappirnar gáfu þeir hver öðrum bendingar með augnaráðinu og stukku síðan sem einn

maður á Kára og skelltu honum með það sama í gólfið. Tveir þeirra héldu um sinn hvorn handlegg hans og Gallagher, sem lá ofan á honum, var að rísa upp til að setjast klofvega ofan á hann til að eiga auðveldara með að berja hann sundur og saman. María sá þetta og skipaði þeim að sleppa Kára, en þeir létu sem þeir heyrðu það ekki. Tvíeykið sá þá hættu sem var að skapast, þau vildu hvorugt hafa limlestingu á Kára á samviskunni. Harry Hamilton tók kylfu upp úr sérhönnuðum vasa sínum og þau bæði gengu í átt að brjálæðingunum.

Birta stirðnaði upp af óhug þegar hún sá svipinn á þessum hryllilegu mönnum þegar þeir stóðu upp því hún skildi samstundis hvað þeir ætluðu sér. Þegar Gallagher var að myndast við að setjast ofan á Kára losnaði hún úr þessum viðjum og á sama augnabliki blossaði upp í henni ofsareiði sem aldrei fyrr og æðislegur tryllingur, samfara því skapaðist einhver ofurkraftur sem heltók hana við þá ætlun sína að reyna að bjarga vini sínum sem hún sá á þessu augnabliki að var henni svo kær.

Hún taldi nánast víst að þeir ætluðu sé að drepa hennar nánasta vin. Hún var komin að þeim nánast eins og hvirfilvindur á undan tvíeykinu. Þreif með báðum krumlum í hárið á hverjum einum þeirra og kippti þeim ofan af Kára með ofsa og þeytti þeim nokkra metra aftur fyrir sig svo þeir áttu fullt í fangi með að verjast því að detta ekki fram fyrir sig.

Kári reisti sig upp með snarheitum og var tilbúinn að taka á móti þeim aftur, þó hann vissi að það væri vita vonlaust, en þá var tvíeykið komið á milli þeirra. Hamilton snéri sér að villidýrunum með kylfuna á lofti og hvæsti að þeim með ofsabræði: „Ef þið notið ekki þennan litla heila ykkar af meiri skynsemi þá fáid þið engin laun, skiljið þið þetta, fábjánarnir ykkar.“ Þeir tvístigu vandræðalega á gólfinu, enn rauðir og þrútnir af reiði og niðurbrotnir af þessari niðurlægingu, það rumdi aðeins í þeim.

Fyrirliðinn María Teresa snéri sér að Birtu og Kára og sagði við Kára með einbeittum svip: „Ef þú hættir ekki þessum bægslagangi þá tökum við vinkonu þín með okkur í þyrluna sem gísl og hvort þú sjáir hana þá aftur, það veit ég ekkert um.“

Við þessi orð fölnaði Kári upp af hryllingi og hlammaði sér niður í sófann hálf lamaður af þeirri tilhugsun einni saman að þau tækju Birtu með sér og færu með hana eitthvað í burtu. Hann horfði á fyrirliðann með biðjandi augum og sagði: „Ég skal ekki hreyfa mig úr sófanum ef þið látið Birtu mína vera.“ Birta varð að sjálfsögðu stjörf af ótta við orð

hennar og sagði til að staðfesta það sem Kári sagði: „Þið getið alveg treyst því sem Kári sagði og ég skal einnig sjá til þess að svo verði.“ Síðan gekk hún hnarreist til Kára, settist í fang hans, vafði handleggjum sínum um háls hans, þrýsti sér að honum og kyssti hann á kinnina löngum hlýjum kossi. Þá sagði Kári: „Ég held þú hafir bjargað lífi mínu, Birta mín, en hvernig í ósköpun fyrstu að þessu? Drakkstu einhvern töfradrykk?“ „Ég var bara svo hrædd um að þeir ætluðu að murka úr þér lífið.“

Þegar Birta settist í fang Kára snéri Teresa sér að þremmingunum og sagði með hvössu grimmdarhljóði: „Hér eftir takið þið engar ákvarðanir nema eftir skipun minni á meðan þið eru undir minni stjórn, eins og ég sagði strax við ykkur þegar þið voruð ráðnir gegn mínum vilja. Og sennilega megið þið hrósa happi og þakka þessari geysimögnuðu konu að þið skulið ekki nú þegar vera orðnir morðingjar og þar að auki gert mig og félagaminn meðsekan.“

María Teresa taldi sig sjá að þeir væru ekki líklegir að láta kylfuna eða launahótunina koma í veg fyrir hefndarþorsta þeirra vegna þess að þeir tvístigu og voru óráðnir um hvað þeir ættu að gera. Hún vissi að ef þeir slepptu fram af sér beislinu gæti það orðið skuggaleg lemstrun á Kára og kannski Birtu líka. Þess vegna þorði hún ekki að treysta því að þeir gætu róað sig niður. Þess vegna stakk hún hendinni eldsnöggt inn fyrir leðurjakkann og kippti upp úr skammbyssuhulstrinu lítilli skammbyssu og skaut einu skoti í gólfjalirnar rétt fyrir framan þá og miðaði síðan byssunni á þá. Þeim brá óneitanlega og stóðu grafkyrrir og horfðu með óttasvip á byssuna og síðan á foringja sinn. Hún reyndi að vera róleg til að ná tókum á þeim og sagði við þá: „Nú er nóg komið af barsmíðum, herrar mínir, langar ykkur ekki í kaffi eftir allan þennan hamagang? Ég sé að það er kaffikanna á borðinu inni í eldhúsi.“ Þeir litu hver á annan og eftir litla stund dröttuðust þeir inn í eldhús, fundu könnur í einum skápnum og sátu þar góða stund, þegjandi og drukku kaffi og hámuðu í sig gómsæti sem var á eldhúsborðinu.

María Teresa og Hamilton létti stórum og settust við einn bekkinn sem var við útvegginn. Kári hafði fylgst með jötnunum og taldi nánast víst að þeir hefðu í huga að hefna sín á þeim en bjóst jafnframt við því að Teresa mundi nota það vopn sem hún hefði til að lægja rostann í þeim, sem hún gerði. Þar sem Kári sá aðdragandann brá honum ekki við skotið, en þar sem Birta snéri baki í þau þá brá henni illilega við skothvelling.

Eftir góða stund sagði Teresa við jötnana: „Eruð þið ekki búnir að fá góða fyllingu í magann, strákar? Þið þurfið að fara að vinna.“ „Jú, ætli það ekki,“ svaraði þá Dreyton, um leið og þeir stóðu upp. „Hvað eigum við að gera,“ spurði Bowen. „Þið eigið að fara inn í stærsta svefnherbergið og takið sængurfötin og lökin af hjónarúminu, en skiljið eftir tvo kotta. Síðan takið þið öll föt sem þar eru og allt léreft, einnig allar aðrar tuskur sem þar finnast en skiljið eftir gluggatjöldin og tæmið einnig herbergið á móti með sama hætti.“ „En hvert eigum við að fara með þetta drasl?“ Þið eigið að fara með allt draslið inn í herbergið sem er gengt eldhúsinu.“

Skömmu eftir að jötnarnir voru sestir við eldhúsbörðið fundu Birta og Kári til meira öryggis og hjúfrúðu sig enn betur hvort að öðru og vildu njóta snertingar hvors annars á meðan það varði. En það leið ekki á löngu þar til lífsorkan sem Kári hafði svo mikið af til að gefa streymdi til Birtu sem gaf henni meiri frið og sterkari tilfinningar til Kára en hún hafði gert sér grein fyrir áður, það gerði hana furðulostna. Því nú fyrst gerði hún sér grein fyrir að hún elskaði þennan pilt. Á sama tíma fann hann ástúðina, kærleikann og elskuna sem hún bar til hans og ástin sem hann hafði borið til hennar í nokkur ár blossaði upp á yfirborðið án fyrirvara. Á þessu augnabliki var engu líkara en þau hefðu byggt sinn eigin heim og lokað sig af frá umhverfinu og nutu þessa að hafa uppgötvað þessa miklu ást til hvors annars.

Þau hrukku upp frá þessari sælutilfinningu og aftur í raunveruleikan við það að María Teresa sagði hvasst við þau: „Hættið þessu knúsi og pillið ykkur upp úr sófanum,“ sem þau gerðu. „Þið eigi að fara inn ganginn.“ Birta og Kári gengu út í enda hans og snéru sér að Teresu sem kom á eftir þeim og stansaði í tveggja metra fjarlægð en á öðrum handlegg hélt Teresa á sloppnum hennar Birtu.

„Nú gerið þið nákvæmlega eins og ég segi, ef þið hlýðið því ekki þá vitið þið hvað það kostar,“ sagði Teresa með skipandi röddu og hélt um skaftið á skammbyssunni því til staðfestingar að þau hefðu ekki um neitt annað að velja. Þau svöruðu þessu engu en herptu saman varirnar og horfðu hana með fyrirlitningu og biðu skipana. Hún horfði á móti, eins og af einhverri samúð og sagði: „Þið eigið að fara inn í sitt hvort herbergið, Kári í stærra herbergið en Birta í það minna, og klæða ykkur úr hverri einustu spjör og henda fötunum fram á gang, því við viljum fá að vinna örugglega í friði, án afskipta

ykkar á nokkurn hátt. Þau sögðu ekki orð en svipur þeirra sagði meira en orð fá lýst. Birta gekk strax inn í minna herbergið en Kári horfði góða stund á Maríu Teresu og spurði einskis, því hann taldi víst að hún mundi svara honum því að Birtu yrði ekki gert mein, hvort sem það væri sannleikanum samkvæmt eða ekki. Þess vegna reyndi hann að lesa hug hennar og það kom honum á óvart þegar hún sagði: „Þú getur treyst því fyllilega að ykkur verður ekkert gert illt. „En við vitum hver þið eruð,“ sagði Kári. „Við höfum engar áhyggjur af því.“ Hann horfði í augu hennar og sá að hann gat treyst þessum orðum. Hann áttaði sig ekki á þessari konu. Honum fannst hún vera svo tvískipt, en hann var eftir sem áður sannfærður um að hún stæði við orð sín. Kári varð rólegri þegar hann gekk inn í herbergið og María lokaði hurðinni á eftir honum, eftir að Kári hafði klætt sig úr hverri spjör og hent fötunum fram á gang, hundpirraður.

Hann gekk að fataskápnunum til að finna einhverja flík til að hylja sig með en hann var galtómur. „Helvítis beinin, það hefur engin flík eða tuska farið fram hjá þessum bölvuðu svínunum,“ hugsaði Kári. Hann gekk að rúminu og settist til fóta á einbreiðu, laklausu dýnuni en þeir höfðu skilið tvo koddar eftir sem voru staðsettir í miðju rúminu. Hann teygði sig í annan koddann og huldi nára sinn með honum. Þarna sat hann gjörsamlega varnar- og ráðalaus en það sem honum þótti alverst var að hann náði ekki til Birtu og gat þar að auki ekki með nokkrum hætti hjálpað henni og vissi ekkert um aðstæður hennar eða hvernig henni leið. Einmitt vegna þess byrjuðu áhyggjur um afdrif Birtu að þyrlast um huga hans í alls konar myndum sem hann viðurkenndi í fyrsta sinnið fyrir sjálfum sér að hann elskaði meira en allt annað í veröldinni. Því meira sem hann hugsaði um Birtu, því hræddari varð hann um hana og þá gleymdi Kári hvað hann hafði séð í augum Teresu þegar hann spurði hvað yrði um hana. Ímyndunin magnaðist í huga hans og hjartað ólmaðist í brjóstinu.

En það er að segja af Birtu að hún varð logandi hrædd um sín afdrif eftir að hún hafði losað sig úr fötunum og hent þeim fram á gang. Hún gerði það sama og Kári, settist á bera dýnuna og það leið ekki á löngu þar til að hugur hennar fór á fleygiferð af ýmis konar hryllingi. Stuttu síðar opnuðust dyrnar og María henti til hennar sloppnum og sagði við Birtu að hún ætti að færa sig inn til Kára en um leið og hún kæmi inn fyrir þá ætti hún að klæða sig úr sloppnum og kasta honum fram á gang. Spennan hjaðnaði og ofsa gleði tók við og hún hálf hljóp að dyrunum af tilhlökkun.

Þá heyrði Kári smell í læsingarjárninu, hurðin opnaðist og Birta birtist í sloppnum sínum fyrir augum hans, nánast sem ljósgjafi heimsins, slíkur feginleiki fór um hann allan og innri gleðin birtist í vitund hans, augasteinarnir stækkuðu við að sjá þessa fögru veru svona lifandi, káta og hressa og þar að auki brosandí út að eyrum.

Það var vegna þessarar snöggu umbreytingar sem kom svo óvænt upp á til hennar og breytti veru hennar frá helvíti og nánast til ljóssins. Það opnaði svo hug hennar til Kára að öll höfnun um tilfinningasamband við Kára hvarf sem döggr fyrir sólu. Það var á þessu augnabliki sem Birta gerði sér grein fyrir að hún elskaði Kára og vildi hvergi annars staðar vera en í fangi hans og finna fyrir karlmennsku hans og gefa sig honum alla af sál og líkama. Hann ætlaði að rísa upp en þá mundi hann eftir að hann var nakin og átti því auðveldara með að hylja manndóm sinn.

Hún stóð augnablik við dyrnar og horfði á hann með ögrandi svip og naut þess að sjá þann feginleika, gleði hans, ástúð og elsku sem leiftraði frá andliti hans. Hún lét sloppin falla á gólfið og stóð kyrr litla stund og sá hvernig Kári starði, fyrst dolfallin og stjarfur af undrun yfir að fá að sjá þessa fögru, lifandi mynd í nekt sinni, því hann hafði aldrei getað trúað að slík gæfa hefði getað hlotnaðist honum.

Þarna stóð Birta í allri sinni dýrð þar sem hún skartaði þrýstnum hvelfdum áferðarfögurum brjóstum, honum fannst hún nánast vera frá öðrum heimi. Handleggir voru stinnir og axlir samsvöruðu sér svo vel, líkt og aðrir líkamshlutar hennar. Mittið mjótt, mjaðmir þrýstnar, lífbeinshæð fögur, lærin grönn og sterkleg svo og kálfar, ökkjar og fætur.

Þessi undurfagra sjón örvaði hann svo mikið að hann átti fullt í fangi með að hemja sig og ekki síst vegna þess að hann sá og skynjaði að sál hennar og líkami stefndi í sama hugarástand til hans. Þegar hún hafði staðið þarna nokkra stund og notið þess að sjá áhrifin sem hún hafði á Kára, beygði hún sig eftir sloppnum og henti honum fram fyrir dyrnar og lokaði hurðinni. Það var bakstóll skammt frá hurðinni sem hún náði í og setti undir húninn svo enginn kæmi að þeim að óvörum. Síðan gekk hún til hans með hægum eggjandi hreyfingum, lagðist síðna á bakið í rúmið og sagði við hann með látlausri en ástfölginni röddu, um leið og hún rétti honum faðminn: „Elskaðu mig, Kári minn.“

Þau nutust fyrst með lostafullum æsingi en síðan sameinuðust þau í eitt og gáfu hvort öðru þann ástarunað sem karl og kona geta best gefið hvort öðru og upplifað í

sameiningu. Þau tjáðu hvort öðru ást sína og töluðu mikið saman, meðal annars um framtíðina, þess á milli sem þau elskuðust. Enda höfðu þau ekkert annað að gera þennan daginn.

Það var komið rökkur úti. Ástfangna parið sem loksins hafði fundið sig og hamingjuna lá þétt saman þegar þau hrukku allt í einu upp við hávaða í þyrlunni. Kári þaut út að glugganum, leit síðan glaðbeittur til Birtu og sagði: „Glæpagengið er að fara.“ Birta reis upp úr rúminu og þaut að glugganum og þau héldust í hendur á meðan þau fylgdust með þyrlunni lyfta sér upp og fljúga einn lítinn hring og hverfa skömmu síðar sjónum þeirra. Þá sagði Kári: „Nú kemur það í ljós það sem mig grunaði strax, þyrlan var ekkert biluð, það var allt sett á svið.“

Eftir litla stund voru þau fullklædd og gegnu forviða inn í öll herbergin og sáu að glæpagengið hafði gengið snyrtilega frá og vaskað upp öll ílát áður en þau fóru. Að lokum sagði Birta, ekki svo lítið undrandi: „Þetta er furðulegast glæpagengi sem ég heyr talað um. Þau ganga um snyrtilega og þar að auki hafa þau ekki tekið nokkurn skapaðan hlut úr húsinu. Til hvers voru þau eiginlega að koma hingað?“ Tveimur dögum síðar voru þau sótt að skipun frænda hennar.

ATHUGASEMD HÖFUNDAR

Bækur mínar eru sérstakar að því leiti að sögupersónur mínar dreypa aldrei á áfengum drykkjum eða neita annarra nautnalyfja. Það er gert að yfirlögðu ráði vegna þess að ég tel að það hafi slæm áhrif á unglingana, þar sem það gerist æði oft með höfunda leynilögreglusagna, að þeir láta sögupersónur sínar fá sér slíka drykki eða lyf til að geta hugsað betur þegar leysa þarf vandasöm verkefni.

Því miður er það nægur fjöldi sem lætur sér um munn fara oft og iðulega, bæði í bókum og manna á milli í áheyrn barna og unglinga, að það sé allt í lagi að drekka alkóhól í hófi, þó vitað sé hve ógnin er áberandi mikil um það hve margar manneskjur hafa orðið vitni að aðdraganda að falli vina og ættingja vegna alkóhólsins og annarra vímuefna.

Þá telja allt of margir sér trú um að það séu bara aumingjar sem verða alkar, þó annað sé vitað og sannað. Það gera allflestir vegna þess að þeim finnst þeir ekki geta fengið að drekka sitt alkóhól í friði vegna drykkjusjúklinganna. En hófdrykkjumenn minnast aldrei á það sem þeir sjálfir hafa lent í, sem hefur oftlega skapað þeim meira eða minni háttar klandur vegna dómgreindarmissis, meðal annars vegna þess að þeir lentu á þeim vandræðastöðum sem þeim hefði aldrei dottið í hug að koma á ef þeir hefðu verið edrú.

Og ég tala nú ekki um þessar yndislegar konur sem lenda í sumum tilfellum í ennþá verri aðstæðum undir áhrifum áfengis en nokkur karlmaður getur lent í. Og því til viðbótar: Hvað skyldi það koma oftlega fyrir að konan taki sér rekkjunaut sjálfviljug, sem hún mundi aldrei líta við, ef hún hefði verið edrú og daginn eftir fær hún mórál? Samt heldur þetta fólk áfram að drekka vín og dásamar það.

Segir þetta ekki ansi mikið um hversu fólkið er í raun háð víninu? Sumir vilja drekka daglega, aðrir einu sinni í viku og enn aðrir mánaðarlega eða einu sinni á ári en manneskja sem einu sinn hefur drukkið vín man alltaf eftir áhrifunum og sækir alltaf í það. Samt afneita hófdrykkjumenn með sjálfum sér, þó þeir vitið annað, að alkóhólið er ávanabindandi og þar af leiðandi eru allir þeir sem drekka alkóhól meira eða minna háðir alkóhólinu. Sumir verða alkar á öðru ári og kannski fyrr en aðrir og ótrúlega margir seinna á æviárum sínum.

En það sem mér finnst ekki síður sorglegt er þegar sumir svokallaðir hófdrykkjumenn reyna að telja sér trú um að þeir geti afsakaði alkóhólið með því bölsóta ofdrykkjumenn og segja þá bölvæða aumingja og afneita með öllu að þetta sé sjúkdómur. Það gera þeir vegna þess sem þeim finnst, að þeir geti ekki fengið að drekka í friði fyrir þessum sjúku mönnum. Þetta eru sleggjudómar af hæsta stigi og engu líkara en illkvittni liggja þar að baki, nema þekking þeirra á þessu sviði nái ekki lengra. En það er almennt vitað að alkóhólismi er sjúkdómur, innan geira þeirra lækna sem sjá um að reyna að hjálpa drykkjusjúkum mönnum til betra lífs.

Ef þessir hófdrykkjumenn, sem bölvæða í huga sínum hástöfum, gerðu sér grein fyrir meðal annars þeirri sálargöngu sem drykkjusjúklingar þurfa að ganga í gegnum áður en þeir ná árangri, og oftlega falla þeir mörgum sinnum áður, ef þeir hafa þá lifað af. Og sumir hverjir eru eða verða sálsjúkir, þá er að sjálfsgöðu mun erfiðara að eiga við sjúkdóminn. En það sem menn verða að gera sér grein fyrir er að það er ekki hægt að lækna hann í dag, aðeins að halda honum í skefjum.

Það er einnig vel greinanlegt hvað þessi sjúkdómur gengur í erfðir. Í sumum ættum er hann ríkjandi en öðrum víkjandi en getur síðar í næsta ættboga orðið ríkjandi.

Það er einnig ríkjandi skoðun að það sé einungis manningnum að kenna, en telja að vínið eigi lítinn sem engan þátt þegar menn fremja eitthvað undir áhrifum áfengis sem viðkomandi hefði aldrei framkvæmt edrú.

Í flestum tilfellum er það ekki rétt, að því undateknu ef viðkomandi hefur ekki drukkið vín til að herða sig upp til að gera einhvern óskunda. Ástæðan fyrir því að það er oftast áfenginu að kenna að maðurinn gengur glapstígina er að alkóhólið hefur þá ónáttúru að skerða dómgreind manna svo þeir sjá oftast ekki veruleikan eins og hann er.

En það kemur einnig annað til greina, áfengi hefur mismunandi áhrif á fólk og einnig mismunandi á hvern einstakling við hverja drykkju vegna aðstæðna sem hann er í það og það sinnið.

Ég segi stundum að það sé allt í lagi að drekka áfengi þegar það er í lagi, en hvenær veit maðurinn það? Það er einna helst þegar engar áhyggjur hvíla á viðkomandi manni, en ef eitthvað á bjátar hjá honum er mikil hætta fyrir hendi að viðkomandi sem er undir áhrifum lendi í klandri eða geri eitthvað af sér sem hann hefði annars aldrei gert edrú.